allt

ELLA OG KALLÝ

*Ánægðar í Mentor-verkefninu Vináttu*

• nám • ferðir • bílar

Í MIÐJU BLAÐSINS



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

SKARTGRIPIRNIR HENNAR DÝRFINNU

Með uppsprettu um hálsinn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. nóvember 2005 — 310. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000




**Quentin Tarantino**

Tónlistarmaðurinn Þórir spilaði fyrir hann í Bláa lóninu.

FÓLK 42



**Hamingjan veidd með byssu**

Rokkhljómsveitin Dikta gefur út nýja plötu, Hunting for Happiness. Fyrrverandi gítarleikari Skunk Anansie stjórnaði upptökum.

MENNING 28

**Tækifæri - ekki ógn**

Ólafi Hannibalssyni er ekki kunnugt um neina þjóð sem byggir utanríkisstefnu sína á jafn veikum grunni og kunningsskap eða „vináttu“ okkar manna við einstaka framámenn, eins og Íslendingar gera.

Í DAG 20

**Logi vill Gillz til Lemgo**



Handknattleiksmaðurinn Logi Geirsson vill fá Egil Gillzenegger til að taka að sér ráðgjafastöðu hjá liði sínu Lemgo í Þýskalandi. Gillz kveðst klár í slaginn.

ÍÞRÓTTIR 36

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÞYKKNAR UPP SMÁM** saman um sunnan- og vestanvert landið. Snjóél suðvestan til í fyrstu en síðar slydduél eða skúrir síddegis sunnan og vestan til. Frostlaust syðra eftir hádegi en frost 0-6 stig nyrðra.

VEÐUR 4


**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG







**SAMKOMULAGIÐ UNDIRRITAÐ** Ingimundur Sigurpálsson, formaður SA, Ari Edwald, framkvæmdastjóri SA, Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, og Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, við undirritun í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Friður tryggður á vinnumarkaðnum

**Aðkoma stjórnvalda skipti sköpum fyrir samkomulagið sem náðist í gær milli Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins. Lög verða sett um starfsmannaleigur og atvinnuleysisbætur. Fulltrúar atvinnurekenda telja samkomulagið dýrt.**

**KJARAMÁL** „Það er fjarri lagi að þetta sé einhver óskasamningur og ekki hægt að túlka þetta sem einhvern sigur af okkar hálfu,“ segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, eftir að samkomulag náðist við Alþýðusamband Íslands um breytingar á gildandi kjarasamningum. Hannes telur samninginn vera kostnaðarsaman fyrir atvinnulífið þar sem um 0,65 prósenta varanlega launahækkun sé að ræða. „Auðvitað erum við þó sátt við að samningar skuli halda,“ segir Hannes.

„Það er langur aðdragandi að þessu samkomulagi,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands. Grétar segir allt það sem fram hafi komið í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í gær hafa mikil áhrif. „Stærsta málið er þó væntanlega framlag ríkisstjórnarinnar til örorkumála, enda hefur örorkubyrðin verið að sliga marga af okkar lífeyrissjóðum þannig að komið hefur til skerðingar á lífeyrisréttindum,“ segir Grétar. Þessi aðkoma ríkisins er í áföngum á þriggja ára tímabili og hefst árið 2007. „Þar er stigið myndarlegt skref því að óbreyttu hefðu mun fleiri lífeyrissjóðir orðið að skerða sínar greiðslur,“ segir Grétar. Hann telur að nú hafi verið komið í veg fyrir þá neikvæðu þróun á næstu árum. Aðstoð ríkisins við lífeyrissjóðina nemur 0,25 prósentum af tryggingargjaldi en á núvirði nemur það um 1,5 milljörðum.

„Nú sjáum við einnig hækkun og tekjutengingu á atvinnuleysisbótum sem kemur til með löggjöf eftir áramótin,“ segir Grétar. Hann telur það munu verða mestu breytingar á atvinnuleysisbótalöggjöfinni frá upphafi.

„Við höfum einnig verið í afar erfiðum málum með starfsmannaleigurnar, sem hafa haft rangt við svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir samfélagið allt að hægt sé að koma betur böndum á þess háttar starfsemi.“ Í aðkomu ríkisstjórnarinnar felst frumvarp til laga um starfsmannaleigur sem taka skulu gildi fyrir áramót.

- saj / sjá síðu 6

**FJÖGUR ATRIÐI RÉÐU ÚRSLITUM**

**Fjögur meginatriði réðu því að samkomulag náðist milli Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands í gær um að forsendur héldust fyrir gildandi kjarasamningum.**

- Þátttaka ríkisins í örörkubyrði lífeyrissjóðanna var staðfest með framlagi sem nemur 0,25 prósentum af tryggingagjaldi sem að núvirði er 1,5 milljarðar. Þessi fjárframlög hefjast árið 2007 og ná til ársins 2009.
- Lög um hækkun og tekjutengingu atvinnuleysisbóta verða samin og afgreidd á vorþingi.
- Frumvarp til laga um starfsmannaleigur var lagt fyrir Alþingi í gær og verður samþykkt fyrir áramót.
- Eitt hundrað milljónum verður varið úr ríkissjóði til endurmenntunar ófaglærðs starfsfólks.

**Þessum fjórum atriðum til viðbótar kemur 26 þúsund króna eingreiðsla til launþega í desember auk 0,65 prósenta hækkunar á taxta í janúar 2007.**

Ólafur Jóhann Ólafsson:

## Kaupir hlut í Morgunblaðinu

**VIÐSKIPTI** Rithöfundurinn og athafnamaðurinn Ólafur Jóhann Ólafsson bætist í hóp hluthafa Árvakurs, útgefanda Morgunblaðsins.

Hann mun ásamt Straumi Burðarás, sem er undir forystu Björgólfs Thors Björgólfssonar, kaupa 34 prósenta hlut í Árvakri sem mun skiptast jafnt á milli þeirra, um sautján prósent á hvorn.

Hluthafar Árvakurs breyttu samþykktum félagsins og afnámu hömlur á meðferð hlutafjár í félaginu. Straumur og Ólafur Jóhann verða eftir viðskiptin í hópi stærstu hluthafa Árvakurs ásamt afkomendum Hallgríms Benediktssonar og fjölskyldu Huldu Valtýsdóttur.

Framhaldshluthafafundur verður í Árvakri í næstu viku og þar verður ný stjórn útgáfufélagsins kosinn. - hh

sjá nánar í Markaðnum sem fylgir Fréttablaðinu í dag.



**JÓLAVERÖLD** Fjöldi Akureyringa gerir sér árlega ferð að heimili Ragnars og Guðnýjar til að berja dýrðina augum og dæmi um að þangað komi rútur með heilu leikskóladeildirnar.

Sumir eru komnir í jólaskap:

## Jólaveröld á Akureyri

**JÓLASKREYTINGAR** Þó enn séu 38 dagar til jóla eru jólaskreytingar sums staðar farnar að setja svip sinn á bæjarlífið. Starfsmenn Akureyrarbæjar byrjuðu í gær að setja upp jólaljós í miðbæ Akureyrar og jólaskreytingar eru komnar upp við nokkur heimahús í bænum.

Ein umfangsmesta og tígulegasta jólaskreytingin á Akureyri ár hvert er komin á sinn stað en hún er við heimili Guðnýjar Jónsdóttur og Ragnars Sverrissonar kaupmanns í JMJ. Alls eru fimmtíu jólaseríur í skreytingunni í ár og samanlagt eru þær hátt í kílómetri að lengd en þrjá daga tók að koma skreytingunni upp. - kk

Skaðabætur vegna ólöglegs verðsamráðs olíufélaganna:

# Gæslan tilbúin í dómsmál

**VERÐSAMRÁÐ** Ríkið hefur ekki í huga að sækja bætur vegna ólöglegs samráðs olíufélaganna nema hugsanlega fyrir stofnanir dómsmálaráðuneytisins.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir gagnaöflun vegna málsins lokið og býst við að mál verði höfðað innan skamms. „Það verður gert í samráði við dómsmálaráðuneytið og ríkislögmann, en af okkar hálfu er allt tilbúið,“ segir hann. Útlit er því fyrir að Landhelgisgæslan verði fyrst ríkisfyrirtækja til að höfða mál á hendur olíufélögunum.

Í sektarúrskurði Samkeppnisráðs frá því í október í fyrra eru tiltekin dæmi um brot gegn Vegagerð ríkisins, samráð við útboð Ríkiskaupa á smurþjónustu bifreiða og fleiri þætti sem að ríkinu snúa. Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir að eftir að niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála hafi legið fyrir hafi verið ákveðið að slá af frekari málshöfðanir. „Samkvæmt niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar virðist samráðið eingöngu eiga við um stofnanir dómsmálaráðuneytisins,“ segir hann og kvað mál ekki verða höfðað á grundvelli annarra gagna. Hann útilokaði þó ekki að einstakar stofnanir, svo sem Vegagerðin, gætu sjálfar höfðað skaðabótamál á hendur olíufélögunum væru þær ósammála áliti áfrýjunarnefndar samkeppnismála. - óká



**GEORG LÁRUSSON** Forstjóri Landhelgisgæslunnar segir mikla vinnu hafa verið lagða í að taka saman upplýsingar um tjón af völdum samráðs olíufélaganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## SPURNING DAGSINS

*Sigrún, fórstu í Ríkið í gær?*

„Nei, ætli ég bíði ekki með allt slíkt að minnsta kosti þangað til ég er búin í prófum.“

Fegurðardrottningin og flugneminn Sigrún Bender varð tvítug í gær og má því lögum samkvæmt kaupa áfengi í Ríkinu.

Ný skýrsla Rannsókna og greiningar um áfengis- og fíkniefnaneyslu ungmenna:

# Bjórinn vinsæll og hass algengt

**RANNSÓKN** Neysla vímuefna á sér að miklu leyti stað í jafningjahópum meðal ungmenna. Þar læra þau hvert af öðru og þar getur almenn neysla orðið hluti af lífsstíl þeirra. Löggæsla og refsingar leysa aðeins lítinn hluta vandans en eftirlit foreldra og gott samband þeirra við börnin sín minnka verulega líkur á að ungmenni leiðist út í fíkniefni.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu Lýðheilsustöðvar og Rannsókna & greiningar. Skýrslan var kynnt í gær en hún var gerð til að kortleggja neyslu áfengis og fíkniefna meðal ungmenna. Sérstaklega var litið til framhaldsskólanema við gerð skýrslunnar en þeir eru flestir á aldrinum sextán til tuttugu ára.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að allt að helmingur framhaldsskólanema sem orðnir eru tvítugir eða eldri hafi prófað að reykja hass. Um er að ræða nemendur sem hefur seinkað í námi og geta skýrsluhöfundar sér þess til að þar liggi hluti skýringarinnar. Hlutfall þeirra sem reykja tóbak er einnig mun hærra í hópi eldri nemenda.

Bjór er vinsælasta áfengið í þessum aldurshópi og kemur sterkt áfengi þar á eftir. Minna er drukkið af léttvíni.

Þá hafði yfir helmingur allra framhaldsskólanema orðið drukkinn árið 2004 síðustu þrjátíu dagana áður en rannsóknin var gerð. **- aöe**

**FÍKNIEFNANOTKNUN FRAMHALDSSKÓLANEMA**




Hlutfall framhaldsskólanema sem hafa prófað tiltekin ólögleg vímuefni að minnsta kosti einu sinni um ævina.

Kosið í Kaupmannahöfn:

# Ritt kjörin borgarstjóri

**DANMÖRK** Ritt Bjerregaard, borgarstjóraefni jafnaðarmanna í Kaupmannahöfn, vann yfirburðasigur í kosningunum samkvæmt útgönguspá sem Gallup gerði fyrir TV2 og vitnað er til á fréttavef dagblaðsins Politiken. Kosið var til allra sveitarstjórna Danmerkur í gær.

Ritt er fyrrverandi ráðherra í ríkisstjórn Danmerkur.

Samkvæmt spánni vinna jafnaðarmenn fjóra menn í borgarstjórninni frá síðustu kosningum en hægriflokkurinn Venstre tapar tveimur. Sósíalíski vinstriflokkurinn tapar líka tveimur fulltrúum. ■

Banaslys í Straumsvík:

# Nafn mannsins sem lést

**VINNUSLYS** Maðurinn sem lést í vinnuslysi á athafnasvæði álversins í Straumsvík um miðjan dag á mánudag hét Róbert Þór Ragnarsson, búsettur í Kópavogi. Hann var starfsmaður fyrirtækisins Stálafls Orkuiðnaðar í Garðabæ. Róbert Þór var 39 ára gamall og lætur eftir sig sambýliskonu.



RÓBERT ÞÓR RAGNARSSON

Í tilkynningu lögreglunnar í Hafnarfirði kemur fram að klukkan 14:37 á mánudaginn hafi lögreglu borist tilkynning um alvarlegt vinnuslys á athafnasvæði álversins. Maður hafði runnið ofan af bárujárnsklæddu þaki kerskála þar sem hann var við vinnu.

Lögregla segir talið að Róbert Þór hafi látist samstundis, en frekari rannsókn á tildrögum slyssins stendur yfir. **- óká**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Trillukarl með mál til Evrópudómstólsins

**Máli trillukarls á Ströndum hefur verið vísað til Mannréttindadómstóls Evrópu. Hann var dæmdur á báðum dómstigum fyrir brot á fiskveiðilöggjöfinni. Ragnar Aðalsteinsson segir manninn hafa orðið fyrir eignaupptöku.**

**DÓMSMÁL** Maður sem dæmdur var í Hæstarétti fyrir brot á fiskveiðilöggjöf fyrir um hálfu ári síðan hefur vísað máli sínu til Mannréttindadómstóls Evrópu. Ekki liggur fyrir hvort dómstóllinn tekur málið upp, en strangar reglur gilda um hvaða mál eru tekin þar fyrir og vegna mikils fjölda mála tekur nokkurn tíma hjá dómnum að afgreiða mál.

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður mannsins, staðfesti að málinu hefði nýlega verið skotið til Mannréttindadómstólsins, en segist löngu hættur að reyna að giska á hvenær mál fái afgreiðslu hjá dómnum. „Meðferðartíminn getur reynt mjög á þolrif þeirra sem bíða niðurstöðu,“ segir hann.

Ragnar segir að í dómi Hæstaréttar frá því í apríl sem skotið hefur verið til Mannréttindadómstólsins hafi maður verið dæmdur til refsingar fyrir veiðar í netlögum eigin jarðar. Með því segir hann nýtingarrétt hafa verið tekinn af eiganda jarðarinnar og færðan til annarra óviðkomandi. „Með erindi til Mannréttindadómstóls Evrópu hefur verið ákveðið að láta reyna á réttindi eigenda jarða til fiskveiða í sínum eigin netlögum, en eignarréttur nýtur verndar samkvæmt fyrsta viðauka við Mannréttindadómstól Evrópu.“

Þá segir Ragnar standa fyrir dyrum að eigendur sjávarjarða höfði einkamál fyrir íslenskum dómstólum þar sem látið verði reyna á réttindi í netlögum í heild sinni. „Það gæti orðið eftir einhverjar vikur en að svo stöddu þori ég ekki að nefna dag.“

Á vettvangi Mannréttindadómstólsins er í skoðun að hætta að taka við málum sem til hans er beint af einstaklingum, að því er kom fram í nýlegu viðtali blaðsins við Davíð Þór Björgvinsson, dómara við dómstólinn.

Hann segir að fyrr en síðar verði dómstóllinn að grípa til aðgerða vegna mikils fjölda mála sem til hans er beint. Davíð segir meðalbiðtíma eftir úrskurði vera tvö til þrjú ár, en stærri prófmál geti tekið allt að tíu árum í meðförum dómsins.

**olikr@frettabladid.is**



**SMÁBÁTAVEIÐAR FYRIR NORÐAN** Eigendur sjávarjarða berjast fyrir rétti sínum til veiða í eigin netlögum. Dómstólar hér segja stjórnvöldum heimilt að setja reglur um fiskveiðistjórnun. FRÉTTABLAÐIÐ/KJK



**RAGNAR AÐALSTEINSSON** Ragnar, sem er lögmaður trillukarlsins, segir eignarréttinn njóta verndar í viðauka við Mannréttindadómstól Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR** Fyrrverandi forseti Íslands er meðal þeirra sem skrifuðu undir bréfið til Pútíns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Senda Pútín opið bréf:

# Árétta mannréttindi

**PRAG, AP** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, er ásamt Vaclav Havel, fyrrverandi Tékklandsforseta, í hópi sex fyrrverandi þjóðar- og ríkisstjórnarleiðtoga sem skrifa undir bréf til Vladimírs Pútín Rússlandsforseta þar sem skorað er á hann og rússnesku ríkisstjórnina að standa sig betur í að virða mannréttindi.

„Þær upplýsingar sem við höfum undir höndum (...) gefa okkur ástæðu til að ætla að rússnesk stjórnvöld beiti stjórnarandstöðuna óeðlilega miklum þrýstingi, að frelsi fjölmiðla sé naumt skorið og að ákæruvaldið og dómstólar lúti áhrifum framkvæmdavaldsins,“ segir í bréfi sexmenninganna.

Auk Vigdísar og Havels skrifa undir það Mary Robinson, fyrrverandi Írlandsforseti, Rexhep Meidani, fyrrverandi forseti Albaníu, og fyrrverandi forsætisráðherrar Kanada, Rúmeníu og Búlgaríu. **- aa**

## DANMÖRK

**Bruni í Amager** Um 200 manns þurftu að yfirgefa heimili sín þegar kviknaði í fjölbýlishúsi í Amager-hverfinu í Kaupmannahöfn á mánudagskvöld. Aðeins einn maður slasaðist, en fjöldi íbúa var fluttur á sjúkrahús vegna gruns um reykeitrun. Eldsupptök eru ókunn.




Ólöglegt samráð olíufélaganna þriggja; Olís, Esso og Skeljungs:

# Mál Orkunnar enn í skoðun

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið hefur til athugunar hvort ástæða sé til að hefja sjálfstæða rannsókn á hlut Bensínorkunnar í ólöglegu samráði olíufélaganna.

Félaginu var tilkynnt um þetta bréfleiðis eftir úrskurð áfrýjunarnefndar Samkeppnismála í lok janúar, en í honum var talið að ekki hefði verið gætt andmælaréttar Bensínorkunnar. Því var fallist á kröfu um niðurfellingu fjórutíu milljón króna sektarúrskurðar samkeppnisráðs frá því í október 2004.

Guðmundur Sigurðsson, forstöðumaður hjá Samkeppniseftirlitinu, segir hafa verið litið svo á að mál Orkunnar ættu samleið með málum Skeljungs. „Og frá lögmönnum Skeljungs, sem við skrifuðum sem meirihlutaeiganda í Orkunni, fengum við ekki ábendingar um annað en þeir myndu taka til varna fyrir fyrirtækið. Svo var öðru haldið fram við áfrýjunarnefnd, það er að Samkeppnisstofnun hefði aldrei snúið sér til Bensínorkunnar,“ segir hann og bætir við að stofnunin hafi snúið sér til Bensínorkunnar á ný skömmu eftir niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar.

Guðmundur segir Orkuna í svari til stofnunarinnar hafa haft uppi sjónarmið um fyrningu mála. „En frekari afstaða í málinu hefur ekki verið tekin,“ segir hann og treysti sér ekki til að segja til um hvenær ákvörðunnar kynni að vera að vænta. **- óká**



**BENSÍNORKAN** Samkeppnisstofnun íhugar að taka aftur upp mál Orkunnar vegna samráðs olíufélaganna.

nýbúi aðgangsbúnaður streymi flatskjár ferðageislaspilari
meðvirkur djúpviðtal lífsýni dílaelting vefverslun hnattvæðing
válisti ferliverk umhverfisvottun

# Ný orð fyrir nýja tíma

heimasíða póstþegi
þekkingariðnaður vefhýsing eigind dögunarhermir geðorð netkaffihús kjölfestufjárfestir
ærumorð barngildi vafri mannauðsstjórnun breiðband pappírstætari

Ungir Íslendingar taka sér margt fyrir hendur á öllum mögulegum sviðum. Fyrir vikið þurfa þeir stöðugt fjölmörg ný orð um ný hugtök og nýja hluti, orð sem voru ekki til þegar þeir fæddust.

Við þurfum ekki að líta mörg ár aftur í tímann til að gera okkur grein fyrir því að orðaforði tungunnar vex hratt. Á einum áratug eða svo hafa komist í umferð fleiri orð en við gerum okkur almennt grein fyrir. En þegar við hugum að því að eitt megineinkenni íslenskrar málstefnu er orðasmíð verður þetta skiljanlegt.

Við getum tengt saman orðstofna, forskeyti og viðskeyti á óendanlega marga vegu og myndað ný orð eftir þörfum. Þannig er hægt að tala og skrifa um allt milli himins og jarðar með íslenskum orðum.

MS fagnar degi íslenskrar tungu. Líkt og málið er í stöðugri endurnýjun lagar starfsemi MS sig að nýjum tímum undir kjörorðinu ***mjólkurvörur í sérflokki***. MS heldur áfram stuðningi við íslenska tungu á sama hátt og það hyggst eftir sem áður hafa góð samskipti við nýjar kynslóðir Íslendinga.

nærþjónusta einhverfur starfsmannaleiga afkótari hljóðsjóna rafmengun
biðlaraþjónusta böggun vogunarsjóður eltifíkill hýsiþjónusta sítenging
bálkabil margmiðlun áfallahjálp þjarki skiptaþjáll staðardagskrá
veltitafla stafganga foreldramorgunn gangtengi sæfiefni
jafningjafræðsla bakhögun árangursstjórnun mótstraumsfjárfesting
markaðsvogun vistakstur harðkornadekk
gangþjáll skjávarpi vetnisbíll
íauki dulritun örþjarki nothæfa flúðaróður
tilfinningagreind afskiptahraði
farsími umgangshögun
veglykill biðhamur
persónukenni áfangaheimili pennasaumur
sprettigluggi grjótglíma amapóstur vefsíða
hringitónn kraftganga
vistvænn markpóstur
bókakaffi áfallastjórnun
listhlaða netbanki netviðskipti
tengiskyn úrvalsvísitala blogg stöðutaka
einkaþjálfun pökkur erfðabreyttur



minniskort veiðikort samlegðaráhrif spennutryllir
bráðahamur fjölpóstur dræsubúnaður netverslun barnvænn útyrki
tungutækni molta framvindustika netald burðardýr alnet ökuriti sviðslén
þumla rafbók vefútgáfa spanhellur staðalbúnaður netfang beturviti álengdarregla
áhættufjárfestir hristivörn raunfærni þekkingarþorp vefslóð
fellihýsi neteltir leshömlun spólvörn veffang gátari þjóðlenda netskilja

ÍSLENSK MÁLSTÖÐ

Laugardaginn 19. nóvember stendur Íslensk málnefnd fyrir málþingi um ***íslenska málstefnu og starfsemi Íslenskrar málnefndar.*** Þingið hefst kl. 11:00 í hátíðasal Háskóla Íslands og er öllum opið.
**Dagur íslenskrar tungu 2005.**

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 15.11.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,96 | 62,26 |
| Sterlingspund | GBP | 107,35 | 107,87 |
| Evra | EUR | 72,32 | 72,72 |
| Dönsk króna | DKK | 9,695 | 9,751 |
| Norsk króna | NOK | 9,279 | 9,333 |
| Sænsk króna | SEK | 7,518 | 7,562 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5203 | 0,5233 |
| SDR | XDR | 88,02 | 88,54 |

*Gengisvísitala krónunnar*

102,4408

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarandstaðan deilir á framlag stjórnvalda til bágstaddra í Pakistan:

# NATO-fé renni til Pakistan

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Ögmundur Jónasson, Vinstri grænum, gerði afleiðingar jarðskjálftanna í norðurhluta Pakistan í síðasta mánuði að umtalsefni á alþingi í gær.

Fréttir bærust þaðan af sjúkdómum, harðnandi vetrarveðráttu og vaxandi neyð heimilislausra og slasaðra. Hann gat þess að Rauði krossinn hefði safnað 46 milljónum króna. Ríkið hefði látið átján milljónir króna af hendi rakna. „Og ég vek athygli á því að Íslendingar ætla að láta 87 milljónir króna til þess að styðja hlut NATO til Íraks og Afganistans. Nær væri að snúa þessari tölu við og láta milljónirnar 87 ganga til fórnarlambanna í Pakistan.“

Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagði í umræðunni að alltaf mætti deila um upphæðir og mælikvarða á framlög.

„Það vantar spelkur og það vantar verkjalyf. Við hljótum að geta gert betur,“ sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni.

Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki, sagði að ríkisstjórnin hefði brugðist fljótt og vel við.

Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum, sagði tæplega nítján milljóna króna framlag til skammar.

- jh



**ÖGMUNDUR JÓNASSON ÞINGMAÐUR** Hann leggur til að 87 milljónir króna af framlagi til NATO renni til bágstaddra í Pakistan.

Kosið á Grænlandi:

# Vinstristjórn sennileg

**GRÆNLAND** Samkvæmt útgönguspá sem gerð var um miðjan dag í gær, á kjördegi kosninga til grænlenska Landsþingsins, stefndi í að vinstristjórn yrði mynduð.

Samkvæmt spánni, sem gerð var á vegum grænlenska útvarpsins KNR, fær vinstriflokkurinn IA átta þingmenn en miðflokkurinn Demókratar níu fulltrúa. Gangi þetta eftir geta þessir tveir flokkar myndað nýja landstjórn. Sú stjórn tæki við samstarfi IA og jafnaðarmannaflokksins Siumut.

Samkvæmt spánni heldur Siumut reyndar sínu, níu þingsætum. Íhaldsflokkurinn Atassut fær aðeins fjögur þingsæti.

- aa



**NICOLAS SARKOZY** Innanríkisráðherra Frakklands talar í þinginu í París í gær. MYND/AP

Óeirðirnar í Frakklandi:

# Neyðarlög framlengd

**FRAKKLAND** Franska þjóðþingið samþykkti í gær tillögu ríkisstjórnarinnar um að neyðarlög skyldu vera í gildi í þrjá mánuði til viðbótar. Þau voru sett til að auðvelda stjórnvöldum að binda enda á óeirðaölduna sem skekið hefur borgir landsins síðustu vikur.

Nicolas Sarkozy innanríkisráðherra hafði áður tjáð þingheimi að Frakkland stæði nú frammi fyrir „skæðustu og flóknustu kreppu sem borgir landsins hefðu þurft að reyna“ og hún útheimti afdráttarlausar aðgerðir. ■

Bresk drykkjumenning:

# Ölið selt lengur hjá enskum

**BRETLAND, AP** Bresk stjórnvöld hleyptu í gær af stokkunum nýju baráttuátaki gegn kappdrykkju ungmenna og drykkjutengdu ofbeldi. Átakið tengist gildistöku nýrra laga sem gefa afgreiðslutíma breskra kráa frjálsan.

Stjórnarandstaðan sakar stjórnina um að senda almenningi misvísandi skilaboð. Þann 24. nóvember taka gildi lög sem fella úr gildi gömul lög sem skylduðu kráarekendur til að loka stundvíslega klukkan ellefu á kvöldin. ■

# Ríkissaksóknari mætti ekki í réttinn

**Ágreiningur er um það hver fari með æðsta ákæruvald í þeim hluta Baugsmáls sem nú er fyrir dómstólum. Ríkissaksóknari neitaði að mæta í Héraðsdóm Reykjavíkur í fyrradag til að skýra málið. Málið verður reifað í dómnum í dag.**

**BAUGSMÁL** Ágreiningur um æðsta ákæruvald yfir átta ákærum í Baugsmálinu, sem nú eru til efnislegrar meðferðar, verður reifaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að dómurinn hafi boðað Boga Nilsson ríkissaksóknara til þinghalds í málinu síðastliðinn mánudag til að skýra málið, en hann hafi ekki séð ástæðu til að mæta.

Pétur Guðgeirsson dómari upplýsti í þinghaldinu þá að Bogi teldi ákærurnar átta sér óviðkomandi.

Dómararnir vilja að það liggi skýrt fyrir hvert sé æðsta ákæruvald yfir Jóni H. B. Snorrasyni saksóknara varðandi ákærurnar átta, en hann sækir málið. Jón sagði í réttinum á mánudag að ef á það reyndi starfaði hann í umboði setts ríkissaksóknara.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari hafði 11. október tekið til athugunar 32 ákærur, sem dómstólar höfðu vísað frá. Síðar taldi hann sig vanhæfan til verksins og sagði sig frá málinu.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra setti Sigurð T. Magnússon sérstakan ríkissaksóknara í Baugsmálinu tíu dögum síðar. Ráðherrann tók fram að settur ríkissaksóknari færi með allt málið, einnig ákærurnar átta.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari tók hins vegar fram í bréfi til dómara og dómsmálaráðherra 3. nóvember að forræði á þeim hluta málsins, sem ekki var vísað frá dómi, væri í höndum ríkislögreglustjóra. Hann sem ríkissaksóknari hefði aldrei tekið við því forræði úr hans hendi.

Verjendur hafa og krafist þess að dómstólinn úrskurði um hæfi Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra til að skipa sérstakan ríkissaksóknara. Sú krafa var fyrst gerð þegar ljóst virtist í réttinum á mánudag að Sigurður T. Magnússon væri æðsta ákæruvald varðandi ákærurnar átta.

johannh@frettabladid.is



**BOGI NILSSON RÍKISSAKSÓKNARI** Dómarar vilja vita hvort sækjandi í Baugsmálinu starfi í umboði Boga eða Sigurðar T. Magnússonar, setts ríkissaksóknara.



**JAAP DE HOOP SCHEFFER** Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins. MYND/AP

Framkvæmdastjóri NATO:

# Fleiri hermenn til Afganistans

**DANMÖRK, AP** Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, hvatti í gær aðildarríki bandalagsins til að senda fleiri hermenn til Afganistans, nú þegar verið er að stækka friðargæsluliðið þar sem NATO fer fyrir.

Gæsluliðið í Afganistan, ISAF, hefur nú 12.000 mönnum á að skipa. Í liðinu þjóna hermenn frá 36 þjóðlöndum. Þar á meðal eru á annan tug liðsmanna Íslensku friðargæslunnar. Til stendur að ISAF taki á næsta ári einnig við gæslu í suðurhluta Afganistans, er bandarískum hermönnum fækkar í landinu. Skæruliðar talibana eru enn virkir í suðurhlutanum. „Því fleiri bandamenn sem geta styrkt ISAF-liðið, er það tekur við í suðurhluta Afganistans, því betra,“ sagði de Hoop Scheffer í heimsókn í Kaupmannahöfn. ■

## NOREGUR

**Endurskoða flóðahættu** Skriðan sem fór af stað í Noregi í vikunni hefur komið Norðmönnum til að velta fyrir sér hvort ekki þurfi að endurskoða hættuna á flóðum og skriðum nærri íbúðabyggð og hvar megi byggja. Tveir menn hafa farist í flóðum síðustu mánuði.





JÖRUNDUR HUNDADAGA-KONUNGUR

Ævintýramaðurinn sem lagði Ísland undir sig.

Lygilegri en nokkur skáldskapur.

Frábær ævisaga.

SKRUDDA

Eyjarslóð 9 - Reykjavík

s. 5528866 - skrudda@skrudda.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ER AÐ SNÚAST Í SUÐRIÐ**

Nú er hann á ný að snúa sér í suðlægar áttir. Við það hlýnar heldur á landinu en reyndar gerist það óskaplega hægt. Þannig verður frost í allan daga nyrðra og jafnvel eitthvað fram eftir degi á morgun. Syðra ætti að vera orðið frostlaust eftir hádegi.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Suðaustan strekkingur. Stöku él nú í morgunsárið en síðar lítilsháttar slydda eða rigning. Hiti 0-4 stig mildast síðdegis.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvasst sunnan og vestan til, annars hægari.

*» föstudagur*




Fremur stíf suðaustanátt suðvestan til, annars hægur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C heiðskírt | París | 9°C heiðskírt | Alicante | 19°C heiðskírt |
| Osló | 4°C léttskýjað | Berlín | 8°C heiðskírt | Mílano | 13°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 4°C hálfskýjað | Frankfurt | 8°C skúrir | New York | 19°C heiðskírt |
| Helsinki | 3°C hálfskýjað | Madríd | 11°C heiðskírt | San Francisco | 21°C heiðskírt |
| London | 9°C heiðskírt | Barcelona | 16°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 29°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# ÞÚ GÆTIR HAFT BESTA TÍMAKAUP ÆVINNAR Á ÞEIM MÍNÚTUM SEM ÞAÐ TEKUR ÞIG AÐ SKIPTA UM BANKA.




**Óskaðu eftir tilboði í bankaviðskipti**

KB banki býður þér að fá sérsniðið tilboð í öll bankaviðskipti sem þú þarft á að halda. Tilboðið er þér að kostnaðarlausu og án allra skuldbindinga. **Hafðu samband og óskaðu eftir tilboði með þínu nafni hjá þjónustuveri okkar í síma 444 7000, á kbbanki.is eða í næsta útibú.**

KB BANKI

ENNEMM / SÍA / NM19139



## KJÖRKASSINN

*Fylgdist þú með beinni útsendingu frá Edduverðlaunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 43% |
| Nei | 57% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar góð?*

Þrjú fyrirtæki sameinast um nýsmíði fjögurra skipa:

# Togurum skipt út fyrir línuveiðiskip

**SJÁVARÚTVEGUR** KG-fiskverkun á Rifi, Brim hf. og Útgerðarfélagið Tjaldur hafa ákveðið að láta smíða fjögur ný línuveiðiskip og er stefnt á að fyrstu skipin verði tekin í notkun á fyrri hluta ársins 2007. Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, segir að á móti verði einhverjir togarar seldir en ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvaða togarar það verði né hversu margir. Félögin gera nú út fimm togara og tvö línuveiðiskip en Guðmundur segir að með þessari ákvörðun séu félögin að taka þá stefnumarkandi ákvörðun að einbeita sér í auknum mæli að línuveiðum. Hann segir að breytt útgerðarform muni ekki kalla á fækkun sjómanna en þess í stað verði þeim jafnvel fjölgað.

„Útgerð línuveiðiskipa er hagkvæmt rekstrarform í dag og býður upp á aukin gæði hráefnis og ferskari vöru. Endanlegur kostnaður við smíði skipanna liggur ekki fyrir en við höfum unnið að þessu máli í nokkuð langan tíma og ljóst að þau verða smíðuð erlendis," segir Guðmundur.

Skipin verða mislöng en öll verða þau um 50 metrar að lengd eða nokkru stærri en Tjaldur SH 270, sem gerður er út af Brimi, en hann er rúmir 43 metrar að lengd og 688 brúttótonn.

- kk



**GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON** Forstjóri Brims segir ein bestu línumiðin nú um stundir úti af Norður- og Norðausturlandi og því hagkvæmt að gera línuveiðiskip út frá Akureyri.

Miðstjórn Samiðnar:

## Segja átti upp samningum

**VERKALÝÐSMÁL** Miðstjórn Samiðnar ályktaði í gær að segja hefði átt upp samningum fremur en að skrifa undir samkomulag við Samtök atvinnulífsins.

„Miðað við þær tillögur sem fyrir liggja vegna endurskoðunar á kjarasamningum telur miðstjórn Samiðnar ekki rétt að formaður Samiðnar gefi samþykki sitt fyrir þeim. Miðstjórnin bendir á að í landinu er mikið góðæri en um 40 prósent launþega búa við kaupmáttarskerðingu á sama tíma og stórir hópar eru að taka til sín miklar launahækkanir," segir í ályktuninni.

Miðstjórnin segist harma að ekki skuli hafa verið um það samstaða innan Alþýðusambandsins að tryggja launafólki stærri hlut af góðærinu sem í landinu er.

- óká

Samkeppni olíufélaga:

## Bensín lækkar

**VIÐSKIPTI** Olíufélögin hafa undanfarinn sólarhring lækkað verð á bensíni og olíu.

Í gærkvöldi var algengt verð á bensíni á sjálfsafgreiðslustöðvum hinna olíufélaganna rétt um 105 krónur, bæði á bensíni og olíu.

Verð með fullri þjónustu er svo að jafnaði einni til tveimur krónum dýrara á lítrann.

- óká



**GLATT Á HJALLA Í RÁÐHERRABÚSTAÐNUM** Það var létt yfir þeim Árna Mathiesen fjármálaráðherra, Baldri Guðlaugssyni ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, Bolla Þór Bollasyni ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti, Árna Magnússyni félagsmálaráðherra og Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra í ráðherrabústaðnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Óvissunni hefur verið eytt

**Forsætisráðherra segir samkomulag ASÍ og SA skipta miklu fyrir stöðugleika í landinu og vera líklegt til að draga úr verðbólgu. Ríkisstjórnin kynnti í gær yfirlýsingu til að greiða fyrir samkomulaginu.**

**ATVINNULÍF** Ríkisstjórnin fagnar samkomulagi Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem náðist seinni partinn í gær. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir niðurstöðuna draga úr verðbólgu og auka stöðugleika.

„Óvissan hefur verið mikil, en sú vissa að samningar haldi skiptir miklu máli fyrir stöðugleikann," sagði Halldór og kvað ríkisstjórnina hafa lagt mikið á sig svo það mætti verða. Hann sagði ljóst að örorkumálin vægju þyngst í því sem ríkisstjórnin hefði lagt af mörkum. „Það á að vísu eftir að útfæra nánar, en samstaða er um það að samræma þessar reglur."

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga var kynnt síðdegis í gær á fundi með fulltrúum atvinnulífsins og ráðherrunum fjórum sem mynda ríkisfjármálaráð, en það eru Halldór Ásgrímsson, Árni Mathiesen, Geir H. Haarde og Árni Magnússon.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir mjög gott að samningar haldist í gildi og greinilegt að menn hafi lagt heilmikið á sig til að ná því markmiði fram. „Vinnuveitendur taka á sig hækkanir og ríkið tekur líka á sig ákveðna hluti í örorkubótamálum," segir hann, en kostnaður ríkisins af aðgerðum vegna örorkubóta nemur allt að 1,5 milljörðum króna. „Auðvitað á eftir að vinna töluvert í þessu og hluti af þessu að ríkið og aðilar vinnumarkaðar sem að lífeyrissjóðunum standa vinni að þessum hlutum saman." Árni segir hækkun og tekjutengingu atvinnuleysisbóta alfarið vera samningsatriði milli aðila vinnumarkaðarins þó að stjórnin taki að sér að beita sér fyrir nauðsynlegri lagabreytingu vegna þeirra hluta.

„Um atvinnuleysistryggingasjóð sem standa á straum af þessu gilda lög, en undir sjóðnum standur atvinnutryggingagjaldið sem vinnuveitendur borga."

olikr@frettabladid.is



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Formaður Vinstri grænna:

## Launafólk er ekki ofhaldið

**ATVINNULÍF** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, segir ljóst að flestir fagni samkomulagi aðila vinnumarkaðar.

„Ekki er nú á óvissuna og brimskaflana bætandi sem þjóðarskútan er að sigla í gegnum í efnahags- og atvinnumálum." Hann segir þó ljóst mega vera að launafólk sé ekki ofhaldið af leiðréttingunni, þótt í grófum dráttum væri reynt að verja kjörin. „Kannski er ekki kostur á meiru en verulegra átaka. Ég held þetta verði alveg nógu erfitt næstu mánuðina, sérstaklega fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinarnar, þó að óvissa eða jafnvel átök á vinnumarkaði hefðu nú ekki bæst við."



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Formaður Samfylkingarinnar:

## Stjórnvöld fá svigrúm

**ATVINNULÍF** „Ég fagna því auðvitað að náðst hafi niðurstaða," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Eina ferðina enn gefa aðilar vinnumarkaðarins stjórnvöldum svigrúm og mikilvægt að stjórnvöld noti það af mikilli ábyrgð," segir hún og telur ljóst að óstjórn í efnahagsmálum hafi verið rót vandans. „Aðilar vinnumarkaðarins voru ekki ábyrgir fyrir því að samningar voru að bresta, heldur ríkisstjórnin, og því eðlilegt að hún kæmi að málinu."

Ingibjörg telur mikilvæg grundvallarmál hafa náðst fram, svo sem tekjutengingu atvinnuleysisbóta og aukið jafnræði í lífeyrissjóðsmálum. „Skrefin eru kannski ekki stór, en þau eru mikilvæg."



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

Formaður frjálslyndra:

## Ágætlega að verki staðið

**ATVINNULÍF** „Ég tel það mikinn ávinning fyrir verkalýðshreyfinguna að hafa náð þessu fram um lífeyrissjóðina," segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins um samkomulag Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins.

„Þarna var ágætlega að verki staðið, enda hefðu lífeyrissjóðirnir ella orðið að skerða aðrar greiðslur, þar á meðal ellilífeyri."

Guðjón fagnar því að nást skyldi saman og telur það mjög til góða fyrir þjóðfélagið. „Betra er að gengið rúlli rólega niður frekar en að það fari niður á við í einhverju heljarstökki með tilheyrandi kjaraskerðingu."


*Arkar jólahlaðborð*

*Nú fer hver að vera síðastur að panta!*

Jóhannes Kristjánsson á föstudögum
Ómar Ragnarsson á laugardögum
Dansleikur að loknu borðhaldi
með hljómsveitinni Feðgunum
18. 19. 25. og 26. nóvember
2. 3. 9. 10. 16. og 17. desember





Krakkahlaðborð með Birtu og Bárði
sunnudaga milli 15-17
20. og 27. nóvember
4. 11. og 18. desember

**Sælulykill að Hótel Örk**
*Gisting fyrir 2*
*Þriggja rétta óvissukvöldverður*
*Morgunverður af hlaðborði*
Fæst á Hótel Örk síma 483 4700
og Hótel Cabin síma 511 6030,
Borgartúni 32 Reykjavík.
**7.450,- krónur á mann.**
(Sælulykill fyrir 2 á 14.900,-)



**HÓTEL ÖRK**
sími 483 4700
www.hotel-ork.is




**20% afsláttur**




**15% afsláttur**

**ARGÓARFLÍSIN**
Sjón
Fullt verð 3.980 kr.
**3.380 kr.**

**GOÐHEIMAR BERNSKUNNAR**
Einar Már Guðmundsson
Fullt verð 3.290 kr.
**2.630 kr.**




**20% afsláttur**




**30% afsláttur**

**HRAFNINN**
Vilborg Davíðsdóttir
Fullt verð 4.690 kr.
**3.280 kr.**

**ÞRIÐJA TÁKNIÐ**
Yrsa Sigurðardóttir
Fullt verð 4.690 kr.
**3.750 kr.**

Bókinni má skila til 15.01.06.
SKIPTIMIÐINN
PENNINN–EYMUNDSSON BÓKABÚÐIR MÁLS OG MENNINGAR

Við ábyrgjumst skilarétt á öllum bókum sem keyptar eru í verslunum okkar.

# Íslenskar bækur – á íslenskri tungu

Við bjóðum íslenskar bækur á tilboðsverði í dag. Í tilefni af Degi íslenskrar tungu fylgja **Ljóðaperlur, ljóð Jónasar Hallgrímssonar** öllum seldum bókum á meðan birgðir endast.

**Dreifðu jólagjafaútgjöldunum vaxtalaust með greiðslukorti í allt að 4 mánuði.**




**Ljóðaperlur**
Jónasar Hallgrímssonar fylgja með öllum seldum bókum í dag!

**LJÓÐAPERLUR**
Jónas Hallgrímsson

**KROSSTRÉ**
Jón Hallur Stefánsson
Fullt verð 4.280 kr.
**3.590 kr.**




**15% afsláttur**

**YOSOY**
Guðrún Eva Mínervudóttir
Fullt verð 4.690 kr.
**3.750 kr.**




**20% afsláttur**




**30% afsláttur**

**LEIÐIN AÐ HEIMAN**
Ari Trausti Guðmundsson
Fullt verð 3.480 kr.
**2.435 kr.**




**35% afsláttur**

**ROKLAND**
Hallgrímur Helgason
Fullt verð 4.690 kr.
**3.750 kr.**




**20% afsláttur**

**SÓLSKINSHESTUR**
Steinunn Sigurðardóttir
Fullt verð 4.290 kr.
**3.645 kr.**




**15% afsláttur**




**40% afsláttur**

**LÍFSLOGINN**
Björn Þorláksson
Fullt verð 3.990 kr.
**2.590 kr.**

**GLAPRÆÐI**
Eiríkur Bergmann Einarsson
Fullt verð 4.280 kr.
**2.565 kr.**

Frí heimsending innanlands í nóvember.
Pöntunarsími 511-1130 eða
bok@penninn.is.

BÓKABÚÐIR · PENNINN · Eymundsson

Fíton/SÍA FI015117

HVERFAFUNDIR BORGARSTJÓRA 2005



Borgarstjóri hlustar

**Hlíðar**

*Kjarvalsstöðum í kvöld kl. 20*

*Ágæti íbúi*



*Hverfafundir eru kjörið tækifæri til að koma þínum skoðunum á framfæri við borgarstjóra. Þeir eru nauðsynlegur vettvangur samskipta milli borgarstjóra og íbúa. Hverfafundir eru árviss málþing um hagsmunamál íbúa og ég vona að þú sjáir þér fært að koma og ræða málin á fundi í þínu hverfi.*

*Komdu á hverfafund og segðu hvað þér finnst.*

*Með bestu kveðju*

Þín skoðun skiptir máli

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu




Skýrsla sem unnin var á þingi um áfallahjálp var afhent landlækni í gær:

# Áfallahjálp verði samræmd

**ÁFALLAHJÁLP** Stefnt er að því að koma á samræmdri áfallahjálp á landsvísu en skýrsla sem Rauði kross Íslands, Landlæknisembættið, Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, Landspítali - háskólasjúkrahús og Biskupsstofa komu að var afhent landlækni í gær.

Jóhann Thoroddsen, verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum, segir alla sem að áfallahjálp koma vera sammála um að nauðsynlegt sé að setja löggjöf um heildrænt skipulag áfallahjálpar. „Í vor var haldið vinnuþing um samræmingu áfallahjálpar á landsvísu og niðurstöður þingsins voru að nauðsynlegt væri að setja löggjöf um áfallahjálp. Í löggjöfinni yrði ábyrgð ríkis og sveitarfélaga skilgreind og þau myndu tryggja fjármagn til verkefnisins. Að auki myndi löggjöfin skilgreina hlutverk þeirra sem starfa að áfallahjálp. Það er einnig mikilvægt að koma á þverfaglegum sérfræðingahópi með starfsmann sem hefði yfirumsjón með samræmdu starfi áfallahjálparinnar. Starfsmaðurinn myndi hafa eftirlit með námskeiðahaldi og endurmenntunarmálum áfallahjálparteymana sem starfa í hverju umdæmi fyrir sig, ásamt fleiri störfum. Að auki er það okkar von að fræðslumálin komst í gott lag og horfum við þá sérstaklega til þess að áfallahjálp komist bæði til nemenda og starfsfólks skóla.“ - mh



**JÓHANN THORODDSEN, VERKEFNISSTJÓRI HJÁ RAUÐA KROSSINUM** Vonast til þess að löggjöfin um samræmda áfallahjálp verði komin á fljótlega.



**JÓN ÓLAFSSON** Á blaðamannafundi í gær talaði Jón Ólafsson athafnamaður tæpitungulaust um að Davíð Oddsson hefði lofað skattrannsóknarstjóra auknu fé til þess að leggjast í rannsóknir á skattamálum Jóns og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ölvaður kjaftar frá

**Jón Ólafsson talaði óhindrað um íslenskt stjórnkerfi á blaðamannafundi í tilefni af útkomu bókar um ævi hans og störf. Jón segir allt í bókinni vera satt.**

**BÆKUR** „Ef einhver tekur eitthvað til sín úr bókinni þá skelfur viðkomandi eflaust. Það er allt satt og rétt sem er í bókinni. Ef einhver sér sig knúinn til þess að svara fyrir sig eða verja sig þá er það vegna þess að viðkomandi hefur slæma samvisku,“ sagði Jón Ólafsson athafnamaður á blaðamannafundi í gær. Fundurinn var haldinn í tilefni þess að út hefur komið bók eftir Einar Kárason sem lýsir ævi og viðskiptaferli Jóns.

Á fundinum vakti athygli að Jón talaði tæpitungulaust um að starfsmaður hjá embætti skattrannsóknarstjóra hefði sagt frá því drukkinn að Davíð Oddsson, þá forsætisráðherra, hefði boðið embættinu tuttugu milljón króna aukafjárveitingu gegn því að skattrannsókn yrði gerð á Jóni Ólafssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, framkvæmdastjóra Baugs. „Það var hringt í mig og mér gerð grein fyrir því að þessi ágætis maður, nei sleppum því, þessi stofnanamaður, hafi verið á fylleríi út í bæ og sagt þar við vin sinn að honum hafi verið boðnar tuttugu milljóna króna aukafjárveitingar, tvö ár í senn, gegn því að hann færi í mig og Jón Ásgeir,“ var orðalag Jóns. Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri tekur ásakanir Jóns ekki til sín og segir þær ekki svaraverðar. Hann sé stakur bindindismaður og fjöldi fólks geti staðfest það.

Einar Kárason, höfundur bókarinnar, telur líklegt að einhver styr muni skapast um bókina. „Ef ég þekki Jón rétt verður engin lognmolla í kringum þessa bók. Kvöldið fyrir útgáfu voru strax kviknaðir logar,“ segir Einar og á þar við viðtal sem flytja átti í Kastljósi RÚV í fyrrakvöld en ekki reyndist unnt að flytja.

saj@frettabladid.is




ég varð að **fá það** strax

hnetuvínarbrauð 169 kr.

kaffidrykkir 150 kr.

við erum **alltaf að baka**

það er bakarí í öllum búðunum okkar þar sem við bökum oft á dag

10-11 ...þegar þér hentar


Landlæknir um kynskiptiaðgerðir hér á landi:

# Íhaldssöm stefna

**MANNRÉTTINDI** Sigurður Guðmundsson landlæknir segir að íslensk heilbrigðisyfirvöld reki íhaldssama stefnu gagnvart kynskiptum af ýmsum ástæðum og vilji gera kynskiptiaðgerðir frekar seint, oft ekki fyrr en við 23-25 ára aldur.

„Sumir vilja gera aðgerðir strax og jafnvel á unglingum með þeim rökum að þetta tilfinningalega mynstur komi mjög fljótt hjá þeim sem í raun og veru hafi það meðan aðrir telja rétt að krefjast fulls þroska af viðkomandi og að sjúkdómsgreiningin sé hafin yfir vafa því að þetta sé óafturkræf breyting,“ segir Sigurður.

Einstaklingar sem fara í kynskiptiaðgerðir verða oft sáttari við líf sitt og lífsstíl en þess eru líka mörg dæmi að aðgerðin verði fólkinu erfið í skauti og viðkomandi eigi erfitt með að fóta sig félagslega, til dæmis gagnvart fjölskyldu. - ghs



**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON LANDLÆKNIR**

Félagsmálaráðherra:

## Málið tekið til athugunar

Árni Magnússon félagsmálaráðherra telur rétt að sest verði sérstaklega yfir málefni transgender-fólks í ljósi umfjöllunar Fréttablaðsins í gær.

„Eflaust koma þessi mál til kasta fleiri en eins ráðuneytis. Athygli hefur verið vakin á málinu og mér finnst ástæða til þess að við heilbrigðisráðherra tökum það til okkar og förum yfir það,“ segir Árni.

Heilbrigðisráðherra:

## Reiðubúinn að skoða málið

Jón Kristjánsson heilbrigðismálaráðherra segir að málefni transgenderfólks hafi ekki komið inn á borð hjá sér en komi þau þangað verði farið yfir þau eins og önnur mál.

„Ég er alltaf reiðubúinn að fara yfir mál og kynna mér þau og vil ekki segja meira um það á þessu stigi. Það hafa engar kvartanir komið upp á mitt borð, ekki ennþá, en ég er alltaf reiðubúinn að skoða mál sem til mín berast,“ segir hann.


AYGO
AYGO
BY TOYOTA
AYGO
AYGO
Settu AYGO á dagskrána þína...
- Komdu við í AYGO hjólhýsinu og heilsaðu upp á okkur
- Fylgstu með AYGO tónleikaröðinni
- Reynsluaktu AYGO og þú færð óvæntan glaðning að launum
Farðu á www.aygo.is og kynntu þér AYGO hjólhýsið,
reynsluaksturinn og spennandi tónleikadagskrá næstu vikurnar.
AYGO
BY TOYOTA
www.aygo.is
Toyota Nýbýlavegi 4 KÓPAVOGUR Sími: 570-5070

fvh

## ÞJÓNUSTA SEM SAMKEPPNISFORSKOT

**Hádegisverðarfundur FVH í samstarfi við IMG, í dag miðvikudaginn 16. nóvember á Grand Hótel, kl. 12:00-13:30.**

Hvaða þættir þjónustunnar skipta mestu máli, hvernig á að ná forskoti á samkeppnina og bæta afkomuna í leiðinni?

**Tengist þú þjónustu á einhvern hátt? - Þá ættirðu ekki að missa af þessum fundi!**

Þjónusta sem samkeppnisforskot hvað þarf til?



Kristinn Tryggvi Gunnarsson Stjórnunarráðgjafi hjá IMG

Árangur með upplýsingum



Hafsteinn Már Einarsson forstöðumaður Gallup

Leið Íslandsbanka til framúrskarandi þjónustu



Kristján Óskarsson framkvæmdastjóri útibúasviðs Íslandsbanka

Fundarstjóri



Brynjólfur Bjarnason Forstjóri Símans

**FUNDURINN ER ÖLLUM OPINN!**

Verð með hádegisverði er 3.000 kr. fyrir félagsmenn FVH og 4.800 fyrir aðra.

Skráning á www.fvh.is, í síma 551-1317 eða á fvh@fvh.is

ÍSLANDSBANKI | 100%


Ný skýrsla Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna:

# Eyðing skóga viðvarandi vandamál

**UMHVERFISMÁL** Lítið lát er á skógareyðingu í heiminum samkvæmt nýrri skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem birt var í vikunni. Skýrslan sýnir að 7,3 milljónir hektara skóglendis hverfa ár hvert en það samsvarar stærð Panama eða Sierra Leone.

Þótt þessar tölur veki ugg í hugum margra benda skýrsluhöfundar á að árangur hafi þrátt fyrir allt náðst. Sambærilegar tölur frá árunum milli 1990 og 2000 voru 8,9 milljónir hektarar árlega af skógum sem felldir voru eða tæplega 0,2 prósent alls skóglendis í heiminum. Segir að þrátt fyrir þennan góða árangur séu skógar að hverfa á alvarlegum hraða og enn harðari aðgerða sé þörf.



**EKKERT LÁT Á SKÓGARHÖGGI** Berum svæðum á borð við þetta í norðurhluta Amazon-regnskógarins í Brasilíu fjölgar dag frá degi. Þrátt fyrir mikinn þrýsting annarra þjóða og stofnana er lítið lát á skógarhöggi þar í landi. AFP/NORDICPHOTOS

Skóglendi mælist nú um þrjátíu prósent alls landsvæðis á jörðinni en stærstur hluti þeirra skóga finnst í aðeins tíu löndum sem mörg hver hafa ekki náttúruvernd hátt á stefnuskránni. Þar má helst nefna Brasilíu en skógarhögg er einnig viðvarandi í Indónesíu, Perú, Rússlandi, Kína, Indlandi og í lýðveldinu Kongó. Sérstakt áhyggjuefni er að þau tvö ríki sem vaxa hvað hraðast í dag, Kína og Indland, munu bæði að líkindum þurfa mikið meira magn af við í komandi framtíð en hingað til hefur verið. - aöe

Skekkt kynjahlutföll:

# Piparsveinum fjölgar í Kína

**KÍNA** Alls fæðast nú 119 kínverskir strákar á móti hverjum 100 stelpum. Vegna þessa ójafnvægis er gert ráð fyrir að kínverskum piparsveinum muni fjölga mikið á næstu áratugum. Talið er að þeir verði allt að fjörutíu milljónir árið 2020.

Ástæðan fyrir því að mun fleiri strákar fæðast í Kína er stefna stjórnvalda um að hjón megi aðeins eignast eitt barn. Foreldrar þar í landi kjósa fremur að barnið verði strákur sem muni viðhalda ættarnafninu og sjá um foreldra sína í ellinni.

Stjórnvöld hafa heitið aðgerðum til að jafna þennan mun á fjölda stráka og stelpna, meðal annars með því að banna fóstureyðingar byggðar á kyni barns og koma á eftirlaunakerfi fyrir fátæk hjón sem eiga ekki syni. ■



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Sjálfstæðismenn gagnrýndu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar harðlega í gær og telja hana dæmi um verk veikburða kosningabandalags.

# Seilst djúpt í vasa íbúa

**Sjáfstæðismenn segja nýja fjárhagsáætlun R-listans afhjúpa þreytt kosningabandalag. Enn einu sinni sé verið að seilast djúpt ofan í vasa launafólks.**

**BORGARMÁL** Fjárhagsáætlun R-listans afhjúpar veikburða og þreytt kosningabandalag sem ekki hefur tök á því að halda áfram að vera við völd eftir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Þetta kemur fram í bókun sem borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram á borgarstjórnarfundi í gær. Í áætlunum gerir R-listinn ráð fyrir því að lækka skuldir borgarinnar um milljarð króna auk þess sem töluverður afgangur verður af rekstrinum.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson var harðorður í ræðu sinni og sagði R-listann enn einu sinni seilast djúpt ofan í vasa launa- og fjölskyldufólks. „Útsvarið var hækkað í hámark, eða 13,03 prósent, á þessu ári, þrátt fyrir hagstætt rekstrarumhverfi. Að auki hafa fasteignaskattar verið að hækka einstaklega mikið í takt við hátt söluverð og hækkandi fasteignamat. Þar fyrir utan er Reykjavíkurborg núna að fá umfram tekjur vegna þessa árs upp á 800 milljónir króna, miðað við áætlanir. Að auki er gert ráð fyrir því að borgin hagnist um tvo milljarða á sölu á byggingarlóðum á þessu ári og næsta. Þá hafa skatttekjur borgarinnar hækkað um 100 þúsund krónur á hvern íbúa frá árinu 2000. Hreinar skuldir Reykjavíkurborgar, það er borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar, eru áætlaðar rúmir 77 milljarðar króna í lok árs 2006, en samkvæmt nýlega samþykktri þriggja ára áætlun fyrir 2006-2008 áttu skuldirnar að vera 72 milljarðar í lok sama árs. Þetta sýnir að áætlanir R-listans eru ekki áreiðanlegar. Það sanna ótal mörg dæmi.“

Vilhjálmur sagði markmið Reykjavíkurborgar um að lækka skuldir borgarinnar um milljarð króna í sjálfu sér ágætt. „Hreinar skuldir borgarinnar eru að hækka um þrettán milljarða á þessu ári og næsta. Markmiðið er í sjálfu sér samt ágætt. Ef þetta tekst er það alls ekki vegna hagræðingar eða aðhalds, heldur fyrst og fremst vegna mikillar skattinnheimtu. Helmingurinn af þessari upphæð er vegna gengishagnaðar, þannig að þetta er viðkvæm staða fyrir borgina.“

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri er sannfærð um að fjárhagsáætlunin sýni að staða borgarinnar sé traust, þrátt fyrir harða gagnrýni minnihlutans í borgarstjórn. „Það sjá það allir að það er ekki hægt að lækka tekjur og auka kostnað. Ég hef kallað það Villa-hagfræði þegar það er lagt fram að tekjur séu lækkaðar og kostnaður aukinn. Við erum eins og flest önnur sveitarfélög með útsvarið í botni en þjónustugjöld í lágmarki. Mér finnst vera farið að bera á því að menn séu komnir í yfirboð kosningaloforða. Fyrir tólf árum síðan eyddi þáverandi borgarstjóri tíu milljónum á dag í gæluverkefni í þá 75 daga sem hann barðist fyrir endurkjöri. Þessi yfirboð sjálfstæðismanna núna eru ekkert öðruvísi en menn unnu þá.“ magnush@frettabladid.is


NISSAN PATROL

NISSAN

SKIPT_um væntingar



ENDIST ENDALAUST

OG FER ALLT, Í ÖLLUM VEÐRUM, MEÐ ALLT OG ALLA, ALLAN ÁRSINS HRING.

STÓRLÆKKAÐ VERÐ

NÝ SENDING Á NÝJU GENGI

| Tegund | Verð |
|---|---|
| Patrol Luxury beinskiptur | 4.090.000.- |
| Patrol Luxury sjálfskiptur | 4.190.000.- |
| Patrol Elegance beinskiptur | 4.390.000.- |
| Patrol Elegance sjálfskiptur | 4.490.000.- |

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Fiton/SÍA




Útgáfuhóf í kvöld klukkan 20.00 í verslun Máls og menningar, Laugavegi. Allir velkomnir.















*„Bók Steinunnar hittir beint í hjartastað ... miðlar tilfinningum sem vaxa og dafna við lestur bókarinnar ... Það er í henni einhver innri ljómi.“* Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.

Hugaðu að heilsunni

Morgunmaturinn er mikilvægasta máltíð dagsins.
Með því að borða lífrænt morgunkorn og skola því niður með lífrænum ávaxta-og grænmetissöfum, fáum við mikið af flóknum kolvetnum, trefjum og nauðsynlegum vítamínum sem gefa okkur kraftinn til að takast á við verkefni dagsins.




FRÆIÐ Í FJARÐARKAUPUM
SÉRVERSLUN MEÐ HEILSUVÖRUR
FK
FJARÐARKAUP

Bóndi í Baden-Württemberg grunaður um græsku:

# Hafði í hyggju að eitra vatnið

**FRIEDRICHSHAFEN, AP** Saksóknarar í Baden-Württemberg gruna bónda nokkurn í ríkinu um að hafa ætlað að eitra Boden-vatn sem er á landamærum Þýskalands, Sviss og Austurríkis.

Kafarar fundu í síðustu viku opna geyma á 70 metra dýpi í vatninu, 300 metra frá ströndu þess, og leikur grunur á að þeir hafi verið fylltir plöntueitrinu Atrazine. Efnagreining stendur yfir en á meðan leita kafararnir að fleiri tönkum.

Boden-vatn er helsta vatnsból 4,5 milljóna manna sem búa í Suður-Þýskalandi, Austurríki og Sviss en Karl Franz, talsmaður umhverfisráðuneytisins í Baden-Württemberg, segir þeim engin hætta búin. „Það er engin ástæða til skelfingar.“



**EITUREFNA LEITAÐ** Kafarar fundu í síðustu viku tvo opna tanka á botni stöðuvatnsins sem taldir eru hafa innihaldið illgresiseyði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Otto Röding saksóknari greindi svo frá því í gær að bóndi sem byggi í nágrenni Ravensburg væri grunaður um að hafa komið eitrinu fyrir en hann er sagður hafa hótað slíku fyrir nokkrum vikum. Ekki fylgdi sögunni hvers vegna bóndinn vildi valda slíkum umhverfisspjöllum, en að sögn lögreglunnar krafðist hann þess að fjölmiðlar yrðu látnir vita af hótununum. Yfirvöld urðu ekki við kröfum mannsins en ákváðu í staðinn að fylgjast grannt með öllum þeim sem freistuðu þess að kaupa illgresis- og skordýraeitur í grunsamlega miklum mæli. **- shg**

Tekist á um flokkunarvélar:

## Lögbann Style fellt úr gildi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur fellt úr gildi lögbann Sýslumannsins á Ísafirði á að 3X stál ehf. höndlaði með ákveðna gerð flokkunarvéla í fiskvinnslu. Fyrirtækið Style ehf. fór fram á lögbannið í krafti einkaleyfis á flokkunarbúnaði sínum.

Dómurinn, sem kveðinn var upp síðasta föstudag, gerði Style einnig að greiða 3X stáli tvær milljónir króna í málskostnað.

Dómurinn taldi ekki brotið gegn einkaleyfi Style með uppsetningu 3X á flokkunarbúnaði hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru í Súðavík, enda væri „um að ræða tæknilega ólíkar leiðir við lausn innmötunar fyrir rækju á hryggbönd stærðarflokkara“.

Dóminn kváðu upp héraðsdómararnir Jón Finnbjörnsson og Greta Baldursdóttir og Sveinn V. Árnason vélaverkfræðingur. **- óká**



**IBRAHIM AL-JAAFARI** Forsætisráðherra Íraks á blaðamannafundi í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ólga vegna pyntinga í Írak

**Forsvarsmenn súnní-araba í Írak saka sjía-múslima í stjórn landsins um að hafa lokað augunum fyrir pyntingum á föngum innanríkisráðuneytisins.**

**ÍRAK, AP** Yfir 170 vannærðir íraskir fangar sem fundust í fangelsi á vegum íraska innanríkisráðuneytisins virðast hafa verið pyntaðir, að því er forsætisráðherra Íraks greindi frá í gær. Forsvarsmaður súnní-múslima sagði fangana vera súnní-araba og að ríkisstjórnin, sem sjía-múslimar fara fyrir, hefði lengi skellt skollaeyrum við kvörtunum um misþyrmingar á föngum innanríkisráðuneytisins.

Þessar fréttir komu fram tveimur dögum eftir að hermenn úr bandaríska setuliðinu umkringdu og tóku yfir stjórn á byggingu í því hverfi Bagdad þar sem umrætt fangelsi innanríkisráðuneytisins reyndist vera. Íraski forsætisráðherrann, Ibrahim al-Jaafari, lét þess hins vegar ekki getið hvort bandarísku hermennirnir hefðu átt þátt í að uppgötva fangelsið.

Talsmaður íraska innanríkisráðuneytisins sagði á mánudag að rannsókn yrði gerð á því hvað hæft væri í ásökunum um að starfsmenn ráðuneytisins hefðu pyntað fanga sem grunaðir væru um þátttöku í skæruliðauppreisninni í landinu.

Al-Jaafari sagði að fangarnir hefðu verið fluttir „á betri stað“ þar sem þeim væri veitt læknishjálp.

Leiðtogi stærsta stjórnmálaflokks súnní-araba sagði að hann hefði sjálfur talað við ráðamenn stjórnarinnar - þar á meðal Al-Jaafari sjálfan - um pyntingar í fangelsum innanríkisráðuneytisins en þeir hefðu látið þau orð sem vind um eyru þjóta og kallað fangana „öfl fyrrverandi valdhafa“.

Flestir uppreisnarmenn eru súnní-arabar, sem eru um þriðjungur landsmanna en höfðu svo til öll völd í landinu í stjórnartíð Saddams Husseins.

Sjía-múslimar stjórna innanríkisráðuneytinu.

Talsmenn alþjóðlegu mannréttindasamtakanna Amnesty international fögnuðu boðaðri rannsókn á ásökununum en hvöttu Al-Jaafari til að láta hana ná til allra ásakana um pyntingar. Talsmaður Alþjóða Rauða krossins í Genf sagði að þetta væri það fyrsta sem samtökin heyrðu um fangahald íraska innanríkisráðuneytisins en þau hefðu æskt frekari upplýsinga um það.

**audunn@frettabladid.is**

Háteigsvegi 105 Reykjavík Sími 522 3300 Fax 522 3301 fti@fti.is www.fti.is






INNRITUN FYRIR VORÖNN

Takmark okkar er að bjóða öfluga og fjölþætta menntun á sviði bóknáms og verknáms sem gefur verðmæt starfsréttindi samhliða stúdentsprófi. Námið er áhugaverður kostur fyrir ungt fólk og einnig þá sem vilja sækja sér aukna menntun síðar á lífsleiðinni með skólagöngu og/eða fjarnámi.

Nám í Fjöltækniskóla Íslands veitir fjölbreytta atvinnumöguleika til sjós og lands t.d. í skipstjórn og vélstjórn, raforkuverum og vikjunum, stóriðju, stærri framleiðslufyrirtækjum, kælitækni og iðntölvutækni.

Námið er lánshæft hjá LÍN.
Innritun fyrir vorönn lýkur 20. nóvember.

Umsóknir og nánari upplýsingar:
Í síma 522 3300 og á heimasíðunni okkar www.fti.is. Einnig er hægt að senda umsókn á fti@fti.is

Sérnám á vorönn
- Varðskipadeild, 4. stig skipstjórnar
- Fjarnám til 3. stigs vélstjórnar
- Fjarnám til 1. stigs skipstjórnar
- Rafvirkjanám fyrir 4. stig s vélstjóra og nemendur á 4. stigi

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

Þrír létust í sprengjuárás:

## Handsprengju hent inn í búð

**KÓLUMBÍA, AP** Tvö börn og karlmaður létu lífið þegar handsprengju var hent inn í verslun í Bógóta, höfuðborg Kólumbíu, um liðna helgi. Maðurinn og sjö ára drengur létust á sjúkrahúsi af sárum sínum en tveggja ára stúlka lést samstundis. Ekki er vitað hverjir stóðu á bak við árásina en málið er í rannsókn.

Síðastliðið 41 ár hefur ríkt mikil ólöld í Kólumbíu og er morðtíðni í landinu ein sú hæsta í heiminum. Á síðasta ári voru 67 manns drepnir miðað við hverja 100.000 íbúa. Það jafngildir því að um 180 morð væru framin hérlendis árlega. ■

Menntamálaráðherra tilkynnir um aukin framlög til kvikmyndagerðar:

# Aukið fjármagn til kvikmyndagerðar

**KVIKMYNDAGERÐ** Við afhendingu Edduverðlaunanna á sunnudagskvöld tilkynnti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra að hún hygðist auka fjárframlög til kvimyndagerðar.

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að auka þessi framlög á næsta ári,“ segir Þorgerður Katrín. Hún segir að fjárlagarammi ársins 2006 þurfi að vera sterkur í ljósi efnahagsástands, en hún sjái þó fyrir sér stighækkandi framlög til ársins 2009.

„Það á eftir að ræða nánar útfærsluna á þessum framlögum og það verður haft samráð við kvikmyndagerðarmenn um það hvaða markmiðum við viljum ná.“

Þorgerður Katrín segist áður hafa lýst þeirri skoðun sinni að hún vilji sjá aukningu í framleiðslu á sjónvarpsefni, jafnvel þó að það sé háð einhverjum takmörkunum. „Ég vil líta heildstætt á málið og er meðal annars að hugsa til Kvikmyndaskóla Íslands ásamt öðrum þáttum,“ segir ráðherrann. - saj



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Á verðlaunahátíð Eddunnar á sunnudagskvöld tilkynnti menntamálaráðherra kvikmyndagerðarmönnum um aukin framlög til kvikmyndagerðar og framleiðslu á sjónvarpsefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GESTUR EINAR JÓNASSON** Gestur tekur breytingunum vel og segir það þroskamerki að flytjast yfir á Rás eitt.

Breytingar hjá RÚV:

## Gestur Einar og Lísa á Rás 1

**FJÖLMIÐLAR** Gestur Einar Jónasson og Lísa Pálsdóttir munu á næstunni hætta dagskrárgerð fyrir Rás tvö. Bæði fara þau yfir á Rás eitt og segir Dóra Ingvadóttir, framkvæmdastjóri útvarpsins, að um sé að ræða skipulagsbreytingar í tengslum við breytta dagskrá sem tekur gildi 1. desember næstkomandi.

„Ég mun aðallega verða á Morgunvaktinni á Rás eitt en ætla einnig að reyna að halda mínum rótgróna þætti, Með grátt í vöngum, sem verið hefur á laugardögum á milli klukkan 16 og 18,“ segir Gestur. - kk

Lögbann staðfest í héraði:

## Málverk sem ekki má selja

**DÓMSMÁL** Staðfest var fyrir helgi lögbann sem Sýslumaðurinn í Reykjavík lagði við því að málverkin „Í júlí“ og „Bláfjöll“ eftir Einar Hákonarson yrðu seld.

Héraðsdómur Reykjavíkur viðurkenndi eignarrétt myndlistarmannsins að verkunum og gerði innflutningsfyrirtækinu Karli K. Karlssyni hf. að skila þeim innan hálfs mánaðar, eða sæta 50.000 króna dagsektum ella.

Fyrirtækið vildi meina að málverkin hefðu átt að ganga upp í húsaleiguskuld þriðja aðila, meðan málarinn taldi að sá hefði ekki haft umboð til að ráðstafa verkunum á þann máta.

Dómurinn taldi ósannað að fyrir hafi legið samningur um ráðstöfun verkanna og því hafi ekki verið sýnt fram á að eignarréttur yfir þeim gæti hafa flust. - óká

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

**Prófkjör ákveðið** Sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi efna til prófkjörs um val á framboðslista flokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar hinn 4. febrúar næstkomandi.

### MENNTAMÁL

**Vilja málefnalega umræðu** Ungliðar í Vinstrihreyfingunni - grænu framboði á Akureyri skora á menntamálaráðherra að taka þátt í málefnalegri umræðu um skerðingu náms til stúdentsprófs. Ungliðarnir segja menntamálaráðherra hafa hundsað nemendur og reynt að koma sér undan umræðunni á fundi í Menntaskólanum á Akureyri í síðustu viku.




Bílaþing efnir til ofurútsölu á Kletthálsi með ævintýralegum tilboðum. Glæsilegt úrval af nýlegum og eldri bílum. Við ætlum að selja 150 bíla á nokkrum dögum svo það er um að gera að hafa hraðar hendur og fætur.
Þú gerir ekki betri kaup.
ÚTSA
Tryggjum stöðugleika!
Vetrardekk fylgja
öllum fólksbílum
SP-FJÁRMÖGNUN
Laugavegi 174
sími 590 5000
Kletthálsi 11
HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Einnig er útsala hjá söluumboðum

# 100%

Allt að 100% lán á völdum bílum til allt að 60 mánaða

# ALA



MMC Lancer 1,6 árg. 2004,
ek. 37.000 sjálfsk. Ásett verð: 1.490.000 - Tilboðsverð: 1.190.000

KIA Picanto 1,0 árg. 2004,
ek. 35.000 5 gíra. Ásett verð: 860.000 - Tilboðsverð: 690.000

Skoda Octavia 1,6 árg. 2004,
ek. 44.000 5 gíra. Ásett verð: 1.290.000 - Tilboðsverð: 1.030.000

VW Golf 1,6 árg. 2004,
ek. 62.000 5 gíra. Ásett verð: 1.560.000 - Tilboðsverð: 1.248.000

VW Polo 1,2 árg. 2004.
ek. 47.000 5 gíra. Ásett verð: 1.080.000 - Tilboðsverð: 865.000

## Opið Klettháls frá kl. 10 til 20

Athugið: Bílaþing Laugavegi lokað á meðan útsölunni stendur

sími 590 5760 | www.bilathing.is

okkar Selfossi, Keflavík og Akureyri

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

HEKLA, Klettháls 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is

## „ORÐRÉTT“

*Voff*

**„Ég vil hvetja alla hundaeigendur til að standa saman og styðja við bakið á sínum mönnum, þegar þeir gefa kost á sér til að sinna störfum fyrir bæjarfélög.**

Árni Þór Helgason, hundaeigendandi og frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, í grein í Morgunblaðinu.

*Úlfur, úlfur*

**„Maður vill ekki hrófla alveg strax við nýjum ráðherra...“**

Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, sem hætt hefur við að fara í mál við sjávarútvegsráðherra vegna byggðakvóta. Fréttablaðið.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** RAGNAR SVERRISSON, FORMAÐUR KAUPMANNAFÉLAGS AKUREYRAR

## *Hjörtu kaupmanna slá örar*

Þið þarna fyrir sunnan þurfið að fara að drífa ykkur hingað norður á skíði,“ segir Ragnar Sverrisson, formaður Kaupmannafélags Akureyrar. Hann segir snjóinn í fjallinu vera góðan. „Mér skilst að starfsmenn skíðasvæðisins hérna séu að leita að snjóframleiðsluvélinni sinni í snjónum uppi í fjalli,“ segir Ragnar.

„Hér er farið að sjást ferðafólk sem kemur á skíði. Þetta er ekki aðeins skíðafólk því meira en helmingurinn er ungir snjóbrettaiðkendur. Þeir flykkjast í fjallið.“



Ragnar segir einhverja gerjun vera í bæjarpólitíkinni á Akureyri þessa dagana. „Hér var Samfylkingin með prófkjör um daginn og mér skilst að þau ætli sér að ná að minnsta kosti fjórum fulltrúum í bæjarstjórn. Hinir tala á meðan um hvar í ósköpunum Samfylkingin ætli sér að finna það fylgi sem þarf.“

Ragnar segir enn fremur að nú fari að sjást niðurstöður úr verkefninu Akureyri í öndvegi, en það varðar endurskipulagningu á bænum, ekki hvað síst ásýnd miðbæjarins. „Fólk bíður spennt eftir því að heyra hvað verður gert. Nú vilja allir fá að vita hvað má gera hvar, arkitektarnir, verktakarnir og ekki síst íbúarnir. Þetta eru stóru fréttirnar sem við bíðum eftir.“

„Hér er fólk eitthvað byrjað að skreyta hjá sér húsin og á sama tíma fara hjörtu kaupmanna að slá eilítið örar er þeir byrja að búa sig undir jólaverslunina,“ segir Ragnar og bætir við að sér sé málið skylt enda er hann formaður kaupmannafélagsins þar nyrðra.



**SNJÓNUM RUTT ÚR VEGI** Nei, þessi mynd er ekki tekin á norðanverðu Íslandi heldur í norðurhéruðum Spánar. Þar hefur snjóað heil ósköp síðustu daga, svo mikið raunar að stjórnvöld hafa varað við ofankomunni. Snjókoma er alls ekki fátíð á þessum slóðum en Spánverjar eiga þó ekki að venjast fannfergi í þeim mæli sem nú er. MYND/AP



**Í KÆLINUM** Úrval íslenskra mjólkurafurða er gott og framleiðendur fengu rós í hnappagatið í Danmörku í gær þegar þeir voru verðlaunaðir fyrir fjölda vara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Íslensku skyrdrykkirnir slá í gegn í Danmörku

**Íslenskar mjólkurvörur léku við bragðlauka dómara á Mjólkursýningunni í Herning í Danmörku í gær. Sömu dómarar voru þó hlutdrægir þegar þeir útdeildu Norðurlandameistaratitlum til framleiðenda.**

„Við erum afskaplega ánægðir með okkur,“ sagði Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurmjólkur, glaður í bragði eftir að dómar og úrslit á mjólkursýningunni miklu lágu fyrir í gær. „Og ekki nóg með það, við erum stoltir af íslenskum mjólkuriðnaði í samanburði við frændur okkar á Norðurlöndunum.“

Helgi og félagar höfðu ærna ástæðu til að gleðjast; íslenskar mjólkurafurðir unnu til tíu gullverðlauna, tuttugu silfurverðlauna og tuttugu bronsverðlauna. Þann skugga bar þó á að þrátt fyrir að íslenskar vörur hafi hlotið öll þessi verðlaun og að auki flest stig í fimm flokkum hlutu íslensku mjólkurbúin engin Norðurlandameistaratitill í þetta skiptið. Er þar helst um að kenna þeirri staðreynd að flestir dómararnir voru heimadómarar en danskir framleiðendur hrepptu alla Norðurlandameistaratitlana. „Smekkur þeirra ræður,“ segir Helgi og hlær dátt að vangaveltu blaðamanns um mögulegt hneyksli. „Við erum pínulítið skúffaðir,“ viðurkennir hann þó.



**SIGURSÆLIR MJÓLKURMENN** Magnús Ólafsson, forstjóri Osta- og smjörsölunnar, Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurmjólkur, og Hólmgeir Karlsson, markaðsstjóri Norðurmjólkur.

Þó allir helstu mjólkurfræðingar og ostagerðarmeistarar Norðurlandanna séu í Herning ku framleiðslan ganga sinn vanagang í mjólkurbúum og neytendur ættu ekki að verða varir við fjarveru meistaranna, sem sjálfir líða ekki skort í sýningarhöllinni. „Ætli hér séu ekki yfir tvö þúsund vörur sem maður getur skoðað og smakkað,“ segir Helgi með mjólkurbragð í munni. ■




allt tilboð
Alla föstudaga

Alþingismenn reyna að komast til Vestmannaeyja í þriðja sinn:

# Eyjamenn benda þingmönnum á að ferðast með Herjólfi

Ekki hefur gengið þrautalaust fyrir þingmenn Suðurkjördæmis að komast til Vestmannaeyja eins og þeir hafa stefnt að um skeið. Slæm veðurspá og fjarvera forystumanna Vestmannaeyjabæjar hafa hamlað för.

Nokkuð er síðan þingmenn kjördæmisins ætluðu í heimsókn til Eyja til funda við forystumenn bæjarfélagsins, stofnana og fyrirtækja. Þá kom slæm veðurspá í veg fyrir för en afráðið var að fresta henni degi áður þar sem veðurútlit var dökkt. Nokkrum dögum síðar átti aftur að reyna en þá kom í ljós að bæjarstjóri og helstu bæjarstjórnarmenn voru á fundi í Reykjavík. Nú stendur til að fara á föstudag en óvíst er hvort af ferðinni geti orðið þar sem spáin er slæm.



**HERJÓLFUR** Eyjamenn skilja lítt hvers vegna þingmenn geta ekki komið með ferjunni eins og aðrir.

„Eyjamenn skilja lítt í hvers vegna þingmennirnir geta ekki ferðast með Herjólfi eins og aðrir,“ segir Jóhann Ingi Árnason, ritstjóri Eyjar.net en í atkvæðagreiðslu á miðlinum má glögglega sjá að heimamenn eru ósáttir við frestun þingmannakomunnar. Yfirgnæfandi meirihluti hefur látið þá skoðun sína í ljós. - bþs

# ÍSLENSKA GLÆPASAGAN
# SEM KEMUR ÚT Í 31 LANDI!




Hugvitssamlega fléttuð - Ískaldur húmor!

## Glæpasagan sem erlendir útgefendur hafa slegist um

Torkennilegt tákn á líki ungs manns sem finnst myrtur í Reykjavík haustið 2005. Áköf leit að fornu bréfi og alræmdu riti frá miðöldum. Galdrafárið á Íslandi. Og Þóra Guðmundsdóttir lögmaður dregst inn í veröld sem hún vissi ekki að væri til.

*„Fersk rödd í íslenskum glæpasögum ... Hröð atburðarás og hressilegur stíll.“*

Katrín Jakobsdóttir, gagnrýnandi

Veröld BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - VER 300239 11/2005

## Svona erum við

> Verðvísitala sjávarafurða




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: „STÓRA SAMSTEYPA“

# *Höfuðandstæðingar í eina sæng*

Ríkisstjórnarsamstarf tveggja stærstu stjórnmálaflokka viðkomandi lands er gjarnan kallað „stóra samsteypa“ , en sérstök hefð er fyrir þeirri nafngift á stjórnarsamstarfi stóru flokkanna sínu hvoru megin við miðjuna í þýskum stjórnmálum, Kristilegra demókrata (og systurflokksins CSU í Bæjaralandi) og Jafnaðarmannaflokksins, SPD.

**Hvað mælir með og á móti stóru samsteypu?** Fordæmi um svo breiðar samsteypustjórnir er nær eingöngu að finna í löndum þar sem hlutfallskosningakerfi er við lýði. „Stóru samsteypur“ eru gjarnan álitnar óæskilegt stjórnarmynstur þar sem þær útheimti miklar málamiðlanir í stjórnarstefnunni og þær hafi svo stórt hlutfall þingmanna á bak við sig að stjórnarandstaðan megi sín lítils. Stjórnarmeirihluti „stóru samsteypu“ er gjarnan það stór að hann auðveldar samþykkt stjórnarskrárbreytinga (í Þýskalandi þarf tvo þriðju hluta atkvæða þingmanna til að samþykkja stjórnarskrárbreytingu). Það er reyndar eitt af því sem álitið er kostur við nýju „stóru samsteypuna“ sem nú er að taka við völdum í Þýskalandi undir forystu Angelu Merkel, að hún hefur öruggan meirihluta í báðum deildum þingsins - bæði Sambandsþinginu (þjóðþinginu í Berlín) og Sambandsráðinu, sem skipað er fulltrúum stjórna þýsku sambandslandanna sextán. Alllangt er um liðið síðan þýsk ríkisstjórn hafði meirihluta í báðum þingdeildum. Þetta hefur staðið í vegi fyrir að mikilvægar umbætur, þar á meðal á sambandsríkisskipulagi landsins, kæmust til framkvæmda.



**Söguleg dæmi?**„Stóra samsteypa“ er skyld þjóðstjórn að því leyti að innan vébanda hennar sameinast stjórnmálaöfl sem að öðru jöfnu eru í harðri baráttu við hvert annað. Þau dæmi sem til eru um myndun eiginlegra þjóðstjórna eru flest frá stríðs- og umbyltingartímum, þegar þjóðarsamstaða þykir mikilvægari en allt annað sem skilur stjórnmálaflokkana að öðru jöfnu að.

## SPURT & SVARAÐ

VERSLUN FYRIR JÓLIN

### *Bjartsýni fyrir jólin*



**SIGURÐUR JÓNSSON**
Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu

Kaupmenn hafa nú hafist handa við að skreyta verslanir sínar og fylla af vörum sem líklegt má telja að seljist um jólin en það er sá tími sem gefur mest í aðra hönd fyrir langflesta verslunareigendur. Sigurður Jónsson er framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.

**Hvernig leggst þessi jólavertíð í verslunarmenn**? Hún leggst vel í velflesta eða alla. Það er áfram þensla í þjóðfélaginu og fólki gengur yfirleitt vel og það þýðir venjulega að verslun fyrir jólin mun ganga vel.

**Fjölgar ekki Íslendingum sem kaupa jólagjafir erlendis?** Vissulega kaupa margir gjafir á ferðum sínum erlendis. Þrátt fyrir það er meirihlutinn keyptur hér heima og margt líka sem vinsælt er til gjafa eins og til dæmis bækur sem ekki fást erlendis.

**Hvað munu Íslendingar eyða miklu um þessi jól?** Það er ómögulegt að segja. Það eina sem við vitum er að ástandið í þjóðfélaginu er gott og það er samasemmerki milli þess og að fólk leyfi sér meira þegar kemur að slíkum tímamótum. Hvort met verða slegin verður svo að koma í ljós.



**JÓN GERALD SULLENBERGER** Hann viðurkennir að reikningar sem hann gaf út hafi verið rangir og tilhæfulausir.



**JÓN H. B. SNORRASON SAKSÓKNARI** Jón H. B. telur gögn ekki fullnægjandi til þess að höfða mál gegn Jóni Gerald.

# Árangurslaus bið eftir gögnum

**Embætti Ríkislögreglustjóra heimilaði sakborningum í Baugsmálinu lögmætan og ótakmarkaðan aðgang að tölvugögnum úr fórum Jóns Geralds Sullenberger fyrir meira en tveimur mánuðum. Þeir hafa ekki enn fengið að sjá gögnin.**

Hinn 29. ágúst síðastliðinn fóru verjendur sakborninganna sex í Baugsmálinu fram á það við embætti Ríkislögreglustjóra að fá aðgang að öllum gögnum um tölvusamskipti sakborninga málsins og milli sakborninga og vitna. Sérstaklega er getið gagna úr tölvum Jóns Geralds Sullenberger, sem hann afhenti Ríkislögreglustjóra í ágústlok 2002. Verjendur greindu embættinu frá því að gögnin yrðu skoðuð og metin af sérfræðingum á þeirra snærum.

Níu dögum síðar svaraði Jón H. B. Snorrason verjendum og sagði meðal annars að tölvugögnin væru aðgengileg í tölvubúnaði í rannsóknarherbergi á skrifstofu ríkislögreglustjóra og yrði þeim verjendum sem óskuðu þess tryggður aðgangur, aðstaða og aðstoð til að skoða tölvupóstinn. Orðrétt segir svo: „Aðgangur yðar er ótakmarkaður um tölvusamskipti á milli sakborninga málsins og á milli sakborninga og vitna.“

Þrátt fyrir þetta hafði aðgangur að umræddum gögnum ekki verið heimilaður þegar fram fór þinghald í Héraðsdómi Reykjavíkur í fyrradag. Þar kröfðust verjendur að kveðinn yrði upp úrskurður um að aðgang sakborninga að gögnunum.

Í kröfunni segir: „Sú ákvörðun Ríkislögreglustjóra að heimila ekki í reynd aðgang að gögnum sem hann í orði kveðnu hefur samþykkt er í senn ólögmæt og móðgandi gagnvart sóknaraðila, auk þess sem háttsemin veldur því að sakborningar fá ekki notið lögbundinna úrræða til þess að verjast útgefinni ákæru.“

Í Héraðsdómi Reykjavíkur lagði Jón H.B.Snorrason saksóknari fram beiðni Sigurðar T. Magnússonar, setts ríkissaksóknara, um mat á áðurgreindum tölvugögnum. Ætlunin virðist sú að ganga úr skugga um trúverðugleika þeirra. Segir Sigurður í samtali við Morgunblaðið í gær, að kanna eigi áreiðanleika aðferða efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra við afritun og útprentun gagnanna.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, segir einkennilegt að biðja um mat sérfræðinga á trúverðugleika gagna sem saksóknari hafi þegar lagt til grundvallar ákærum á hendur þremur sakborningum. Hitt sé einnig óútskýrt hvers vegna sakborningar hafi ekki enn fengið aðgang að gögnum sem heitið hafi verið fyrir meira en tveimur mánuðum.

### Tilhæfulausir reikningar

Hinn 30. ágúst síðastliðinn sendu verjendur sakborninga í Baugsmálinu Ríkislögreglustjóra og Jóni H.B. Snorrasyni saksóknara bréf þar sem spurt var hvers vegna Jón Gerald Sullenberger hefði ekki verið ákærður. Hann hefði játað á sig refsiverða háttsemi í tengslum við innflutning á bifreiðum frá Bandaríkjunum og sakborningar ættu rétt á því samkvæmt jafnræðisreglu að vera eins settir gagnvart ákæru.

Jón H.B. Snorrason svaraði þessu erindi 14. október og útskýrði að „sú niðurstaða grundvallast á sjónarmiðum laga... um meðferð opinberra mála... um að höfða ekki mál nema það sem fram er komið sé nægilegt eða sennilegt til sakfellis yfir viðkomandi.“

Þetta merkir að saksóknari telur ekki fullnægjandi gögn til þess að höfða mál gegn Jóni Gerald.

Saksóknari hefur notað sömu gögn til þess að höfða mál gegn Jóhannesi Jónssyni og börnum hans Jóni Ásgeiri og Kristínu, vegna tollsvika við bílainnflutning frá Flórída. Þau hafa neitað sök fyrir rétti.

Í yfirheyrslugögnum Ríkislögreglustjóra er hins vegar að sjá sem Jón Gerald hafi játað á sig tollsvik.

Í skýrslutöku í Flórída þann 7. október árið 2002 sagði Jón Gerald eftir að hafa lýst því að hafa framvísað lægri reikningum fyrir kaupverði bifreiða en rétt var: „Reikningar hefðu síðan verið gefnir út af Nordica Inc. fyrir mismuninum, ýmist til Baugs hf. eða annarra tengdra félaga, en þeir reikningar hefðu ávallt verið rangir og tilhæfulausir,“ segir í skýrslu Jón Geralds.

Þessi framburður er staðfestur af Jóni Gerald í skýrslutöku hjá ríkislögreglustjóra 22. mars árið 2003.

Síðar við sömu skýrslutöku sagði Jón Gerald: „Hinn 28. september 1999 útbjó ég reikning á Baug vegna mismunarins, að fjárhæð USD 7.600 Sá reikningur var einnig gefinn út af Nordica Inc., en hann var rangur og tilhæfulaus með skýringum á kostnaði vegna markaðssetningar o. fl.“

Af ofangreindum framburði verður ekki annað séð en Jón Gerald Sullenberger játi á sig brot gegn tollalögum. Framburðurinn er undirritaður af honum, lögreglufulltrúa og votti.

Jón H.B. Snorrason saksóknari sá ekki ástæðu til þess að höfða mál gegn Jóni Gerald þrátt fyrir þennan framburð eins og fram kemur í áðurgreindu bréfi hans frá 14. október síðastliðnum.



**BRÉF JÓNS H.B. SNORRASONAR SAKSÓKNARA**
Dagsett 7. september.


Aðgangur yðar er ótakmarkaður um tölvusamskipti á milli sakborninga málsins og á mill sakborninga og vitna.



FRÉTTASKÝRING
**JÓHANN HAUKSSON**
johannh@frettabladid.is





# SPRON Tekjuvernd

Fagleg ráðgjöf og ítarleg úttekt á stöðu þinni komi til áfalls

**Núverandi sparnaður, áunnin lífeyrisréttindi og tryggingar vegna alvarlegra sjúkdóma, slysa eða andláts tryggja þér tiltekið hlutfall af núverandi tekjum.**

\+

**SPRON Tekjuvernd**

=

**Tryggir þér þær tekjur sem þú kýst komi til áfalls**

Með nákvæmu reiknilíkani finna ráðgjafar SPRON út hvar þú stendur miðað við núverandi sparnað, áunnin lífeyrisréttindi og tryggingar. Þeir reikna út hvort eða hversu mikið vantar upp á til að tryggja að tekjur þínar skerðist ekki komi til alvarlegs sjúkdóms, slyss eða andláts. Ef brúa þarf bil til að forðast tekjuskerðingu, kemur SPRON Tekjuvernd til sögunnar.

**Veistu hvernig þú stendur?**
**Pantaðu ráðgjöf í síma 550 1400 eða á www.spron.is**

Himinn og haf / SÍA

SPRON Tekjuvernd er í samvinnu við KB líf

spron – fyrir allt sem þú ert

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Samningur ASÍ og Samtaka atvinnulífsins getur falið í sér merkileg tímamót ef vel tekst til.

## Til atlögu gegn örorkuvæðingunni

Rík ástæða er til að fagna kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins því nú er úr sögunni sá möguleiki að verkalýðshreyfingin standi við hótanir sínar um uppsögn kjarasamninga, sem hefði að öllum líkindum leitt til gamalkunnra víxlhækkana launa og verðlags með tilheyrandi stórhækkun verðbólgu.

Fulltrúar ASÍ nýttu samningsstöðu sína vel með því að halda þessari hótun til streitu þrátt fyrir að öllum, og þar með talið þeim sjálfum, hafi verið morgunljóst að ástæða þess að verðbólgan er yfir markmiðum Seðlabankans, sem uppsagnarákvæði fyrri samnings miðuðust við, er fyrst og fremst hækkun fasteignaverðs. Ef sú hækkun er fjarlægð úr verðbólguútreikningum sést að hækkun á almennum vörum og þjónustu er vel undir uppsagnarákvæði kjarasamninganna, enda fer ekki milli mála að kaupmáttur þjóðarinnar er mikill þessa dagana.

*Stóru tíðindin eru tekjutenging atvinnuleysisbóta og fyrirheit um sameiginlegt átak verkalýðshreyfingarinnar, atvinnulífsins og ríkisins við að vinda ofan af þeirri miklu fjölgun fólks sem ekki telst vinnufært og þiggur því örorkubætur.*

En hótunin virkaði og uppskeran er samningur sem er um margt merkilegur. Þar er ekki átt við beinar launahækkanir, sem með allri virðingu þarf ekki að eyða mörgum orðum í: 26.000 króna eingreiðsla í desember og 0,65 prósent hækkun launa eftir rúmt ár. Stóru tíðindin eru tekjutenging atvinnuleysisbóta og fyrirheit um sameiginlegt átak verkalýðshreyfingarinnar, atvinnulífsins og ríkisins við að vinda ofan af þeirri miklu fjölgun fólks sem ekki telst vinnufært og þiggur því örorkubætur.

Atvinnuleysisbætur hafa verið snautlega lágar hér á landi og það er mikið framfaraskref að hækka þær. Á sama tíma er skynsamlegt þak á hæstu bótum og þeim tíma sem þær eru greiddar.

Enn merkilegri er sá kafli úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem kveður á um að draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða en þar segir meðal annars:

„Til að vinna að framgangi þessa máls mun forsætisráðherra skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða. Verkefni nefndarinnar verði meðal annars að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst verði horft til vangetu einstaklinga til að afla sér tekna. Jafnframt fjalli nefndin um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fest rætur á vinnumarkaði eða þurft að hverfa af vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku. Áhersla verði lögð á að bjóða einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem litið verði til starfsgetu einstaklinganna.“

Þetta er eitt brýnasta efni stjórnmálanna og gríðarlega mikilvægt fyrir allt þjóðarbúið að þessar aðgerðir komist sem allra fyrst af stað. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frjáls í þúsund ár

„Það er auðvitað stórmerkilegt að í yfir þúsund ár hefur íslenski heimiliskötturinn undantekningarlítið farið frjáls ferða sinna inn og út úr híbýlum manna í góðu samkomulagi við heimilisfólk sitt. Hann hefur haft sína hentisemi en um leið bægt frá meindýrum á heimilum og útihúsum. Því til viðbótar er hann þeim sem það líkar ómetanlegur félagsskapur. ... Já þetta hefur bara gengið bærilega takk fyrir í yfir þúsund ár án þess að setja þurfi reglur um málið og þinga um það í opinberum nefndum.“ Þannig er komist að orði í Vefþjóðviljanum í gær.

### Flóknar reglur

En nú eru breyttir tímar. Vefþjóðviljinn skrifar: „Það er svo til marks um hve svonefndir sveitarstjórnarmenn hafa gjörsamlega tapað áttum að það eru þeir sem linna nú ekki látum fyrr en settar hafa verið flóknar reglur um ketti. Reykjavíkurborg hefur ekki látið sitt eftir liggja og í nýrri samþykkt borgarinnar segir: Allir kettir eldri en fjögurra mánaða skulu örmerktir af dýralækni skv. stöðlum Alþjóða staðlaráðsins (ISO 11784 eða 11785). Eigendur katta skulu strax að lokinni örmerkingu katta koma upplýsingum um númer örmerkis og nafn og kennitölu eigenda til umhverfissviðs Reykjavíkurborgar sem heldur skrá um örmerkta ketti í Reykjavík. Kettir skulu einnig bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eiganda og símanúmer.“



### Kettir skannaðir

Vefþjóðviljinn bendir á að fyrsta skrefið í skattheimtu kallist venjulega því sakleysislega heiti „skráning“. „Í þessu tilviki minni skráningaraðferðin á vísindaskáldsögu því örmerking samkvæmt ISO-stöðlum sé „lítill kubbur sem dýralæknir kemur fyrir undir húð í herðakambi kattar og geymir 15 stafa númer“ svo vitnað sé í vef „skrifstofu neyslu og úrgangsmála“ hjá Reykjavíkurborg sem fer með málefni dýranna fyrir hönd borgarinnar. „Það verður með öðrum orðum hægt að skanna ketti bæjarins áður en langt um líður. Í reglugerðinni er svo að sjálfsögðu kveðið á um refsiviðurlög, atbeina lögreglu, handsömunar-, fóður- og vistunargjald og svo mun til listi yfir þá vinnustaði og lóðir sem köttum er bannað að valsa inn á“.

gm@frettabladid.is

## Tækifæri - ekki ógn

Í DAG
VARNARMÁLIN



ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Er ekki varnarsamningur við Bandaríkjamenn og aðild að NATO okkur nægileg trygging fyrir því að ekki verði á okkur ráðist?*

Stundum hefur verið haft við orð að fjarlægðin hafi löngum verið Íslendingum vernd gegn ásælni erlendra þjóða. Þegar saga landsins er skoðuð er ekkert fjær sanni.

Íslendingar gengu undir norskan kóng 1262, aðallega að því er virðist til að tryggja siglingar nokkurra skipa árlega til landsins. Jafnvel það reyndist Noregskonungum um megn langtímum saman. Eftir að skreið varð eftirsótt í Evrópu skorti hins vegar ekkert á siglingar til landsins og ruddu Englendingar þar brautina. Eftir það litu evrópskir verndarar okkar - fyrst Noregskóngar, síðan danskir - á það sem meginhlutverk sitt að hindra frjálsar siglingar til landsins. Jafnvel það var þeim um megn, þar til þeir síðarnefndu fengu því framgengt að hérlendir gengust undir danska einokun - og var eftir það skammtaður skítur úr hnefa um aldir.

Þegar til hernaðarátaka kom á Atlantshafi á tíma Napóleonsstyrjaldanna reyndist okkur engin vörn í kóngsins megt í Kaupmannahöfn og átti þó svo að heita að ríki hans teygði anga sína um fjórar heimsálfur.

Samt heyrðust þær raddir hér á landi á tíma sjálfstæðisbaráttunnar að vörnum landsins væri stefnt í óvissu með sambandsslitum við Dani. Fyrri heimsstyrjöldin leiddi glögglega í ljós að í því sambandi var okkur ekkert hald. Röksemdina um að sjálfstæð þjóð þyrfti að geta varið sig afgreiddum við með þeirri kokhreysti að lýsa einhliða yfir ævarandi hlutleysi þjóðarinnar.

Í síðari heimsstyrjöldinni varð það endanlega skýrt að ekki var sambandið við Dani okkur aðeins haldlaus vörn heldur okkur beinlínis hættulegt. Þrátt fyrir formleg mótmæli sættum við okkur við hernám Breta. Við nýttum okkur hins vegar sjálfstæði okkar til að semja um að hlutlaus þjóð - Bandaríkjamenn - leysti þá af hólmi og tæki við vörnum landsins, enda hyrfu þeir brott að styrjöldinni lokinni. Það var áreiðanlega ekki af neinni góðsemi í okkar garð, sem Bandaríkin tóku að sér þetta hlutverk. Þeir litu á þetta sem hluta af sínu heimavarnarkerfi og þannig þjóna sínum hagsmunum fyrst og fremst.

Bæði við inngönguna í NATO og gerð varnarsamningsins nokkrum árum síðar var það yfirlýst stefna Íslendinga - og um það voru allir stjórnmálaflokkar sammála - að hér yrði ekki her á friðartímum. Með öðrum orðum var litið á þetta sem tímabundið ástand sem varaði einungis svo lengi sem það þjónaði hagsmunum beggja aðila. Sú afstaða hefur hvað eftir annað verið ítrekuð af Alþingi síðan. Sú stefna hlýtur því enn að vera í fullu gildi þar til Alþingi hefur samþykkt annað.

Nú eru senn fimmtán ár liðin síðan kalda stríðinu lauk með hruni Sovétríkjanna. Þá þegar vildu Bandaríkjamenn stórminnka umsvif sín hér, sýndu jafnvel á sér fararsnið. Þá brá svo við, eftir áratuga karp meðal þjóðarinnar um það hvenær þeir friðartímar væru upprunnir, að herinn mætti fara og ætti að fara, þá sneru stjórnvöld okkar við blaðinu og fóru bónarveg að Bandaríkjamönnum að fara hvergi. Tvívegis hefur varnarsamningurinn verið framlengdur til fimm ára í senn og nú erum við búnir að vera samningslausir í næstum fimm ár. Pukur og leynd hvílir yfir þessum samningaviðræðum - liggur við að þær séu feimnismál. Engin rök hafa komið fram fyrir því að þeir dvelji hér áfram - nauðugir viljugir. Engin rök hafa komið fram um þá ógn sem steðji að landi og þjóð og útheimti að hér sé trúverðugur varnarviðbúnaður. Engin haldbær rök hafa komið fram fyrir þeirri kröfu Íslendinga að hér séu ávallt til taks fjórar herþotur - sem Bandaríkjamenn telja sig hafa meira brúk fyrir annars staðar. Er ekki varnarsamningur við Bandaríkjamenn og aðild að NATO okkur nægileg trygging fyrir því að ekki verði á okkur ráðist? Er okkur ekki nóg að vera aðili að varnar- og öryggissamstarfi vestrænna þjóða sem nú teygir sig frá landamærum Rússlands að ströndum Kína? Það er ekki eins og við verðum einir í heiminum þótt Bandaríkjaher hverfi héðan og hefðum ekki annað en gömlu haldlausu hlutleysisyfirlýsinguna að styðjast við í viðsjárverðum heimi. Og hvers konar vináttuvottur er það við Bandaríkjamenn að krefjast þess að þeir haldi hér uppi starfsemi, sem þeir sjálfir telja tilgangslausa og gagnslausa - og beri af því verulegan kostnað?

Bandaríski sendiherrann hér á landi benti nýlega á það í skynsamlegri grein í Morgunblaðinu, að hér vantaði sárlega stofnun, hugveitu, sem stundaði rannsóknir á utanríkis- og öryggismálum landsins. Með því móti gætum við kannski lagt fram rök fyrir málstað okkar í samningaviðræðum við erlend ríki í stað þess að mæta til þeirra eins og álfar út úr hól og ætla að treysta á kunningsskap eða „vináttu“ okkar manna við einstaka framámenn þeirra. Mér er ekki kunnugt um neina þjóð sem byggir utanríkisstefnu sína á svo veikum grunni.

Snúum okkur svo að því að ræða hiklaust og djarflega hvað við á að taka þegar hersetunni lýkur. Það er ekki seinna vænna.

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# ORMSSON




# MÁLHREINSUNARVÉLAR

Bræðurnir Ormsson telja að íslensk tunga
sé dýrmætasta eign þjóðarinnar.

Fyrirtækið hefur fylgt þeirri sannfæringu eftir með því
m.a. að þýða stjórnborð vinsælustu
**AEG**-þvottavélanna
yfir á íslensku.

**Verum með málið á hreinu!**

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SMÁRALIND · UMBOÐSMENN

Dagur íslenskrar tungu – 16. nóvember 2005

AUGLÝSINGASTOFA GUÐRÚNAR ÖNNU




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.802 **+1,03%** **Fjöldi viðskipta:** 428 **Velta:** 18.590 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Hampiðjan** | +3,62% | **SÍF** | -0,92% |
| **Straumur** | +3,33% | **Mosaic** | -0,58% |
| **Actavis** | +2,06% | **Kögun** | -0,54% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**ACTAVIS 44,70 +2,10%** ... Bakkavör 45,10 +0,70% ... FL Group 14,80 +0,70% ... Flaga 4,20 +1,20% ... HB Grandi 9,35 +0,00% ... Íslandsbanki 15,70 +0,60% ... Jarðboranir 22,10 +0,00% ... KB banki 600,00 +0,80% ... Kögun 55,00 -0,50% ... Landsbankinn 23,50 +0,90% ... Marel 64,00 -0,30% ... SÍF 4,33 -0,90% ... Straumur-Burðarás 15,50 +3,30% ... Össur 99,00 +1,00%

## MARKAÐSFRÉTTIR

Atorka Group keypti eigin bréf fyrir 30 milljónir að nafnvirði á genginu 5,65 í gær eða fyrir 169,5 milljónir. Eftir viðskiptin eru 5,69 prósent hlutafjár í eigu Atorku.

Olíuverð lækkaði á heimsmarkaði í gær en hlýnandi veður í Bandaríkjunum hefur valdið því að eftirspurn eftir olíu er minni en venjulega á þessum árstíma. Fatið af brentolíu kostaði 54,65 dali.

Hlutabréf í hlutabréfasjóðnum Tækifæri hafa verið færð á athugunarlista í Kauphöllinni en stefnt er að afskráningu félagsins úr Kauphöll Íslands.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



JAKOB SIGURÐSSON, FORSTJÓRI SÍF

## Lax veldur vanda

Á morgun birtir SÍF uppgjör fyrir tímabilið júlí til september sem er fyrsti ársfjórðungur í rekstrinum. Fyrirtækinu er spáð meira en fjögurra milljóna evra tapi, sem jafngildir um 300 milljóna króna tapi, og yrði það þá annar árshlutinn í röð sem SÍF er rekið með tapi.

Þrátt fyrir að söluvöxtur hafi verið góður á árinu var verð á laxi frá Noregi mjög hátt á tímabilinu eins og raunin var í allt sumar. Afurðaverð hóf að lækka í september og vonast stjórnendur SÍF til að afurðaverð verði í skikkanlegu róli á yfirstandandi ársfjórðungi, sem jafnan er bestur á árinu. ■

**SPÁR UM HAGNAÐ SÍF Á 1. ÁRSFJÓRÐUNGI Í MILLJÓNUM EVRA**

| | |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | -4,2 |
| Spá KB banka | -4,1 |
| Spá Landsbankans | -3,9 |
| Meðaltalsspá | -4,07 |

# Mikil hækkun í Kauphöllinni

**Líflegt var á hlutabréfamarkaði í gær þegar úrvalsvísitalan náði sína hæsta gildi. Greiningardeild Landsbankans telur að markaðurinn muni ekki lækka.**

Úrvalsvísitalan náði í fyrsta sinn að fara yfir 4.800 stig í Kauphöll Íslands í gær en lokagildi hennar var 4.802 stig og hækkaði hún um 1,03 prósent frá deginum áður. Líflegt var á hlutabréfamarkaði í Kauphöllinni í gær en alls voru 426 viðskipti með hlutabréf fyrir tæpa 18,6 milljarða króna.

Nokkur umræða hefur verið að undanförnu um hvort markaðurinn sé nú í sögulegu hámarki en úrvalsvísitalan setti met annan daginn í röð. Tíu félög hækkuðu í viðskiptum gærdagsins en fimm lækkuðu.

Hlutabréfamarkaður hefur hækkað um 40 prósent að meðaltali undanfarin þrjú ár og hefur eignastýring Íslandsbanka bent á að skilyrði þurfi að vera mjög hagstæð á næsta ári til þess að búast megi við álíka hækkun. Eðlilegt sé að búast við 12-15 prósenta hækkun á gengi fyrirtækja og því þurfi fjárfestar sem hafa hlutfallslega meira af hlutabréfum en skuldabréfum í safni sínu, hugsanlega að endurskoða samsetninguna, vilji þeir ekki taka of mikla áhættu.

Undanfarna daga hafa orðið miklar verðhækkanir og aðeins fjögur félög í Kauphöll Íslands hafa lækkað í verði undanfarna daga og öll innan við eitt prósent. Hins vegar hafa sextán fyrirtækið hækkað í verði og þar af hefur Straumur-Burðarás hækkað um 10,71 prósent á undanförnum sjö dögum og um 17,87 prósent á fjórum vikum.

Bjarki Logason, hjá greiningardeild Landsbankans, segir ómögulegt að segja til um hvort markaðurinn hafi náð hámarki. „Við höfum sagt það undanfarin misseri að markaðurinn sé hátt verðmetinn. Hann er samt búinn að vera að hækka núna í þrjú ár. Við sjáum ekki að það séu neinar lækkanir framundan. Fyrirtækjum gengur vel, það er mikið að gerast og útrásin gengur vel. Það eina sem getur hugsanlega haft einhver áhrif til lækkunar er ef það verða einhver mistök í útrásinni því það getur haft áhrif á markaðinn hér heima,“ segir Bjarki. **hjalmar@frettabladid.is**



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.00 | 13.13 | 16.25 |
| Akureyri | 10.00 | 12.57 | 15.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ


# allt


Nám o.fl.
**VINÁTTA**
Velferðarsjóður barna styrkir Mentor verkefnið bls. 2

Ferðir o.fl.
**MOSKVA**
Draumur ferðamanna og söguunnenda bls. 3

Bílar o.fl.
**RENAULT CLIO**
Valinn bíll ársins 2006 í Evrópu bls. 5




*Góðan dag!*

**Í dag er miðvikudagur 16. nóvember 320. dagur ársins 2005.**




## SMÁAUGLÝSINGAR


**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir




Ella og Kallý eru strax orðnar mjög góðar vinkonur. Í vetur munu lesendur geta fylgst með þeim stöllum Ellu og Kallý og því sem þær taka sér fyrir hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Náðu strax mjög vel saman

***Mentorverkefnið Vinátta gengur út á það að nemandi í háskóla eða framhaldsskóla og nemandi í grunnskóla hittast einu sinni í viku. Katrín Dagmar Jónsdóttir er tuttugu og tveggja ára nemandi á fyrsta ári í uppeldis- og kennslufræði við Háskóla Íslands og hún er mentor Elínborgar Lorens sem er níu ára nemandi í Lágafellsskóla.***

Kallý og Ella, eins og þær eru kallaðar, hittust fyrst í byrjun október með fjölskyldu Ellu. Kallý var búin að velta því fyrir sér í heilt ár að taka þátt í Mentorverkefninu áður en hún skráði sig í haust. „Ég var alltaf ákveðin í því að prófa þetta,“ segir hún. Ella segir að mamma hennar hafi átt hugmyndina að því að hún tæki þátt í verkefninu og hún sér ekki eftir að hafa samþykkt það. Stelpurnar náðu strax mjög vel saman og hafa gert ýmislegt skemmtilegt. „Við eigum afmæli með fjögurra daga millibili. Við erum báðar meyjur, sem ég held að geti verið ástæðan fyrir því að við náum svona vel saman,“ segir Kallý. Tæpri viku eftir að þær hittust fyrst voru þær tvær heima hjá Ellu og horfðu á myndband og skoðuðu skartgripina hennar. „Við erum báðar svona glingurstelpur,“ segir Kallý. Í eitt skiptið sem þær hittust ætluðu þær að koma við í Kringlunni til að fara í banka en gleymdu sér við að skoða eyrnalokka í búðunum. „Við ætluðum að fara niður í bæ þegar við værum búnar í bankanum en svo vorum við bara í Kringlunni þangað til við þurftum að fara heim,“ segir Ella.

Kallý og Ella eru búnar að hittast fimm sinnum síðan þær kynntust. Þær hafa gert fleira en að skoða skartgripi, þær eru líka búnar að fara á skauta, skoða fangelsi og fara í Lególand í Smáralind þar sem þær gleymdu sér í kubbunum. „Við gleymum okkur alltaf en mér finnst það skemmtilegast,“ segir Ella.

Á morgun eru Kallý og Ella að fara á leiksýninguna Annie og þær hlakka báðar mjög mikið til. „Ég veit varla hvor okkar er spenntari,“ segir Kallý.


Meira um Mentorverkefnið á bls. 2.


**emilia@frettabladid.is**

## LIGGUR Í LOFTI
**[BÍLAR, FERÐIR OG NÁM]**

**Umsóknarfrestur** um styrk til sumarnámskeiðs í Þýskalandi hefur verið framlengdur af menntamálaráðuneytinu til 1. desember. Allt að þrír umsækjendur munu hljóta styrk til að stunda þýskunámskeið sumarið 2006. Nánari upplýsingar má nálgast hjá menntamálaráðuneytinu.



**Vetrarvörur** fyrir bílinn má nú fá á tilboðsverði á ýmsum bensínstöðvum landsins. Núna er nefnilega sá tími þar sem sinna þarf bílnum af mikillri alúð. Tjöruleysir, frostlögur, rúðuhreinsir og rúðuskafa eru nauðsynlegir aukahlutir í bílinn. Um að gera að nýta tækifærið á meðan þetta er á tilboði.

**Jólahlaðborð** á hótel Flúðum, Hótel Rangá og fleiri hótelum er girnilegur kostur. Það er mjög afslappandi að kíkja út fyrir bæjarmörkin í afslappandi umhverfi landsbyggðarinnar svona rétt fyrir jólaörtröðina. Á Hótel Flúðum og á Hótel Rangá er boðið upp á sérstakt jólatilboð frá 25. nóvember til 10. desember þar sem innifalið er meðal annars gisting og jólahlaðborð en bóka verður á netinu.

**Dagur** íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur í dag. Dagurinn er haldinn á afmælisdegi listaskáldsins ljúfa, Jónasar Hallgrímssonar. Fjölbreytt dagskrá er um land allt í tilefni dagsins. Hægt er að fá frekari upplýsingar um dag íslenskrar tungu og frekari dagskrá á namsgagnastofnun.is.




**Þverúlfs saga grimma**
eftir Þorgerði Jörundsdóttur
**1. verðlaun**
í samkeppni um myndskreytta barnabók
**„Bráðskemmtileg og meistaralegar myndir.“**
Umsögn þeirra sem séð hafa.



**Hundurinn sem átti að verða stór**
eftir Irmu Lauridsen og teiknarann Jens Ahlbom
**Skemmtileg og falleg bók sem komið hefur út í átta löndum!**



Manninn í gula húsinu langaði til að eiga stóran og grimman varðhund – en hvolpurinn sem hann keypti vildi miklu heldur vera lítill og indæll....

**Kossinn sem hvarf**
eftir metsöluhöfundinn David Melling
– sem nefndur var til Kate Greenaway-verðlaunanna fyrir bókina
**Yndisleg bók fyrir prinsa og prinsessur!**
**“Þetta er dásamleg saga.**
Myndskreytingar Mellings eru eins snjallar og smellnar og texti hans.”
*The Guardian*



BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN



**Læsingar**
á bílum eiga það til að frjósa fastar á veturna. Gott getur verið að láta poka með heitu vatni liggja við lásinn í smástund til þess að hægt sé að opna bílinn ef ekki er til lásaúði.

# Á reið hennar konunglega njósnara

***Alvöru Bond-bíll verður seldur á uppboði í janúar.***

Bíllin er af gerðinni Aston Martin DB5 og er árgerð 1964. Bíllinn var notaður í tveimur Bond-myndum, Thunderball og Goldfinger, sem margir vilja meina að séu bestu Bond-myndir allra tíma. Í þeim lék hinn eitursvali Sean Connery aðalhlutverkið þannig að bíllinn verður vafalaust mjög eftirsóttur.

Bíllinn er einn af fjórum sams konar bílum sem framleiddir voru fyrir myndina og er hann hlaðinn ýmsum aukabúnaði sem sáust í myndinni eins og til dæmis vélbyssu, sem vissulega er ónothæf en nýtist vel til þess að hræða aðra ökumenn.

Á sama tíma verða einnig boðnir upp bílar sem voru sérsmíðaðir fyrir Al Capone og Hank Williams Jr. Uppboðið fer fram hjá RM Auctions' Vintage Motor Cars in Arizona í Phoenix hinn 20. janúar næstkomandi. ■



Í janúar verður hægt að eignast bílinn sem Sean Connery þeyttist á í Goldfinger.

Full búð af aukahlutum
á bílinn þinn
lexusljós, angeleyes,
neonljós, græjur,
spoilerar, lækkunargormar,
kraftsíur, racekútar, o.fl.



**AG Mótorsport** - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : **www.agmotorsport.is**
AG MOTORSPORT




Rafgeymar
í öll farartæki




Bílanaust
Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík •
Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is


Haukur Júlíusson sést hér á Caterpillar D7E frá árinu 1964 við vinnu á Húsafellsvegi í sumar. Haukur og félagar hans gera upp gamlar vinnuvélar á veturna þegar minna er að gera í jarðvegsbransanum.

# Vinnuvélar eru hans ær og kýr

***Haukur Júlíusson er sagður einn fróðasti Íslendingurinn um vinnuvélar og sögu þeirra hér á landi. Sjálfur vill hann sem minnst úr þessu gera.***

„Ég veit ekki hvort ég hafi neinn sérstakan áhuga á vélum en auðvitað kemst maður ekki hjá því að læra um það sem maður vinnur við. Ég er af þeirri kynslóð sem upplifði þann tíma þegar verið var að leggja vegi í fyrsta sinn til afskekktra byggða," segir Haukur hógvær. Hann er fæddur 1950 og byrjaði í bransanum um átján ára aldur, tók sér svo hlé í örfá ár og gerðist opinber starfsmaður.

„En þetta togaði í mig og við félagarnir stofnuðum Jörva árið 1978 og höfum alltaf verið í almennri jarðvinnu," segir Haukur. Jörvi er verktakafyrirtæki og vélarleiga í byggingar- og gatnagerðarbransanum. Jörvi á sér samastað á Hvanneyri og rekur ýtur, gröfur, vörubíla, hefla, og fleiri vélar.

Fyrirtækið hefur þá sérstöðu að hafa fjölmargar gamlar vélar á sínum snærum sem Haukur og félagar hans eyða vetrunum í að gera upp og endurnýja. Þær eru allar af gerðinni Caterpillar.

„Sumar eru fimmtíu ára gamlar og okkur þykja krónurnar sem þær skila ekkert lakari en þær sem við fáum frá nýrri vélum. Jafnvel bara betri krónur því hinar skila sér ekki allar, fara frekar í lánastofnanir og slíkt," segir Haukur.

Fyrsta vélin sem Jörvi keypti var Caterpillar D6B-jarðýta frá árinu 1960 sem enn er í notkun. Eins eiga félagarnir eldri jarðýtu, Caterpillar D6A módel 1954, sem er safngripur en þó vel nothæf ef í harðbakkann slær. „Við vorum þrjá vetur að gera hana upp," segir Haukur.

Haukur er vel fróður um sögu vélanna hér á landi. Á eftirstríðsárunum breyttu vélar miklu á Íslandi og það sem Haukur hefur ekki upplifað sjálfur segist hann hafa fræðst um af sér eldri mönnum. „Þetta var vissulega mikil bylting þegar vegir voru lagðir og túnrækt tók verulegan kipp með framræsluvélunum sem komu í stríðslokin," segir hann.

Vélarnar hafa, eins og gefur að skilja, breyst gríðarlega og þá er ekki síst að telja þægindi stjórnandans. „Hljóðeinangrun er eitthvað sem er nýtt. Í fyrstu voru menn á þeim húslausum við alls konar skilyrði og miðstöð var ekki sjálfgefin hér á árum áður, hvað þá heyrnarhlífar á höfuðið," segir Haukur.

Víraskóflurnar eru horfnar og hádrifsýtur og breiðbelti breyttu miklu þegar þau fyrst birtust á sjónarsviðinu. „Eins varð veruleg bylting með tilkomu vökvaknúinna beltagrafna á sjöunda áratugnum. Sú bylting er í rauninni enn í gangi," segir hann.

Á allra síðustu árum hefur GPS-tæknin breytt miklu fyrir stjórnendur vinnuvéla því nú geta menn unnið í öllum veðrum og vindum og fylgja þá bara fyrirmælum á tölvuskjá. „Í þessum tilvikum er ekki óalgengt að tölvan sé dýrari en vinnuvélin sjálf," segir Haukur og hlær við. ■

# Bensínhákar halda velli

***Þrátt fyrir hækkandi eldsneytisverð og nýja orkugjafa vilja Bandaríkjamenn bara aka stórum bílum.***

Bensínverð í Bandaríkjunum nálgast nú fimmtíu krónur á lítrann. Þrátt fyrir að þarlendis kvarti menn sáran virðist ekki vera almennur áhugi á bílum sem nýta aðra orkugjafa. Meðan hybrid-bílar, sem eru knúnir af rafmagni auk bensíns, hafa aðeins náð 1,3 prósenta markaðshlutdeild vestanhafs eru jeppabifreiðar 25 prósent allra seldra bíla.

Fyrirtækið J.D. Power leggur stund á hvers kyns rannsóknir tengdar bifreiðum. Þar á bæ gera menn ráð fyrir að sala á hybridbílum þrefaldist á næstu fimm árum. Það mun samt aðeins þýða fjögur prósent af sölu nýrra bíla og á sama tíma er reiknað með að jeppar verði komnir í 27 prósent.

Jeff Schuster hjá J.D. Power telur ástæðuna tvíþætta. Annars vegar sé það hluti af bandarísku þjóðarsálinni að hafa allt stórt, en hins vegar sækist fólk eftir hinum fjölmörgu notkunarmöguleikum jeppanna. „Fólk kaupir jeppa af því að hugsanlega gæti það einhvern tíma þurft að skutla öllu fótboltaliði barnanna á æfingu á sama tíma og það er að draga bát í kerru."

Bílaframleiðendur bregðast við þessu með því að setja meira púður í jeppana og leggja áherslu á sparneytni. Því verða fleiri jeppar í boði á næstu árum sem komast undir tólf lítra markið á hundraði. Á sama tíma heldur þróun hybridbíla áfram í þeirri von að þeir sæki á hægt og rólega. ■


Toyota Prius. Toyota er hvergi nærri hætt þróun á hybrid-bílum.


Hummer H3. Eyðir tólf lítrum á hundraði og þykir eftirsóttari en hybrid-bílar.

# Raunverð bíla á netinu

***Á vef Bílgreinasambandsins er nú hægt að finna út raunverð bíla.***

Bílgreinasamband Íslands hélt á mánudaginn upp á 35. ára afmæli sambandsins. Í tilefni af því hefur sambandið hannað nýja þjónustu fyrir almenning í landinu á heimasíðu sinni, bgs.is. Þar má á auðveldan hátt finna út raunverð bíla, bæði síns eigins og annarra. Þessi þjónusta ætti að hjálpa mörgum þegar kaupa eða selja á bíl. Fyrst er bíltegundin fundin, síðan af hvaða gerð hún er og seinast er skráð inn hversu langt bíllinn hefur keyrt og hver sé skráningardagur bílsins. Að því loknu reiknar vefurinn raunverð bílsins.



Nú er ekkert mál að reikna raunverð hvaða bíls sem er á heimasíðu Bílgreinasambandsins, bgs.is

# Tvær og hálf sekúnda í hundraðið

***Næstum því bíll og næstum því mótorhjól.***

Með 500 hestafla V-10 mótor úr Viper er Dodge Tomahawk tvær og hálfa sekúndu í hundrað.

Hámarkshraðinn er áætlaður í kringum 480 km/klst en hönnuðir mótorhjólsins, sem er reyndar á fjórum hjólum og er því stundum kallað bíll, segja að fræðilega nái það 640 km/klst. Hvort einhver hafi fengist til að sannreyna það, sitjandi á hjólinu, er óvíst.

Aðeins níu hjól hafa verið framleidd til sölu og hvert þeirra fór á rúmar 36 milljónir. Það er reyndar ólöglegt að aka þeim á vegum úti svo íslenskir mótorhjólaaðdáendur verða að láta peningana í annað.



Dodge Tomahawk. Stútarnir fyrir ofan framhjólin eru ekki ljós, heldur loftinntak fyrir 500 hestafla V-10 mótorinn. Ekki slæmt fyrir mótorhjól.



Renault Clio var valinn Bíll ársins 2006 í Evrópu.

# Renault Clio III Bíll ársins

***Í vikunni útnefndi nefnd evrópskra bílablaðamanna Bíl ársins í Evrópu 2006.***

Bíll ársins 2006 í Evrópu er Renault Clio III en Clio hlaut einnig þessa nafnbót árið 1991. Þetta er í fyrsta sinn í 43 ára sögu vals á Bíl ársins í Evrópu sem sama gerð af bíl hlýtur þessa viðurkenningu oftar en einu sinni.

Aðeins fimm stig skildu að bílinn í fyrsta sæti og bílinn í öðru sæti en í því sæti lenti Volkswagen Passat.

Meðal helstu kosta bílsins að mati valnefndarinnar eru mikið rými, vandaður frágangur, þægindi og öryggi. Nokkrir þeirra minnast í umsögnum sínum á að þessi bíll hljóti að verða leiðarljós í smíði stærri bíla ekki síður en bíla í flokki smábíla.

Bílar frá Renault hafa reynst sigursælir í valinu á bíl ársins í Evrópu. Ekki eru nema þrjú ár síðan Renault Megane hlaut þennan titil. Renault Clio III verður kynntur hjá B&L snemma á næsta ári.

# Hættulegir ökumenn

***Óhæfir ökumenn eru í umferðinni og skapa sjálfum sér og öðrum vegfarendum raunverulega hættu.***

Þetta er niðurstaða könnunar sem nýlega birtist í Læknablaðinu. Rannsakendur voru Kristín Sigurðardóttir og Hjalti Már Björnsson. Lögð var könnun fyrir 47 lækna á Landspítalanum sem sinna sjúklingum sem geta orðið óökuhæfir af völdum sjúkdóma eða annarlegs ástands. Athugað var hvort og í hve miklum mæli mætti reikna með því að úti í umferðinni væru ökumenn sem háskalegir væru sjálfum sér og öðrum af einhverjum sökum.

Alls sögðust 64 prósent læknanna hafa orðið þess vör að sjúklingar hefðu haldið áfram akstri gegn ráðleggingum og alls 52 læknar vissu til þess að slíkir sjúklingar hefðu valdið tjóni eða skaða án þess að vera í líkamlegu ástandi til þess að aka. Algengast var að einstaklingar með flogaveiki og heilabilun hefðu ekki hlýtt fyrirmælum læknis um að hætta akstri.

REXTON




Rexton RX270

Fullvaxinn lúxusjeppi
á aðeins kr. 3.980.000

hausverk / SÍA

- 5 strokka Common Rail díselvél 165 hö
- BorgWarner drifbúnaður (hátt og lágt drif)
- Mercedes Benz 5 þrepa sjálfskipting
- TCI spólvörn
- TOD sítengt fjórhjóladrif
- ESP skriðvörn
- Linsuljós að framan
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Lúxusinnrétting með viðaráferð
- Mp3 geislaspilari
- Þakbogar
- Toyo eða BFGoodrich 31" dekk að eigin vali
- Alessio álfelgur

Rexton er stór, vandaður og fullbúinn jeppi með nægu rými fyrir fjölskylduna og farangurinn.

**Rexton alvöru jeppi**
Verð aðeins 3.980.000 kr.

Verð er háð gengi og getur breyst án fyrirvara.

SSANGYONG
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is



**Námskeið**
geta verið skemmtileg afþreying yfir vetrarmánuðina. Það er hægt að fara á námskeið í öllu mögulegu ef fólk hefur áhuga. Spænska, mósaík, sushi-gerð, draumaráðningar og kertagerð er meðal þess sem hægt er að læra á námskeiðum.

## Markmið Mentor-verkefnisins Vináttu

**Börnin eiga að:**

- Kynnast nýjum hugmyndum, aðstæðum og öðlast nýja þekkingu og reynslu.
- Styrkja sjálfsmynd og auka félagslega færni.
- Kynnast nýjum aðstæðum til skemmtunar.
- Kynnast möguleikum til náms.

**Mentorar eiga að:**

- Þroska félagslega færni og samskiptahæfni.
- Þroska samkennd.
- Búa sig undir að kynnast mismunandi einstaklingum.
- Öðlast nýja reynslu.
- Fá nýjar hugmyndir um hvernig starfa má með börnum.
- Þroska sköpunarhæfni.

Skemmtilegar setningar á 13 tungumálum
CHN DAN ENG ESP FIN FRA GER ISL ITA NOR POL POR SVE
MADE IN ICELAND
www.MADE IN ICELAND.is

allt bílar
Alla laugardaga



Ingibjörg Pálmadóttir er framkvæmdastjóri Velferðarsjóðs barna á Íslandi.

# Sjóðurinn nýtist þúsundum barna

***Velferðarsjóður barna á Íslandi var stofnaður árið 2000 með gjöf frá Íslenskri erfðagreiningu upp á hálfan milljarð króna. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Ingibjörg Pálmadóttir fyrrverandi heilbrigðisráðherra.***

„Heilbrigðisráðuneytið og Íslensk erfðagreining gerðu með sér samning um að byggja upp sjóð sem myndi koma til móts við börn á ýmsan hátt,“ segir Ingibjörg en hún hefur verið framkvæmdastjóri sjóðsins í fjögur ár. „Stjórnarformaður sjóðsins hefur frá upphafi verið Bjarni Ármannsson forstjóri Íslandsbanka og aðrir stjórnarmenn eru Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og Sólveig Guðmundsdóttir lögfræðingur hjá heilbrigðisráðuneytinu.“

Ingibjörg segir að frá því að sjóðurinn var stofnaður hafi hann styrkt fjölmörg verkefni. „Allra stærstu verkefnin til þessa eru Rjóður sem er hjúkrunar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik börn í Kópavogi sem hefur starfað í tvö ár og Mentorverkefnið Vinátta sem er á fimmta ári en hugmyndina að því átti Valgerður Ólafsdóttir.“ Ingibjörg segir að Mentorverkefnið hafi átt að vera tilraunaverkefni í þrjú ár en það hafi reynst svo vel að því hafi verið haldið áfram. Hún segir að yfir fjögur hundruð börn og jafn margir mentorar hafi farið í gegn um verkefnið og í það hafi verið settar yfir fjörutíu milljónir síðan það byrjaði.

Ingibjörg segir að sjóðurinn hafi líka styrkt margt annað sem viðkemur börnum eins og mæðrastyrksnefnd, hjálparstarf kirkjunnar, námskeið fyrir börn alkóhólista og foreldra misþroska barna. Um það bil áttatíu milljónum er úthlutað úr sjóðnum árlega. „Á hverju ári gefur sjóðurinn líka börnum úr fjölskyldum sem hafa lítið milli handanna sumargjafir. Félagsmálayfirvöld benda okkur á hvar sumargjafanna er mest þörf og þær fara í það að borga fyrir tómstundaiðkun, ný föt, sumardvalir, hjól eða bara það sem barnið þráir að fá en hefur ekki getað eignast. Í það heila fóru um tíu til tólf milljónir í sumargjafir í ár.“

Ingibjörgu finnst að Íslensk erfðagreining hafi sýnt einstaklega gott fordæmi með því að stofna sjóðinn. „Íslensk erfðagreining er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem leggur svo mikla fjármuni í sjóð sem eingöngu er ætlaður til þess að bæta hag barna og hann hefur nýst þúsundum barna á einn eða annan hátt.“

Vinnuvélanámskeið
Ný námskeið vikulega, staðsetning Mjódd
Verð kr. 44.900.-
Sími. 894 2737 www.ovs.is
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
Flest verkalýðsfélög styrkja nemendur á vinnuvélanámskeið

„Enginn ætti að láta þetta framhjá sér fara. Á skipulegan og skjótvirkan hátt er hægt að margfalda lestrarhraða án þess að það bitni á skilning. Samfara lestri er námstækni sem nýtir aukin afköst lesturs og tryggir að það sem lesið er gleymist ekki.“ **Þorvaldur H., 24 ára lögfræðinemi.**
...næsta námskeið 5. janúar 2006. Skráning er hafin á www.h.is og í síma 586-9400. **Minnum á hin vinsælu gjafakort okkar.**
HRAÐLESTRARSKÓLINN

# Eflir sjálfsmynd og félagsþroska barna

***Elín A. Þorgeirsdóttir er verkefnisstjóri Mentorverkefnisins Vináttu. Hún segir að verkefnið hafi gengið mjög vel frá upphafi.***

„Mentorverkefnið Vinátta er byggt á alþjóðlegri fyrirmynd,“ segir Elín. Hún segir að upprunalega komi hugmyndin frá Ísrael en Íslendingar hafi fengið hana frá Svíþjóð og verkefnið hafi svo verið lagað að íslenskum aðstæðum. „Hvert land aðlagar verkefnið eftir sínum forsendum. Hjá okkur er ekki eins mikil stéttaskipting eins og í Ísrael eða eins mikið af innflytjendum eins og í Svíþjóð.“

Mentorarnir koma bæði úr háskóla og af síðasta ári í framhaldsskóla. Börnin sem taka þátt eru á aldrinum sjö til tíu ára. „Það sem mér finnst mjög merkilegt við verkefnið er að það tengir saman þrjú skólastig og allir þátttakendurnir læra hver af öðrum,“ segir Elín. Hún segir að á meðan mentorarnir taki þátt í verkefninu séu þeir á námskeiði sem metið er til þriggja eininga, hvort sem þeir eru í framhaldsskóla eða háskóla.

Elín segir að verkefnið hafi gengið mjög vel og þess vegna hafi verið ákveðið að halda áfram með það. „Þetta hefur gert gríðarlega mikið fyrir mörg börn og í rauninni marga mentora líka. Börn af erlendum uppruna fá til dæmis oft meiri tilfinningu fyrir íslensku samfélagi og mentorarnir fá á móti tilfinningu fyrir bakgrunni barnanna. Verkefnið hefur eflt sjálfsmynd og félagsþroska margra barna og skólarnir hafa verið mjög ánægðir með það.“



Elín A. Þorgeirsdóttir er verkefnisstjóri Mentorverkefnisins Vináttu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

allt tíska
Alla fimmtudaga

**Farangur**
þarf ekki að vera mikill til þess að ferðalagið geti verið gott. Oft er nóg að taka með sér helminginn af því sem maður heldur að sé nauðsynlegt.





Kreml.

# Mikilfengleg Moskva

***Stundum þurfa ferðamenn að teygja sig lengra en áætlanaflugið nær. Ferðaáhuginn getur náð alla leið til Rússlands, enda engin furða. Þar finnst borgin Moskva sem er draumur ferðamanna og söguunnenda.***

Moskva er borg sem sannkallaður ferðamaður myndi vilja dvelja í mánuðum saman enda hefur borgin upp á að bjóða óendanlega flóru af söguslóðum og mannvirkjum. Vissulega myndi taka tíma að skoða hvern einasta múrstein í borginni en Moskva er engu að síður kjörin ferðamannaborg, bæði fyrir stuttar ferðir og langar. Áður en lagt er af stað í slíka ævintýraferð, án leiðsögumanns, er vert að skoða vel á netinu hvað borgin býður upp á. Fjölmargar heimasíður eru til sem hjálpa til við að skipuleggja skemmtilega borgarferð. Hægt er að byrja á að skoða eftirfarandi síður; http://www.flybirdy.com, http://www.moscowcity.com, http://www.expresstorussia.com og einnig er sniðugt að kaupa sér góða ferðabók um Rússland og Moskvu eða ferðabókina Lonely Planet.

Enginn ætti að láta fram hjá sér fara að skoða Kreml og Rauða torgið. Kreml hefur bæði stórbrotinn arkitektúr og sögulegt gildi, bæði fyrir fortíð og nútíð. Í nágrenni Kreml er að finna Rauða Torgið, grafhýsi Leníns, sögusafnið og fleiri merkar byggingar. Kirkja heilags Basils er einn af þeim stöðum sem skylda er að skoða. Kirkjan var byggð í kringum 1560 í tíð Ívans grimma. Sagan segir að keisarinn hafi fyrirskipað svo að arkitekt kirkjunnar, Postnik Jakovlev, yrði blindaður svo hann gæti aldrei skapað neitt jafnt fagurt á ný.



Dómkirkja heilags Basils.



GUM-verslunarmiðstöðin.



Bolshoi-balletinn í Moskvu.

Einnig geta söguunnendur tekið KGB dagsferð. Skoðað byggingar sem tengjast valdatíð Stalíns sem einkenndist af ógnarstjórn og ótta. Á þennan máta er hægt að fá nýja sýn á kalda stríðið og afleiðingar þess,

Einnig er einstakt að skoða GUM-verslunarmiðstöðina. Skynsamlegast er að reikna með heilum degi í GUM. Gott er að hafa rúblur við höndina þar sem margar búðir neita að taka nokkurn annan gjaldmiðil.

Ferðamenn verða svo að láta reyna á kænsku sína þegar kemur að því að versla flugfarið. Hægt er að skoða eftirfarandi síður til að fá verðhugmyndir á framhaldsflugi frá áætlunarstöðum íslensku flugfélaganna. Gott er að byrja á heimasíðunum www.easyjet.com og www.ryanair.com. Stúdentar og ungmenni geta nýtt sér þjónustu Stúdentaferða og er heimasíðan þeirra www.exit.is.

Stundum eru bestu ferðirnar þær sem maður skipuleggur sjálfur, óháður og frjáls.

johannas@frettabladid.is

# Hvatt til hvataferða

***Kynningar á Íslandi á Norðurlöndum.***

***Ráðstefnuskrifstofa Íslands og Ferðamálaráð í samvinnu við Icelandair og Sendiráð Íslands í Stokkhólmi og Kaupamannahöfn stóðu í síðustu viku fyrir kynningum sem miðuðu að því að markaðssetja Ísland sem áfangastað fyrir ráðstefnur, viðburði og hvataferðir.***



Nýhöfn í Kaupmannahöfn. Norðurlöndin eru mikilvægasti markaður íslenskrar ferðaþjónustu á sviði ráðstefnu- og hvataferða.

Norðurlöndin eru einn af mikilvægustu mörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu hvað varðar ráðstefnu- og hvataferðir. Kynningar hafa verið haldnar í London og Helsinki og nú síðast í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn sem miða að því að markaðssetja Ísland sem áfangastað fyrir hvata- og ráðstefnuferðir. Tíu íslensk fyrirtæki voru valin með í för sem öll sérhæfa sig í móttöku á ráðstefnu- og hvataferðamönnum. Á kynningarnar voru svo boðaðir erlendir fulltrúar sérhæfðra fyrirtækja á þessu sviði sem voru sérvaldir með tilliti til mögulegra viðskipta í framtíðinni. Þessar kynningar reynast því mikill stuðningur við íslenska ferðaþjónustuaðila. Á kynningunum var farið yfir þjónustu Ferðamálaráðs Íslands og Ráðstefnuskrifstofu Íslands. Fyrirhugað ráðstefnu- og tónlistarhús sem mun rísa í Reykjavík var kynnt ásamt þeirri aðstöðu og möguleika sem landið hefur upp á að bjóða.

## Hellaskoðun allt árið

Í HELLUM GÆTIR OFT MINNI ÁHRIFA ÁRSTÍÐA EN Á YFIRBORÐI JARÐAR.

Hellaskoðun er ævintýraleg upplifun sem krefst lítils undirbúnings. Víða um landið má finna hella sem eru manngengir og bjóða gestum sínum upp á skemmtilegar skoðunarferðir árið um kring, því áhrifa árstíða gætir oft minna í iðrum jarðar en á yfirborðinu. Hellaskoðendur mega þó eiga von á ís og hálku yfir veturinn og því nauðsynlegt að fara að öllu með gát.

Nauðsynlegur búnaður í hellaferðir eru góðir skór, hjálmur og gott rafmagnsljós. Að auki er sniðugt að taka myndavél með þar sem margt leynist í myrkrinu sem er ólíkt öllu sem sést ofanjarðar. Kyndlar og kerti eru ekki vinsæl í hellum vegna mengunar en slæm umgengni og skemmdaverk hafa eyðilagt ómetanlegar náttúruperlur á undanförnum árum.

Af skemmtilegum hellum fyrir byrjendur í hellaskoðun má nefna Djúpahelli í Bláfjöllum og Raufarhólshelli í Þrengslum en sá síðarnefndi er vel yfir kílómetra á lengd.



Grýlukerti af öllum stærðum og gerðum á gólfi Raufarhólshellis.

Aðventustemning í Básum



Aðventuferð í Bása 25.–27. nóvember.
Brottför frá BSÍ kl. 20 föstudaginn 25. nóvember

Aðventuferð Jeppadeildar í Básá 3.–4. desember.
Brottför frá Hvolsvelli kl. 10 laugardaginn 3. desember.

ÚTIVIST
Leggðu land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions Allrahanda



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!

Gerum góð tilboð í allar hópferðir

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is

Iceland excursions Allrahanda
GRAY LINE

Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



MAXWELL HOUSE
Gott til síðasta dropa



Miðvikudagur 16. nóvember 2005 – 33. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



**Ósætti um HM**
Klúbbarnir vilja bætur



8



**Sauðfjárrækt í sókn**
Afurðaverð hækkar
12-13

**Undir nýrri forystu**
Metnaður í Sjóvá



10


Stofnandi easyJet við Markaðinn:

## Undirverðlagt og ekki til sölu

„Ég hef ekkert meira um þetta mál að segja nema það sem ég hef áður sagt opinberlega. Hlutur minn í easyJet er ekki til sölu eins og sakir standa þar sem félagið er undirverðlagt,“ segir Stelios Haji-Ioannou, stofnandi og stærsti hluthafinn í breska lággjaldaflugfélagsins easyJet við Markaðinn.

Ekkert hefur spurst til frekari fjárfestinga FL Group í félaginu en bréf í félaginu hafa hækkað mjög undanfarna daga. Á mánudaginn var gengi bréfa í félaginu 311,25 en gengi bréfa hefur ekki verið svo hátt í heilt ár og hefur það ýtt undir kenningar um að FL Group sé að bæta við hlut sinn í félaginu.

Stelios segist engan áhuga hafa á því að selja easyJet. „Ég er auk þess eigandi að easy-vörumerkinu og easyJet er mér mjög mikilvægt í því sambandi þar sem það er stærsta vörumerkið innan easy-keðjunnar,“ segir Stelios. **- hb**

## Aftur í FL Group

Þrír fyrrverandi stjórnarmenn í FL Group, sem gengu út úr eigendahópnum í sumar, eru komnir aftur inn sem hluthafar í kjölfar hlutafjárútboðs sem fór fram á dögunum.

Fjárfestingafélagið Saxbygg, sem er í eigu Saxhóls og Byggingafélags Gylfa og Gunnars, hefur keypt um eitt prósent í FL Group. Tveir af eigendum Saxbyggs, Jón Þorsteinn Jónsson og Gylfi Ómar Héðinsson, sátu í gömlu stjórninni en tveir meðeigendur þeirra, Einar Jónsson og Gunnar Þorláksson, áttu sæti í varastjórn.

Einnig hefur félag í eigu Pálma Kristinssonar, fyrrverandi stjórnarmanns, fest kaup á hlutum í flugfélaginu.

Saxbygg átti um fjórðungshlut í FL Group á sínum tíma, seldi hann á genginu sextán í lok júní en keypti í útboðinu á 13,6. **- eþa**

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Kaupir keðju** | Baugur er langt kominn með að kaupa skartgripakeðjuna MW Group. Kaupverðið er um 20 milljónir punda eða rúmir tveir milljarðar króna.

**Hækkar vexti** | Landsbankinn hefur hækkað vexti íbúðalána úr 4,15 prósentum í 4,45. Íbúðalánasjóður segir að miðað við núverandi ástand þurfi hann einnig að hækka vexti.

**Meira fyrir launin** | Kaupmáttur launa jókst um 1,4 prósent milli ára á almennum vinnumarkaði samkvæmt nýrri launakönnun Hagstofunnar.



**Þór forstjóri** | Þór Sigfússon er nýr forstjóri Sjóvár. Þorgils Óttar Mathiesen, fráfarandi forstjóri, keypt 40 prósenta hlut í fasteigna- og þróunarfélaginu Klasa og tekur við stjórnun félagsins.

**Stærstir í FL** | Baugur og Hannes Smárason eru stærstu hluthafar í FL Group að loknu hlutafjárútboði og eiga um helming hlutafjár. Alls seldi félagið hlutafé fyrir 44 milljarða króna.

**Góð starfslok** | Kostnaður vegna uppgjörs á kaupréttarsamningi við Styrmi Þór Bragason, fyrrverandi framkvæmdastjóra Atorku, nam um 160 milljónum króna.

**Kögun kaupir** | Kögun hefur keypt 67 prósent hlutafjár í norska hugbúnaðarfyrirtækinu Hands ASA. Heildarkaupverð var 1,6 milljarðar króna.

**Nýtt útibú** | Straumur–Burðarás Fjárfestingabanki hefur í hyggju að kaupa útibú í Kaupmannahöfn vegna aukinna umsvifa bankans á danskri grundu.

# Landsbankinn með starfsemi í tólf löndum

## Landsbankinn kaupir írska verðbréfafyrirtækið Merrion. Írland er tólfta landið sem Landsbankinn hefur starfsemi í.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

„Miðlun verðbréfa og fyrirtækjaráðgjöf eru stærstu þættirnir í starfsemi Merrion,“ sagði Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, í gær þar sem hann var staddur á Írlandi að kynna kaup bankans á írska verðbréfafyrirtækinu Merrion Capital.

Samkvæmt samkomulagi sem hefur verið undirritað kaupir Landsbankinn fyrst fimmtíu prósent í Merrion en eignast eftirstandandi fimmtíu prósent á næstu þremur árum. Í dag er fyrirtækið metið á fjóra milljarða króna. Landbankinn borgar rúma tvo milljarða króna í upphafi en greiðsla fyrir síðustu fimmtíu prósentin ræðst af rekstrarárangri Merrion á næstu árum.

Tekjur Merrion á þessu ári eru áætlaðar 1,7 milljarður króna og hagnaður eftir skatta um 435 milljónir króna. Við árslok gera áætlanir ráð fyrir að eigið fé verði um 1,3 milljarðar króna.

Sigurjón segir þetta vera þriðja evrópska verðbréfafyrirtækið sem Landsbankinn kaupir og styrkir stöðu bankans í Evrópu. Auðveldara sé að ná fótfestu á erlendum mörkuðum með kaupum á verðbréfafyrirtækjum en bönkum sem séu hlutfallslega dýrari. Starfsemi þessara fyrirtækja – Kepler Equities, Teather & Greenwood og svo Merrion – skarist ekki og þau geti notað tengingar hvert við annað. Þetta séu framsækin fyrirtæki sem muni hraða sókn Landsbankans í Evrópu á sviði fyrirtækja- og fjárfestingabankastarfsemi.

John Conroy, forstjóri Merrion, sagði í samtali við Markaðinn að hann hefði hrifist mjög af áræði og kunnáttu Landsbankamanna í aðdraganda þessa samnings. Kaup Landsbankans myndi styrkja stöðu Merrion til frekari sókna á írska markaðnum.

Starfsmenn Merrion eru í dag 75 talsins. Fyrir kaupin áttu starfsmenn 70 prósent í fyrirtækinu en bandaríski fjárfestingabankinn Allen & Company 30 prósent.

Kepler Equities, þar sem Landsbankinn tók við stjórnartaumunum á mánudaginn, er með starfsemi í sex borgum Evrópu og New York. Teather & Greenwood starfar í London og Edinborg. Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, hefur sagt að þessi tvö fyrirtæki greini yfir 665 hlutafélög og hafi viðskiptasambönd við yfir 900 fagfjárfesta. Nú bætist Merrion í þennan hóp fyrirtækja sem eru undir stjórn Landsbankans.

Halldór sagði í kynningu á kaupunum í gær að framtíðarspá fyrir evrópskan hlutabréfamarkað væri hagstæð og því fælist tækifæri fyrir Landsbankann til að þróa enn frekar verðbréfamiðlun í Evrópu. Kaupin á Merrion féllu vel að öðrum fjárfestingum og með samþættingu á viðskiptasamböndum og þekkingu þessara fyrirtækja skapaðist virðisauki fyrir viðskiptavini.

Í tilkynningu kemur fram að markaðshlutdeild Merrion sé 5-7 prósent á þeim sviðum sem félagið starfar á.

# Ólafur Jóhann kaupir í Mogganum

## Ólafur Jóhann og Straumur-Burðaraás verða stórir hluthafar í Árvakri.

Tveir nýir hluthafar munu koma í hluthafahóp Morgunblaðsins fyrir hluthafafund í næstu viku. Þetta eru Straumur-Burðarás, en stærstu eigendur þar eru Björgólfsfeðgar. Hinn hluthafinn er rithöfundurinn og athafnamaðurinn Ólafur Jóhann Ólafsson. Alls er um að ræða um það bil 34 prósenta hlut sem skiptast mun jafnt á milli nýju hluthafanna. Ólafur Jóhann hefur áður starfað með Björgólfsfeðgum meðal annars í tilboði um kaup á Símanum.

Hluthafar Árvakurs sem gefur út Morgunblaðið breyttu samþykktum félagsins sem kváðu á um forkaupsrétt hluthafa og opnuðu þannig fyrir aðkomu nýrra hluthafa. Engar hömlur eru því á meðferð hlutafjár í félaginu.



ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON

Straumur og Ólafur Jóhann verða því í hópi stærstu hluthafa, ásamt fjölskyldu Huldu Valtýsdóttur og venslafólki Kristins Björnssonar sem einnig er stór hluthafi í Straumi. Fjórir stórir hópar munu því standa að eigninni í Árvakri.

Stefnt er að því að halda framhaldshluthafafund í næstu viku og þá verður ný stjórn kosin á grundvelli nýrrar samsetningar hluthafahópsins. **-hh**





Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. október–31 október 2005.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GOTT FÓLK McCANN

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 1% | 13% |
| Bakkavör Group | 0% | 85% |
| Flaga Group | 20% | -32% |
| FL Group | 5% | 49% |
| Grandi | 1% | 17% |
| Íslandsbanki | 3% | 39% |
| Jarðboranir | -1% | 9% |
| Kaupþing Bank | 1% | 35% |
| Kögun | 1% | 19% |
| Landsbankinn | 2% | 93% |
| Marel | 2% | 30% |
| SÍF | 1% | -11% |
| Straumur | 7% | 57% |
| Össur | 3% | 29% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Hagnaður Skandia eykst

Sænska fjármálafyrirtækið Skandia hagnaðist um 2,6 milljarða á þriðja ársfjórðungi sem er um ellefu prósenta meiri hagnaður miðað við sama tíma í fyrra. Hagnaður fyrir skatta eykst hins vegar um 70 prósent. Þetta er umfram væntingar stjórnenda félagsins.

Afkoma vátryggingastarfseminnar var góð og skilar stórum hluta hagnaðarins en stjórnendur Skandia segja að mesti vöxturinn liggi á Bretlandseyjum.

Hagnaður samstæðunnar fyrir skatta jókst um 30 prósent. - **eþa**

# Kræklingur til Evrópu

Fyrirtækið Norðurskel í Hrísey hyggst hefja útflutning á kræklingi til Evrópu á næstunni ef vel tekst til við veiðar. „Við erum nýbúnir að fá nýtt hlutafé inn í félagið og erum með erlenda sérfræðinga til að fara yfir þessi mál með okkur og þeim líst mjög vel á aðstæður til veiða. Við erum búnir að vera að veiða í fimm ár en þetta eru ekki nema örfá tonn á ári sem við höfum verið að veiða en við vonumst til þess að nú fari þetta vaxandi,“ segir Víðir Björnsson, framkvæmdastjóri Norðurskeljar. - **hb**



**FRÁ HRÍSEY** Norðurskel í Hrísey ætlar að veiða kræklinga.

# TM Software selur Libra

TM Software hefur selt dótturfélag sitt, Libra ehf., til sænska fyrirtækisins OMX Technology en móðurfélag þess rekur kauphallirnar í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn, Helsinki og á Eystrasaltslöndunum.

Í samkomulagi félaganna vegna kaupanna felst að OMX Tecnohology mun nú bjóða samnorrænar lausnir fyrir bakvinnslu fjármálafyrirtækja en Libra er í viðskiptum við yfir 20 fjármálafyrirtæki og stofnanir á Íslandi og býður fyrirtækið breitt úrval hugbúnaðarlausna. - **hb**

# Mikil tekjuaukning hjá Actavis

## Rekstarhagnaður vel umfram væntingar

Þriðji ársfjórðungur var sá besti í sögu Actavis. Uppgjör Actavis var gott að mati greiningardeildanna einkum þær þættir sem snúa að tekjum og rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA).

Tekjur félagsins stórjukust á þriðja ársfjórðungi með tilkomu samheitalyfjafyrirtækisins Amide inni í bækurnar en þær námu um 11,7 milljörðum króna sem er tæplega átta prósentum meira en markaðsaðilar væntu. Rekstrarhagnaður samsteypunnar fyrir afskriftir var um 3,5 milljarðar króna sem var um fjórtán prósentum meira en spáð hafði verið.

EBITDA-framlegð var um 30 prósent og hefur aldrei verið hærri á einum fjórðungi. Hún er einnig vel umfram markmið félagsins um 26 prósenta framlegð. Fyrir árið í heild er hlutfallið fjórðungur af rekstrartekjum. Hækkunin skýrist af Amide þar sem framlegðin er mun meiri en annars staðar í fyrirtækinu.

Stjórnendur Actavis reikna með að fjórði ársfjórðungur verði einnig góður. Gengi Actavis hafði hækkað um tvö prósent um hádegisbil í gær. - **eþa**

# KB býður í bankaviðskipti

## Greiðir ekki fyrir flutning fasteignalána.

KB banki hefur að undanförnu boðið fólk sérsniðin tilboð í bankaviðskipti einstaklinga og hafa meðal annars sent dreifibréf í öll hús þar sem viðskiptavinir þurfa aðeins að hringja í eitt símanúmer en bankinn muni svo sjá um flutninginn og umstangið eftir að samþykki liggur fyrir.

„Við teljum að við séum með það góð kjör og þá betri kjör en aðrir að við viljum fá tækifæri til að sýna fólki hvað við getum boðið því,“ segir Friðrik Halldórsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs KB banka. Hann segir að viðtökurnar hafi verið góðar og hann telji að KB banki sé að auka markaðshlutdeild sína. Aðspurður segir Friðrik að bankinn bjóðist þó ekki til að taka á sig kostnað við að flytja fasteignalán til bankans. „Það eru ekki allir sem hafa skyldur við sína banka og þá teljum við að við getum náð að bjóða þeim betri kjör.“

# Tíu af fjórtán félögum hækka

## Útrásarvísitala Markaðarins hækkar um 5 prósent.

Útrásarvísitala Markaðarins hækkaði um 4,6 prósent á milli vikna en mest hækkuðu bréf í deCode eða um 8,2 prósent og þá bréf í finnska fjarskiptafyrirtækinu Saunalahti eða um 7,4 prósent.

Að meðaltali hækkuðu bréf um 2,1 prósent en vægi finnska bankans Sampo vegur þyngst í vísitölunni en hann hækkaði um 3 prósent. Mest lækkaðu bréf í sænska félaginu Cherryföretag eða um 3,8 prósent.

Útrásarvísitala Markaðarins mælist nú 114,63 stig og er það hæsta gildi hennar frá því í lok september. - **hb**

# Misbrestur á upplýsingagjöf KB banka

## KB banki hefur ekki skilað fullnægjandi upplýsingum til Fjármálaeftirlitsins um þátttöku í öðrum rekstri.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

KB banki hefur ekki skilað fullnægjandi skýrslum til Fjármálaeftirlitsins (FME) varðandi þátttöku bankans í öðrum rekstri. Fjármálaeftirlitið gaf út leiðbeinandi tilmæli í júní í fyrra um hvernig þessari upplýsingagjöf skyldi háttað.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, sagði á ársfundi í síðustu viku að misbrestur hefði orðið á þessu en nefndi ekkert fyrirtæki á nafn. Fjármálafyrirtækjum væru sett ákveðin mörk í lögum. Heimild til hliðarstarfsemi miðaðist að því að ljúka viðskiptum eða endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Ágreiningur væri uppi um túlkun á heimild fjármálafyrirtækja til þátttöku í hliðar- og tímabundinni starfsemi.

Helgi Sigurðsson, lögfræðingur KB banka, segir að forsvarsmenn bankans hefðu óskað eftir fundir með Fjármálaeftirlitinu í byrjun september síðastliðinn til að ræða fyrirkomulag á þessari upplýsingagjöf. Bankinn teldi sig hafa uppfyllt allar kröfur um upplýsingaskyldu. Síðast í fyrradag hafi skýrslu verið skilað til Fjármálaeftirlitsins varðandi þetta efni sem vonandi sé fullnægjandi. Aðilar séu að þokast nær hver öðrum varðandi framkvæmd á þessu.

Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum, segir að yfirlit yfir þátttöku í atvinnurekstri og hliðarstarfsemi hafi verið sent Fjármálaeftirlitinu þrisvar sinnum frá því að tilmælin voru gefin út. Það sé í samræmi við reglurnar sem kveði á um að senda eigi þessar upplýsingar á sex mánaða fresti.

Sömu svör er að fá hjá Völu Pálsdóttur, fjárfestatengli hjá Íslandsbanka. Bankinn hafi sent Fjármálaeftirlitinu þessar upplýsingar frá því að tilmælin voru gefin út. Ef verulegar breytingar verði á eignasamsetningu sé bankinn skyldugur til að senda FME uppfært yfirlit.

Guðrún Björk Stefánsdóttir, forstöðumaður reikningshalds og hagdeildar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON), segir að FME hafi fengið þessar upplýsingar frá þeim samkvæmt reglum sem gilda.




Fréttablaðið/Stefán

**SKRIFSTOFUR KB BANKA Í BORGARTÚNI** Forsvarsmenn KB banka hafa verið að funda með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins vegna deilna um hvernig þátttaka bankans í öðrum atvinnugreinum skuli flokkuð.

# Getur lækkað vexti Íbúðalánasjóðs

## Félagsmálaráðherra segist geta lækkað vexti Íbúðalánasjóðs um 0,25 prósent.

„Af framansögðu er ljóst að við núverandi aðstæður er tæpast svigrúm til að lækka vaxtaálag Íbúðalánasjóðs. Þó væri mögulegt að taka upp valkvætt uppgreiðsluálag; það er að bjóða þeim er þess óskuðu að greiða uppgreiðslugjald og með því væri hægt að lækka útlánavexti sjóðsins um 0,25 prósentustig til þeirra lántakenda sem vilja nýta sér þennan möguleika,“ segir í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, varðandi Íbúðalánasjóð.

Íbúðalánasjóður leggur 0,60 prósent álag á útlán sín. 0,15 prósent eru vegna rekstrarkostnaðar, 0,20 prósent vegna afskriftaáhættu og 0,25 prósent til að mæta uppgreiðsluáhættu. Nú eru vextir íbúðalána 4,15 prósent en yrðu 3,9 prósent yrði uppgreiðsluálagið aflagt.

Árni Magnússon, félagsmálaráðherra, segir í svari sínu að hann geti sett í reglugerð ákvæði sem heimili Íbúðalánasjóði að bjóða lántakendum lægra vaxtaálag gegn því að viðkomandi afsali sér rétti til uppgreiðslu nema gegn gjaldi. Viðskiptabankarnir geri það. Þó hafi ekki verið tekin ákvörðun um að nýta þessa heimild. – **bg**




„Samband okkar er 13.301.556 króna virði.*“

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 200.000 kr. í mánaðarlaun.

GOTT FÓLK McCANN




Nýjung fyrir fyrirtæki

# Gjaldeyrisveltureikningur

## yfirdráttur í erlendri mynt

Gjaldeyrisveltureikningur sameinar kosti almennra gjaldeyrisreikninga og tékkareikninga. Reikningurinn er sniðinn að þörfum fyrirtækja sem eiga í viðskiptum erlendis og þurfa á sveigjanleika að halda.

**Ávinningur**

- Aðgangur að skammtímafjármagni í formi yfirdráttarheimildar í öllum helstu gjaldmiðlum
- Stighækkandi vextir á innlánum í erlendum gjaldmiðlum eftir upphæð
- Í KB Netbanka er hægt að fylgjast með stöðu reikninganna, framkvæma erlendar símgreiðslur og millifæra:

  *- á milli gjaldeyrisveltureikninga*
  *- yfir á almennan gjaldeyrisreikning*
  *- yfir á tékkareikning í íslenskum krónum*

KB BANKI
– kraftur til þín!

ENNEMM / SÍA / NM14831

*Allar nánari upplýsingar eru veittar á Fyrirtækjasviði KB banka í síma 444 7000. Einnig er hægt að senda tölvupóst á fyrirtaeki@kbbanki.is*

## Silfur hafsins veiðist vel

Síldveiðar hafa gengið vel það sem af er vertíð og er búið að veiða um helming úthlutaðs kvóta sem er um 110 þúsund tonn. Bæði veiðar og vinnsla gengu vel í fyrra. Þá var aflaverðmætið um 2,4 milljarðar króna samkvæmt Greiningu Íslandsbanka. Þrátt fyrir að verð á frystum síldarafurðum hafi lækkað undanfarna tvo mánuði, gengi krónunnar hafi styrkst um fimmtán prósent á einu ári og hátt olíuverð er það enn hátt. Íslandsbanki reiknar með að aflaverðmætið í ár verði svipað að því gefnu að allur kvótinn verði veiddur. - eþa

## Landsbankinn tvöfaldast frá áramótum

### Úrvalsvísitalan hækkar í 4.800 stig.

Gengi bréfa í Landsbanka Íslands hækkaði í Kauphöll Íslands í kjölfar frétta um að bankinn hafi fest kaup á írska verðbréfafyrirtækinu Merrion Capital. Bréf í bankanum náði á tíma genginu 23,6 krónur á hlut en þar með hafði bankinn hækkað um 100,25 prósent frá áramótum og þannig hefur bankinn tvöfaldast í verði.

Sé litið til síðastliðinna tólf mánuða og miðað við sama gengi á hlut hefur bankinn hækkað um 104,53 prósent en ekkert annað félag í Kauphöllinni getur státað af álíka hækkunum. Bréf í Bakkavör hafa hækkað næstmest allra félaga eða um 88,33 prósent frá áramótum og um 91,53 prósent á síðustu tólf mánuðum.

Úrvalsvísitalan hafði hækkað um 42,91 prósent frá áramótum um miðjan dag í gær og var 4.801 stig og hefur úrvalsvísitalan aldrei mælst svo há áður.



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Bankaráðsformaður Landsbankans getur vel við unað því bankinn hefur tvöfaldast að virði frá áramótum.

Fjármálafyrirtæki hafa hækkað mest allra atvinnugreina í Kauphöllinni, að meðaltali um 50,4 prósent en iðnaðar- og framleiðslufyrirtæki að meðaltali um 41,9 prósent það sem af er ári. - hb

## Kepler-kaupin frágengin

Kaup Landsbankans á 82 prósenta hlut í evrópska verðbréfafyrirtækinu Kepler Equities eru að fullu frágengin eftir að eftirlitsaðilar í Frakklandi, Sviss og á Íslandi gáfu samþykki sitt. Kepler er þar með orðið hluti af samstæðu Landsbankans.

Bjarni Þ. Bjarnason, Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason hafa tekið sæti í stjórn Keplers og verður sá síðastnefndi formaður stjórnar. Aðrir eigendur Keplers eru starfsmenn en Landsbankinn mun eignast allt hlutaféð á næstu fimm árum. - eþa

## FlyMe brennir peningum

### Velta fyrirtækisins hefur þrefaldast milli ára

Mikið tap varð á rekstri sænska lággjaldaflugfélagsins FlyMe á þriðja ársfjórðungi en félagið tapaði um tvö hundruð milljónum króna fyrir skatta á tímabilinu. Frá áramótum nemur tapið um 650 milljónum króna. FlyMe, sem er að stórum hluta í eigu íslenskra aðila, sýndi einnig mikinn taprekstur á síðasta ári þótt heldur hafi dregið úr honum.



**PÁLMI HARALDSSON** Þrátt fyrir að velta FlyMe hafi þrefaldast milli ára er mikið tap á rekstrinum.

Á sama tíma hefur veltan stóraukist á milli ára eða nærri þrefaldast á fyrstu níu mánuðum ársins. Franco Fedeli, stjórnarformaður FlyMe, reiknar með að flugfélagið tapi álíka upphæð á seinni hluta ársins og því er ekki útlit fyrir viðsnúning á fjórða ársfjórðungi. En stjórnendur félagsins gera ráð fyrir að á seinni hluta næsta árs skili félagið hagnaði.

Boðað hefur verið til hluthafafundar í FlyMe í næsta mánuði þar sem stærstu hluthafarnir munu leggja til að hlutafé verði tífaldað. - eþa

## Stanford hagnast um einn milljarð á M&S

Stofnandi Karen Millen, Kevin Stanford, sem er umsvifamikill í íslensku viðskiptalífi, hefur selt eitt prósent í Marks & Spencer. Hagnaður af sölunni nemur um 1,2 milljörðum króna.

Standford keypti hlutina í Marks & Spencer á meðalverðinu 348 pens á hlut og seldi þá í síðasta mánuði þegar gengið fór yfir 400 pens. Gengi verslanakeðjunnar er komið yfir 440 pens.

„Já, hlutabréfin hafa hækkað síðan ég seldi. En stundum lækka þau líka. Ég er mjög sáttur með minn hlut,“ segir Stanford í samtali við Sunday Telegraph. - eþa

# Yfir hundrað milljarðar í uppgreiðslur íbúðalána

### Meira en helmingur lántakenda hjá Íbúðalánasjóði greiðir yfir fimm prósent vexti. Uppgreiðslur hafa minnkað.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Meira en helmingur allra lántakenda hjá Íbúðalánasjóði greiðir hærri ársvexti en fimm prósent. Langflestir lántakendur sjóðsins, eða um 40 prósent, greiða 5,10 prósent vexti af íbúðalánum sínum. Sé miðað við fimm milljón króna lán til fjörtíu ára hjá Landsbankanum er hægt að lækka greiðslubyrði um rúmar fjögur þúsund krónur á mánuði með því að endurfjármagna þessi lán á 4,45 prósent vöxtum. KB banki og Íslandsbanki bjóða enn lægri vexti af íbúðalánum eða 4,15 prósent sem myndi lækka greiðslubyrðina enn meir.

Upplýsingar um fjölda og kjör lántakenda eru birtar í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi. Í svarinu kemur jafnframt fram að með samanburði á fjölda þinglýstra kaupsamninga og fjölda nýrra lána Íbúðalánasjóðs á fyrstu níu mánuðum þessa árs megi áætla að markaðshlutdeild sjóðsins í nýjum íbúðalánaveitingum sé um 44 prósent á höfuðborgarsvæðinu en yfir 90 prósent á landsbyggðinni. Í fyrra hafi þetta hlutfall verið 65 á höfuðborgarsvæðinu en yfir 95 prósent á landsbyggðinni.

Samkvæmt töflu yfir uppgreiðslur lána hjá Íbúðalánasjóði má sjá að uppgreiðslur hafa heldur minnkað þegar liðið hefur á árið 2005. Á landsbyggðinni hafa verið greidd upp lán fyrir um 27,4 milljarða króna fyrstu níu mánuði ársins. Á höfuðborgarsvæðinu hafa lán að andvirði 76,3 milljarðar króna verið greidd upp hjá Íbúðalánasjóði sömu mánuði. Samtals hafa verið greidd upp lán fyrir hundrað milljarða króna það sem af er



Markaðurinn/Heiða

**GUÐMUNDUR BJARNASON, FORSTJÓRI ÍBÚÐALÁNASJÓÐS** Íbúðalánasjóður segir að miðað við útistandandi lán á íbúðalánamarkaði megi áætla að markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs hafi verið 56 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2005 og bankanna 31 prósent. Lífeyrissjóðir hafi um 13 prósent.

þessu ári.

Íbúðalánasjóður gerir ráð fyrir að heildavaxtatekjur á þessu ári verði tæpir 32 milljarðar króna. Í fyrra voru heildarvaxtatekjur sjóðsins rúmir 38 milljarðar króna. Í áætlunum sjóðsins segir að hreinar vaxtatekjur í ár verði 1,9 milljarðar króna. Íbúðalánasjóður greiðir hvorki tekjuné eignaskatt.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

10,4%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/9/05-31/10/05

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!

## Kanna þátt Intrum á fasteignamarkaði

Félag fasteignasala hefur óskað eftir því við eftirlitisnefndar Félags fasteignasala að kannað verði hvort að innheimtufyrirtækið Intrum justitia eða skyldir aðilar séu að kaupa upp fasteignasölur í höfuðborginni. Haukur Geir Garðarsson, varaformaður Félags fasteignasala, segir að félagið hafi sent eftirlitsnefndinni fyrirspurn 25. ágúst síðastliðinn og hafi síðan þá ítrekað erindið. „Við höfum ekkert heyrt og við erum mjög óánægð með hvað það tekur langan tíma að fá svar. Það er sterkur orðrómur um að Intrum, sem er að stærstum hluta til í eigu bankanna, sé að koma inn á fasteignamarkaðinn en það er skýrt í lögum að slíkt er þeim óheimilt,“ segir Haukur.

Í Markaðnum hefur verið greint frá því að framkvæmdastjóri Intrum ásamt hæstaréttarlögmanni hjá félaginu ætli sér að opna fasteignasölur undir nafninu Domus en þeir hafa neitað því að Intrum komi nokkuð þar nærri og að fjárfestingarnar og reksturinn séu á þeirra eigin nafni.

Haukur Geir segir að Félag fasteignasala vilji fá skýr svör við því hvort að Intrum og þar með bankarnir ætli sér að reka



**HÚSNÆÐI INTRUM** Forsvarsmenn Intrum neita því að fasteignasölur séu reknar af félaginu heldur reki framkvæmdastjórinn þær í eigin nafni.

fasteignasölur hér á landi með óbeinum eða beinum hætti og að félaginu sé fyrst og fremst umhugað um neytendavernd.

„Ég get ekki tjáð mig um einstök erindi en þetta mál var ábending og Félagi fasteignasala ber samkvæmt lögum að senda ábendingar. Við skoðum öll mál og meira hef ég ekki um málið að segja,“ segir Þorsteinn Einarsson, formaður eftirlitsnefndarinnar. - hb




NETBANKINN

## Aðgangur að stærsta fjármálamarkaði heims

**Nú getur þú stundað verðbréfaviðskipti í Netbanka Íslandsbanka með skráð hlutabréf á Bandaríkjamarkaði. Með þessu opnast aðgangur að stærsta fjármálamarkaði heims með yfir 8.000 fyrirtækjum sem samsvara 55–60% af heimsmarkaði hlutabréfa!**

## Eitt viðmót – hvort sem verslað er með sjóði ISB eða innlend og erlend hlutabréf

Viðmótið er hluti af Netbankanum sjálfum og því færðu einstæða heildaryfirsýn yfir eignir þínar heima og erlendis á einum stað sem auðveldar þér að taka réttar ákvarðanir á réttum tíma.

***Helstu kostir:***

- *Einfalt að byrja*
- *Eitt viðmót fyrir kaup í erlendum og innlendum verðbréfum*
- *Þú sérð um þín verðbréfaviðskipti sjálf(ur)*
- *Heildaryfirlit yfir alla verðbréfaeign*
- *Möguleiki á láni til verðbréfakaupa*
- *Lægri þóknanir fyrir viðskipti í Netbanka*
- *Auðvelt að kaupa og selja gjaldeyri*

*Þú færð nánari upplýsingar um verðbréfaviðskipti í Netbankanum hjá Eignastýringu Íslandsbanka, í Þjónustuveri í síma 440 4000 eða á isb.is.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4137

**Exxon Mobil** • Marel • **General Electric** • **Microsoft** • BP • Citigroup • **Actavis Group** • Royal Dutch • Johnson & Johnson • Pfizer • Össur • Wal-Mart • HSBC • Straumur-Burðarás • Bank of America • SÍF • Toyota • **Íslandsbanki** • Intel • GlaxoSmithKline • Nýherji • **Procter & Gamble** • Kögun • Chevron • **IBM** • Royal Dutch Pet. • Novartis • JP Morgan • FL GROUP • Nestle • Cisco • Og fjarskipti • **Coca Cola** • **Amgen** • Bakkavör Group • Wells Fargo • **Flaga Group** • Pepsi • Genentech Inc. • Verizon • Hampiðjan • Google Inc. • **Time Warner Inc.** • Telefonica • Home Depot • Icelandic Group • **Hewlett-Packard** • Dell • Vinnslustöðin

ÍSLANDSBANKI | 100%




Himinn og haf / SÍA


1 af 61
excel
Stærð er styrkur. Avion Group samanstendur af afkomusviðum sem tengjast flug- og sjóflutningum, flutningsþjónustu og leiguflugi. Þannig eru yfir 60 flugvélar innan vébanda Avion Group. Með stærðinni samnýtum við sérþekkingu, stjórnun og rekstur – og höldum áfram að dafna sem eitt framsæknasta fyrirtæki Evrópu.
AVION GROUP
– íslensk sókn um allan heim
www.aviongroup.is

**ÚTRÁSARVÍSITALA 114,63 4,60%**

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjald-miðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 10,45 | Lev | 37,22 | 1,65% |
| Carnegie | Svíþjóð | 106,50 | SEK | 7,63 | 7,47% |
| Cherryföretag | Svíþjóð | 25,60 | SEK | 7,63 | -1,42% |
| deCode | Bandaríkin | 9,40 | USD | 62,13 | 10,96% |
| EasyJet | Bretland | 3,11 | Pund | 108,42 | 6,17% |
| Finnair | Finnland | 10,63 | EUR | 72,95 | -0,35% |
| French Connection | Bretland | 2,43 | Pund | 108,42 | 2,31% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 68,25 | SEK | 7,63 | 2,81% |
| Keops | Danmörk | 19,30 | DKR | 9,78 | 5,26% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,10 | Pund | 108,42 | 1,73% |
| NWF | Bretland | 6,20 | Pund | 108,42 | 0,39% |
| Sampo | Finnland | 13,65 | EUR | 72,95 | 4,22% |
| Saunalahti | Finnland | 2,60 | EUR | 72,95 | 9,48% |
| Scribona | Svíþjóð | 16,20 | SEK | 7,63 | 7,05% |
| Skandia | Svíþjóð | 42,70 | SEK | 7,63 | 5,90% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

# Wal-Mart í lægð

## Minnsti vöxtur hagnaðar á þriðja ársfjórðungi í fjögur ár.

Stærsta smásölukeðja heims, Wal-Mart, hefur tilkynnt um minnsta vöxt hagnaðar á þriðja ársfjórðungi í meira en fjögur ár. Fellibylirnir Katrín, Rita og Wilma áttu sinn þátt í því en loka varð tíu verslunum af þeirra völdum. Kostnaður af því var 40 milljónir dollara eða um 2 og hálfur milljarður íslenskra króna. Hækkandi olíuverð hafði einnig áhrif á neysluvenjur almennings. Sérfræðingar hafa einnig bent á að Wal-Mart þurfi að fríska upp á vöruúrval sitt til að standast aukna samkeppni.

Hagnaður á þriðja ársfjórðungi jókst um 3,8 prósent og var 2,37 milljarðar bandaríkjadala. Á sama tíma árið 2004 var hagnaðurinn 2,3 milljarðar. Hagnaðaraukning Wal-Mart hefur að meðaltali verið 16 prósent á ársgrundvelli síðustu þrjú ár. Hlutabréf í fyrirtækinu hafa fallið um 7,2 prósent það sem af er árinu. - **hhs**




**LÍTILL VÖXTUR WAL-MART** Hækkandi olíuverð og fellibyljir hafa haft slæm áhrif á rekstur Wal-Mart á þriðja ársfjórðungi.

# Ósætti um greiðslur leikmanna á HM

Deilur standa nú yfir um hver skuli greiða laun knattspyrnumanna meðan á leikjum heimsmeistarakeppninnar í fótbolta stendur. Sem kunnugt er verður hún haldin í Þýskalandi 2006. Þetta kemur fram í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Deloitte & Touche LLP sem sagt er frá á vefsíðu Bloomberg. Ljóst er að miklar fjárhæðir eru í spilinu. Einungis af sjónvarpsútsendingum mun keppnin geta af sér 1,7 milljarða dollara. 65 prósent þeirrar upphæðar koma frá evrópskum útsendingaraðilum.



Mörg stærstu knattspyrnulið Evrópu þrýsta nú á alþjóðaknattspyrnusambandið FIFA og landssambönd um bætur fyrir leikmannamissinn. Benda þau jafnframt á að leikmennirnir snúi oftar en ekki aftur þreyttir og jafnvel slasaðir. Þykir þeim óeðliegt að þurfa að standa undir þeim kostnaði sem af þessu hlýst.

FIFA hefur reynt að friða klúbbana með því að samræma dagatal sitt svo að þeir fái frí þær helgar sem landsliðin eiga leiki. - **hhs**

# Alitalia fær innspýtingu

## Ítalska ríkisstjórnin kaupir hluti fyrir 35 milljarða íslenskra króna.

Ítalska flugfélagið Alitalia hefur tilkynnt um nýtt hlutabréfaútboð fyrir 1 milljarð evra. Mun ítalska ríkisstjórnin kaupa um helming útgefinna hluta eða fyrir 489 milljónir evra sem nemur rúmlega 35 milljörðum íslenskra króna. Rekstrarörðugleikar hafa plagað flugfélagið og nam tap þess í fyrra 800 milljónum evra eða 58,5 milljörðum króna. Flugfélagið reynir nú að rétta úr kútnum og er liður í sparnaðaráætlun félagsins meðal annars að leggja niður 3700 störf.

Samkeppnisaðilar flugfélagsins segja að kaup ítölsku ríkisstjórnarinnar brjóti lög um ríkisaðstoð. Samkvæmt reglum Evrópusambandsins mega flugfélög einungis einu sinni þiggja ríkisaðstoð undir kjörorðunum „eitt skipti í síðasta skipti“. Alitalia fékk fjárhagsaðstoð frá ítölsku ríkisstjórninni árið 1997 en Evrópuráðið hefur engu að síður samþykkt þátt ítalska ríkisins í útboðinu. - **hhs**




**ALITALIA REYNIR AÐ SNÚA VIÐ BLAÐINU** Ítalska flugfélagið hefur tilkynnt um nýtt hlutabréfaútboð fyrir 1 milljarð evra.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

# SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka aksturseiginleika. Volvo XC70.

### Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjórhjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirkt meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörnin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að bíllinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina í framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

### Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnir þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.



*Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL






* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Dalai Lama ávarpar vísindaráðstefnu

Andlegur leiðtogi Tíbeta, Dalai Lama, var aðalræðumaður árlegrar ráðstefnu taugasérfræðinga í Washington á dögunum. Dalai Lama, sem er þekktur fyrir áhuga sinn á vísindum, sagðist trúa því að trúin sjái fyrir heilbrigði hugarins og vísindin um heilbrigði líkamans. Rík þörf væri því fyrir bæði atriði í lífi okkar.

Boðun Dalai Lama til ráðstefnunnar var ekki með öllu óumdeild, einkum þar sem samband trúar og vísinda er umdeilt mál í Bandaríkjunum. Um fimm hundruð taugasérfræðingar af kínverskum uppruna lögðu jafnframt fram formlega kvörtun til skipuleggjenda ráðstefnunnar. Ráðstefnan fór þó friðsamlega fram og hélt Dalai Lama sjálfur sig fjarri allri umræðu um trúmál og pólitík. - hhs



**DALAI LAMA, ANDLEGUR LEIÐTOGI TÍBETA** Var aðalræðumaður á árlegri ráðstefnu bandaríska taugasérfræðinga.

SÖGUHORNIÐ

# Faðir nútímatölvuleikja



**JAPANSKI TÖLVULEIKJAHÖNNUÐURINN SHIGERU MIYAMOTO** Meðal sköpunarverka hans eru tölvuleikirnir Donkey Kong, Mario, Legend of Zelda og Pikmin fyrir Nintendo.

Japanski tölvuleikjahönnuðurinn Shigeru Miyamoto fæddist þann 16. nóvember árið 1952. Hann er goðsögn í lifandi lífi meðal tölvuleikjaaðdáenda og oft kallaður faðir nútímatölvuleikja. Meðal sköpunarverka hans eru Donkey Kong, Mario, Legend of Zelda og Pikmin fyrir Nintendo. Gagnvirkni er einkenni verka hans og spilararnir þurfa að sýna kænsku til að uppgötva eitt og annað sem falið er í borðunum. Auk þess er söguþráður í leikjunum sem var nánast óþekkt áður en Mario varð til.

Árið 1980, þegar Nintendo var spila- og leikfangafyrirtæki, kom Miyamoto sér í mjúkinn hjá Hiroshi Yamauchi, forstjóra fyrirtækisins í Japan. Yamauchi var góðvinur föður Miyamoto og réði hann sem listrænan ráðgjafa árið 1980. Hann fékk það verkefni að hanna tölvuleiki fyrir spilaleikjasali í Bandaríkjunum sem voru gríðarvinsælir á þeim tíma. Niðurstaðan varð Donkey Kong sem naut strax mikilla vinsælda eins og flest börn og unglingar þessa tíma þekkja. Aðalkarakter leiksins, Jump Man, sem síðar meir hlaut nafnið Mario, sló rækilega í gegn. Frá því að hann fyrst sást í Donkey Kong hefur hann birst í meira en hundrað leikjum fyrir mismunandi gerðir leikjatölva. Miyamoto varð fljótlega ein skærasta stjarna Nintendo og skapaði marga leiki sem enn eru í hávegum hafðir.

Miyamoto er nú framkvæmdastjóri greiningar- og þróunardeildar Nintendo. Þrátt fyrir að vera stjarna meðal tölvuleikjahönnuða og maðurinn á bak við fleiri milljóna dollara uppbyggingu fyrirtækisins er hann afar auðmjúkur maður. Hann er sagður krefjast þess að fá hógværar launagreiðslur og kemur oftar en ekki hjólandi í vinnuna. Miyamoto var meðal þeirra fyrstu til að fá stjörnu í malbikið á „Walk of Game“ í San Franciskó sem er hliðstætt „Walk of Fame“ í Hollywood þar sem allir frægustu leikarar heims fá stjörnu. - hhs

# Hægir á vexti Vodafone Group

Stærsta símafyrirtæki heims, Vodafone Group Plc., skilaði verra uppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði ársins en væntingar stóðu til um. Hagnaður á tímabilinu var 2,78 milljarðar punda, rúmir 300 milljarðar íslenskra króna og 4,35 pens á hlut, samanborið við 3,62 milljarða punda eða 393,4 milljarðar íslenskra króna og 5,39 pens á sama tíma árið 2004. Samkvæmt yfirlýsingu frá félaginu hefur hægt nú á vexti sölu félagsins þriðja árið í röð. Sala á tímabilinu jókst um níu prósent og fór úr 18,3 milljörðum í 16,7 milljarða punda. Hlutabréf í félaginu féllu um 4,3 prósent strax við opnun markaðar í London í gær. Var það mesta prósentulækkun á einum degi síðan 24. maí. - hhs

# Þróa lögmenn með gervigreind

Lögmannsstofan Buys er nú að þróa þrjú vélmenni, þau Stacy, Dave og Nathan, til að kanna hvort gervigreind geti reynst eins vel og raunverulegir lögmenn við lögfræðistörf. Þessi vélmenni munu bjóða fram lögfræðiráðgjöf á netinu fyrir viðskiptavini stofunnar frá og með næsta ári. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja marga kosti við að hafa lögmann af þessu tagi frekar en hinn hefðbundna. „Vélmenni sofa aldrei, þau hafa nánast óþrjótandi minni og verða klárari dag frá degi.“ Í upphafi verða vélmennin notuð til að svara einföldum spurningum frá almenningi og setja fram gögn á tölvutæku formi. Gervigreindartækni gerir þeim kleift að taka ákvarðanir og komast að lagalegri niðurstöðu upp á eigin spýtur. - hhs



**LÖGMENNIRNIR STACY, DAVE OG NATHAN.** Á næsta ári verður hægt að fá lögfræðiaðstoð byggða á gervigreind þeirra á internetinu.




VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
**Öruggur staður til að vera á**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is



Fréttablaðið/GVA

**ÞÓR SIGFÚSSON, NÝR FORSTJÓRI SJÓVÁR, OG KARL WERNERSSON, STJÓRNARFORMAÐUR** „Þetta tækifæri sem við fengum til að kaupa stóran hlut í Sjóvá gaf okkur möguleika að koma að einu stærsta og öflugasta fyrirtæki landsins með þeim hætti að geta haft áhrif á reksturinn til lengri tíma," segir Karl.

# Sjóvá undir nýrri forystu

**Hið rótgróna tryggingafélag Sjóvá-Almennar hefur farið í gegnum talsverðar breytingar á árinu í kjölfar eigendaskipta. Karl Wernersson, stjórnarformaður Sjóvár, segist hafa mikinn metnað fyrir því að efla félagið sem hann lítur á sem langtímafjárfestingu. *Eggert Þór Aðalsteinsson* hitti þá Karl og Þór Sigfússon, nýskipaðan forstjóra, að máli og spjallaði við þá um fyrirtækið.**

„Þegar Milestone hóf að skoða mögulega fjárfestingu í Sjóvá var okkur auðvitað ljóst að fyrirtækið var álitlegur fjárfestingakostur og gott og spennandi fyrirtæki í stöðugum rekstri. Það hefði mikla þekkingu á þessum markaði og hæft starfsfólk," segir Karl Wernersson, stjórnarformaður Sjóvár og einn aðaleigandi þess.

Með aðkomu nýrra eigenda hafa talsverðar breytingar átt sér stað á skipulagi Sjóvár og stjórnendateyminu. Í síðustu viku var tilkynnt að Þór Sigfússon taki við af Þorgils Óttari Mathiesen sem forstjóri fyrirtæksins. Ráðning Þórs og Helga Bjarnasonar, tryggingastærðfræðings í starf aðstoðarforstjóra er að mati Karls endapunkturinn á þeirri vinnu sem fram hefur farið við að straumlínulaga reksturinn og skerpa áherslur.

**FJÁRFESTING TIL LANGS TÍMA**

Karl bendir á að það hafi legið fyrir að Sjóvá væri kannski ekki nógu góður fjárfestingarkostur fyrir Íslandsbanka vegna reglna um að eign fjármálafyrirtækis í öðru fjármálafyrirtæki skerði eigið fé þess fyrrnefnda. Íslandsbanki var að vaxa hratt og ein leið í því að sækja meira eigið fé var að selja Sjóvá. Enda kom á daginn að um 200 milljarðar losnuðu þegar hluturinn var seldur. „Af þeim sökum vaknaði sá áhugi hjá Milestone að ganga fram fyrir skjöldu og gerast kjölfestuhluthafi og leiðandi afl í Sjóvá," segir Karl.

Karl leggur ríka áherslu á að Milestone komi inn í félagið til þess að vera þar til langs tíma. Sjóvá hefur um árabil verið eitt af sterkustu fyrirtækjum landsins. Ímynd fyrirtækisins er mjög sterk, innviðirnir traustir og starfsfólk býr yfir gríðarlegri reynslu og þekkingu. Að auki hefur afkoman verið afar góð á síðustu árum og félagið skilað góðri arðsemi.

Karl er spurður að því hvernig fjárfestingin í Sjóvá falli að fyrri fjárfestingum hans. Hann segir að fjárfestingar hans hafi miðast við það að kaupa eins stóran hlut og hægt var hverju sinni. Markmið hans er alltaf að hafa áhrif. „Þetta tækifæri sem við fengum til að kaupa stóran hlut í Sjóvá gaf okkur möguleika að koma að einu stærsta og öflugasta fyrirtæki landsins með þeim hætti að geta haft áhrif á reksturinn til lengri tíma."

Margir töldu að Karl hefði greitt fullhátt verð Sjóvá á sínum tíma eða 17,5 milljarða króna fyrir tvo þriðju hluta hlutafjár en hann lítur ekki svo á: „Þetta er stærsta tryggingafélag landsins sem var metið á 26 milljarða. Til samanburðar var markaðsvirði TM um 22 milljarðar. Af okkar hálfu var þetta talið gott kaupverð. Mikil tækifæri felast í félaginu og það hefur staðið undir okkar væntingum varðandi rekstur og hagnað það sem af er ári."

**NÝ FORYSTA**

Þór Sigfússon, nýr forstjóri hjá Sjóvá, segir að tilfinningin að skipta um starfsvettvang sé mjög góð. „Ég hef hitt flesta starfsmenn og líst vel á aðstæður. Við Helgi finnum hlýja strauma og teljum að það séu miklir möguleikar hér. Helgi kemur inn með reynslu úr tryggingargeiranum og mun einbeita sér að þeirri starfsemi. Það er mitt hlutverk að leiða hópinn. Við teljum að hópurinn í kringum okkar búi yfir fjölbreyttri reynslu og fjölbreytni í aldri."

Stærsta breytingin á skipuriti félagsins felst í því að það er betur aðgreint annars vegar á milli vátryggingastarfseminnar og hins vegar fjárfestingastarfseminnar. Innan fjárfestingasviðsins eru tvær sjálfstæðar einingar og tvær sjálfstæðar tekjueiningar eru innan vátryggingasviðsins auk stoðeininga sem styðja við þann flókna rekstur sem felst í tryggingastarfsemi.

Karl segir að tækifæri liggi í tryggingastarfseminni. „Það er áskorun að gera betur í tryggingaþættinum. Það dylst engum sem skoðar afkomu íslenskra tryggingafélaga undanfarin ár að afkoman af vátryggingarekstri er neikvæð. Hún er ekki ásættanleg," segir hann.

Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi að taka til í þeim ranni. Allir kostnaðar- og tekjuliðir hafa verið teknir til endurskoðunar í samvinnu við starfsfólk. „Vinnan er hafin og væntum við þess að sjá árangur erfiðsins á næstu tólf til átján mánuðum."

**ÁHERSLA Á VERND**

Tryggingamarkaður í eðli sínu er nokkuð þroskaður markaður þar sem mikil samkeppni ríkir. Bæði Karl og Þór nefna að áherslan á aukna vernd er sterkari hjá neytendum í dag heldur en hún var. Tækifærin felast í því að bjóða upp á nýjar og fjölbreyttari tegundir tygginga þannig að hagsmunir hvers einstaklings og hverrar fjölskyldu séu uppfylltir betur en gert er í dag.

„Við sjáum að allir þeir fjöldamörgu Íslendingar sem halda til starfa í útlöndum uppgötva að það sem þeir litu á sem sjálfsagðan hlut, eins og öryggi og þau lífsgæði sem fólust í því hér heima, er ekki það sama í öðrum löndum. Ég lít svo á að Sjóvá, sem leiðandi fyrirtæki, hafi mjög stóru hlutverki að gegna í þessum efnum hér heima og það getur verið í tengslum við marghátað forvarnarstarf og við getum séð fyrir okkur í framtíðinni að félagið hafi meiri afskipti af fjárfestingum á þeim sviðum," segir Þór.

Hann nefnir sem dæmi aðkomu Sjóvár að fjárfestingum í umferðarmannvirkjum í framtíðinni. „Um allan heim eru umferðarmannvirki að verða einkarekin. Hvers vegna skyldi ekki eitt öflugasta fyrirtæki landsins sem hefur hagsmuni af betri umferðarmenningu og -mannvirkjum ekki koma með beinni hætti að slíkum þáttum í framtíðinni?"

**METNAÐUR HEIMA FYRIR**

Karl er spurður um sókn Sjóvár á erlendar slóðir: „Við munum einbeita okkur á næstu mánuðum að því að ná fullkomnum tökum á rekstri vátryggingafélagsins áður en ráðist verður í mikla útrás á vátryggingasviði. Það er nægur metnaður fyrir því að vinna á innanlandsmarkaði."

Þór bendir á að félagið hafi hafið útrás á ákveðnu leyti, það er að fylgja sínum félögum eftir í útrás. „Við teljum mikilvægt í þessu að við getum aðstoðað þau hvar sem þau eru og boðið heildstæða þjónustu fyrir þau. Þetta er verkefni okkar í útrás og einmitt þess vegna leggjum við áherslu á náið samstarf við alþjóðlega aðila sem hafa yfirburðaþekkingu á þessu sviði."

Sjóvá hefur nýverið gert samning við Royal & SunAlliance sem tryggir að Sjóvá getur boðið upp á þjónustu í 130 löndum. „Þetta þýðir að þau fyrirtæki sem við þjónum geta tryggt starfsstöðvar sínar í öllum þessum löndum."

Einnig sjá menn mikla möguleika felast í dótturfélögum Sjóvár á borð við Securitas og fasteignafélaginu Klasa sem Þorgils Óttar mun stýra og vera einn stærsti eigandi að. „Það félag hefur á einu ári vaxið úr engu í að það verða með eignir upp á 5,5 milljarða," nefnir Karl að lokum.

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
10,4%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun frá 1. okt. 2005 - 31. okt. 2005 á ársgrundvelli
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.



# Stór þjónn fyrir smærri fyrirtæki

## Ódýrari, öflugri og auðveldari í notkun





Dell™ PowerEdge™ 830, búinn Intel® Pentium® D örgjörva, er fyrsti Dual Core netþjónninn frá Dell™. Hann er hagkvæmur, traustur og annast öll helstu verk á skrifstofunni, s.s. miðlæg skráasöfn, tölvupóst og verslunarkerfi. PowerEdge™ 830 er einkar auðveldur í rekstri og hentar öllum smærri og meðalstórum fyrirtækjum.

| Dell™ PowerEdge™ 830 |
|---|
| Intel® Pentium® D örgjörvi, 3,00 GHz með 2x1MB L2 Cache, 800 MHz FSB |
| 1 GB ECC DDR SDRAM minni (hámark 8 GB) |
| 2x160 GB IDE SATA diskar (hámark 1,2 TB á fjórum diskum) |
| SATA IDE RAID Controller |
| 2xPCI Express, 2xPCI-X (64bit/133 MHz), 1xPCI (32bit/33MHz, 5v) |
| 3ja ára ábyrgð hjá EJS - þjónusta á staðnum næsta virka dag |
| Tilboðsverð **169.900,-** með vsk. |

Fíton/SÍA FI014733

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.**

©2005 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Xeon og Pentium eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningueða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

# Sauðfjárrækt *í sókn*

**Sauðfjárbændur eru ekki öfundsverðir af tekjum sem þeir fá fyrir framleiðslu á lambalærum sem eru á borðum margra landsmanna um helgar. Þó hefur verð á afurðum þeirra hækkað á þessu ári. Einnig hefur hagræðing átt sér stað í greininni og margir leita leiða til að fækka handtökum við bústörf. *Björgvin Guðmundsson* metur stöðuna í sauðfjárrækt.**

Mikil gróska er í sauðfjárrækt á Íslandi um þessar mundir. Bú eru að stækka og margir bændur eru að hugsa leiðir til að hagræða í rekstri sínum. Jafnvægi á kjötmarkaði hefur leitt til þess að salan á lambakjöti hefur aukist eftir samdrátt undanfarin tvö ár. Vöruþróun hefur einnig aukið eftirspurn eftir tilbúnum kjötréttum. Bændur fá fyrir vikið hærra verð fyrir afurðir sem þeir leggja inn í sláturhús. Einnig hefur hagræðing og fækkun sláturhúsa leitt til þess að hægt er að greiða bændum hærra verð. Þetta er mat viðmælenda Markaðarins sem þekkja vel til í sauðfjárrækt.



Jóhannes Sigfússon, formaður Landssambands sauðfjárbænda, segir mikinn hug í sauðfjárbændum um þessar mundir. Margir séu að endurskipuleggja reksturinn til að fækka handtökum við búskapinn. Fjárfestingar hafi legið niðri undanfarin ár vegna lélegrar afkomu. Hann sjái merki þess að þetta sé að breytast nú. Menn séu farnir að fjárfesta aftur í greininni, sem sé mjög jákvætt. Það sé forsenda framfara og betri afkomu.

Sindri Sigurgeirsson, bóndi í Bakkakoti í Borgarfirði, segir bændur loksins vera að fá tekjuauka eftir mögur ár þegar tekjur drógust saman. Eftir fækkun sláturhúsa séu þau betur í stakk búin að borga hærra verð fyrir lambakjötið. Aukin eftirspurn eftir lambakjöti hafi líka leitt til verðhækkunar upp á ellefu prósent. Lækkun útflutningsskyldu hafi líka leitt til kjarabóta fyrir bændur. Kjarabótin nemi þá um tuttugu prósent, en bændur fá mun lægra verð fyrir útflutt kjöt en það sem selt er á Íslandi.

### HAGRÆÐING SKILAR SÉR TIL BÆNDA

Steinbjörn Tryggvason, sláturhússtjóri á Hvammstanga, tekur undir með Sindra, að hagræðing hjá sláturhúsum sé að skila bændum meiri tekjum fyrir afurðir sínar. Fækkun sláturhúsa þýði að meira magn fer í gegnum húsin og rekstur þeirra batni. Húsin keppi um kjöt frá bændum. Samt sé ekki mikill verðmunur í boði fyrir kjötið yfir það heila. Einhver mismunur sé eftir gæðaflokkum. Sjö sláturhús á landinu geti nú slátrað sauðfé.

Steinbjörn segir að söluaukningin hafi verið mikil undanfarið og ennþá sé feikna sala. Kjötfjöllin séu liðin tíð og kjötið hafi klárast undanfarin þrjú ár. Búið sé að slátra mestu í ár og honum líst vel á framhaldið. Búast megi við að verðið til bænda hækki áfram. Þetta hljóti að leiða til viðsnúnings í rekstri sauðfjárbúa.

Sláturhússtjórinn segir að sláturhúsið skili hagnaði af rekstri sínum. Kröfur um aðbúnað séu alltaf að aukast sem hafi þýtt miklar fjárfestingar. Slátrun sauðfjár sé árstíðabundin og því nýtist þessi fjárfesting ekki nema hluta úr ári. En þetta hafi sloppið og í því sambandi hafi fækkun sláturhúsa skipt miklu máli.

### TÍMABÆR HÆKKUN AFURÐA

Erna Bjarnadóttir, sviðsstjóri hjá Bændasamtökum Íslands, segir að sláturleyfishafar hafi hækkað verð um tíu til tólf prósent. Það, og lækkun útflutningsskyldu, hafi þýtt tuttugu prósent hærra verð fyrir afurðirnar. Þá hafi verið greitt hæsta verð fyrir meira magn en innlögðu kjöti en áður. Þetta sé tímabær hækkun því kostnaður hafi hækkað meira en tekjur undanfarin tvö ár. Hægt sé að líta á að verðlækkanir frá árinu 2003 séu að ganga til baka.

Erna segir að árin 2003 og 2004 hafi verið mögur fyrir sauðfjárbændur. Miðað við veltu á árinu 2004 hafi hver kind verið að skila um 10.700 krónum í tekjur. Þá eigi eftir að borga allan kostnað og borga laun. Hagnaður búa fari mikið eftir því hvað mikið er afskrifað.

Hún segir tækniþróun hafa átt sér stað innan greinarinnar og hagkvæmni stærri búa að skila sér. Árin 1997-1998 hafi verið um 40 bú með fleiri en 501 ærgildi. Fjöldi þessara búa sé núna orðinn 61. Meðalbúið sé klárlega að stækka. Þessi þróun sé samt ekki eins hröð og í mjólkurframleiðslu, þar sem mikil tækniþróun hafi orðið um leið og búin stækkuðu.

### ÁLAGSTÍMAR GERA STÆKKUN ERFIÐA

Jóhannes Sveinbjörnsson, bóndi á Heiðarbæ á Suðurlandi, er einn þeirra framsæknu bænda sem hafa verið að hagræða í rekstri sínum með það að markmiði að auka tekjur búsins án þess að vinna og kostnaður aukist mikið um leið. Hann hefur innleitt véltækni við fóðrun. Heyrúllur eru hífðar með hlaupaketti og settar í gjafagrindur. Þar er plastið

## Kindin skilar um sjö þúsund krónum

### Hagnaður sauðfjárbúa í fyrra var að meðaltali 800 þúsund krónur.

Samkvæmt nýútkomnum búreikningum, sem hagþjónusta landbúnaðarins vinnur, var hagnaður sérhæfðra sauðfjárbúa 806 þúsund krónur í fyrra. Á þá eftir að greiða eigendum laun. Hlutfall hagnaðar af heildartekjum var 18,9 prósent samanborið við 20,9 prósent í heildarúrtaki búa árið 2003 og 23,7 prósent árið 2002. Tekjur bænda hafa hækkað með hækkandi afurðaverði á þessu ári og lækkandi útflutningsskyldu. Aukin sala á kindakjöti og hagræðing við slátrun er að skila sér til baka til bænda.

Þegar afkoma sömu sauðfjárbúa í búreikningum er borin saman árin 2003 og 2004 kemur í ljós að hagnaður fyrir laun eigenda hækkar lítillega eða um 3,8 prósent. Skýringin liggur aðallega í hærri búgreinatekjum en þær ná að vega upp á móti kostnaðarhækkunum búanna. Afkoma sauðfjárbúa í heildarúrtaki er svipuð og verið hefur undanfarin ár.

Sindri Sigurgeirsson, bóndi í Bakkakoti í Borgarfirði, segir að árið 2004 hafi verið erfitt ár fyrir sauðfjárbændur. Í ár séu bændur fyrst að fá greitt fyrir hagræðingu innan greinarinnar. Lambakjöt hafi verið vinsælt upp á síðkastið sem hefur skilað bændum ellefu prósenta verðhækkun á afurðum. Bændur þurfi ekki heldur að flytja eins mikið út samkvæmt útflutningsskyldu, en þeir fá mun lægra verð fyrir það kjöt en það sem er innlagt í sláturhúsin.



**RÍKISSTYRKT SAUÐFÉ** Ríkið styrkir sauðfjárbændur, sem eiga rétt á beingreiðslum, um 4.600 krónur fyrir hvert ærgildi. Þó er enginn framleiðslukvóti í gildi og geta bændur framleitt það magn sem þeir vilja.

Sindri segir þó að margir kostnaðarliðir hafi hækkað eins og rúlluplast og olía, sem séu stórir liðir í rekstri sauðfjárbúa. Til dæmist hafi plastrúlla kostað 4.800 krónur árið 2003 en 7.200 krónur í sumar.

Búgreinatekjur sauðfjárbúa hækkuðu um 6,5 prósent í fyrra og framlegð jókst um 3,3 prósent. Hálffastur kostnaður jókst um 1,3 prósent og afskriftir um 7,8 prósent milli ára. Fjárfestingar búanna jukust lítið í krónum talið á milli ára eða um 150 þúsund krónur og munar þar helst um fjárfestingar í vélum og tækjum.

Heildarskuldir sauðfjárbúa í hlutfalli við heildartekjur voru um 119 prósent árið 2004 en voru 113 prósent árið 2003. Samkvæmt þessu hækka skuldir því hraðar en tekjur á milli ára.

**FRAMLEGÐ Á HVERJA KIND**
**FJÁRHÆÐIR Í TÖFLUNNI ERU Í KRÓNUM.**

| **TEKJUR** | | |
|---|---|---|
| **Bústærð** | **201-300** | **401-500** |
| Dilkakjöt | 3.983 | 3.272 |
| Umsýslukjöt | 907 | 1.324 |
| Greiðslur frá ríki | 5.668 | 4.777 |
| Ull | 573 | 501 |
| Gærur/slátur | 157 | 167 |
| Heimanot | 170 | 179 |
| Annað | 77 | 125 |
| **Afurðir af kind** | **11.534** | **10.341** |
| **KOSTNAÐUR** | | |
| Heimaaflað fóður | 2.033 | 2.061 |
| Kjarnfóður | 155 | 134 |
| Annað | 116 | 95 |
| *Fóðurkostnaður* | *2.304* | *2.291* |
| Dráttarvélar | 93 | 90 |
| Verkfæri | 92 | 75 |
| Aðrar rekstrarvörur | 68 | 103 |
| *Rekstrarkostnaður* | *254* | *269* |
| Lyf og dýralæknar | 128 | 128 |
| Sláturkostnaður | 70 | 81 |
| Sjóðagjöld | 249 | 178 |
| Flutningur á afurðum | 164 | 170 |
| Önnur þjónusta | 123 | 72 |
| *Þjónustugjöld* | *733* | *629* |
| **Breytilegur kostnaður samtals** | **3.291** | **3.188** |
| **Framlegð á kind** | **8.230** | **7.163** |

Framlegð eru tekjur að frádregnum breytilegum kostnaði. Tölur eru fengnar í skýrslu Hagþjónustu landbúnaðarins og eiga við fyrir árið 2004.

IÐAN.IS
veldu þér framtíð

Íslenskur hátækniiðnaður:
Að vera eða fara
- þarna er efinn!
Morgunverðarfundur um stöðu hátækniiðnaðar á Íslandi
föstudaginn 18. nóvember á Hótel Nordica.
Sjá nánar á www.si.is

meistarinn.is
Þar sem þú finnur meistara
og fagmenn til verksins

[ SÉRBLAÐ UM ÍSLENSKAN IÐNAÐ – MIÐVIKUDAGUR 16. NÓVEMBER 2005 ]

# Íslenskur iðnaður



## EFNISYFIRLIT

Nútímalegir og kvenlegir
Aurum-skartgripir
Bls. 2



Ósköp venjulegar skyrtur
Verslun Indriða
Bls. 4

Með uppsprettu um hálsinn
Dýrfinna Torfadóttir
Bls. 4

Með viðinn í höndunum
Tréleikföng
Bls. 8



Súkkulaðimeistari í Mosfellsbænum
Hafliði Ragnarsson
Bls. 10

Smíðar í höndunum
Guðbrandur J. Jezorki
Bls. 12

Íslensk hönnun
og framleiðsla
er góð gjöf

Þitt val skiptir máli
Íslenskir framleiðendur
SI Samtök iðnaðarins



# Nútímalegir og kvenlegir skartgripir í þrívídd

Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir gullsmiður og hönnuður kynnir nýja línu í skartgripum í þessari viku, í verslun sinni Aurum í Bankastræti

Skartgripir Guðbjargar Kr. Ingvarsdóttur hafa vakið verðskuldaða athygli allt frá því hún stofnaði verslunina Aurum í litlu bakhúsi við Laugaveginn.

Árið 2003 flutti hún verslunina niður í Bankastræti og kynnir nú nýjar línur undir heitunum Svala og Sæunn, í verslun sinni á næstu dögum og á sérstakri hönnunar- og tískusýningu á Hótel Borg á sunnudaginn. „Í hönnun hluta minna leitast ég við að flétta saman leikandi létta hreyfingu, kvenlegan fínleika ásamt styrk og einfaldleika“ segir Guðbjörg sem situr ekki auðum höndum og kynnir að jafnaði þrjár nýjar línur á ári, og allar bera þær kvenmannsnafn, eins og Hekla, Blær, Líf og Dögg. Í hverri línu eru hannaðir nokkrir ólíkir munir sem hægt er að raða saman eftir smekk hvers og eins.



Guðbjörg lærði gullsmíði og skartgripahönnun í Danmörku „Ég lærði skartgripahönnun á eftir gullsmíðinni og legg ég mjög mikla vinnu í hönnunina og gef henni góðan tíma,“ segir Guðbjörg. Skartgripir hennar sem eru fínlegir og minna jafnan á blóm eða gróður eru mjög nútímalegir, og segir Guðbjörg að náttúruformin séu ríkjandi í hönnun hennar. „Ég nota mikið silfur, og vil ég kalla fram ákveðinn léttleika, en gef gripunum dýpt með því að hafa þá í þrívídd,“ segir Guðbjörg. Hægt er að skoða skartgripi Guðbjargar á vefsíðunni www.aurum.is.



# Ljúffengur kostur

Ostakörfur til gjafa

Íslenskir ostar eru eitt af því sem gott er og glæsilegt að færa góðum vinum að gjöf. Ekki spillir að láta fljóta með úrvalsálegg á borð við parmaskinku og salamipylsur og góða vínflösku. Þá er og nauðsynlegt að vera einnig með gott brauð, annað hvort heimabakað, úr bakaríi eða frystiborðum verslana. Ostabúðin við Bitruháls raðar ostum, sultum, kjötmeti og fleiru í körfur fyrir viðskiptavini sína. Bæði er hægt að fá tilbúnar körfur eða velja sjálf/ur úr girnilegu ostaborði verslunarinnar og nota tækifærið í leiðinni til að smakka á öllum ljúffengu ostunum. Körfurnar eru bæði stórar sem smáar en eru gjöf sem hittir alltaf í mark.



hönnun }

## Tónlistin dregur mann á tágar

Margrét Guðnadóttir hefur vakið athygli fyrir frumlega og skemmtilega hönnun á spiladósum sem spila íslensk lög eins og Krummavísur og Vísur Vatnsenda-Rósu. Tágarnar sem eru hennar aðalefniviður hafa leitt hana inn á skemmtilegar brautir og hefur hún meðal annars útbúið lampa og nú síðast spiladósir. „Ég hef lagt mig alla fram við að vinna spiladósirnar,“ segir Margrét en hún hyggur á að útbúa þær í fleiri útgáfum og bæta við nýjum lögum. „Mér fannst algerlega þurfa eitthvað þessu líkt hér á landi, og eftir að ég byrjaði á þeim hafa þær tekið allan minn tíma,“ segir Rósa. Hönnun Margrétar er til sölu í Kirsuberjatrénu, Safnaverslun Listasafn Íslands og í Jólahúsinu á Skólavörðustíg.






# Býr til falleg trélistaverk í bílskúrnum

Úlfar Sveinbjörnsson er trélistamaður í hjáverkum og býr til fallega muni úr íslenskum efniviði.

Úlfar er lærður rafvirki og útvarpsvirki af gamla skólanum eins og hann segir sjálfur, og er með aðstöðu fyrir trévinnslu í bílskúrnum hjá sér. Þar vinnur hann með efniviðinn og skapar þessi listaverk, en Úlfar mun eiga nokkur verk á næstu sýningu á vegum verkefnisins Handverk og hönnun, sem haldin verður fljótlega. Dæmi um hluti sem Úlfar býr til eru t.d. skálar, vasar, lampar, staup og fleira.

Úlfar vinnur með íslenskan efnivið og hefur þess vegna tekið upp á að líma hluti saman til þess að geta búið til stærri verk. Verk hans eru öll búin til úr íslenskum viði. Úlfar kaupir mest frá Hallormsstað og er það þá birki og lerki sem hann vinnur mest með. Hann hefur einnig unnið úr gullregni, sem Úlfar segir að sé einn glæsilegasti viður sem hægt sé að fá á Íslandi og tekur fram að mjög gott sé að vinna með gullregn.

Ferlið við vinnslu er langt. Fyrst þarf að saga efnið í búta en nauðsynlegt er að viðurinn sé alveg þurr svo hægt sé að vinna úr honum. Úlfar vinnur mikið með hringlaga form, en í slíkri vinnu þá sagar hann viðinn í hringi og rennir þá á rennibekk. Límir svo hring ofan á hring, áður en hann rennir aftur, svo úr verða þessi einstöku verk.



SKÁL UNNIN Í BÍLSKÚRNUM HJÁ ÚLFARI.

GLÆSILEG STAUP ÚR GULLREGNI.

FALLEGIR SVEPPALAMPAR.

# Íslenskur iðnaður




**Íslenskur iðnaður skipar mikilvægan sess í þjóðlífinu og hann mun í vaxandi mæli standa undir velferð Íslendinga í framtíðinni**

SI
Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is



„Ég bý til skyrtur sem eru einfaldar, þægilegar, góðar í sniðinu, úr mjög góðum efnum og auðveldar í straujun," segir Indriði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Býr til ósköp venjulegar skyrtur

Indriði er klæðskeri með eigin búð á Skólavörðustígnum og vill hafa skyrturnar sínar sem venjulegastar.

Indriði Guðmundsson, opnaði fyrir þó nokkru verslun á Skólavörðustíg 10. Þar hefur Indriði verið með hreiður fyrir skyrturnar sínar, en hann býr til skyrtur í öllum regnbogans litum.

Spurður að því hvað geri skyrturnar hans öðruvísi en aðrar segir



hann, „Það er nákvæmlega ekki neitt, ég bý til skyrtur sem eru einfaldar, þægilegar, góðar í sniðinu, úr mjög góðum efnum og auðveldar í straujun." En Indriði er klæðskeri úr Iðnskólanum í Reykjavík. „Í dag er mikið um það í fatasmíð að klæðskerar eru að keppast við það að hafa fötin sem mest öðruvísi, en ég bý hér til einfaldar skyrtur sem ég vil bara hafa sem venjulegastar," segir Indriði og tekur fram að kúnnahópurinn samanstandi ekki af neinum sérstökum aldurshópi heldur mest af karlmönnum sem vilja góða vöru, einfaldleika í hönnun, þægindi og góða þjónustu.

# Með uppsprettu um hálsinn

Dýrfinna Torfadóttir, gullsmiður og skartgripahönnuður, finnur sér alls konar skemmtilega hluti til að vinna með. Í hennar höndum verða fjörusteinar, palíettur, perlur og endurunninn pappír að gullfallegum skartgripum.

„Ég er mikið að vinna með endurunninn pappa sem ég bý til blóm úr og set í hálsmen. Eins hef ég verið að vinna mikið úr fjörusteinum, og set þá gull eða silfur utan um þá og nota þá síðan í hálsmen," segir Dýrfinna Torfadóttir, gullsmiður og skartgripahönnuður.

Jafnframt er hún þessa dagana ákaflega hrifin af palíettum og perlum. „Þær nota ég með silfri og gulli, og þræði síðan upp í hálsfestar, og þá koma angar svona út um allt, spretta upp eins og uppspretta," segir Dýrfinna, sem einnig er sjóntækjafræðingur og sjónfræðingur, og vinnur við því samhliða skartgripagerð.

Dýrfinna er vel kunn landanum, enda hefur hún tekið þátt í fjölmörgum sýningum, bæði einkasýningum og samsýningum, og hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar. Hún lærði fag sitt á Akureyri og í Valdres í Noregi og lauk meistaraprófi í gullsmíði árið 1983. Hún er einn eftirtektarverðasti gullsmiður og skartgripahönnuður landsins, og hefur meðal annars unnið skart úr íslenskri ull með ívafi hefðbundinna eðalmálma, sem og úr íslenskum steinum af ýmsu tagi. Stíll hennar sem skartgripahönnuðar er bæði sérstakur og persónulegur, og einkennist af frumlegri og oft óhefðbundinni efnismeðferð og djarfri útfærslu.



Dýrfinna Torfadóttir er ákaflega hugmyndarík, og vekja margir skartgripa hennar mikla athygli.

Vörur Dýrfinnu eru fáanlegar hjá Ófeigi á Skólavörðustíg, í versluninni Mónu á Laugarvegi og jafnframt á Akranesi og á Ísafirði, en hún býr á Akranesi, og vinnur þar að skartgripagerð á eigin vinnustofu, og rekur verslun á Ísafirði, æskustöðvum sínum. Í þeirri verslun eru margs konar handunnir skartgripir og gjafavara til sölu.

## Innrömmun ekki flott lengur

LÁTTU LJÓSMYNDIRNAR ÞÍNAR NJÓTA SÍN Á STRIGA, PLEXIGLERI, FRAUÐPLASTI EÐA HVERJU SEM ER

Dikta er fyrirtæki sem sérhæfir sig í myndvinnslu, skönnun og prentun. Hjá þeim er hægt að fá nánast alla þjónustu í myndvinnslu, en einnig er möguleiki á að fá myndir prentaðar á nánast hvað sem er. Boðið er upp á prentun á fjölmörg efni eins og plexigler, PVC-plast, álplötur, frauðplast, MDF og fleira. Hægt er að fá þetta í ýmsum þykktum og litum og er veitt ráðgjöf við þessa þjónustu ef neytandi hefur einhverjar hugmyndir. Færst hefur í vöxt að fólk kjósi að láta prenta myndir á fast efni frekar en að fá þær innrammaðar á vegg. En það er skemmtilegur kostur ef fólk vill tilbreytingu frá innrömmuðum myndum. Dikta býður einnig upp á aðra óvenjulega kosti í prentun en hjá þeim er m.a. prentvél sem getur prentað beint á borðplötur, segl, tau og striga og er þetta eini staðurinn á landinu þar sem boðið er uppá slíka þjónustu.

Gamlar eða snjáðar myndir eru litið vandamál ef viljinn er fyrir hendi, en Dikta tekur að sér að skanna slíkar myndir inn, lagfæra þær og endurprenta á ljósmyndapappír. Stækkun er líka möguleiki og er hægt að stækka gamlar myndir af 35mm filmu upp í allt að metra á breidd, en fer þó allt eftir upplausn og gæðum myndar.



Dikta býður einnig uppá óvenjuega kosti í prentun en hjá þeim er prentvél sem getur prentað beint á borðplötur, segl, tau og striga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SKARTIÐ HENNAR** Dýrfinnu Torfadóttur er bæði skemmtilegt og djarflegt, en útfærslur hennar og efniviður koma oft á óvart.

Heildarlausnir
Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
'Á góðum járnum
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

# Fetaðu nýjar slóðir



... og mundu eftir ostinum

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## Vatnsmelóna með Fetaosti og hráskinku

*½ vatnsmelóna, steinhreinsuð og skorin í teninga*
*1 bréf hráskinka, skorin í bita*
*½ agúrka skorin í teninga*
*2 dl Fetaostur*
*1 dl Óðalsostur í teningum*

*2–3 msk. ólífuolía*
*1 msk. balasam-edik*

*Svartur pipar*

*Melónu, hráskinku, osti og agúrku blandað saman í skál. Olíu og ediki hellt yfir. Svartur pipar malaður yfir að vild.*




*Ostur fullkomnar máltíðina*

# Með viðinn í höndunum

Tréleikföng George Hollanders eru skemmtileg og hvetja til leiks og sköpunar. Tilviljun réði því að hann varð leikfangasmiður en hann virðist taka þeim örlögum fagnandi.

George Hollanders smíðar leikföng fyrir börn og hefur hann unnið til fjölda verðlauna fyrir handverk sitt. Leikföngin eru öll úr tré og notar hann mikið íslenskan við eins og lerki og birki. „Ég hef lengst af smíðað lítil leikföng sem voru fyrst og fremst ætluð í túristaverlsanir og gallerí. Undanfarin ár hef ég þó mest verið að smíða leikföng fyrir leikskólana, þetta eru þá stærri stykki og mikið af svokölluðum hlutverkaleikföngum,“ segir George. Lengi vel fengust leikföng hans í listagalleríum og ferðamannaverslunum en nú eru þau einungis til sölu í Rammagerðinni og hjá Víkurprjóni. „Eftirspurnin er nóg en ég hef lítið verið að sinna því að smíða smáleikföngin,“ segir George.

Spurður hvort hann hafi hugsað sér að fara út í stærri framleiðslu á leikföngum sínum, segist hann hafa skoðað það en ákveðið að halda áfram að smíða alla gripina sjálfur. „Það gefur mér svo mikið að leggja sjálfur hönd á leikföngin, ég handfjatla hvern einasta hlut á einn eða annan hátt, hvort sem ég er að mála



Skemmtilegt víkingaskip sem sett hefur verið upp á leikskóla.

þá eða pússa,“ segir George. Hann bætir því við jafnframt hlæjandi að hann sjái sig ekki fyrir sér njóta þess að segja öðru fólki til með hvernig eigi að smíða gripina og fá ekkert að gera sjálfur.

Ekki er annað hægt en spyrja hann hvað varð til þess að hann fór að smíða leikföng og segir hann það hafa verið vegna þess að hann þurfti að hætta að vinna eftir að hann og konan hans eignuðust tvíbura. „Þeir fæddust mikið fyrir tímann og þurftu á umönnun að halda, og annað okkar þurfti að hætta að vinna. Um leið og tími gafst til að sinna öðrum hlutum fór ég að hugsa um hvað ég vildi gera og þetta varð niðurstaðan,“ segir George.

„Það er svolítið gaman að segja frá því að þegar ég fékk menningarverðlaun DV 1997 fengu allir steinstyttur eftir Pál á Húsafelli. Mín stytta var hrútur, en tvíburarnir mínir sem voru kveikjan að öllu ævintýrinu eru einmitt í hrútsmerkinu. Mér þótt það mjög hugreystandi og fallegt,“ segir George.



Glæsilegt eldhús með öllu nema rafmagni.



Önd sem hægt er að draga á eftir sér og sundfitin smellur í gólfið.



Djákninn á Myrká.



Fallegir dúkkuvagnar sem gætu vel sómt sér sem skraut.






## Sígilt og alltaf gott

ÞEIR ERU ÓFÁIR ÍSLENDINGARNIR SEM HAFA FENGIÐ POKA AF KAFFITÁRSKAFFI Í JÓLAGJÖF, OFT ÁSAMT BOLLUM, PRESSUKÖNNU, SÚKKULAÐIHJÚPUÐUM ESPRESSÓBAUNUM EÐA EINHVERJU ÁLÍKA.

„Kaffikörfurnar okkar eru alltaf sígildar og í ár eru þær mjög hátíðlegar, hvítar körfur með rauðum og hvítum borðum,“ segir Guðbjörg Ásbjörnsdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi kaffibrennslu Kaffitárs.

Í körfunum er pakki af hátíðarkaffi Kaffitárs, sem er alltaf gott með hnallþórum og öðru góðgæti, sem og pakki af bragðmeira kaffi, svo sem Vínarkaffi, sem gott er að súpa á eftir kvöldmat og fá sér þá annað hvort konfektmola eða jafnvel líkjör. Jafnframt er konfektmola og annað súkkulaði að finna í körfunum sívinsælu.

Auk þess er fjölbreytt úrval kaffitengdra vara í kaffihúsum og verslunum Kaffitárs.



Kaffið frá Kaffitári og kaffitengdu munirnir sem fást í kaffihúsum fyrirtækisins eru upplagðar jólagjafir.



Svíf þú inn í svefninn
í RB rúmi
Hjónarúm
180x200 cm
Verð frá kr.
74.100,-
án fylgihluta
Nolte rúm
Verð frá kr.
58.000,-
án dýna
160x200 cm
Úrvalið er hjá RB
Hjá okkur er fjölbreytnin í fyrirrúmi. Þú velur það sem þér hentar: Springdýnur, tvöfaldar fjaðradýnur, sérhannaðar sjúkradýnur með varmaklæðningu eða Super deluxe og Grand deluxe springdýnur með tvöföldum mjúkum yfirmottum.
Sælurúm
Verð frá kr.
160.000,-
Stærðir: 80-90-1.20,-1.30 cm.
Opið á laugardögum kl. 10-14
RAGNAR BJÖRNSSON ehf.
Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.
Sængurfatnaður og fylgihlutir
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, lök, dýnuhlífar, náttborð, kommóður og margt fleira.
Dalshrauni 8
220 Hafnarfirði
Sími: 555 03 97
Fax: 565 17 40
www.rbrum.is

# Hefur ekki tekið mikinn þátt í vélvæðingunni

Guðbrandur J. Jezorski er gullsmiður hefur smíðað úr gulli síðan 1959.

Guðbrandur byrjaði að læra gullsmíði 1959 og stundaði hana hér í fjögur ár. Eftir það fór hann út til Þýskalands að læra og hefur unnið við gullsmíði hér heima síðan þá. Spurður að því hvað hann sé að fást við þessa dagana segir Guðbrandur. „Það er nú bara, hvað á ég að segja... almenn gullsmíði, en jólin fara að koma og það er aðaltímabilið í sölu.“

Blaðamaður spurðist fyrir um hvernig vinnuferli væri háttað til dæmis við það að vinna einn hring: „Fyrst er að ákveða hvernig hann á að vera, það er auðvitað aðalmálið, svo þarf að sjá hvað á að nota í verkið, plötu, vír eða stöng og þegar það er ákveðið þarf kannski að valsa efnið til og gera það tilbúið undir smíði. Seinna tekur önnur vinna við, þá þarf að slípa hringinn til, setja í hann steina eða slíkt. Vinna við einfaldan hring tekur kannski um tvo tíma, svo þarf að sitja yfir hringnum aðeins, setja í hann steina og fleira.

Guðbrandur segir að gullsmíðin hafi tekið þátt í tæknivæðingunni í gegnum tíðina og segist hafa heyrt sögur utan úr heimi um mikla vélvæðingu þar við skartgripagerð þar sem hendur komi varla nálægt verkunum. Hann segist þó ekki hafa tekið mikinn þátt í vélvæðingunni og tekur fram að hann vinni þetta nær allt líkt og áður, fyrir utan nokkrar breytingar. En Guðbrandur segist vinna þetta mest allt enn í höndunum. „Það er líka varla mikið hagkvæmt að vera með mikinn vélbúnað nema maður sé í mikilli framleiðslu. Menn eru víst jafnvel farnir að setja steina í með vélum, en þegar ég var að byrja í þessu var sagt að það yrði aldrei hægt,“ segir Guðbrandur.



GUÐBRANDUR VINNUR MEST ALLT Í HÖNDUNUM FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


# Gæðamálning
## Gott verð




**Polytex 7**
Ljósir litir

4 lítrar **1.990 kr.**

Íslensk gæðamálning með góða hulu, endingargóð og auðveld í notkun.

**Flügger litir**



Flügger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6

Dalshraun 13
Hafnargata 90
Austursíða 2

Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Sólbakka 8

www.flugger.is

103543





Bókatíðindi koma inn um bréfalúguna á hverju einasta íslenska heimili, og þar er hægt að finna nýútkomnar bækur við allra hæfi.

## Bækur handa öllum

ÍSLENDINGAR GEFA ÚT OG LESA FLEIRI BÆKUR EN FLESTAR AÐRAR ÞJÓÐIR Í HEIMINUM SAMKVÆMT HÖFÐATÖLU, OG ALLTAF ER HÆGT AÐ FINNA EINHVERJA BÓK SEM HEILLAR.

„Hann fékk bók, en hún fékk ekki minna,“ syngja sumir um jólin, enda er langt síðan stúlkur fengu nál og tvinna í jólagjöf og bækur löngu orðnar sígildar gjafir handa báðum kynjunum.

Fyrr í þessari viku hófst Íslandspóstur handa við að bera Bókatíðindi 2005 inn á hvert heimili í landinu, og eru þeir margir sem líta í bæklinginn þegar finna þarf gjafir handa allra erfiðustu vinunum og ættingjunum. Bókatíðindi eru einnig finnanleg í öllum bókaverslunum og á bókasöfnum.

Upplýsingar um fleiri tugi nýútkominna bóka er að finna í bæklingnum, en í ár eru eingöngu birtar kynningar á nýjum bókum, ólíkt því sem áður hefur verið. Bókunum er eftir sem áður skipt í 13 flokka: íslenskar barna- og unglingabækur; þýddar barna- og unglingabækur; íslensk skáldverk; þýdd skáldverk; ljóð; listir og ljósmyndir; fræði og bækur almenns efnis; saga, ættfræði og héraðslýsingar; ævisögur og endurminningar; handbækur; matur og drykkur; hljóðbækur; og spil.



VERTU MEÐ...
VERTU DÚNDUR!
Góa
Lakkrís dúndur
Góa
Stofnað 1968
hausverk / SÍA / 5971



ÞORLEIFUR Í SÝNINGARSAL BRÚNÁSS.

# Framleiða innréttingar í um 300 blokkaríbúðir á ári

Brúnás er fyrirtæki með öfluga framleiðslu á Egilstöðum.

Brúnas er tuttugu ára fyrirtæki sem framleiðir heimilsinnréttingar á baðherbergi og í eldhús og fataskápa, en það er meginuppistaðan í framleiðslu þeirra. Innréttingar þeirra eru ekki bara íslensk framleiðsla heldur einnig íslensk hönnun, en hönnuðir hjá Brúnási eru innanhússarkitektarnir Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarson. Brúnás er fyrst og fremst austfirskt fyrirtæki, enda fer framleiðsla þess öll fram á Egilstöðum og skapar þar atvinnu fyrir 16 manns. Þorleifur Magnússon er sölustjóri þeirra í Reykjavík. „Verksmiðja okkar á Egilsstöðum er mjög vélvædd og afkastamikil, og í raun höfum við aukið framleiðslu okkar mikið nýlega með því að fá til okkar ný tæki en halda jöfnum mannskap.“ Segir Þorleifur.

Framleiðsla Brúnáss og sala hefur breyst mikið eftir því sem hætt var að nær öllu leyti að bjóða fólki upp á íbúðir tilbúnar undir tréverk eða fokheldar. Með samningum við ýmsa verktaka hefur Brúnás fengið stór verkefni við framleiðslu á innréttingum fyrir íbúðarhúsnæði. „Í stað þess að margir einstaklingar séu að kaupa innréttingar í íbúðarblokkir er nú yfirleittt einn einstaklingur sem sér alfarið um það að kaupa inn, en með þessu fæst auðvitað aukin hagkvæmni.“ Segir Þorleifur, en tekur jafnframt fram að komi kaupandi nógu snemma inn í söluferlið sé auðvelt að tryggja það að hann fái einhverju ráðið í samráði við verktaka. Verktakarnir virðast vera ánægðir með þjónustuna hjá Brúnási enda hafa sumir þeirra verið í samstarfi við fyrirtækið í allt að 15 ár og segir Þorleifur þetta vera eins og „nokkuð tryggt hjónaband“. En auk þessa selur Brúnás mikið á Austfjörðum og mun það vera um 10-15% af framleiðslunni.



MESA
Lausnir í fiskvinnslu til sjós og lands
Við bjóðum eftirfarandi:
M. 950 Hausaklofningsvél (fésvél)
M. 900 Gellu-, kinna- og klumbuskurðarvél
M. 850 Sundmaga- og lundavél
M. 300 Grálúðuhausara
M. 422 Hausapressu fyrir þurrk
M. 310 Keflaknúsari fyrir þurrk
M. 100 Sneiðavél fyrir þurrk (sneiðir heilan fisk og hausar)
Smíðum færibönd, þvottakör og fleira. Önnumst uppsetningar.
18 ára þjónusta við fiskiðnaðinn.
Á. M. SIGURÐSSON ehf.
Hvaleyrarbraut 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími: 565 2546 - Fax: 565 2548 - Netfang: mesa@mesa.is - www.mesa.is


# Fallegar íslenskar kvenflíkur

Elm á Laugavegi í Reykjavík selur eingöngu vörur eftir þrjá íslenska hönnuði, og flestir munu finna eitthvað við hæfi uppáhaldskonunnar í þeirra lífi í þessari verslun.

„Þetta eru bæði vandaðar og afar fallegar vörur,“ segir Lísbet Sveinsdóttir, einn af eigendum Elm Design. „Við seljum allt frá vettlingum upp í kápur, bara allan pakkann. Við seljum geysilega mikið af jólagjöfum, og fólk gefur allt í jólagjöf, allt upp í kápur. Vettlingarnir og húfurnar eru líka vinsælar jólagjafir, sem og treflarnir. Eins er lekkert að gefa fallegar litlar peysur sem við erum með, eða þá bara stóra duggu í vetrarkuldann.“

Fyrirtækið er sex ára gamalt, og hanna Lísbet og hinir tveir eigendurnir, Erna Steina Guðmundsdóttir og Matthildur Halldórsdóttir, öll fötin sem seld eru í versluninni. Stöllurnar þrjár byrjuðu á því að hanna mestmegnis ullarvörur úr hágæða ull frá Perú, en nú framleiðir fyrirtækið vörur úr margs konar efnum. Flíkurnar sem þær selja eru margs konar: Vettlingar, húfur, treflar, peysur, skyrtur, jakkar, buxur, pils, kjólar, kápur, og allt þar á milli.

Elm Design selur vörur sínar í 100 verslanir í Bandaríkjunum, sem og fjölda verslana í París, á Ítalíu og víðar um Evrópu. Að auki er fyrirtækið að undirbúa markaðssetningu á Elm vörunum á hinum Norðurlöndunum.







Lísbet Sveinsdóttir er einn af eigendum Elm Design, íslensks fatahönnunarfyrirtækis sem selur margs konar flíkur tilvaldar í jólapakkann.

# Hollt krydd í pakkann

Pottagaldrar heitir íslenskt kryddfyrirtæki sem útbýr hreinar kryddblöndur og kryddolíur án aukaefna eins og mónósódíums glútamats eða sílíkon díoxíði.

„Það er algengt að fyrirtæki kaupi kryddkörfur af ýmsum stærðum og gerðum til að gefa starfsfólki sínu í jólagjöf,“ segir Sigfríð Þórisdóttir, eigandi Pottagaldra. „Þá eru alls konar krydd í körfunum, Kryddbókin og jafnframt látum við Galdrabók Pottagaldra fljóta með.“

Pottagaldrar sérhæfa sig í kryddblöndum, kryddolíum og kryddiðnaði almennt til að stuðla að fjölbreytni og hollustu í matargerð heimilanna. Fyrirtækið framleiðir um 40 tegundir kryddblandna, annað eins af almennu kryddi í þremur stærðum, fyrir neytendur, veitingahús og mötuneyti. Auk þess framleiða Pottagaldrar fjórar gerðir af grill- og kryddolíum. Allt hráefni Pottagaldra er ræktað og framleitt samkvæmt ISO-stöðlum og evrópskum lögum og reglugerðum.

„Vörur fyrirtækisins verða að vera uppbyggjandi fyrir líkama og sál og skapa gleði og stuðla að mannrækt í matargerð,“ segir Sigfríð, en Pottagaldrar notar náttúrulega aðferð, kristaltæra gufuhreinsun, til að hreinsa kryddið. Þessi aðferð varðveitir náttúrulegan lækningamátt kryddjurta og ilm þeirra, uppfyllir ströngustu gæðakröfur, og er til dæmis notuð fyrir lífrænt ræktað krydd.

Pottagaldrar framleiða tvær línur, annars vegar eina sem er án salts og pipars, og hins vegar aðra sem auðkennd er með gulum miðum, og er salt í þeim vörum.

„En þetta er lág-natríum salt og er framleitt á Reykjanesi, en Lífheilsustöðin hefur bent á að flestir þurfa að minnka neyslu á salti sem bindur vökva í líkamanum,“ segir Sigfríð, sem kaupir kryddin sín frá 150 ára gömlu hollensku fyrirtæki.

„Þeir eru með sína eigin ræktendur víða um heiminn. Afbrigðin frá þeim eru alveg yndisleg, til dæmis óreganó sem er sætt en ekki beiskt, basilíkan með sætum keim og tímíanið er nánast eins og blóðbergið okkar íslenska,“ segir Sigfríð.

Auðvelt er að nálgast Pottagaldrakryddið, því það er fáanlegt í öllum helstu matvöruverslunum landsins, en körfurnar eru sérpantaðar fyrirfram frá Pottagöldrum í Kópavogi.



Sigfríð Þórisdóttir með vel kryddað lambalæri.




# …þá lögum við okkur að **þínum** þörfum!

## *Vildarþjónusta Sparisjóðsins*

er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sérsniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta Sparisjóði eða á **www.spar.is**.

- Lán án ábyrgðarmanna og afsláttur af lántökugjöldum
- Frítt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Sérkjör hjá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins
- Endurgreiðsla persónutrygginga
- Frábær tilboð hjá Og Vodafone, Plúsferðum og Úrval Útsýn

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir þig og þína*

Fíton/SÍA FI013084

*Gildir í Gull- og Eðalþjónustu

**Sexfaldur sigurvegari** | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | **spar.is**

# VIÐ VINNUM UM VERÖLD ALLA

## – og þróum og seljum vinnslulausnir fyrir matvælaiðnað á heimsvísu

Marel afhendir framleiðslu sína til yfir 60 landa og rekur 15 dótturfyrirtæki í 5 heimsálfum. Grunnurinn að velgengni fyrirtækisins liggur í nánu samstarfi við helstu matvælaframleiðslu-fyrirtæki og samhentum hópi 850 starfsmanna.

Marel



**Marel hf.** | Austurhrauni 9 | 210 Garðabæ | Sími: 563 8000 | info@marel.com



Fréttablaðið/E.ÓL.

**SJÁLFALA SAUÐKINDUR AÐ SUMRI** Eftir að fé er rekið á afrétt til beitar þurfa bændur að sinna túnum og engjum til að safna fóðri fyrir komandi vetur. Margir þeirra leita nú leiða til að auðvelda sér störfin svo tekjur sauðfjárbúa geti aukist um leið og kostnaði er haldið niðri. Það er forsenda þess að sauðfjárbændur geti bætt afkomu sína og sauðfjárrækt orðið alvöru atvinnugrein.

tekið af og grindurnar lækkaðar eftir því sem við á á hverjum degi. Jóhannes segir að þetta fyrirkomulag spari gríðarlega vinnu. Ekki þurfi að gefa sömu rollunum á hverjum degi. Það leiðir til þess að þau geti verið með stórt bú en samt unnið utan þess. Aðrir bændur hafi kosið að stækka bú sín og fengið þannig meiri tekjur án þess að auka vinnu að sama skapi.

Jóhannes segir að árstíðabundnir álagstímar í sauðfjárrækt, meðal annars meðan á sauðburði standi, geri mönnum erfiðara fyrir að stækka bú sín endalaust. Margir hafi reynt að mæta því með endurhönnun fjárhúsa til að auðvelda vinnu á þessum tímum. Þá verði vanhöld minni og lömbin sprækari. Tími bóndans fer þá frekar í að líta eftir og fylgjast með að allt gangi eins og það eigi að gera.

Jóhannes bendir líka á annað atriði sem hafi skipt miklu máli við hagræðingu hjá bændum, en það er bylting við heyskap með tilkomu heyrúlla. Vinnan við slíkan heyskap sé mun minni en áður. Þegar þetta sé lagt saman sé búið að hagræða við fóðrun skepnanna, umhirðu þeirra eins og vigtun og klaufsnyrtingu, sauðburð og heyskap. Samt hefur ekki enn verið fundið nýtt fyrirkomulag við haustvinnuna eins og smalamennsku.

Bóndinn á Heiðarbæ er sammála þeim sem segja að búum fækki og þau stækki. Á ákveðnum svæðum á landinu sé gróskan mikil og hann sjái ungt fólk vera að taka við rekstrinum. Það sjái tækifæri sem ekki hafi lengi verið til að dreifa í greininni. Þetta sé ennþá svolítið svæðisbundið og virðist smita út frá sér. Kröfur í dag séu auðvitað miklar og margir möguleikar sem fólk hefur. Þetta séu ánægjuleg merki um framtíð sauðfjárbúskapar í landinu.

#### MIKILVÆG VÖRUÞRÓUN

Gífurlegar framfarir hafa einnig verið í ræktuninni sjálfri. Jóhannes segir að nú séu skrokkar metnir mun nákvæmar en áður. Notaðar séu svokallaðar ómmælingar sem mæla meðal annars bakvöðva og bakfituna í lömbum. Þetta nýtist mjög vel við ræktun enda skipti fituhlutfallið miklu máli þegar meta skal gæði kjötsins. Inn í síðasta búvörusamning hafi verið tekið tillit til gæðastýringar þar sem hluti af ríkisstyrknum haldist í hendur við slíkt vinnulag hjá bændum. Þá sé tekið tillit til ýmissa þátta sem miða að því að bæta framleiðsluna í takt við umhverfið.



## 4.600 krónur í ríkisstyrk

Ríkið greiðir tæpar þrjá milljarða króna vegna sauðfjárframleiðslu á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006. Þar af eru um 1,6 milljarðar króna beingreiðslur til bænda.

Beingreiðslur eru ekki lengur tengdar kvóta á framleiðslu. Bændur geta framleitt það sem þeir vilja af kindakjöti. Hafi þeir hins vegar rétt á greiðslum miðast þær við svokallað ærgildi. Fyrir hvert ærgildi fær bóndi 4.600 krónur í ríkisstyrk. Eigi hann um 100 ærgildi fær hann samtals 460 þúsund krónur greiddar í nokkrum áföngum yfir árið.

Það hafa ekki verið mikil viðskipti með ærgildi eins og raunin er með kvóta á mjólk.

Annar áhugaverður punktur sem Jóhannes bendir á er hversu miklu máli vöruþróun hefur skipt. Sauðfjárbændur hafi tekið þátt í henni. Hér áður fyrr hafi lambakjöt verið selt í heilum og hálfum skrokkum. Þetta hafi sem betur fer breyst mikið. Nú sé kjötið meira unnið og ýmsir tilbúnir réttir framleiddir sem mæti þörfum nútímans. Fólk vilji greinilega hafa þetta fljótlegt og lambakjöt keppi við ýmsa aðra fljótlega rétti. Þessi vöruþróun hafi átt sinn þátt í söluaukningu. Gæði kjötsins hafi batnað og betra ástand í þjóðfélaginu auki eftirspurn eftir gæðameiri vörum.

Árni Þorvaldsson á Bíldsfelli segir að afurðaverð sauðfjárbænda hefði þurft að hækka um sextán prósent til að vera álíka hátt og árið 2000. Þá miðar hann við þróun vísitölu neysluverðs. Allir kostnaðarliðir bænda hafi hækkað á þessum tímabili. Nú fáist um 3.700 krónur fyrir lambið ef ríkisstyrkur er ekki meðtalinn. Ullarverðið hafi haldist nokkuð óbreytt. Flutningskostnaður sé meiri og verð fyrir innmat staðið í stað.

#### 500 ÆR LÁGMARK

Árni segir ekki forsendur til að lifa eingöngu á fjárbúskap nema vera með 500 fjár eða fleiri. Annars þurfi aðrar tekjur að koma til. Þetta séu ekki miklar tekjur sem fáist af fjárbúskap ennþá. Jóhannes Sigfússon, formaður Landssambands sauðfjárbænda, segir fleiri horfa á þetta nú sem alvöru atvinnugrein. Þó verði afkoman ekki viðunandi fyrir fjölskyldubú nema búið byggi á fimm til sex hundruð fjár.

Erna Bjarnadóttir bendir líka á að velta sauðfjárbúa sé lítil eða í kringum fjórar milljónir króna. Þessi grein bjóði því ekki upp á miklar tekjur fyrir bændur þótt sóknarfæri séu vissulega fyrir hendi og þetta geti gefið ágætlega af sér.

Jóhannes bendir á að útflutningur hafi gengið vel. Verð á afurðum ytra hafi farið hækkandi. Lække gengi krónunnar aftur fái bændur fleiri krónur fyrir hvert selt kíló sem komi sér vel.



**TÍMAFREKUR SAUÐBURÐUR** Flestar vinnustundir á sauðfjárbúum eru í maí í kringum sauðburðinn. Þá er unnið að meðaltali 17,8 klukkustundir á dag.

## Vinna tíu tíma á dag

### Sauðfjárbændur reyna að hagræða vinnunni.

Á sauðfjárbúum hefur vinnustundum við sauðfé fækkað um fjórar klukkustundir eða 0,2 prósent frá árinu 2000 til ársins 2004. Vinna við bústörf á sauðfjárbúum var að meðaltali 3.624 klukkustundir árið 2004 eða um 9,9 klukkustundir á dag. Þar af eru 2.133 klukkustundir vegna vinnu við sauðfé.

Þetta kemur fram í samantekt Ásdísar B. Geirdal og Ingibjargar Sigurðardóttur hjá Hagþjónustu landbúnaðarins, sem þær unnu úr vinnuskýrslum fyrir umrætt tímabil, síðast fyrir árið 2004.

Af samtölum við bændur eru margir þeirra að leita leiða til að fækka vinnustundum við sauðfjárbúskap. Sú vinna byggist mikið á því að auðvelda gjafir yfir vetrarmánuðina. Vilja bændur geta verið með fleiri ær á búum sínum án þess að lengja vinnutímann í sama hlutfalli. Aðrir vilja auðvelda sér störfin til að hafa meiri tíma til að vinna utan bús, sem hefur reynst mörgum nauðsynlegt til að hafa sæmilegar tekjur.

Mánuðina janúar til loka apríl er meðal vinnustundafjöldinn á dag um 7,6 klukkustundir. Í maí til loka ágúst er meðal vinnustundafjöldinn um 12,4 klukkustundir enda sauðburður og heyskapur vinnuaflsfrekur þessa mánuðina. Frá september til og með desember er fjöldi vinnustunda hins vegar um 9,6 klukkustundir.

Á sauðfjárbúum eru vinnustundir flestar í maí eða 17,8 klukkustundir á dag.

**HLUTFALLSLEG SKIPTING VINNUSTUNDA Á SAUÐFJÁRBÚUM**

| | |
|---|---|
| Sauðfé | 59% |
| Garðrækt | 3,2% |
| Hlunnindi | 2,7% |
| Tún og engi | 9,2% |
| Viðhald | 17% |
| Viðh. véla | 1,7% |
| Annað | 7,2% |

## FÓLK Á FERLI

**ÁGÚST TORFI HAUKSSON** vélaverkfræðingur hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri landvinnslu Brims á Akureyri og tekur hann við því starfi þann 1. nóvember nk. Hann lauk prófi frá Vélskóla Íslands árið 1995 og ári síðar stúdentsprófi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri. BSc-prófi í vélaverkfræði lauk hann frá Háskóla Íslands árið 1999 og MS-prófi í vélaverkfræði frá University of British Columbia í Vancouver í Kanada árið 2001. Á árunum 2001-2002 vann Ágúst Torfi að rannsóknum í Kanada og frá 2002 hefur hann unnið á Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns í Reykjavík. Ágúst Torfi þekkir vel til landvinnslu Brims á Akureyri, enda vann hann þar sem vélstjóri í sex sumur á árunum 1993 til 1998.



**GUNNAR ÞÓR PÉTURSSON** hefur verið ráðinn lögmaður Actavis Group. Í lögmannsstörfum sínum hefur Gunnar Þór sérhæft sig í Evrópurétti, lyfjalöggjöf, samkeppnisrétti og stjórnsýslurétti. Gunnar Þór lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1997 og meistaraprófi í Evrópurétti, L.L.M., frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð 1998. Hann hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2002. Gunnar Þór starfaði hjá Lögfræðiskrifstofu Suðurnesja 1997 og Eftirlitsstofnun EFTA 1999-2004. Hann hóf síðan störf hjá LOGOS lögmannsþjónustu 2004. Undanfarið hefur Gunnar Þór kennt Evrópurétt við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Gunnar Þór er giftur Eddu Björk Skúladóttur iðjuþjálfa og eiga þau tvö börn.



Stjórn Sjóvár hefur ráðið **ÞÓR SIGFÚSSON** sem forstjóra en hann mun hefja störf í desembermánuði. Þór Sigfússon hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands en hann tók við því starfi í maí 2003. Þór starfaði áður sem ráðgjafi fjármálaráðherra (1993-1998) og aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Norræna fjárfestingabankanum (1998-2003). Hann er með meistaragráðu í hagfræði og hefur stundað doktorsnám í alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands. Þór hefur meðal annars skrifað þrjár bækur um Ísland og alþjóðavæðingu, Örríki á umbrotatímum, Landnám – útrás íslenskra fyrirtækja og Straumhvörf. Þór er 41 árs gamall.

Þá hefur Sjóvá ráðið **HELGA BJARNASON** tryggingastærðfræðing sem aðstoðarforstjóra félagsins. Helgi mun einkum sinna verkefnum tengdum vátryggingastarfsemi félagsins. Helgi hefur unnið undanfarin ár að uppbyggingu og rekstri KB-líftryggingar, nú síðast sem forstöðumaður vátryggingasviðs. Helgi er 36 ára gamall.

# Sælkerakaffi og hágæðate

**Í lítilli verslun á Barónsstíg 18 hófu hjónin Sigmundur Dýrfjörð og Berglind Guðbrandsdóttir að selja te og kaffi árið 1984. Síðan þá hefur starfsemin undið upp á sig og reka hjónin nú fjórar verslanir og tvö kaffihús í Reykjavík.**

Þau óraði varla fyrir því að Te & kaffi yrði eitt af leiðandi fyrirtækjum landsins í framleiðslu og sölu á kaffi þegar þau opnuðu litla verslun við Barónsstíg fyrir rúmum tuttugu árum. Fljótlega færðu þau verslunina í bakhús á Laugavegi en eitt leiddi svo af öðru og fyrirtækið flytur nú inn hágæðakaffi og -te frá helstu kaffiframleiðslulöndum heimsins.

„Þegar við byrjuðum var ekki sama kaffimenning og er í dag. Það hefur margt breyst og ég held að það sé óhætt að segja að menn létu sig eiginlega hafa það að drekka uppáhellt kaffi í gamla daga. Blönduðu bara vel af mjólk og sykri í það. Í dag kaupir fólk aðeins dýrara kaffi en veit að það er ánægja í hverjum sopa,“ segir Sigmundur.

Te & kaffi fagnaði tuttugu ára afmæli á síðasta ári og eigendurnir eru ánægðir með þann mikla vöxt sem hefur verið í fyrirtækinu frá því það var stofnað. Starfsemi félagsins fer fram í verksmiðjunni í Stapahrauni í Hafnarfirði þar sem kaffibaunirnar, sem fluttar eru inn frá rúmlega 30 mismunandi löndum, eru brenndar í þar til gerðum ofnum og kaffinu er pakkað í neytendaumbúðir. Auk þess rekur fyrirtækið fjórar verslanir og tvö kaffihús. Verslanirnar eru á Laugavegi, í Kringlunni, Smáralind og í Suðurveri og kaffihúsin tvö eru á Laugavegi og í Smáralind.

### KAFFIHÚSIN OG VERSLANIRNAR

„Við kaupum aðeins hágæðakaffi að utan. Kaupum það frá helstu kaffilöndum heimsins og margt af því sem við kaupum er vottað af sérstökum nefndum sem starfa í viðkomandi löndum. Það staðfestir að það sé fengið frá bestu ökrunum,“ segir Sigmundur. Hann segir að kaffibaunirnar séu fluttar til landsins hráar en þær séu svo brenndar í ofnum hjá kaffibrennslu félagsins í Hafnarfirði. Þar er því svo pakkað fyrir verslanirnar en Te & kaffi selur framleiðsluna bæði í sínum eigin verslunum svo og í stórmörkuðum. „Öll vinnsla fer fram hjá okkur. Frá því baunirnar koma í hús og þar til þær fara í kaffivélarnar hjá fólkinu og þannig við tryggjum að varan sé rétt meðhöndluð og eftir bestu mögulegu leiðum. Verslanirnar okkar eru andlit fyrirtækisins út á við. Við seljum þar bæði baunir sem fólk getur malað heima hjá sér en auk þess malað kaffi. Við höfum núna nýlega innleitt kerfi með svokölluðum einstefnuventli á kaffpakkningarnar. Ventillinn virkar þannig að loftið streymir í aðra áttina og heldur kaffinu því fersku. Við viljum ekki að kaffið skemmist í hillunum hjá kaupmanninum og varan er því alltaf fersk.“

**Te & kaffi**
Stofnað: 1984
Verslanir (4): Laugavegi, Kringlunni, Smáralind, Suðurveri
Kaffihús (2): Laugavegi, Smáralind
Starfsmenn: 60

### KAFFILAUSNIR OG GALAPAGOS

Te & kaffi hefur um 60 starfsmenn sem skiptast þannig að um 30 þeirra starfa við framleiðslu og heildsölu á kaffinu en annar eins fjöldi á kaffihúsum og í verslunum. Fyrirtækið þjónustar auk þess fyrirtæki. „Það má segja að við séum með lausnir fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Við seljum kaffivélar fyrir kaffið en auk þess kaffið sjálft og annað sem þarf hvort sem er fyrir fyrirtæki eða heimili,“ segir Sigmundur.

Hann segir ekki standa til neinar breytingar á fyrirtækinu aðrar en þær að fyrirtækið stefnir að því að halda áfram á sömu braut við að þróa besta kaffið og teið sem hægt er að fá hér á landi. „Við höfum alltaf stækkað innan frá og höldum því áfram. Við erum þjónustufyrirtæki með hágæðavörur og þannig verður það áfram. Við teljum að það sé mikil eftirspurn eftir hágæðakaffi til dæmis. Í fyrra fluttum við inn hágæðakaffi frá Galapagos-eyjum. 250 gramma pakki kostaði um 990 krónur. Við fyrstu sýn kann kannski einhverjum að finnast það dýrt. En þegar það er skoðað betur sést bersýnilega að svoleiðis getur skilað kannski 30-35 bollum. Það telst því ekki mikið á bollann enda kom annað í ljós því kaffið seldist upp,“ segir hann.

Fjölskyldan vinnur við fyrirtækið og líkar vel. Hún er brennandi af áhuga og á fyrirtækið að fullu. Ætlar sér frekari landvinninga en í sama formi og áður: Standa vaktina og gera vel við kúnnann.

„Við finnum það í kaffhúsinu á Laugaveginum að það er komin önnur kynslóð sem fastakúnnar í verslunina. Nú koma kannski foreldrar með börnin sín og þau hafa keypt sitt kaffi í búðinni um árabil. Það finnst okkur gaman því þá vitum við að við erum að gera vel. Svoleiðis verður það áfram,“ segir Sigmundur.




Fréttablaðið/Valli

**Á LAGERNUM** Halldór Guðmundsson, framleiðslustjóri og brennslumeistari, og Sigmundur Dýrfjörð framkvæmdastjóri á lagernum í Hafnarfirði. Te & kaffi flytur inn baunirnar í sekkjum eins og þeim sem sjást á myndinni, svo er kaffið brennt og pakkað í neytendaumbúðir. Te & kaffi flytur aðeins inn hágæðakaffi frá um 30 löndum og eins og sjá má er jólakaffið þegar komið í pakka og tilbúið til afgreiðslu.






## BESTA RÁÐIÐ

# Tillitssemi og umhyggja

„Að sýna náunganum tillitssemi og umhyggju er lífsviðhorf sem ég drakk í mig með móðurmjólkinni,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, þegar hann er beðinn um að deila sínu besta ráði með lesendum Markaðarins. Hann segir það vera vegarnesti sem hann hafi alltaf reynt að hafa að leiðarljósi í lífinu. Það skipti engu máli hvar maður er staddur eða hvert viðfangsefnið er, tillitssemi og umhyggja gagnvart náunganum sé alltaf mikilvæg.

Grétar segir það vel mega vera að þetta viðhorf geti komið í veg fyrir skjótfenginn ávinning í einhverjum tilvikum. Til lengri tíma litið skili það sér hins vegar alltaf að hafa þessi sjónarmið í hávegum. Þar að auki hafi það góð áhrif á sálarlífið og samviskuna. „Manni líður betur. Er hægt að óska sér einhvers mikilvægara?“ - hhs



**GRÉTAR ÞORSTEINSSON, FORSETI ASÍ** Drakk það í sig með móðurmjólkinni að sýna náunganum tillitssemi og umhyggju.



**ALCAN FÉKK GÆÐAVERÐLAUNIN 2005** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra afhendir Rannveigu Rist íslensku gæðaverðlaunin.

# Alcan hlýtur gæðaverðlaunin 2005

Alcan á Íslandi hlaut gæðaverðlaunin fyrir árið 2005. Verðlaunin eru samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Samtaka atvinnulífsins, forsætisráðuneytisins, Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Stjórnvísis og hafa verið veitt árlega frá árinu 1997. Ákvörðun um verðlaunahafa hvers árs er tekin á grundvelli EFQM-líkansins, þar sem mikilvægir þættir í stjórnun fyrirtækja og stofnana eru metnir. Sérþjálfaðir matsmenn meta þau sem koma til greina og velja svo sigurvegarann úr þeirra hópi. Markmiðið er að veita viðurkenningu fyrir framúrskarandi stjórnunarárangur og jafnframt hvetja fyrirtæki til að setja sér skýr markmið og leggja mat á árangurinn reglulega.















MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Heimsmynd þráhyggju um viðskiptalífið:

# *Í besta falli gagnslaus umræða*

**Hafliði Helgason**

Það er einkennileg umræða sem Morgunblaðið stendur fyrir þessa dagana, þar sem sífellt er reynt að sá fræjum tortryggni í garð íslensks viðskiptalífs. Sú heimsmynd sem leiðarar blaðsins og Reykjavíkurbréf birta með reglubundnum hætti er mynd af viðskiptalífi þar sem óvægin öfl hrifsa til sín auðlegð þjóðarinnar.

Hápunkti náði þessi málflutningur ritstjóra Morgunblaðsins í leiðara síðastliðinn sunnudag undir fyrirsögninni „Ribbaldaskeið?" Þar vitnar leiðarahöfundur í grein Jóhanns J. Ólafssonar sem lengi var formaður íslenskra stórkaupmanna eða heildsala eins og þeir voru kallaðir og Jónasar Haralz, fyrrverandi bankastjóra. Kveikja þeirrar greinar var Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins þar sem ritstjóri Morgunblaðsins hjó enn á ný í sama knérunn og venjulega þegar íslenskt viðskiptalíf ber á góma.

Það sem hefur einkennt þessa umræðu um viðskiptalífið hafa verið hálfkveðnar vísur sem benda eiga til þess að siðferði og starfsháttum íslenskra fyrirtækja sé verulega ábótavant. Dæmin hafa hins vegar ekki verið nefnd, en látið að því liggja að staðfest vitneskja úr launhelgum innvígðra liggi að baki þessum skrifum. Þetta eru ósmekkleg skrif og freistandi að álíta að aðrar hvatir liggi ekki að baki þeim en óvild í garð tiltekins hóps kaupsýslumanna sem hefur látið til sín taka í íslensku viðskiptalífi.

Nú er ekkert óeðlilegt við það að hnútur fljúgi um borð þegar tekist er á í viðskiptalífinu. Rétt eins og í stjórnmálum er tekist á af hörku í viðskiptum. Þar má vera að menn hafi á stundum farið fram úr sér. Heildarmyndin, ef menn hefðu áhuga á að horfa á hana, er hins vegar sú að siðferði á markaði virðist ekki verra hér en gerist og gengur í öðrum vestrænum ríkjum. Ekki hefur heldur verið á það bent að regluverk viðskiptalífsins sé í stórum dráttum öðruvísi hér en hjá þjóðum sem við viljum bera okkur saman við.

**Almenn umræða um gildi og siðferði í viðskiptum er af hinu góða. Viðskiptalífið á að vera opið fyrir slíkri umræðu og taka gild grundvallarsjónarmið sem lúta að heilbrigðri samkeppni og góðum viðskiptaháttum. Sú umræða sem Morgunblaðið stýrir nú um stundir er hins vegar sprottin af sérkennilegri þráhyggju og sókn eftir horfnum tíma.**

Vel kann að vera að ungæðisháttur hafi að einhverju leyti ríkt á íslenska markaðnum. Sérstaklega mátti sjá þess merki á fyrri hluta síðasta áratugar, þar sem verðmætar upplýsingar um skráð fyrirtæki láku út áður en þær voru almennt kunnar. Fullyrða má að dregið hafi úr slíku og að meiri agi og kröfur séu á markaðnum nú en áður.

Þeir sem sjá skrattann í hverju horni íslensks viðskiptalífs grípa oft til þeirra fullyrðinga að óráð og ævintýramennska ráði för í sókn íslensks viðskiptalífs erlendis. Fjárfestingar íslenskra fyrirtækja erlendis undanfarin misseri hafa heppnast vel. Þegar svo vel gengur vilja margir Lilju kveðið hafa og við slíkar kringumstæður eykst vissulega hættan á því að einhverjir gæti ekki nægjanlegrar varúðar. Slíkt verður einfaldlega að koma í ljós.

Almenn umræða um gildi og siðferði í viðskiptum er af hinu góða. Viðskiptalífið á að vera opið fyrir slíkri umræðu og taka gild grundvallarsjónarmið sem lúta að heilbrigðri samkeppni og góðum viðskiptaháttum. Sú umræða sem Morgunblaðið stýrir nú um stundir er hins vegar sprottin af sérkennilegri þráhyggju og sókn eftir horfnum tíma. Sú umræða kemur hvorki til með að skila bót né framþróun viðskiptalífsins.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markaðurinn.is

# Stytting menntaskólanáms

ORÐ Í BELG



**Þórður Pálsson**
Forstöðumaður greiningardeildar KB banka

Stjórnmálamenn hafa verið bornir þungum sökum í opinberri umræðu að undanförnu, eða svo má virðast, og þeir hafa verið sagðir vilja spara, eða jafnvel það sem enn alvarlegra virðist vera talið – að hagræða. Þessar ásakanir virðast angi hugsunarháttar sem leggur að jöfnu útgjöld t.d. til menntamála eða nýsköpunar og árangur.

Fáir efast um að mannauður sé mikilvægur þáttur í hagvexti og velsæld ríkja. Hins vegar eru tengslin á milli þeirrar fullyrðingar og því sem gjarnan er kallað „nauðsyn aukinna útgjalda hins opinbera til menntamála" síður en svo skýr. Í fyrst lagi er skólaganga slakur mælikvarði á mannauð, rannsóknir virðast benda til þess að þótt tiltölulega hár ávinningur sé af grunnmenntun lækki jaðarávinningurinn hratt. Í öðru lagi mælast tengsl á milli skólagöngu þjóða og hagvaxtar illa eða alls ekki og eru í besta falli umdeild meðal fræðimanna. Raunar virðist allt eins líklegt að aukin hagsæld leiði til að þjóðfélög ákveði að verja auknum fjármunum til skólagöngu eins og að skólaganga auki hagvöxt.

Annað nátengt þessu er hvernig fjármunum er varið til menntunar. Rannsóknir sýna að ekki eru tengsl á milli útgjalda til menntamála og gæða menntunar. Hins vegar hafa í sumum rannsóknum komið fram tengsl á milli gæða menntunar og hagvaxtar.

Í umræðu um menntamál hlýtur aðalatriðið að vera hvernig peningunum er varið og hvaða árangur næst. Augljósasta leiðin til að nýta fjármunina betur er að nýta sér kosti einkarekstrar a.m.k. til hliðar við ríkisrekstur. Það er þó alltaf hver og einn einstaklingur sem tekur ákvörðun um hvort og að hve miklu leyti hann ákveður að fjárfesta tíma sínum í menntun. Fólk jafnt ungt sem gamalt fjárfestir í framtíðinni og besta leiðin til að fá ungt fólk til að fjárfesta í menntun er að sjá til þess að það sé arðbært að fjárfesta í henni.

## AUKIN ARÐSEMI MENNTUNAR

Nú nýverið hefur menntamálaráðherra lagt til að menntaskólanám verði stytt í þrjú ár til samræmis við það sem víða gerist í nágrannalöndunum. Eins og við var að búast, hefur þessa tillaga mætt töluverðri tortryggni. Kennarar virðast uggandi um sinn hag enda minnkar spurn eftir þjónustu þeirra um fjórðung. Aðrir hafa talið að ekki megi stytta menntaskólann þar sem það sé svo skemmtilegt að vera í honum, það er þó lítið sem menntamálayfirvöld geta gert ef fólki leiðist eftir að menntaskóla sleppir, enda ekki skemmtimálaráðuneyti.

Hins vegar kann að vera að með styttingu menntaskólanáms verði menntaskólarnir að einhverju leyti verr í stakk búnir til að veita fólki almennan undirbúning undir lífið með t.d. kynningu á bókmenntum og listasögu. Hins vegar er vitanlega spurning hvort skólinn megi ekki nýta betur þann tíma sem hann þegar hefur til ráðstöfunar og nemendur verði ekki síðan sjálfir að afla sér slíkrar þekkingar á eigin ábyrgð, enda heimsbókmenntir einungis leiðinlegar þegar þær eru skyldulesning, eins og góð bókasala sýnir ár eftir ár.

Hins vegar hefur stytting menntaskólanáms ótvíræðan kost, en það er að auka arðsemi menntunar. Fólk bregst við hvötum og það má búast við að fólk afli sér meiri menntunar því arðbærara sem það er. Það sést t.d. með mikilli sókn í endurmenntun hvers konar um þessar mundir. Það skýrir líka hvers vegna að þrátt fyrir há skólagjöld, sækja sér fleiri háskólamenntun í Bandaríkjunum, en víðast hvar í Evrópu, þrátt fyrir að skólagjöld séu þar engin. Fólk með háskólamenntun í Bandaríkjunum er með hærri laun sem hlutfall af meðallaunum en í Evrópuríkjum, með öðrum orðum launamunur er meiri.

Arðsemi menntunar fyrir hvern einstakling er jafngild núvirtum þeim tekjum sem búast má við að menntunin veiti umfram það að sækja sér hana ekki að frádregnum kostnaðinum við menntunina auk þeirra tekna sem einstaklingurinn verður af meðan á námstíma stendur. Það eru því gróft á litið þrjár breytur sem hafa áhrif á arðsemi menntunar, grunnvextir sem ríkið hefur ekki áhrif á að öðru leyti en því að reka ábyrga ríkisfjármálastefnu, launamunur en ríkið getur haft áhrif á hann með því að draga úr jaðarsköttum, þótt sú tillaga heyrist sjaldan úr röðum mannauðsfræðinga í stétt stjórnmálamanna og svo loks með því að stytta námstíma. Stytting námstíma í menntaskóla getur því aukið arðsemi menntunar að hinum breytunum óbreyttum. Það er ekki verið að gengisfella stúdentsprófið heldur verið að horfast í augu við þá staðreynd að fyrir vel flesta nemendur er stúdentspróf ekki lengur lokamarkmið námsferils, heldur áfangi í öflun mannauðs, ferðalag sem aldrei lýkur.



**Það er þó alltaf hver og einn einstaklingur sem tekur ákvörðun um hvort og að hve miklu leyti hann ákveður að fjárfesta tíma sínum í menntun. Fólk jafnt ungt sem gamalt fjárfestir í framtíðinni og besta leiðin til að fá ungt fólk til að fjárfesta í menntun er að sjá til þess að það sé arðbært að fjárfesta í henni.**

UM VÍÐA VERÖLD

## *Fasteignir hækka í Lundúnum á ný*

**The Sunday Times** | Fasteignamarkaðurinn í Bretlandi hefur verið rólegur um hríð og ekki eru allir sammála um hvort hann fari nú að rétta úr kútnum. Þó má finna þess dæmi að fasteignir í London séu farnar að hækka á ný eftir nokkra lægð undanfarin ár. Hækkun fasteigna á vinsælustu svæðum höfuðborgarinnar var í síðasta mánuði sú mesta í tæp tvö ár og leiddu dýrar fasteignir hækkunina. Hagstætt umhverfi í bresku fjármálalífi, sem hefur sínar höfuðstöðvar í borginni, er talið geta örvað fasteignamarkaðinn og finna fasteignasalar að markaðurinn er að breytast úr kaupendamarkaði í seljendamarkað.

Útlitið er ekki eins bjart á öðrum svæðum í Bretlandi. Samkvæmt spám mun fasteignaverð lækka á öllum stöðum á næsta ári að Lundúnum undanskildum. Það væru góð tíðindi fyrir kaupendur á þessum svæðum sem eru að fjárfesta í sinni fyrstu fasteign og hafa ekki haft tækifæri til þess að kaupa vegna mikilla verðhækkana.

## *Japan frammi fyrir samfélagsbreytingum*

**The Economist** | Japanskur vinnumarkaður stendur frammi fyrir miklum breytingum sem munu hafa áhrif á allt skipulag samfélagsins. Um þetta er rætt í grein í nýjasta hefti The Economist. Japanskur vinnumarkaður er smám saman að rétta úr kútnum eftir uppsagnir, gjaldþrot og önnur áföll á japönskum vinnumarkaði síðustu ára. Nú er svo komið að sums staðar í landinu er bráður skortur á vinnuafli. Dæmi eru um að 1,7 starf sé til fyrir hvern umsækjanda.

Japanskur vinnumarkaður þarf að bregðast við. Húsbóndaholli launþeginn, tákn japanskrar uppbyggingar eftir stríð, nægir ekki til að standa undir breytingum komandi ára. Fyrst og fremst þarf að auka þátt kvenna í atvinnulífinu en þær eru ekki nema 55 prósent vinnuaflsins. Þar að auki þarf að opna dyrnar fyrir innflytjendum og fá ungt fólk og eldri borgara til að auka þátt sinn í atvinnulífinu.

ER ÞITT FYRIRTÆKI SÝNILEGT?



BROS AUGLÝSINGAVÖRUR - með þínu merki

Bros sérhæfir sig í sölu og merkingum á fatnaði, auglýsingavörum og fánum

SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 581 4141 • WWW.BROS.IS

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjálmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Gagnsæi eykst hjá Seðlabankanum

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Seðlabankinn hyggst á næsta ári taka upp reglulega vaxtaákvörðunardaga. Greining Íslandsbanka segir fyrkomulagið samræmast verðbólgumarkmiði og vera í takt við það sem tíðkast erlendis: „Gagnsæi í stjórnun peningamála mun aukast með nýrri tilhögun vaxtaákvarðana Seðlabanka Íslands.“ Seðlabankinn sendi á föstudag frá sér yfirlýsingu um breytt fyrirkomulag vaxtaákvörðunarferlis bankans. Verða frá og með áramótum teknir upp formlegir vaxtaákvörðunardagar, líkt og tíðkast víða erlendis, þar sem bankastjórnin sendir í lok viðskiptadags frá sér rökstudda yfirlýsingu um vaxtastig í endurhverfum viðskiptum við fjármálastofnanir. Ekki hefur verið gefið upp hver tíðni vaxtaákvörðunarfunda bankans verður, en erlendis eru slíkir fundir haldnir 6 til 12 sinnum á ári. Auk þessa munu Peningamál hér eftir koma út þrisvar ár hvert, en undanfarin ár hefur ritið komið út ársfjórðungslega. Fækkar einnig verðbólgu- og þjóðhagsspám bankans sem þar eru birtar til samræmis.“

„Með þessu fyrirkomulagi er reglu komið á takt vaxtaákvarðana Seðlabanka, en fram til þessa hefur allur gangur verið á tímasetningu vaxtaákvarðana hans, þótt útgáfu Peningamála hafi gjarnan fylgt tilkynningar um breytingar vaxta. Svo verður raunar áfram, en þá daga sem útgáfa ritsins fylgir ekki vaxtaákvörðun mun bankinn þó birta rökstuðning fyrir ákvörðun sinni.“ Með þessu er bankinn að færa sig nær þeim vinnubrögðum sem almennt eru talin samrýmast best verðbólgumarkmiði, en jafnan er lögð mikil áhersla á reglufestu og gagnsæi í útfærslu seðlabanka á slíku fyrirkomulagi peningamálastjórnunar. Þannig mun tímasetning vaxtabreytinga aldrei koma flatt upp á markaðsaðila, og einnig mun ákveðið upplýsingagildi felast í ákvörðun bankans um óbreytta stýrivexti á vaxtaákvörðunardögum. Í þeim löndum sem lengst er gengið varðandi gagnsæi birtast raunar fundargerðir vaxtaákvörðunarfunda svo ljóst sé hvernig ákvörðunarferlið er, og verður fróðlegt að sjá hvort slíkur háttur verður hafður á við Kalkofnsveginn.

**Þannig mun tímasetning vaxtabreytinga aldrei koma flatt upp á markaðsaðila ... Í þeim löndum sem lengst er gengið varðandi gagnsæi birtast raunar fundargerðir vaxtaákvörðunarfunda svo ljóst sé hvernig ákvörðunarferlið er, og verður fróðlegt að sjá hvort slíkur háttur verður hafður á við Kalkofnsveginn.**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Þriggja banka blokk

Það fór svo sem eins og mig grunaði að hlutafjárútboð FL Group tókst vel. Ég fékk sjálfur ekki nema hluta af því sem ég vildi í útboðinu.

Hlutföllin í hluthafahópnum komu mér heldur ekki á óvart. Baugur er orðinn jafn stór og Hannes í félaginu.

Nú eru þeir félagarnir Hannes og Jón Ásgeir komnir saman með gríðarlega öflugt fjárfestingarfélag og ef maður miðar við fyrri verk þeirra, þá verður engin lognmolla í kringum FL Group á næstunni.

Ég horfi núna mikið á Íslandsbanka, enda líklegt að þar fari eitthvað að gerast. Straumur Burðarás hlýtur að fara að selja hlutinn sinn í bankanum. Vandinn er bara sá að það eru ekki margir sem geta keypt. Jafnvel þótt ég sé frekar stöndugur, þá hefði ég ekki efni á að kaupa hlut Straums fyrir rúma fimmtíu milljarða. Ég þekki ekki marga sem ráða við svo stóra fjárfestingu. FL Group, Baugur og Karl Wernersson eru líklegustu kaupendurnir að þessum hlut. Einhverjar raddir eru um það að Björgólfur Thor sé ekkert sérstaklega á því að selja þeim þennan hlut, en spurningin er hvort aðrir kaupendur séu raunverulega í boði. Nema þá kannski að hægt sé að selja hlutinn erlendum banka sem vill komast í tæri við þann hraða sem tíðkast í íslenskum bönkum. Vandinn er að fyrir íhaldsamar erlendar fjármálastofnanir er verðmiðinn sennilega of hár.

Eftir stendur því að hætta leitinni og selja hlutinn til FL Group og Baugs og að Karl Werners stýri bankanum, Hannes FL og Jón Ásgeir Baugi. Þórður Már hefur verið að lenda erfiðari málum fyrir Straum og fer létt með að klára þetta. Síðan er hugsanlegt að FL minnki við sig í KB banka og Bakkabræður bæti við sig á móti. Þá eru menn komnir með þrjár gríðarlega öflugar viðskiptablokkir tengdar þremur bönkum. Exista og Bakkabræður með KB banka, Bjöggarnir með Landsbankann og Straum og FL Group, Milestone og Baugur með Íslandsbanka. Þetta er ekki svo slæm staða og gefur vísbendingar um að markaðurinn verði áfram í hörku sókn. Ég hef alla vega ekki fundið hjá mér neinar hvatir að undanförnu í þá átt að hverfa af þessum markaði. Hvað svo sem maður gerir einhvern tímann seinna.

**Spákaupmaðurinn á horninu**






DAGSVERK AUGLÝSINGASTOFA - 5010003

Það getur verið erfitt að telja

... en gerðu kröfur um nákvæmni

*„Hjá HM Bókhaldi gerum við kröfur um nákvæmni. Þannig spörum við viðskiptavinum okkar tíma og um leið aukum gæði vinnunnar.“*

*Hildur og Margrét hjá HM Bókhaldi.*

Navision Small Business er alhliða viðskiptahugbúnaður með einföldu og hnitmiðuðu notendaviðmóti. Kerfið uppfyllir þarfir notenda til fullnustu með stöðluðum lausnum og sérsniðnum kerfishlutum í gluggaumhverfi með mikla aðlögunarmöguleika. Small Business er því kjörið fyrir fyrirtæki í flestum atvinnugreinum.

Small Business er byggt á Microsoft Business Solutions - Navision og er sérsniðið að þörfum smærri fyrirtækja sem þurfa öflugt bókhaldskerfi. Kerfið býður upp á allt að fimm samtímanotendur og bjóðast stækkunarmöguleikar í fullt Microsoft Navision kerfi. Þannig geta smærri fyrirtæki innleitt öflugan viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með fyrirtækinu.

***Fullkominn viðskiptahugbúnaður fyrir smærri fyrirtæki!***

**Microsoft Business Solutions**
**Global ISV Partner of the Year 2005**

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 6.700 verslunum með yfir 20.000 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths supermarkets, Moss Pharmacy og Concept Sports International (EURO 2004, Olympic Games 2004).

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.landsteinarstrengur.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

AURASÁLIN

## Lög um bankaokur

**Aurasálin hefur brotið heilann** um hvað Landsbankanum gangi til með að hækka vextina á íbúðalánunum. Aurasálin er nefnilega á varðbergi gagnvart okri bankastofnana. Sjálf hefur hún nefnilega oft þurft að glíma við ósanngjarnar kröfur banka um uppáskriftir og tryggingar vegna nauðsynlegrar fyrirgreiðslu.

**Aurasálin hefur oft** verið, að henni finnst niðurlægð, af bankastjórum sem hafa neitað að lána henni nema gegn tryggingum og uppáskriftum ættingja. Þessar kröfur hafa bankarnir sett fram þrátt fyrir að Aurasálin hafi ekki verið í meiri vanskilum við bankakerfið en gengur og gerist. Bankar virðast nefnilega ekki skilja að það eru ýmis útgjöld sem þarf að standa skil á áður en kemur að því að greiða af lánum.

**Nóg eru nú gjöldin** sem tekin eru af skuldunum og því engin ástæða fyrir bankanna að vera með þessa tortryggni í garð Aurasálarinnar. Eitt tvö gjaldþrot og smávægilegar tafir á einhverjum greiðslum eru engin ástæða til þeirrar óhóflegu tortryggni sem bankarnir sína tryggum viðskiptavinum sínum.

**Þótt Aurasálin** hafi alltaf sýnt sínum viðskiptabanka mikla tryggð, þá verður það sama ekki sagt um bankann. Þar virðast menn vera í vasanum á innheimtufyrirtækjum sem heimta að fá smávægileg vanskil til þess að geta smurt ofan á þau.

**Það er því ekki að undra** að Aurasálin er tortryggin þegar banki reynir að láta líta svo út að hann sé að hækka vexti af góðmennsku og skynsemi einni saman. Þá fer Aurasálin að hugsa sinn gang og velta fyrir sér hvað að baki búi. Hækkun vaxta á íbúðalánum er til þess að græða meira. Það er eina niðurstaðan sem getur búið að baki.

**Eins og Aurasálin** hefur marg oft bent á þá eru bankarnir á höttunum eftir ofsagróða af öllu sem þeir gera. Þetta sjá því miður ekki margir. Íbúðalánasjóður á að lækka vextina ennþá meira núna og reka bankana niður. Seðlabankinn á líka að lækka sína vexti og svo á að setja lög um að bankar megi ekki hagnast nema um ákveðna upphæð sem er miðuð við eigið fé þeirra. Slíkar reglur myndu þegar hafa góð áhrif á óhófleg völd bankanna.

**Aurasálin vill ekki** láta þar við sitja. Full ástæða er til þess að setja einnig reglur um það að bannað sé að senda skuldir til innheimtufyrirtækja og dráttarvextir verði lækkaðir verulega. Allt myndi þetta stuðla að meiri jöfnuði þegnanna og aukinni valddreifingu í samfélaginu. Það er í raun furðulegt að enginn stjórnmálamaður hafi tekið upp þennan málstað. Gerist það ekki er Aurasálinni nauðugur einn kostur að fara í framboð.

# Miklu meira en fjárfesting og samvinna

**Magnús Loftsson stýrir auglýsingastofunni Hvíta húsinu og situr í stjórn bresku auglýsingastofunnar Loewy sem Hvíta húsið keypti hlut í síðasta sumar. Hafliði Helgason hitti Magnús og ræddi við hann um kveikjuna að og reynsluna af samstarfinu við Loewy.**



Fréttablaðið/Heiða

**FJÁRFEST Í ÞEKKINGARFLÆÐI** Magnús Loftsson, framkvæmdastjóri Hvíta hússins segir fjárfestingu í bresku auglýsingastofunni Loewy miklu meira en fjárfestingu. Skapandi vináttusamband hafi myndast á milli fyrirtækjanna og bæði fyrirtækin hafi notið reynslu og sambanda hvors annars.

Það fór ekki mikið fyrir því þegar auglýsingastofan Hvíta húsið keypti hlut í bresku auglýsingastofunni. Loewy. „Við tilkynntum þetta 16. júní og þjóðin var upptekin við þjóðhátíðina, svo þetta fór ekki hátt,“ segir Magnús Loftsson, framkvæmdastjóri Hvíta hússins.

Magnús hefur unnið hjá Hvíta húsinu í fimmtán ár. Kom beint frá námi í grafískri hönnun frá San Fransiskó. „Þessi grein hefur þroskast mikið á þessu tímabili. Fyrst voru þetta teiknistofur og textagerð. Síðan með breyttum fjölmiðlum kemur áherslan á hvernig eigi að koma skilaboðunum á framfæri. Þá kemur birtingahlutinn og síðan hafa komið í stórum hópum velmenntaðir markaðsstjórar hjá fyrirtækjunum sem hafa sett okkur upp við vegg og gert kröfur til okkar um að fylgja og ráða til okkar viðskipta- og markaðsmenntað fólk.“

### STÖÐUGT VAKANDI

Auglýsingageirinn hefur verið sveiflukenndur en Hvíta húsið hefur lfað í fjóra áratugi. „Okkur hefur gengið vel í samkeppnum, bæði hér heima og erlendis og markaðstjórar þrjúhundruð stærstu fyrirtækjanna hafa valið okkur þá stofu sem þeir bera mest traust til undanfarin fimm eða sex ár.“ Magnús segir að greinin krefjist þess að fólk sé stöðugt vakandi og fylgist vel með tímunum. „Við höfum sjálf staðið fyrir endurmenntun og ráðstefnum innanhúss þar sem fengist er við ákveðin verkefni, þar sem fólk þarf að afla sér þekkingar. Síðan höfum við ráðið fólk sem stendur framarlega á sviðum sem við teljum að við þurfum að styrkja okkur á.“

---

**Magnús Loftsson**
Starf: Framkvæmdastjóri Hvíta hússins
Fæðingardagur: 12. janúar 1957
Maki: Gunnar Ásgeirsson

---

Íslensk fyrirtæki hafa leitað vaxtar í útlöndum. Meðal þeirra eru viðskiptavinir Hvíta hússins. „Það eru nokkur ár síðan við unnum auglýsingar fyrir Mastercard sem voru birtar í Evrópu. Síðan bættist við vinna fyrir Actavis, þegar fyrirtækið fór í útrás. Við unnum að nafnabreytingunni og því sem fylgdi með almannatengslafyrirtæki í London sem er sérhæft í lyfjafyrirtækjum. Þeir fengu létt sjokk þegar þeir fréttu að þeir ættu að vinna með íslenskri auglýsingastofu. Síðan kom í ljós að vinnan var frábær og það myndaðiust vinátta og tengsl á milli fyrirtækjanna.“

### SKAPANDI VINÁTTUSAMBAND

Magnús segir að viðskiptavinirnir hafi verið að leita út og það hafi í fyrstu kveikt þá hugmynd að opna útibú. „Okkur var ráðið frá því. Við fórum í vinnu með Arev sem Jón Scheving Thorsteinsson rekur í London. Sú vinna leiddi til samstarfs við mann sem heitir Greg Clarke sem er sjálfstætt starfandi hausaveiðari. Hann fór að leita að fyrirtækjum sem pössuðu við andrúmsloftið hjá okkur.“ Sjö til átta stofur fundust sem féllu að skilgreiningunni. „Við heimstóttum þær og fækkuðum svo niður í þrjár og enduðum svo á einni.“ Svo vel vildi til að Loewy var ekki einungis að leita samstarfs heldur einnig fjárfesta. „Þeir vildu ekki fá banka í hluthafahópinn, heldur einhvern sem hefði skilning á þeirra rekstri.“ Niðurstaðan var kaup á tíu prósenta hlut í Loewy og Magnús settist í stjórn. „Það hefur myndast samband sem er miklu meira en fjárfesting hjá okkur og samvinna hjá báðum. Það er skapandi vináttusamband. Við fórum með alla starfsmenn okkar til London til að hitta þeirra fólk. Við pöruðum saman fólk sem er að fást við svipaða hluti hjá báðum fyrirtækjum og það ræddist við í tvo klukkutíma. Þetta var ómetanlegt og þeir sem kynntust þarna eru í miklum samskiptum og leita í reynslu og þekkingu hvers annars.“

### REYNDUR STJÓRNARFORMAÐUR

Þekkingarflæðið er því talsvert, en auk þess hafa fyrirtækin unnið saman að stærri verkefnum. „Þeir hafa reyndar komið meira hingað en við farið til þeirra og sambandið er að þróast í allar áttir og fyrirtækin njóta bæði ávinnings af þessum samskiptum og hafa lært hvort af öðru.“

Magnús segir að fyrir utan ávinninginn af þessu samstarfi hafi Loewy vaxið óháð Hvíta húsinu og fjárfestingin reynst góð. „Þegar við keyptum þá voru 45 starfsmenn. Þeir eru nú 145 og stefna í tvö hundruð fyrir jól.“ Stefnan er tekin á skráningu á Aim-markað eða tilboðsmarkað í London á næsta ári. „Stjórnarformaður Loewy heitir Luke Johnson. Hann er fjárfestir og það sem drífur hann áfram er ekki markaðsfræði og auglýsingagerð. Hann kemur með mikla þekkingu í rekstrinum. Það er þvílíkur skóli að sitja stjórnarfundi í svona fyrirtæki og sjá hvernig þetta er gert í svona fyrirtæki. Hann er jafnframt stjórnarformaður Channel Four.“ Johnson auðgaðist á kaupum á keðjunni Pizza Express 1991. „Hann var kosinn viðskiptamaður ársins 2003 í Bretlandi. Það er mjög mikilvægt að hafa svona mann á bak við sig og geta vísað til þess í samskiptum við viðskiptavini úti.“

### STÆKKUN OG SAMVINNA OPNAR NÝJAR DYR

Magnús segir að hann vænti mikils af þessu samstarfi og ekki nema brot af þeim ávinningi sem liggi í verkefninu sé kominn fram. „Þetta hefur líka myndað mjög skemmtilega orku innan fyrirtækisins. Það hefur orðið einhvers konar vakning, eins og við séum að byrja á einhverju algjörlega nýju.“ Hann segir fyrirtækið alltaf hafa gert vel við starfsfólk og uppskorið mikla starfsmannatryggð á móti. „Andinn og menningin hefur verið mannleg og við viljum halda í þetta. Við finnum fyrir því sama hjá Loewy, en það er auðvitað erfitt að halda henni þegar fjölgun starfsmanna er svona ör.“

Fjárfestingin hefur þýtt að Magnús sækir reglulega stjórnarfundi í London. Hann segist reyna að raða saman fundum í þessum ferðum til að lágmarka fjölda ferða. „Þeir hafa sýnt þessu skilning og Loewy tekið þátt í kostnaði vegna stjórnarsetunnar.“ Framundan eru stór verkefni, meðal annars fyrir Hitachi í Evrópu. „Það er verkefni til þriggja ára um endurmarkaðssetningu Hitachi í Evrópu. Stækkunin og samvinnan hafa gert Loewy mögulegt að koma til greina í slík verkefni.“

Magnús segir að þrátt fyrir mikinn eril þá gefist tími til að sinna fleiru en vinnunni. „Ég er frekar skipulagður þannig að mér tekst að halda helgunum nokkuð lausum.“ Hann býr í Garðabæ ásamt manni sínum og tveimur hundum. Þeir eiga sumarbústað í Fljótshlíðinni og reyna að fara mikið þangað um helgar. „Svo reynum við að fara á skíði á veturna innan- og utanlands.“

**Framundan eru stór verkefni, meðal annars fyrir Hitachi í Evrópu. „Það er verkefni til þriggja ára sem snýst um endurmarkaðssetningu Hitachi í Evrópu.“**

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Magnúsi Loftssyni*
*framkvæmdastjóra Hvíta hússins*

*Hádegisverður fyrir tvo á Hótel Holti*

*Steikt hörpuskel með sultuðum engifer, smokkfiski og lime-froðu*
*Sniglar með laukformi, sveppum og beikonsósu*
*Nautalund með piparkartöflumauki, spínati og burgundy-sósu*
*Gufusoðin sandhverfa með Jerúsalem-ætiþistlum, mangóchutney og kóríander kryddsalati.*

Drykkir
*Vatn*
*Pilsner*
*Alls 5.300 krónur*





*Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is*


Fréttablaðið/Fréttablaðið/ÓKÁ

**JÓN SIGURÐSSON FORSTJÓRI ÖSSURAR** Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, kynnti byltingarkennt nýtt gervihné fyrirtækisins á blaðamannafundi í New York í síðustu viku. Á innfelldu myndinni má sjá umfjöllun um nýja hnéð í nýjasta hefti Popular Science.

### Byltingarkennd nýjung frá Össuri:

# Notendur vilja það besta

Stoðtækjafyrirtækið Össur treystir á að þrýstingur frá notendum gervilima þrýsti á heilbrigiðsstofnanir og almannatryggingar að taka þátt í kostnaði notenda við kaup á byltingarkenndum gervilim sem ber heitið Power Knee og var nýverið kynntur á blaðamannafundi í New York í Bandaríkjunum. „Notendur vilja fá það besta hverju sinni,“ sagði hann.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, upplýsti á fundinum að nýja hnéð væri margfalt dýrara en forveri þess, svokallað Rheo Knee, en það kostar um 16 þúsund bandaríkjadali. Hann vildi þó ekki upplýsa um hvað gervilimurinn kæmi til með að kosta, né heldur hver væri þróunarkostnaður við nýja hnéð. „Stundum hefur verið talað um að gervilimur kosti á við nýjan bíl, en Power Knee er á við marga nýja bíla,“ sagði hann á fundinum.

Gervihnéð er vélknúið og búið gervigreind og gerir notandanum því kleift að ganga upp bæði slakka og tröppur, auk þess að auðvelda mjög allan venjulegan gang. „Svo gagnast það náttúrlega mjög þeim sem aldraðir eru og veikburða og hafa misst útlim vegna veikinda,“ sagði Jón.

Nýja hnéð á að fara í almenna sölu eftir áramót, en um það er fjallað í nýjasta hefti bandaríska tímaritsins Popular Science. Þar er Power Knee hnéð valið sem ein af 100 áhugaverðustu tækninýjungunum á árinu. - óká







Glæsileiki að utan
Framþróun Bose að innan

Bose Lifestyle 48: Heildarlausn í hljómtækjum sem uppfyllir þínar þarfir

Bose Lifestyle 48 DVD hljómtæki er lausn sem endurspeglar hvernig fólk vill upplifa tónlist og heimabíó.

Sameinar stíl og framþróun Bose

Lifestyle 48 sameinar stíl og framþróun sem aðeins Bose býr yfir, þannig að hlustun á tónlist og að horfa á kvikmyndir verður einfaldara og ánægjulegra.

Tækni sem stillir hljómtækin sjálfvirkt

Lifestyle 48 er búið ADAPTiQ, byltingarkenndri tækni frá Bose sem stillir hljómtækin sjálfvirkt með hljóðmælingum og aðlagar sig að rýminu þar sem tækin og hátalararnir eru. Einstök tækni sem þú nýtur eingöngu í Bose hljómtækjum.

Þinn eigin plötusnúður

Lifestyle 48 er enn fremur búið uMusic sem er þinn eigin plötusnúður. Þú hleður tónlistinni af geisladiskunum, og geymir allt að 340 klst. af þinni tónlist. uMusic lærir á þinn smekk, veit hvað þér líkar og spilar það sem þú vilt heyra.

Með því að velja Bose ertu að fullkomna heimilið þitt.

BOSE
Better sound through research.



Kíktu í verslun Nýherja, Borgartúni 37, og heyrðu hljóminn í Bose.

Opið alla virka daga frá 09:00 – 18:00 og á laugardögum frá 10:00 – 16:00.

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Veitum persónulega og faglega þjónustu á sviði ráðninga

Vantar þig starfsfólk...

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

www.radning.is
Háaleitisbraut 58 - 60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is



**FAGNA AÐ RÁÐSTEFNU LOKINNI** Valur Valsson, stjórnarformaður Útflutningsráðs Íslands, Wan Jifei, formaður CCPIT (China Council for the Promotion of International Trade) í Kína, Baldur Hjaltason, formaður Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins.

# Hátíðarráðstefna ÍKV

Í tilefni af tíu ára afmæli Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins var efnt til hátíðarráðstefnu á Hótel Sögu þriðjudaginn 8. nóvember. Hvergi í heiminum er jafnmikill uppgangur og í Kína um þessar mundir. Hagvöxturinn í landinu hefur verið gríðarlegur undanfarin ár, fyrirtæki spretta fram og lífskjör þegnanna batna. Samhliða bættum kjörum hefur kínverskum ferðamönnum fjölgað mjög í Evrópu og samkvæmt Alþjóðaviðskiptastofnuninni munu kínverskir ferðamenn verða í kringum 100 milljónir í heiminum árið 2020.

Til ráðstefnunnar voru mættir valinkunnir innlendir og erlendir fyrirlesarar sem fjölluðu um sóknartækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu sem felast í sífellt vaxandi ferðalögum Kínverja til Evrópu.

AÐEINS FYRIR KARLMENN
L'ORÉAL PARIS men expert
ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ LÍKA SKILIÐ

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Verndum heyrn
Skoðaðu úrval af heyrnahlífum á www.66north.is/heyrn
66° NORÐUR
66°Norður - Miðhraun 10 - 210 Garðabæ - Sími: 535 6600 - Fax: 535 6601

Skrifstofuhúsgögn
Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

Allt til innpökkunar!
GRÆNN MARKAÐUR
Eingöngu sala til fyrirtækja.
Opið frá kl. 08.00-16.00
Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - Sími: 535-8500 - Netfang: info@flora.is

Þú sinnir öðru á meðan við sinnum þínum flutningamálum
Fraktlausnir
Flutningar án landamæra
Vöruhús · Sjófrakt · Flugfrakt · Útflutningur · Tollskýrslugerð · Akstursþjónusta · Hraðsendingar
Skútuvogur 1e · Sími 5 200 600 · frakt@frakt.is · www.frakt.is

20% AFSLÁTTUR af vefsíðugerð!
Fáðu þér nú nýja og glæsilega vefsíðu
Tilboðsverð aðeins kr. 103.920,- +vsk
Við hönnum vefsíður fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Við bjóðum þér framtíðar vefsíðulausnir sem eru notendavænar og hagkvæmar!
www.8.is
HAFÐU SAMBAND STRAX!
Tilboðið gildir til 1.janúar 2006
ALLRA ÁTTA | SÍMI 588 8885 | 8@8.IS

Talstöðin FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Viðhaldsfrítt skiltakerfi fyrir fjölbýlishús
Breytingar prentaðar á venjulegan prentara!
www.merkismenn.is
BJÓÐUM EINNIG:
• Sandblástursfilmu
• Bílamerkingar
• Varúðar- og bannmiða
MERKISMENN Skiltagerð
Ármúla 36 • Sími: 544 2030



**NÝSKÖPUNARVERÐLAUN SAF VORU AFHENT VIÐ HÁTÍÐLEGA ATHÖFN Á GRAND HÓTELI REYKJAVÍK Á FÖSTUDAGINN.** Stephen Brown, svæðisstjóri Icelandair á Bretlandseyjum, hélt ræðu og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra afhenti verðlaunin. Nýsköpunarverðlaunin hlaut Adrenalín.is fyrir nýja adrenalíngarðinn á Nesjavöllum sem tekinn var í notkun í júlí 2005. Þar er háloftabraut, svifbraut, risaróla, klifurveggur og fleira sem kemur adrenalíni af stað. Adrenalín.is er í eigu Ferðaskrifstofunnar Ultima Thule. Þar að auki hlutu Fjord Fishing á Vestfjörðum og Veg Guesthouse á Suðureyri viðurkenningu.



**GUÐMUNDUR V. FRIÐJÓNSSON OG HARPA GUÐNADÓTTIR TAKA VIÐ VERÐLAUNUM FRÁ ÁRNA MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA.** Fjármálaráðuneytið veitti hvoru þeirra um sig 250 þúsund krónur fyrir lokaverkefni þeirra á meistarastigi í hagfræði og viðskiptafræði. Í lokaverkefni sínu við Háskóla Íslands fjallaði Harpa um hagstjórn en efni meistararitgerðar Guðmundar frá Viðskiptaháskólann í Árósum var hagkvæmni myntsvæða.

# Ísmar tekur við CAT vélstýringum

Ísmar, sem undanfarin ár hefur þjónustað verktaka, verkfræðistofur og ríkisfyrirtæki með landmælingatæki og vélstýringar, hefur tekið að sér sölu og þjónustu á samsvarandi búnaði sem Hekla flytur inn frá Caterpillar.

Trimble, sem Ísmar hefur umboð fyrir, er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu vélstýringar sem eru mjög útbreiddar hérlendis. Caterpillar frá Heklu er leiðandi í framleiðslu á hvers kyns vinnuvélum. Fyrirtækin tvö, Trimble og Caterpillar, eru í samstarfi varðandi framleiðslu á vélstýribúnaði sem byggir á rafeindatækni sem Trimble hefur þróað og sérhæft sig í um árabil. - hb












**VIÐ UNDIRRITUN SAMNINGS PARX OG LÍN** Samningur þess efnis að ParX viðskiptaráðgjöf IBM taki að sér fjármálastjórn fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna var undirritaður í október og gildir fram til 15. apríl 2006. Ástæða samningsins er að fjármálastjóri LÍN er í fæðingarorlofi á þessum tíma. Fyrirtækið mun aðstoða LÍN við áætlanagerð, fjárstýringu og önnur verkefni fjármálastjóra. Það mun einnig yfirfara ferla á fjármálasviði LÍN og ráðgjafar ParX gera úttekt á starfseminni og skila niðurstöðum sínum við lok verksamnings.






# Góð hönnun skiptir sköpum fyrir skynjun neytandans

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Hilary Hoeber*

*verkefnisstjóra umbreytingarsviðs hönnunar- og ráðgjafafyrirtækisins IDEO*



**Hvers vegna er hönnun mikilvæg?**
Í nútíma viðskiptaumhverfi er gnægð valkosta hvort sem litið er til vöru, þjónustu eða upplifana. Þar af leiðir að vara, þjónusta eða upplifun þarf að skara fram úr. Hún þarf að hafa eitthvað einstakt sem dregur fólk að henni. Tilfinningalegt og/eða hagnýtt gildi þarf að vera til staðar auk góðrar hönnunar.

**Hvaða gildi hafa hönnunarvörur fram yfir fjöldaframleiddar vörur?**
Fjöldaframleiðsla og góð hönnun getur farið saman. Vel hönnuð vara framkallar „vá“-tilfinningu og forundran; Maður fær það á tilfinninguna að einhver skilji mann og þarfir manns og hafi gengið skrefi lengra til að koma manni á óvart eða gleðja mann. Það er hönnun á bak við allar vörur – munurinn liggur í því hversu mikilli athygli var veitt í að skilja hvernig varan passar inn í líf fólks. Ef það er gert rétt verður skynjunin meira virði fyrir neytandann.

**Tapar góð hönnun gildi sínu við fjöldaframleiðslu?**
Ekki ef þarfir neytandans eru virtar. Fjöldaframleiðsla þýðir ekki það að vara geti ekki verið sérsniðin fyrir fjöldann. Fleiri og fleiri vörur, þjónusta og upplifanir gera viðskiptavininum kleift að að bæta eigin hugmyndum við hana til að gera hana að sinni eigin.

**Hvaða mikilvægi hefur hönnun fyrir stöðu vöru á markaði?**
Fyrirtæki geta ekki lengur gengið að ákveðinni markaðshlutdeild vísri til lengri tíma. Þau verða stöðugt að ýta undir öðruvísi hugsun, skapa ný tækifæri og prófa nýjar vinnuaðferðir. Alla jafna selst vel hönnuð vara betur en verr hönnuð vara. Þar fyrir utan getur góð hönnun því sem næst leitt af sér dýrkun á ákveðinni vöru, þjónustu eða upplifun. Með auknu mikilvægi maður-á-mann markaðssetningar getur góð hönnun því valdið risi eða falli ákveðinnar vöru, þjónustu eða upplifunar.

**Hvers konar vörur eru háðastar góðri hönnun?**
Hönnun skiptir sérstaklega miklu máli fyrir þroskaða vöruflokka eins og bíla og rafmagnstæki. Í þessum tilfellum er góð hönnun oft það eina sem getur greint að tvær mismunandi vörur. Samt sem áður má færa fyrir því rök að góð hönnun sé einnig mikilvæg nýjum vörum. Sjáðu til dæmis hvaða áhrif góð hönnun iPod-spilarans hefur á þróun markaðarins. Hver segir að hönnun góðrar læknavöru geti ekki einnig verið afskaplega mikilvæg, ef hún getur orðið til þess að bjarga bara einu mannslífi?

**Er alltaf arðvænlegt að taka hönnun með í reikninginn, sama til hvaða geira er litið?**
Við trúum því að það sé alltaf arðvænlegt að taka hönnun með í reikninginn þar sem alltaf er verið að skapa ákveðna upplifun fyrir viðskiptavininn. Gildir þá einu hvort um er að ræða hönnun á vöru, þjónustu, umhverfi eða ferli. Fyrirtæki sem eyða tíma í að hugleiða fyrir alvöru hvað viðskiptavitin þeirra vantar og það samhengi sem hann lifir í standa sig nánast alltaf betur í að ná hlutunum réttum í fyrstu tilraun. Ef þú eyðir ekki góðum tíma í hönnunina í upphafi þarftu að treysta á að markaðurinn hjálpi þér við að finna hvað fór úrskeiðis. Markaðurinn er vægðarlaus staður þegar að því kemur að fá annað tækifæri.

**Hvernig skynjar þú stöðu Íslands í því ferli að meta gildi hönnunar í samanburði við önnur lönd?**
Á meðan á vikuheimsókn okkar til Íslands stóð áttuðum við okkur á því að góðri hönnun er gefið mikið gildi á Íslandi. Við heimsóttum fyrirtæki eins og Marel þar sem við fylgdumst með frumlegum og vel hönnuðum vinnuferlum sem voru útfærðir fyrir samskipti fyrirtækja við fyrirtæki. Við sáum skapandi notkun daglegra hluta og hönnun sem virkilega var framúrskarandi.



**GUÐBJÖRG GISSURARDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI HÖNNUNARVETTVANGS.** Hönnunarvettvangur stendur fyrir Hönnunardögum 2005 nú í nóvember. Markmiðið er að efla íslenskt hönnunarsamfélag með því að kynna íslenska hönnun, hér heima og erlendis.

# Grunnurinn að velgengni fyrirtækja

**Hönnunarvettvangur vinnur ötullega að því að opna augu fyrirtækja fyrir ígildi hönnunar. Guðbjörg Gissurardóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarvettvangs, segir að með því að nýta betur íslenska hönnun megi auka samkeppnishæfni og virðisauka í íslensku atvinnulífi.**

MÁLIÐ ER *Hönnun*

Nú í nóvembermánuði standa yfir Hönnunardagar 2005 fyrir tilstuðlan Hönnunarvettvangs. Stofnun Hönnunarvettvangs hafði verið lengi í pípunum, að sögn Guðbjargar Gissurardóttur framkvæmdastjóra, en honum var hleypt af stokkunum í maí síðastliðnum. Að því stóðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Útflutningsráð, Form Ísland, Impra nýsköpunarmiðstöð og Reykjavíkurborg.

Hönnunarvettvangur á að virka sem brú milli hönnunar og viðskiptalífsins. Hann á að efla íslenskt hönnunarsamfélag með því að kynna og efla íslenska hönnun hér heima og erlendis. „Það þarf að opna augu atvinnulífsins fyrir gildi hönnunar og hvetja fyrirtæki til að nota í auknum mæli hönnun við vöruþróun og markaðssetningu. Þannig skapast samkeppnisforskot og virðisauki í íslensku atvinnulífi,“ segir Guðbjörg.

Þessu markmiði reynir Hönnunarvettvangur að ná með því að vinna með hönnuðum og virkja það hönnunarsamfélag sem fyrir er á Íslandi. Guðbjörg segir íslenska hönnuði ekki nýtta nægilega vel og að íslensk fyrirtæki þurfi að taka hönnun inn fyrr í ferlinu, til að mynda þegar kemur að vöruþróun. Oft sé það álitið seinni tíma mál að koma með hönnuði að verkunum. Betri árangur náist þó af því að hafa hönnuðinn með strax frá upphafi.

Guðbjörg bendir á rannsóknir breska hönnunarráðsins (British Design Council) sem hefur unnið margar rannsóknir á þessu sviði og getið sér góðs orðspors. Nýverið birti ráðið niðurstöður könnunar sem gerð var meðal 1500 breskra fyrirtækja af öllum stærðum og úr ýmsum geirum. Þær sýna að fá bresk fyrirtæki eru búin þeirri getu og hæfni sem þarf til að samtvinna hönnun starfsemi sinni. Það þyrftu þó að skerpa á þeim þætti þar sem niðurstöðurnar báru með sér að 45 prósent þeirra fyrirtækja sem nota ekki hönnun til að bæta samkeppnisstöðu sína keppa fyrst og fremst á verðgrundvelli. Þar sem hönnun er innvikluð í starfsemina er það hlutfall 21 prósent.

Samkvæmt könnun breska hönnunarráðsins setja þau fyrirtæki sem eru í hvað örustum vexti hönnun í annað sæti yfir mikilvægustu þætti velgengni sinnar. Einungis markaðssetninguna telja þau mikilvægari þátt. Sé hins vegar litið á öll fyrirtækin sem tóku þátt í könnuninni má sjá að fjármál eru talin mikilvægust og hönnun sett í sjöunda sæti. Hönnun er óaðskiljanlegur hluti eða mikilvæg 33 prósentum vaxandi fyrirtækja í Bretlandi en einungis ellefu prósenta þeirra sem eru í rénun.

Liður í Hönnunardögum 2005 var að bjóða hingað til lands fulltrúum hönnunar- og ráðgjafarfyrirtækisins IDEO sem hlotið hefur fjölmörg verðlaun fyrir nýsköpun og hönnun. Talsmenn IDEO kynntu starfsemi sína á fyrirlestri á Kjarvalsstöðum, auk þess að halda nýsköpunarnámskeið sem var vel sótt. Fyrirtækið var í fyrstu sérhæft í vöruhönnun en hefur síðastliðin fimm ár haft deild í þróun sem aðstoðar fyrirtæki við að innleiða nýsköpunarhugsunarhátt. Það er því að heimfæra vinnuaðferðir sínar í vöruhönnun yfir í þróun á þjónustu og upplifunum.

Innblástur sérfræðinga IDEO kemur að miklu leyti frá því að fylgjast með notkun fólks á þjónustu og vöru. Að mati þeirra er að of miklu leyti litið á nýsköpun út frá tæknilegu hliðinni eða viðskiptatækifærinu. Það vilji gleymast að sækja innblástur til þeirra sem eiga að nota vöruna, fólksins. Viðbrögð þeirra við beiðni bandarísks lestafyrirtækis um hönnun á nýjum sætum lýsir kannski best vinnuaðferðum IDEO. Sérfræðingar þeirra fóru og skoðuðu allt ferlið frá því að viðskiptavinurinn kemur og kaupir miða allt þar til hann er sestur í sætið. Þeir komust að því að sætið var í raun númer átta á listanum yfir það sem þyrfti að laga til að gera heildarupplifun viðskiptavinarins ánægjulega.

Í dag líta stór ráðgjafafyrirtæki á borð við Boston Consulting á IDEO sem ógn í sívaxandi samkeppninni um á ráðgjafamarkaðnum. Nýsköpun er grunnurinn að velgengni í dag að margra mati. IDEO-menn hafa mikla reynslu og nota nýja nálgun til að efla nýsköpun sem er það sem mörg fyrirtæki eru að leita eftir í dag.

Næstu daga verður framhald á Hönnunardögum 2005. Fyrst ber að nefna opnun sýningar á íslenskri hönnun þann 17. nóvember. Sýningin er haldin í nýju Laugardalshöllinni og kallast hún Brum. Kaupstefna Húsa & híbýla opnar þar á sama tíma. Þann 18. nóvember verður fyrirlestrasyrpa og er viðfangsefnið hönnun af ýmsum toga og viðskipti tengd hönnun. Þann 19. nóvember verða svo 26 hönnunarsýningar víðs vegar um bæinn opnaðar. Það er því af nógu að taka fyrir þá sem kunna að meta góða hönnun á næstu dögum. **- hhs**



HRAÐI OG ÖRYGGI
- í flutningum

Jónar geta látið sækja vörur heim að dyrum birgja nánast hvar sem er í heiminum, komið henni í skip eða flugvél eftir þörfum og séð um alla tilheyrandi skjalameðhöndlun erlendis og hérlendis. Auk þess leggja Jónar til alla þá vöruhúsa- og akstursþjónustu sem til þarf.

www.jonar.is

JÓNAR TRANSPORT



**ÝMSIR ÞÁTTTAKENDUR Í MARKAÐSDEGI Í KAUPHÖLLINNI Í LONDON** Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra Íslands í Bretlandi og Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka opnuðu markaðinn með táknrænum hætti.

# Íslensk fyrirtæki kynnt í London

Markaðsdagur var haldinn síðastliðinn þriðjudag í Kauphöllinni í London að frumkvæði Kauphallar Íslands. Markmiðið var að kynna íslenskan fjármagnsmarkað og fyrirtæki fyrir breskum fagfjárfestum. Skapa þannig virkan vettvang til að miðla fjárfestingasögu íslenskra fyrirtækja og hvetja þannig til fjárfestinga á íslenskum markaði.

Fyrirtækin sem þátt tóku í kynningunni voru Bakkavör Group, Dagsbrún, FL Group, Íslandsbanki, Kaupþing Banki, Landsbanki Íslands og Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki. Hvert þeirra fékk tækifæri til að kynna fjárfestingasögu sína og átti í kjölfarið fundi með hugsanlegum fjárfestum.

Um fjörutíu fjárfestar og greiningaraðilar sóttu atburðinn. Að sögn Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallar Íslands, gekk fundurinn vel og hlaut góðar viðtökur. Hann segir mikla viðhorfsbreytingu hafa orðið og Kauphöllin merki stóraukinn áhuga á skráðum íslenskum fyrirtækjum. - hhs



**TONY SHEARER OG ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Stjórnmálamenn og kaupsýslumenn voru áberandi í hófi sem KB banki stóð fyrir í Þjóðmenningarhúsinu fyrir helgi af því tilefni að bankinn hefur nú fest kaup á breska bankanum Singer&Friedlander. Tony Shearer er fyrrverandi forstjóri Singer&Friedlander í London en Ármann Þorvaldsson tók nýverið við þeirri stöðu. Shearer er hér á spjalli við forseta Íslands.


VISSIR ÞÚ AÐ Á ÍSLANDI ERU MEIRA EN NÍU ÞÚSUND BANKASTJÓRAR?



...og þeir eru næstum allir að tapa peningum.

Næstum því öll fyrirtæki á landinu eru í útlánastarfsemi. Flest meðalstór fyrirtæki eiga milljónir útistandandi hjá viðskiptavinum sínum og eru þannig í raun að reka lítinn banka samhliða annarri starfsemi. Midt Factoring sérhæfir sig í að gera þessi lánsviðskipti hagkvæm.

Við erum sérfræðingar í umsjón og eftirliti með útistandandi skuldum fyrirtækja. Fyrirtækið þitt sendir út reikningana en skuldarar inna greiðslur af hendi til okkar og við færum viðskiptamannabókhaldið.

Fáðu 80% af útsendum reikningum greidda strax

Í hvert sinn sem þú sendir frá þér reikning greiðum við þér stóran hluta reikningsins um leið og vara er afhent. Að jafnaði er það hlutfall 80% af heildarfjárhæðinni.

Afgangurinn er síðan greiddur þegar skuldari hefur staðið í skilum við Midt Factoring. Þetta gjörbreytir lausafjárstöðu fyrirtækisins. Næstum því allar útseldar vörur og þjónusta verða strax að beinhörðum peningum sem nýtast í rekstrinum.



Þú getur alltaf fengið ítarlegt yfirlit yfir stöðu mála á www.mfi.is

Það er ekkert eins dýrt og að eiga ekki peninga

Með betri lausafjárstöðu hafa viðskiptavinir okkar möguleika á staðgreiðsluafsláttum og fjármagnskostnaður þeirra lækkar. Innheimta viðskiptaskulda batnar og færri þeirra eru afskrifaðar. Viðskiptavinir okkar hafa staðfest að þeir hagnast verulega á samstarfi sínu við Midt Factoring.

SVONA ER FERLIÐ:




Þegar þú afhendir viðskipavini þínum reikning leggjum við stóran hluta upphæðarinnar (80% að jafnaði) inn á reikning hjá þér. Afganginn færðu greiddan þegar lokagreiðsla berst til okkar.

Hagkvæmur kostur

Þjónusta okkar er sniðin að þörfum hvers og eins viðskiptavinar til að ná fram sem mestri hagkvæmni. Verðlagningin er einnig sniðin að hverjum og einum og er byggð á fjölda reikninga og viðskiptavina, áhættu, lánstíma, greiðsluskilmálum o.fl. Þannig verður t.d. fjármögnun viðskiptakrafna (80 prósentin) að afar hagstæðum valkosti fyrir flest fyrirtæki.

Prentsmiðjan sem hætti að vera banki

„Við skiptum við fjölda fyrirtækja í lánsviðskiptum og þjónusta Midt Factoring hefur gert okkur mögulegt að stjórna þessum lánsviðskiptum með arðbærum hætti," segir **Konráð Ingi Jónsson** hjá **prentsmiðjunni Litróf** sem hefur verið viðskiptavinur okkar síðan í maí 2003.




„Samstarfið hefur gerbreytt fjárhagsstöðunni og gert okkur kleift að vaxa af meira öryggi en áður."

Fyrir ólík fyrirtæki af ólíkum ástæðum

Það eru ýmsar aðstæður sem gera Midt Factoring að góðum kosti. Þjónustan hentar einkum fyrirtækjum sem eiga viðskipti við önnur fyrirtæki fyrir meira en þrjátíu milljónir króna á ári og uppfylla eitt eða fleiri af þessum atriðum:

- Margir viðskiptavinir og reikningar
- Þörf fyrir lausafé
- Greiðslufrestur veittur
- Miklar vörubirgðir
- Starfsemi á útflutningsmörkuðum
- Áhættusöm starfsemi
- Mikill vöxtur í fyrirtækinu

Hafðu samband við okkur og kynntu þér þjónustuna nánar. Við tökum vel á móti þér og förum vandlega yfir málin.

Við erum til húsa að Suðurlandsbraut 20 og síminn hjá okkur er **553 6300**.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á **www.mfi.is**.

MidtFactoring á Íslandi hf.

Midt Factoring á Íslandi hf. var stofnað árið 2000 og er dótturfyrirtæki Midt Factoring A/S sem er eitt stærsta og virtasta fyrirtæki í Danmörku á sínu sviði.

JÓNSSON & LE'MACKS | 1171






SecurStore – sjálfvirk, örugg netafritun

Engar spólur
Enginn stofnkostnaður
Háþróuð dulkóðun
Hröð endurheimt gagna
Vöktun 24/7

Microsoft CERTIFIED Partner

575 9200 | www.securstore.is

SECURSTORE BUSINESS BACKUP GUARD

MIXA • fít • 50834

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**



## Markið sett hátt

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, var glaðbeittur og fastur fyrir í sjónvarpsfréttum á laugardag, þar sem hann sagði bankann ekki munu hækka vexti íbúðalána meðan aðrir á markaði héldu þeim lágum. Það er því ljóst að KB banki hreyfir sig ekki á þessum markaði fyrr en Íbúðalánasjóður hefur hækkað sína vexti.

Hreiðar Már var búinn að vera í miklu stuði þennan dag, því þann daginn var starfsdagur í KB banka þar sem ríkti mikill baráttuandi og hópefli. Þar flutti forstjórinn ræðu þar sem markið var sett hátt. Þá sagði hann að stefnt væri að því að KB banki yrði kominn í hóp fimmtíu stærstu banka í heimi eftir fimm ár. Það er metnaðarfullt markmið, en bankinn er í sæti á bilinu 170 til 180 í dag.

## Bið eftir viðtali

Þeir eru margir sem vilja veg kvenna meiri í íslensku athafnalífi. Meðal þeirra sem hafa hvatt til aukins hlutar kvenna í viðskiptalífinu er Morgunblaðið. Það voru því margir sem áttu von á því að Mogginn myndi taka ítarlegt viðtal við unga konu sem varð á dögunum stjórnarfomaður í skráðu félagi í Kauphöllinni og er reyndar sú eina af skynsamara kyninu sem gegnir slíkri stöðu. Þetta er Þórdís J. Sigurðardóttir sem var kosin stjórnarformaður Dagsbrúnar sem á 365 fjölmiðlana. Eitthvað hefur dregist hjá Morgunblaðinu að fagna þessu skrefi í jafnréttisbaráttunni, en úr því hlýtur að verða bætt mjög fljótlega.

## Reglugerðarvald hjá einkaaðilum

Samspil viðskipta stjórnmála er mörgum þyrnir í augum og þá oftast þeim sem standa í viðskiptum. Í nýrri bók um Jón Ólafsson segir frá stuðningi hans við Albert Guðmundsson. Albert varð síðar fjármálaráðherra. Jón fékk hann til að fella niður vörugjald af hljómplötum. Jón gerði reyndar meira en það, Hann samdi reglugerðartextann og fór með hann til Alberts niður í Alþingi sem undirritaði hann. Jón lét ekki þar við sitja, heldur tók ómakið af ráherranum og starfsmönnum hans og fór sjálfur með reglugerðina undirritaða í Lögbirtingablaðið til birtingar. Í þetta skiptið hefur því Jóni varla fundist tengslin við stjórnmálin til trafala.

**44** milljarða hlutafjáraukning FL Group.

**4,45%** vextir íbúðalána Landsbankans eftir hækkun.

**4753** Nýtt met úrvalsvísitölunnar. xxx







TRAUST
OG ÖRUGG
ÞJÓNUSTA

Kjöreign ehf

**Fasteignasala • sími 533 4040**
**Opið mán.–fim. frá kl. 9–18, fös. frá kl. 9–17**
Dan V.S. Wiium, lögg. fasteignasali

**Árműla 21 • Reykjavík**

**VANTAR-VANTAR-VANTAR-VANTAR**

Fyrir trausta viðskiptavini okkar óskum við eftir góðum 3ja herb. íbúðum. Helst með bílskúr eða bílskýli. Góðar greiðslur í boði fyrir réttar eignir.
**Vinsamlegast hafið samband við sölumenn Kjöreignar sími - 533-4040**

**AUSTURBERG**




Frum

Falleg og mikið endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 1.hæð (jarðhæð) með sér inngangi. Stærð 91,0 fm. Stór ca 40,0 fm. tréverönd út frá stofu. Nýleg eldhúsinnrétting og nýstandsett bað, parket og flísar á gólfum. **Verð 18,9 millj.** Nr. 5262

**FOSSVOGUR / HÖRÐALAND**




Falleg og mikið endurnýjuð 4ra herb. endaíbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli. Suður svalir. Glæsilegt útsýni. Vandaðar innréttingar. Parket. Frábær staðsetning. **Laus fljótlega. Verð 22,5 millj.** Nr. 5259

**LÆKJASMÁR - KÓPAVOGUR**




Falleg og vönduð 2ja herb. íbúð á 2.hæð, efstu í litlu fjölbýli. Stærð 66,7 fm. Mahóní-innréttingar. Suðursvalir. Mjög góð staðsetning. Laus fljótlega. **Verð 16,9 millj.** Nr. 5279

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

**Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2005, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2005 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2005, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, föstu árgjaldi þungaskatts, þungaskatti skv. ökumælum, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, iðgjaldi í Lífeyrissjóð bænda, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:**

**Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.**

**Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.**

**Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.**

**Reykjavík, 16. nóvember 2005.**

**Tollstjórinn í Reykjavík**
**Sýslumaðurinn í Kópavogi**
**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**
**Sýslumaðurinn í Keflavík**
**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**
**Sýslumaðurinn á Akranesi**
**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**
**Sýslumaðurinn í Stykkishólmi**
**Sýslumaðurinn í Búðardal**
**Sýslumaðurinn á Ísafirði**
**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**
**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**
**Sýslumaðurinn á Hólmavík**
**Sýslumaðurinn á Siglufirði**
**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**
**Sýslumaðurinn á Blönduósi**
**Sýslumaðurinn á Akureyri**
**Sýslumaðurinn á Húsavík**
**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**
**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**
**Sýslumaðurinn á Eskifirði**
**Sýslumaðurinn á Höfn**
**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**
**Sýslumaðurinn á Selfossi**
**Sýslumaðurinn í Vík**
**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**
**Gjaldheimta Vestfjarða**
**Gjaldheimta Austurlands**
**Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum**

# Aðalfundur

**Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur**
verður haldinn að Tunguhálsi 3, þann 23. nóvember n.k. kl. 18.00. Stjórnin.

ATVINNA

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration

## Flugmálastjórn Íslands óskar eftir að ráða starfsmann í ræstingar í flugstjórnarmiðstöð og turni

**Starfssvið**
Um er að ræða 50% starf sem felst í ræstingu í sal flugstjórnarmiðstöðvar og 7. og 8. hæð í turni. Starfið er unnið aðra hvora viku í 7 daga í senn og frí í 7 daga.

**Hæfniskröfur**
Við leitum að starfsmanni með lipra og þægilega framkomu, sem leggur metnað sinn í að sinna starfinu af alúð.

Laun samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst.

Frekari upplýsingar um starfið gefa Stefanía Harðardóttir, verkefnastjóri síma 569-4100 og Sólveig Halldórsdóttir verkefnastjóri í síma 569-4100.

Skriflegar umsóknir með mynd, og ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf, sendist starfsmannahaldi Flugmálastjórnar fyrir 27. nóvember 2005. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugmálastjórnar, www.flugmalastjorn.is

Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir geta gilt í sex mánuði.

Flugmálastjórn Íslands er ríkisstofnun, sem innir af hendi margvíslega þjónustu í þágu flugsamgangna. Hlutverk Flugmálastjórnar er í meginatriðum að hafa eftirlit með hvers konar flugstarfsemi á vegum íslenskra aðila til að tryggja öryggi í flugi innan lands og utan, að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugumferðar- og flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug og alþjóðlegt flug yfir Norður-Atlantshafi. Stofnuninni er skipt í fjögur svið, sem samtals hafa um 250 starfsmenn um allt land. Flestir þessara starfsmanna hafa hlotið sérhæfða þjálfun. Flugmálastjórnleggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Reitur 1.152.3, Skuggahverfi**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.152.3, Skuggahverfi, sem afmarkast af Skúlagötu, Frakkastíg, Lindargötu og Vatnsstíg. Tillagan gerir ráð fyrir m.a að turnbygging á miðju skipulagssvæðinu og lágbyggingar norðan við turnbyggingar við Lindargötu eru felldar niður, jafnframt er lágbygging milli hábygginga við Lindargötu felld niður og vestari hábygging færð til austur. Það byggingarmagn sem bundið var í ofangreindum lágbyggingum verður flutt yfir í hábyggingar við Skúlagötu og Lindargötu. Einnig verður felld niður tenging lágbygginga við turn við Vatnsstíg og verður byggingin því stakstæð. Byggingarmagn verður aukið um 1250 $m^2$, byggingarmagn bílgeymslu aukið um 4000 $m^2$ og aðkomu að bílgeymslum og akstursleiðum innan lóðar verður breytt.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 16. nóvember til og með 28. desember 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, *www.skipbygg.is*. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 28. desember 2005. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 16. nóvember 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

TIL LEIGU

365

# Íbúð óskast

365 prentmiðlar óska eftir góðri 3ja herbergja íbúð til leigu fyrir starfsmann til lengri eða skemmri tíma.

Æskilegt er að íbúðin sé á svæði 105 eða 101.

Vinsamlegast hafið samband í síma 821 7572.

# AUGLÝSING
# UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

## Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunnamannahreppi og Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

**Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

**1 Fell í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**
*Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012. Tillagan gerir ráð fyrir því að 26 ha lands í landi Fells sunnan Biskupstungnabrautar, breytist úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi frístundalóða á umræddu svæði. Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna tillögunnar verða kynntar með tillögunni.*

**2 Iða í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**
*Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012 á svæði <u>innan þéttbýlisuppdráttar Laugaráss.</u> Tillagan gerir ráð fyrir að 55 ha lands breytist úr svæði undir landbúnað í svæði undir frístundabyggð. Þau svæði eru vestan þjóðvegar en einnig á spildu sunnan núverandi frístundabyggðar. Einnig breytist lóðin númer 4 við Hamarsveg (Hálsakot) úr svæði undir frístundabyggð í svæði undir landbúnað.*
*Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna tillögunnar verða kynntar með tillögunni. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi frístundalóða við Hamarsveg og Veiðiveg.*

**3 Iða II í Biskupstungum, Bláskógabyggð**
*Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012 á svæði <u>utan þéttbýlisuppdráttar Laugaráss.</u> Tillagan gerir ráð fyrir að 77 ha lands breytist úr svæði undir landbúnað í svæði undir frístundabyggð. Þau svæði eru vestan þjóðvegar að Hvítá og austan hans á móts við frístundabyggð í hlíðum Vörðufells.*
*Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna tillögunnar verða kynntar með tillögunni.*

**4 Kjaransstaðir í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**
*Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012. Tillagan gerir ráð fyrir því að 77 ha lands í nyrsta hluta jarðarinnar breytist úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð. Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna tillögunnar verða kynntar með tillögunni. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi frístundalóða á umræddu svæði.*

**5 Laugarás í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**
*Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012 innan þéttbýlisuppdráttar Laugaráss.*
*Tillagan nær til austasta hluta byggðarinnar og gerir ráð fyrir því að athafnasvæði austan Laugarássbýlisins stækkar um 0,7 ha til suðurs og að opið svæði til sérstakra nota milli Austurbyggðar og Lundarbrekku breytist í íbúðarsvæði. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi á holtinu.*

**6 Ásgarður í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi.**
Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes-og Grafningshrepps 2002 -2014.
Tillagan gerir ráð fyrir því að 55 ha í nyrsta hluta jarðarinnar, frá núverandi frístundasvæði sunnan Kálfhólsgils og Borgargils að háspennulínum undir Búrfelli og jarðarmörkum að Syðri-Brú er breytt úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

**7 Borg í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningashreppi**
*Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes-og Grafningshrepps 2002 -2014.*
*Tillagan gerir ráð fyrir því að verslunar og þjónustusvæði, 4000 m² að stærð norðan við félagsheimilið Borg, breytist í opið svæði til sérstakra nota. Einnig breytist 4000 m² svæði fyrir þjónustustofnanir og verslunar og þjónustusvæði norðan við verslunina á Borg í íbúðarsvæði.*

**8 Efri-Brú í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi.**
*Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes-og Grafningshrepps 2002 -2014. Breytingin fellst í því að núverandi frístundasvæði austan Þingvallavegar stækkar um 8 ha til suðurs meðfram veginum.*

**9 Minni-Bær í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafnings hreppi**
*Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes-og Grafningshrepps 2002 -2014.*
*Tillagan gerir ráð fyrir því að 20 ha landbúnaðarsvæðis breytist í svæði undir frístundabyggð. Landið er um 1 km sunnan bæjartorfunnar í mólendi við Stærribæjargil. Gert er ráð fyrir afleggjara frá Sólheimavegi.*

**10 Minni-Bær í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafnings hreppi**
*Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes-og Grafningshrepps 2002 -2014.*
*Tillagan gerir ráð fyrir því að 2,2 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði undir frístundabyggð. Landið er austan Heiðarbrautar sem er norðan við Biskupstungnabraut.*

**Samkvæmt 1.mgr.25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

**11 Fell í Biskupstungum, Bláskógabyggð**
*Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Fells, sunnan Biskupstungnabrautar og norðan núverandi frístundabyggðar sem kallast Holtahverfi. Gert er ráð fyrir 35 frístundahúslóðum, 5.600m² til 9.500m² að stærð. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að breytingu að aðalskipulagi.*

**12 Holtakot í Biskupstungum, Bláskógabyggð**
*Tillaga að deiliskipulagi lögbýlis. Gert er ráð fyrir byggingarreitum fyrir íbúðarhús, hesthús og geymslu á svokölluðu Kötluholti. Aðkoma verður frá Biskupstungnabraut.*

**13 Iða II í Biskupstungum, Bláskógabyggð**
*Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Iðu II á 11 ha svæði suðaustan þjóðvegar næst Hvítá. Gert er ráð fyrir 19 lóðum en þar af eru 9 byggðar. Lóð nr 4 við Hamarsveg (Hálsakot) verður landbúnaðarlóð.*
*Tillagan er auglýst samhliða tillögu að breytingu að aðalskipulagi.*

**14 Kjaransstaðir í Biskupstungum, Bláskógabyggð**
*Tillagan að deiliskipulagi frístundabyggðar á 77 ha svæði austast í landi Kjaransstaða ( hluti 3).*
*Gert er ráð fyrir 7 frístundahúslóðu, 9 til 10 ha að stærð, auk byggingarreits fyrir frístundahúsog útihús landeiganda. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að breytingu að aðalskipulagi.*

**15 Laugarás í Biskupstungum, Bláskógabyggð**
*Tillaga að deiliskipulagi íbúðabyggðar í austast í þéttbýlinu í Laugarási. Svæðið afmarkast af Hvítá í austri, núverandi byggð í suðri og austri (Árós, Brekkugerði, Lindarbrekku og Laugarási) og Ferjuvegi í norðri. Innan skipulagssvæðisins eru í gildi deiliskipulagsáætlanir frá 1997 við Bæjarholt og frá 1999 við Austurbyggð og fleiri götur. Skal hið nýja skipulag leysa hin eldri af hólmi. Skipulagssvæðið er 38 ha og þar verður blönduð starfsemi, 96 einbýlishúsalóðir og 10 parhúsalóðir þar af eru 6 lóðir þegar byggðar. Gert er ráð fyrir 6 athafnalóðum austan við Laugarásbýlið.*
*Tillagan er auglýst samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags á þessum stað.*

**16 Efstidalur í Laugardal, Bláskógabyggð**
*Tillaga að deiliskipulagi tveggja íbúðarhúsalóða í landi Efstadals II. Gert er ráð fyrir tveimur 5.000 m² íbúðarhúslóðum neðan bæjarhúsa.*

**17 Laugardalshólar í Laugardal, Bláskógabyggð**
*Tillaga að deiliskipulagi þriggja frístundalóða við frístundabústaðinn Hellishól ofan þjóðvegar í landi Laugardalshóla. Aðkoma er frá núverandi tengingu við þjóðveg.*

**18 Leynir í Laugardal, Bláskógabyggð**
*Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leynis. Svæðið er um 20 ha og liggur norðaustan Böðmóðsstaðavegar að landi Efstadals og að vegi að Bleikhóli. Gert er ráð fyrir 28 frístundahúslóðum, 5.000 m² að 8.000 m² að stærð.*

**19 Vatnskot í Þingvallasveit, Þingvallaþjóðgarði, Bláskógabyggð.**
*Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis í Vatnskoti. Gert er ráð fyrir tveimur þjónustuhúsum sem koma í stað þess húss sem fyrir er. Gert er ráð fyrir 38 bílastæðum en aðkoma verður óbreytt frá því sem nú er.*

**20 Þingvellir í Þingvallasveit, Þingvallaþjóðgarði, Bláskógabyggð**
*Tillaga að deiliskipulagi við tjald- og þjónustumiðstöð á Leirum við gatnamót Þingvallavegar og Uxahryggjavegar. Gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit við núverandi þjónustumiðstöð, nýjum byggingarreit fyrir skemmu austan við starfsmannahús og nýjum byggingreit fyrir snyrtingar á tjaldstæðinu austan þjóunstumiðstöðvar.*

**21 Minni-Bær í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi**
*Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar við Heiðarbraut í landi Minni-Bæjar. Tillagan gerir ráð fyrir 4 frístundalóðum austan og norðan Heiðarbrautar. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að breytingu að aðalskipulagi.*

**Samkvæmt 1.mgr.26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:**

**22 Brattholt í Biskupstungum, Bláskógabyggð**
*Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Brattholts. Tillagan gerir ráð fyrir því að mörk deiliskipulagssvæðis stækkar til norðurs og lóð gistiheimilis stækkar og verður 2,1 ha. Aðkoma breytist lítillega.*

**23 Ásgarður í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi**
*Tillaga að breytingu á nýsamþykktu deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Sogsbakka. Breytingin felst í að byggingarreitir á lóðum 11,13,19,21,27 og 29 verða 10m frá lóðamörkum, þó ekki nær Soginu en 100m.*

**24 Klausturhólar í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi**
*Tillaga að breytingum á skilmálum í deiliskipulagi frístundabyggðar við Seyðishóla. Í breytingunum felst að hámarksstærð bústaða verður 180 m² í stað 100m² og að hámarksstærð aukahúss verður 25 m² í stað 10 m².*

**25 Klausturhólar í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafnings hreppi.**
*Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Seyðishólum, breytingarnar felast í að stærð og lega leikvallar breytist. Ennfremur er gert ráð fyrir að lóð nr. 4cc verði nr. 2C og stækki úr 5.650m² í 9.500m².*

**26 Miðengi í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi**
*Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Farborgum. Breytingin felst í að lóðir nr. 4 ( 6.900 m² ) og nr. 6 ( 6.900 m² ) við Dvergahraun breytast í lóð nr. 4 (13.800 m²). Einnig breytast lóðir nr.10 ( 9.800 m² ) og nr.12( 6.900 m² ) við Dvergahraun í lóð nr.10 (16.700 m²).*

**27 Syðri-Brú í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi**
*Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við A- og B- götu í landi Syðri-Brúar. Breytingin felur í sér breytt lóðamörk mót vestri en við breytinguna minnka lóðirnar. Lóðirnar eru númer 1,3,5,7 og 9 við A-götu (Lækjarbrekku) og lóð nr. 3 við B-götu (Björtubrekku).*

**28 Vaðnes í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi**
*Tillaga að breytingu skilmála deiliskipulags við Efri-Markabraut, Höfðabraut og Tóftabraut í landi Vaðness. . Í breytingunum felst að hámarksstærð bústaða verður 120 m² í stað 80m² og að heimilt verði að reisa aukahús, allt að 25 m² að stærð.*

**29 Flúðir í Hrunamannahreppi, Miðsvæði.**
*Tillaga að breytingu deiliskipulags Miðsvæðis á Flúðum sem samþykkt var árið 2002. Markmið breytingarinnar er að bæta aðgengi að garðyrkjubýlinu Brún sem er austan marka skipulagssvæðisins. Í breytingunni felst að vestan íþróttavallarins er lagður vegur sem liggur frá Langholtsvegi meðfram lóðamörkum að Brún og frá honum verður tenging að garðyrkjubýlinu. Íþróttavöllurinn færist austur sem veginum nemur.*

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 16.nóvember til 14.desember 2005. Athugasemdum við skipulagstillögurnar skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 28.desember 2005 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests, telst vera samþykkur þeim.**

**Laugarvatni 11.nóvember 2005**

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu**

Clark Gable (1901-1960) lést þennan dag.

*„Það er auka ágóði ef þér líkar vel við stúlkuna sem þú elskar.“*

*Clark Gable var ástsæll bandarískur kvikmyndaleikari.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 16. NÓVEMBER 1988

# *Benazir Bhutto leiðtogi Pakistan*

Á þessum degi árið 1988 kusu íbúar Pakistan leiðtoga í lýðræðislegum kosningum í fyrsta sinn í yfir áratug. Sú sem varð fyrir valinu sem forsætisráðherra var Benazir Bhutto, dóttir fyrrum leiðtoga Pakistana, Zulfikars Ali Bhutto. Hún var fyrsta konan til að gegna leiðtogahlutverki í íslömsku ríki í nútímasögu.

Faðir Benazir hafði verið dæmdur til dauða eftir að Mohammad Zia-ul-Haq hershöfðingi hafði hrifsað til sín völd í Pakistan í valdaráni hersins árið 1977.

Næstu ár á eftir sætti Benazir oft stofufangelsi og árið 1984 flúði hún til Englands þar sem hún varð leiðtogi fyrrum flokks föður síns.

Zia forseti lést ásamt bandaríska sendiherranum í dularfullu flugslysi árið 1988. Bhutto sneri þá aftur til Pakistan og hóf baráttu fyrir lýðræðislegum kosningum sem flokkur hennar gersigraði síðan þann 16. nóvember. Ríkisstjórn Bhutto féll frá völdum árið 1990 en Bhutto gegndi á ný embætti forsætisráðherra á árunum 1993 til 1996.



BENAZIR BHUTTO

## MERKISATBURÐIR

**1624** Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal eyðileggst í óveðri en hafði þá staðið í meira en tvær aldir.

**1849** Rithöfundurinn Fjodor Dostojevskí er dæmdur til dauða en er síðar sýknaður.

**1907** Stytta af Jónasi Hallgrímssyni er afhjúpuð í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá fæðingu skáldsins.

**1917** Stofndagur Reykjavíkurhafnar.

**1931** Minkur er fyrst fluttur til landsins.

**1953** Níu sjómenn farast þegar síldveiðiskipinu Eddu hvolfir á Grundarfirði.

**1957** Nonnahús á Akureyri er opnað sem minjasafn.



Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is


†



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Jósefsdóttir**

Hringbraut 50, áður að Tómasarhaga 44, Reykjavík,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Grund þann 9. þessa mánaðar, verður jarðsungin frá Eyvindarhólakirkju, Austur-Eyjafjöllum, laugardaginn 19. nóvember kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Vilborg Sigurðardóttir**

Stórholti 20, Reykjavík áður Brimhólabraut 24, Vestmannaeyjum,

lést sunnudaginn 13. nóvember. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 22. nóvember kl. 15.00.

**Gerður Gunnarsdóttir Grétar B. Kristjánsson**
**Gylfi Gunnarsson**
**Gauti Gunnarsson**
**Sigurður Gunnarsson**
**og barnabörn**

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdamóðir, systir, mágkona og tengdadóttir,*

**Guðbjörg Hilmarsdóttir**

Seljahlíð 7e, 603 Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 11. nóvember. Útförin fer fram í Glerárkirkju mánudaginn 21. nóvember kl. 14.00.

**Smári L. Einarsson**
**Hilmar Örn Smárason** **Sigurveig Gunnarsdóttir**
**Haukur Þór Smárason**
**Signý Sigurlaug Smáradóttir**
**Hilmar Ágústsson**
**Þóra Jones** **Axel Alan Jones**
**Kristbjörg Hilmarsdóttir** **Ingólfur Sveinsson**
**Valgeir Hilmarsson** **Elín Högnadóttir**
**Signý Sigurlaug Tryggvadóttir** **Haukur Þórðarson**

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á félag aðstandenda langveikra barna á Akureyri, Hetjurnar.



**EKKI VIÐ UNGA FÓLKIÐ AÐ SAKAST** Sverrir Páll telur allt of mikið kvartað undan því að ungdómurinn sé að fara með íslenskt mál til andskotans. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU: HALDINN Í NÍUNDA SINN

# Málið þarf að komast í tísku

Líkt og í mörgum öðrum skólum og stofnunum um landið allt verður haldið upp á Dag íslenskrar tungu í Menntaskólanum á Akureyri í dag. Sverrir Páll Erlendsson er íslenskukennari þar á bæ og hefur ákveðnar skoðanir á stöðu íslenska tungumálsins. „Ég held að það hafi verið afskaplega vel til fundið að taka upp Dag íslenskrar tungu því það er mikil þörf á því að hrista okkur til annað slagið og minna okkur á að málið skipti máli,“ segir Sverrir Páll, sem vill ekki gera of mikið úr hlut unga fólksins í þeim vandamálum sem herji á móðurmálið. „Það er allt of mikið kvartað undan því að ungdómurinn sé að fara með íslenskt mál til andskotans. Það er alls ekki rétt því af einhverju lærir fólk það sem það hefur eftir,“ segir Sverrir Páll og vill meina að fyrirmyndirnar séu ekki alltaf hinar bestu.

„Málið er náttúrlega lifandi en okkur hættir til að vilja frysta það. Samt breytist ýmislegt hjá okkur sjálfum án þess að við tökum eftir því eins og setningaskipan og frasar sem koma upp og verða óðara eins og sjálfsagt mál í hugum margra sem aldrei hefðu tekið sér þetta í munn óhugsað áður,“ segir Sverrir Páll og tekur dæmi af því þegar staðfastir sjötugir Íslendingar taka upp á því að segja: „Ég er ekki að skilja þetta.“

Sverrir Páll víkur að því sem hefur verið ofarlega í umræðunni um íslenska tungumálið en það er sá skrifmáti sem börn, unglingar og jafnvel fullorðnir nota til að skrifa stuttskilaboð í SMS, MSN og á bloggsíður. „Þó að einhver skrifi á skringilegan hátt þýðir það ekki endilega að málið sé að breytast,“ segir Sverrir Páll og telur það að lesa SMS eins og frágenginn texta jafnast á við að lesa upp úr skammstafanaskrá. „Ég verð til dæmis ekki var við það þegar krakkarnir skila mér verkefnum í skólanum að þeir séu að skrifa með þeirri stafsetningu sem þeir nota á bloggsíðurnar sínar,“ segir Sverrir Páll en áréttir þó að ýmsar villur vaði uppi í málinu.

Tekur hann sem dæmi nafnorðastíl sem sé orðinn afskaplega algengur í skýrslum, greinargerðum og almennu stofnanamáli og finni sér þannig einnig leið inn í fjölmiðla. Þá sé fábreytni í málnotkun einnig áhyggjuefni, sérstaklega í fjölmiðlum en einnig hjá nemendum í skólum. „Ein ástæðan er sú að nútímaunglingar hafa svo mikið að gera að þeir hafa ekki tíma til að lesa bækur. Það eru nemendur sem ganga í gegnum grunnskóla og framhaldsskóla án þess nokkurn tíma að lesa bók af eigin hvötum,“ segir Sverrir Páll, sem telur nauðsynlegt að vekja unga fólkið til umhugsunar. „Það þarf að komast á sú tíska að það sé eftirsóknarvert að tala og skrifa gott mál. En hvernig við komum þeirri tísku á veit ég ekki,“ segir Sverrir Páll glettinn.

## AFMÆLI



Bjarki Sigurðsson handknattleikskempa er 38 ára.

## JARÐARFARIR

14.00 **Jóhanna I. Þorbjörnsdóttir**, Einigrund 5, Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

15.00 **Jóna Margrét Tómasdóttir**, Vesturgötu 7, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Björns Eiríkssonar**

Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Bráðamóttöku Landspítalans við Hringbraut.

**Hjördís Halldórsdóttir**
**Steinunn Björnsdóttir**
**Eiríkur Björnsson** **Matthildur Bára Stefánsdóttir**
**Birgir Björnsson** **Björk Alfreðsdóttir**
**Anna Björnsdóttir**
**og barnabörn.**

## ANDLÁT

**Edda Eiríksdóttir** frá Kristnesi, Reykhúsum 4c, Eyjafjarðarsveit, andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 11. nóvember.

**Guðbjörg Hilmarsdóttir,** Seljahlíð 7e, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 11. nóvember.

**Sigurður E. Þorkelsson** fyrrverandi skólastjóri, Vatnsnesvegi 29, Keflavík, andaðist á heimili sínu föstudaginn 11. nóvember.

**Sigursveinn Kristinn Magnússon**, Holtateigi 26, Akureyri, áður til heimilis Sunnuhvoli, Glerárþorpi, lést á gjörgæsludeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri föstudaginn 11. nóvember.

**Guðbjörg Karlsdóttir** frá Stekkjarholti, Ölduslóð 26, Hafnarfirði, lést laugardaginn 12. nóvember.

**Magnús Vilberg Stefánsson** matreiðslumaður, Blikabraut 11, Keflavík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 12. nóvember.

**Guðríður Guðleifsdóttir**, Markarflöt 28, áður búsett í Ólafsvík, andaðist sunnudaginn 13. nóvember.

**Ívar Magnússon** fyrrverandi verkstjóri, Lyngbraut 9. Garði, andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 13. nóvember.

**Vilborg Sigurðardóttir**, Stórholti 20, Reykjavík, áður Brimhólabraut 24, Vestmannaeyjum, lést sunnudaginn 13. nóvember.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**42** f.Kr. Tíberíus Rómarkeisari.



**1807** Jónas Hallgrímsson skáld.



**1857** Jón Sveinsson, Nonni, rithöfundur.

**1911 Oddgeir Kristjánsson** tónskáld.

# Við hjá **Ingvari Helgasyni** erum komin í sannkallað **jólaskap.** Nú bjóðum við mikið úrval **tilboðsbíla** með allt að **400.000 króna afslætti.**

## EKKI BARA
## STÓRLÆKKAÐ VERÐ!

KAUPAUKI
**75.000 kr.**
GJAFAKORT Í Smáralind

...heldur fylgir öllum seldum tilboðsbílum 75.000 króna rafrænt gjafakort í Smáralind. Allt að **100% fjármögnun**.



Fiton/SÍA

VERÐDÆMI

Komdu til okkar og fáðu þér notaðan bíl á frábæru verði og þú færð jólagjafirnar í kaupbæti!



| TEGUND | ÁRGERÐ | EKINN | VERÐ | TILBOÐSVERÐ |
|---|---|---|---|---|
| **ALFA Romeo 156** | 2003 | 30 þús | 2.580.000 | **1.990.000** |
| TOYOTA Rav4 | 2004 | 17 þús | 2.690.000 | **2.490.000** |
| **OPEL Astra 1.2** | 2002 | 99 þús | 730.000 | **580.000** |
| RENAULT Laguna | 1997 | 154 þús | 590.000 | **390.000** |
| **SUBARU Legacy Wagon** | 1998 | 121 þús | 890.000 | **690.000** |
| OPEL Astra 1.2 | 2002 | 109 þús | 690.000 | **490.000** |
| **OPEL Corsa Comfort** | 2002 | 66 þús | 850.000 | **620.000** |
| SUZUKI Vitara | 1998 | 152 þús | 620.000 | **480.000** |
| **SUZUKI Baleno 4x4** | 1997 | 150 þús | 510.000 | **370.000** |
| PEUGEOT 307 | 2004 | 12 þús | 2.350.000 | **2.080.000** |

Sjá nánari upplýsingar um tilboð á www.ih.is/notadir

**Notaðir bílar** | **Ingvar Helgason**

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00 Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is








## STUÐ MILLI STRÍÐA

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** VAR RÆND.

**BURT MEÐ** MARY POPPINS



Lenti í þeim óskunda að vera rænd úti í Danmörku í síðustu viku. Þó ótrúlegt sé þá er þetta í annað skipti sem ég er rænd. Fyrsta skipti var fyrir tæpum tveimur árum þegar ég var búin að tapa glórunni á Prikinu kvöld eitt. Skipti á glórunni og fékk geðveikt skemmtilegt dansstuð í staðinn. Dansaði og dansaði á meðan einhver óprúttinn og afar andstyggilegur einstaklingur stal úlpunni minni. Stóð skjálfandi og volandi í leigubílaröðinni það kvöldið.

Svo var það nú um daginn þegar ég stormaði í gegnum H&M á Strikinu og leitaði logandi ljósi að einhverju fallegu handa litlu systur og kærastanum mínum. Það eina sem ég fann var heljarinnar magaverkur þegar ég uppgötvaði að annar andstyggilegur einstaklingur hafði stolið töskunni minni. Öll taskan mín! Með öllum þeim hlutum sem hún inniheldur og öllum þeim peningum sem ég hafði nýlega leyst úr haldi hraðbankans. Allt er það nú í haldi einhverrar ógæfumanneskju með ljótt karma. Andstyggilega svarbrúnt karma sem lyktar af kattahlandi. Búin að bölva sjálfri mér heilmikið fyrir að vera soddan Mary Poppins, sprangandi um með úttroðna tösku af alls kyns gersemum. Ákvað því að losa mig við Mary Poppins syndrómið og vera minimalísk. Taskan mín mun aðeins innihalda síma, varasalva, lykla og veski og þá mun líka skrítni bakverkurinn sem orsakast af of miklum þyngslum á annarri öxlinni hverfa. Ta-ta! Ný manneskja komin. Einnig ákvað ég að gera karmað mitt alveg einstaklega fallegt ólíkt þeim sem fylgja rænandi fólki. Mitt verður grænt með bleikum og gulum blómum, klárlega. Byrjaði aðgerðina strax í Kaupmannahöfn þegar ég sá gulan bangsa á jörðinni. Hljóp á eftir næsta manni með barnavagn sem reyndist eiga bangsann. Bættist eitt blóm í karmað mitt. Legg til að rænandi og ruplandi einstaklingar taki sér mig til fyrirmyndar, hætti þessu rugli og geri í staðinn góðverk, það tryggir góða líðan og góða samvisku.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 9 | 7 | 1 | 8 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 | 6 | 4 |
| 6 | 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 5 | 9 | 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 7 | 5 |
| 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 5 | 1 | 3 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 2 | 7 | 9 | 6 | 3 | 8 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 6 | 5 | | 8 |
| | | 5 | 9 | 8 | | 3 | | |
| | 8 | | 4 | | | | | |
| 3 | | | 5 | | | | 8 | |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| | 2 | | | | 7 | | | 1 |
| | | | | | 9 | | 6 | |
| | | 2 | | 6 | 8 | 1 | | |
| 9 | | 4 | 1 | | | | | |



100% ÖRYGGI
EF HÚN ER EKKI INNI FÆRÐU HANA FRÍA*
*EF MYNDIN WAR OF THE WORLDS ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI. **GILDIR UM ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING
NÝJASTA NÝTT
TOM CRUISE
WAR OF THE WORLDS
MEÐ HVERRI NÝRRI MYND FYLGIR EIN ELDRI FRÍ MEÐ**
Being Julia
THE ALAMO
VILLAGE
KING ARTHUR
ELDRI MYNDIR
100% ÖRYGGI
EF HÚN ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA*
NÝJUSTU MYNDIRNAR
MEÐ 100% ÖRYGGI
BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

**Kl. 12.30**
*Á Háskólatónleikum í Norræna húsinu flytja **Kolbeinn Bjarnason** flautuleikari, **Guðrún Óskarsdóttir** semballeikari og **Úlfar Ingi Haraldsson**, sem sér um hljóðstjórn, verk eftir Úlfar Inga og Johann Sebastian Bach.*

# menning
menning@frettabladid.is

# *Íslensk tunga í brennidepli*



Bókmenntaþing ungra lesenda í Reykjanesbæ, málþing í Kennaraháskóla Íslands og málþing um Grunnavíkur-Jón í Þjóðminjasafninu eru meðal þeirra viðburða sem efnt verður til í tilefni af degi íslenskrar tungu í dag, sem jafnan er haldinn á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar.

Dagsins er minnst með margvíslegu móti, meðal annars með samkomum, sýningum og upplestrum í skólum og annars staðar víðs vegar um land.

Í ár er bryddað upp á þeirri nýjung að efna til sérstaks bókmenntaþings sem ætlað er börnum og unglingum á aldrinum tíu til sextán ára. Frummælendur verða börn og unglingar úr skólum í Hafnarfirði, Grindavík og Reykjanesbæ og fjalla þau um það hvort gaman sé að lesa. Þingið verður haldið í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju klukkan 10-12.

Á málþinginu í Kennaraháskólanum flytja þeir Haraldur Bernharðsson, Gauti Kristmannsson og Sigurður Konráðsson fyrirlestra um breytingar sem verða á íslenskri tungu og ýmsar tilraunir til þess að hamla gegn þeim.

Klukkan 16 verður svo hátíðarsamkoma í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum þar sem menntamálaráðherra afhendir Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2005 auk tveggja sérstakra viðurkenninga fyrir störf í þágu íslensks máls.

**> Ekki missa af ...**

... tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói á morgun þar sem **Rumon Gamba** stjórnar flutningi áttundu sinfóníu Sjostakóvitsj og Sinfonia de Requiem eftir Benjamin Britten.

... hinum árlega upplestri **Hins íslenska glæpafélags** á Grand Rokk annað kvöld þar sem glæpasöguhöfundar lesa úr nýjum verkum sínum.

... sýningunni **Essens** á Kjarvalsstöðum þar sem sýnt er yfirlit af verkum **Kjarvals**.

# 32 ára hléi lokið hjá Rifsberja

„Þessir tónleikar áttu að vera leyndarmál,“ segir Jakob Frímann Magnússon, einn meðlimur Rifsberja, þegar hann er inntur eftir heldur óvenjulegum atburði en í kvöld heldur áðurnefnd Rifsberja sína fyrsta tónleika í 32 ár á Næsta Bar.

Auk Jakobs spila Stuðmennirnir Þórður Árnason, Tómas Tómasson og Ásgeir Óskarsson í sveitinni en við hljóðnemann verður Gylfi Kristinsson sem hætti á sínum tíma og lagði stund á framhaldsnám í sálarfræði. „Við hljóðrituðum aldrei neitt en í síðasta mánuði fundust upptökur í Danmörku frá sunnudagskvöldi í Glæsibæ,“ útskýrir Jakob og furðar sig á fundarstaðnum. „Fyrir þá sem vilja á hinn boginn kynna sér hljómsveitina vorum við undir áhrifum hennar þegar Stuðmenn tóku upp Tívólí,“ bætir Jakob við.



**JAKOB FRÍMANN** Mun stíga á stokk með hljómsveitinni Rifsberja sem ekki hefur komið saman í háa herrans tíð
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Rifsberja spilaði þó nokkuð mikið á árunum 1971-73 og segir Jakob að flestir tónleikarnir hafi verið „djammsession“ þar sem gestir og gangandi tóku í hljóðfæri og spiluðu með hljómsveitinni. „Við spiluðum þróað og framsækið rokk og vorum í miklu uppáhaldi hjá hippum þess tíma,“ segir Jakob en sá böggull fylgdi skammrifi að lítil sala var á barnum. „Það lagði þess í stað þykkan kannabisreyk yfir salinn, bareigendum til mikils ama,“ útskýrir hann og hlær. Sveitin kom iðulega fram með þykka leðurhatta frá Guðna Erlendssyni en hann var einhver framsæknasti hippi þess tíma að mati Jakobs. „Svo vorum við alltaf í dökkum fötum,“ bætir hann við og segir að þeir hafi stundum snúið baki í áhorfendur enda hafi hljómsveitir þess tíma verið í sífelldri sjálfskoðun. „Ég veit samt ekkert hvert við snúum í kvöld,“ viðurkennir hann.

Hið sérkennilega nafn hljómsveitarinnar á sér nokkuð skringilega sögu en hún á rætur sínar að rekja til Seyðisfjarðar. „Þar var ungur drengur gripinn glóðvolgur við að ræna rifsberjum úr garði hefðarkonu. Þegar hún tók í hann varð drengurinn kjaftstopp en gat loks stunið upp einu orði sem var Rifsberja.“

- fgg

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**DIKTA** Hljómsveitin Dikta heldur útgáfutónleika í kvöld vegna nýjustu plötu sinnar Hunting for Happiness. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Hamingjan veidd með byssu

**Rokksveitin Dikta heldur útgáfutónleika á Gauki á Stöng í kvöld vegna annarrar plötu sinnar, Hunting for Happiness.**

Dikta var stofnuð þegar flestir meðlimirnir voru í níunda bekk í Garðaskóla. Árið 1999 gekk söngvarinn Haukur Heiðar Hauksson til liðs við sveitina eftir að hafa hitt bassaleikarann Skúla Gestsson í strætó og verið boðið á æfingu. Aðrir meðlimir Diktu eru Jón Bjarni Pétursson gítarleikari og trommarinn Jón Þór Sigurðsson.

Fyrsta plata Diktu, Andartak, leit dagsins ljós fyrir þremur árum og vakti hún töluverða athygli á sveitinni. Platan hefur selst í um það bil 500 eintökum sem verður að teljast gott fyrir eins lítt kunna rokkhljómsveit og hún var á þeim tíma.

Fyrrum gítarleikari Skunk Anansie, Ace, stjórnaði upptökum á nýju plötunni og gengu þær mjög vel að sögn þeirra Diktaliða. „Hann hjálpaði okkur við að velja og „strúktúra“ lögin. Þetta er rólegri plata en við héldum fyrst að hún yrði en það er allt í lagi. Platan er poppaðri í uppbyggingu laga þó hún sé rokkuð að upplagi,“ segja þeir félagar. „Við höfðum ekki verið með „pródúsent“ áður og vorum dálítið efins fyrst. Platan hefði orðið allt öðruvísi ef hann hefði ekki verið með en við erum mjög ánægðir með útkomuna. Platan er aðgengilegri en sú síðasta,“ bæta þeir við og að gítarhljómurinn sé mjög góður, enda Ace afar öflugur gítarleikari.

Aðspurðir segja þeir félagar að nafn plötunnar, Hunting for Happiness, sé fengið úr uppistandi með breska grínistanum Eddie Izzard. Þar segir hann að í Bandaríkjunum sé hamingjan veidd með byssu og síðan skotin. Dikta-liðar bæta við að bjartara sé yfir textunum á nýju plötunni en þeirri síðustu.

Dikta gerði nýverið þriggja platna útgáfusamning við Smekkleysu og er spennt fyrir framtíðinni. Sveitin spilaði á Iceland Airwaves á dögunum við mjög góðar undirtektir og myndband við lagið Breaking the Waves er jafnframt í vinnslu. Hvað varðar spilamennsku erlendis segja þeir að ekkert sé ákveðið í þeim efnum. „Ace hefur talað við fólk úti og hann lofaði að það myndi hlusta á hana [plötuna] en ekki setja hana í einhvern bunka,“ segja þeir. „Annars er ekkert planað úti.“

Útgáfutónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00 og kostar 500 krónur inn. Mr. Silla sér um að hita lýðinn upp.

**freyr@frettabladid.is**

Viltu auka möguleikana?
Skráðu þig núna!
Námskeið til aukinna ökuréttinda
Næsta námskeið
Reykjavík - 21. nóvember
Leigubifreið · Vörubifreið · Hópbifreið
Gerið verðsamanburð!
Ath! Nú greiða verkalýðsfélög allt að 40.000 kr. af námskeiði.
Skráning í 581 2780, 692 4124 og 822 2908
ÖKUSKÓLI S.G.
SÍMI 581 2780
AUKIN ÖKURÉTTINDI
LEIGUBIFREIÐ · VÖRUBIFREIÐ · HÓPBIFREIÐ

# Dæla frá sér ljóðum

Í afmælisveisku ljóð.is, sem haldin verður á Café Rosenberg í kvöld í tilefni af fjögurra ára afmæli vefsíðunnar, verður boðið upp á nýjung sem nefnist Ljóðarímixkaríókí Dadda. Þar verða á ferðinni tveir framúrstefnulegir menn sem mæta með tölvuna sína og prentara upp á svið og bjóða öllum viðstöddum að láta tölvuforrit framleiða fyrir sig ljóð eftir kúnstarinnar reglum.

„Þeir heita Sölvi og Jón, stærðfræðingur og bókmenntafræðinemi,“ segir Davíð Stefánsson, sem hefur rekið vefsíðuna ljóð.is í fjögur ár.

„Þetta var prufukeyrt á föstudaginn síðasta og vakti mikla lukku. Þetta fer þannig fram að fólk velur sér ákveðna gagnagrunna, til dæmis bloggsíður eða mbl.is eða eitthvað annað, og síðan býr forritið til ljóð úr því og prentar það út. Síðan kemur fólk upp á svið og les sjálft upp ljóðið.“



**HAUKUR INGVARSSON** Hann er eitt þeirra ljóðskálda sem lesa upp úr verkum sínum á afmælisljóðakvöldi vefsíðunnar ljóð.is, sem haldið verður á Café Rosenberg í kvöld.

Fleira verður gert til skemmtunar á afmælisljóðakvöldinu því þarna mæta skáld að lesa upp eigin ljóð, sem tölvuforritið þeirra Sölva og Jóns hefur hvergi komið nærri.

Þetta eru þau Bragi Ólafsson, Halldóra Kristín Thoroddsen, Haukur Ingvarsson, Henrik Garcia, Hildur Lilliendahl, Hörður Dan, Óttar Martin Norðfjörð og Toshiki Toma.

Skúli Þórðarson trúbador mun síðan brjóta upp hátíðleikann með eitruðum lögum sínum. ■



... mmmmmmmóna!
*NÝJAR UMBÚÐIR
*NÝJAR UMBÚÐIR
*NÝJAR UMBÚÐIR
Ljósir dropar:
Dropar úr ekta rjómasúkkulaði.
Frábærir sem skraut á kökur og
eftirrétti eða með kaffinu.
Skeljar:
Skeljar úr ekta rjómasúkkulaði.
Frábærar sem skraut á kökur og
eftirrétti eða með kaffinu.
Dökkir dropar:
Dropar úr ekta suðusúkkulaði.
Ómissandi ofan á spesíur, frábærir
í allan bakstur.
Ljós súkkulaðispænir:
Kjörinn á ísrétti, í kökur
og kaffidrykki.
Dökkur súkkulaðispænir:
Tilvalinn í kökur,
eftirrétti og kaffidrykki.
Ljós tertuhjúpur:
Fallegur ljós súkkulaðihjúpur
á kökur. Bræddu hjúpinn í
vatnsbaði eða örbylgju og helltu
honum síðan yfir kökuna.
Lúxus suðusúkkulaði:
Frábært í allan bakstur og
tilvalið í heitt súkkulaði með rjóma.
Súkkulaðibitar:
Helltu súkkulaðibitunum
beint út í deigið þegar þú
bakar ekta súkkulaðibitakökur.
Einnig tilvalið út á ísinn.
Dökkur tertuhjúpur:
Fallegur dökkur hjúpur á kökur.
Bræddu hjúpinn í vatnsbaði eða
örbylgju og helltu honum síðan yfir kökuna.
Bragðauki suðusúkkulaði:
Suðusúkkulaði með
appelsínubragði. Gefur
skemmtilega möguleika
í bakstrinum.
móna
Ljósir spænir
Dökkir spænir
Ljós TERTU HJÚPUR
Dökkur TERTU HJÚPUR
BRAGÐAUKI SUÐUSÚKKULAÐI
Súkkulaði bitar
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# Svipmyndir frá hinu liðna

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Lífsins tré**

Borgarleikhúsið / Nýja sviðið / Lífsins tré eftir Böðvar Guðmundsson / Leikgerð: Bjarni Jónsson / Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir / Leikmynd: Stígur Steinþórsson / Tónlist: Pétur Grétarsson / Búningar: Filippía I. Elísdóttir / Lýsing: Lárus Björnsson / Leikgervi: Sigríður Rósa Bjarnadóttir / Dans: Lára Stefánsdóttir / Leikarar: Björn Ingi Hilmarsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Eggert Þorleifsson, Gunnar Hansson, Halldór Gylfason, Hildigunnur Þráinsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Sóley Elíasdóttir, Valur Freyr Einarsson og Þór H. Tulinius / Hljóðfæraleikarar: Eðvarð Lárusson, Kristín Björg Ragnarsdóttir og Pétur Grétarsson

**Niðurstaða:** Það skortir eitthvað líf í þessa sýningu þótt allir séu að leggja sig fram.

Áfram er haldið að segja söguna af Ólafi fíólín og afkomendum hans. Bækur Böðvars hafa rist sig djúpt í vitund þjóðarinnar og við fyllumst aðdáun á því fólki sem tók sig upp og flutti vestur um haf á sínum tíma. Þórhildur Þorleifsdóttir fer fyrir leikhópnum í þessari sýningu sem og í Híbýlum vindanna, en notast nú við rýmið á Nýja sviðinu þar sem Stígur Steinþórsson hefur hannað tilkomumikla leikmynd sem hentar vel þeim frásagnarmáta sem leikhópurinn notar.

Það er ekki gott að átta sig á því í byrjun hvaða stefnu sagan ætlar að taka en eftir því sem líður á sýninguna verður ljóst að aðaláherslan er lögð á sögu Jens Duffrin sem Ólafur fíólín eignaðist með seinni konu sinni Elsabetu Sigfúsdóttur. Jens er með þroskafrávik eins og við myndum skilgreina það í dag og lífshlaup hans er um margt merkilegt.

Leikhópurinn vinnur eins vel og hann getur úr þessari leikgerð en hún er alls ekki gallalaus fremur en margt annað í leikhúsi. Sú aðferð að lesa langa kafla upp úr sendibréfum fannst mér ekki þjóna frásagnaraðferðinni og á löngum köflum datt sýningin niður í ládeyðu í stað þess að flæða áfram.

Jafnvel tónlistin nægði ekki til að lyfta sýningunni í hæðir. Huggulegar melódíur - en sundurlaus hljóðfæraleikur með fölsku hljómlausu píanói gaf frá sér allt of margar feilnótur fyrir minn smekk.

Útlit sýningarinnar er afar smekklegt. Nostrað er við búninga og leikmuni en lýsingin var of dimm að mínu mati. Leikarar voru oft og tíðum í hálfrökkri og fyrir þann aldurshóp sem er líklegastur til að sækja þessa sýningu hlýtur



LÍFSINS TRÉ - BORGARLEIKHÚSIÐ

að vera bagalegt að sjá ekki almennilega í andlit leikaranna. Það hlýtur að skipta meira máli en einhverjir skuggar og stemningar í ljósum og leikmynd.

Þegar öllu er á botninn hvolft þá er það leikarinn sem þarf að bera sýninguna uppi eftir að listrænir stjórnendur eru horfnir á braut til annarra verkefna. Það skortir eitthvað líf í þessa sýningu þótt allir séu að leggja sig fram.

Vissulega voru skemmtileg augnablik og maður komst við þegar Elsabet þakkaði Jóni Eyjólfssyni fyrir að hafa ekki ásakað sig þegar sonur hennar framdi voðaverkið. Sóley Elíasdóttir og Sigrún Edda voru mjög góðar sem Elsabet og Málmfríður og tókst að spanna langt æviskeið þessara æruverðugu kvenna.

Eins var Þór Tulinius afskaplega sympatískur í hlutverki templarans Jóns Eyjólfssonar. Björn Ingi átti geysifína spretti, einkum í hlutverki Valtýs, og tókst best upp þegar sonur hans verður fyrir barðinu á Jens. Birni Inga tókst að láta skína í það mannlega í Valtý þrátt fyrir harðneskjulegt yfirborðið.

Eggert Þorleifsson lék Ólaf fíólín og það kom einhvern veginn óskaplega lítið frá honum. Mér var eiginlega alveg sama um þennan mann. Mér fannst túlkunin flöt og alls ekki áhugaverð.

Gunnar Hansson fékk ekki úr miklu að moða í þessari sýningu en átti góðan lokasprett í hlutverki Lofts gamla. Frábær vinna þar. Hildigunnur og Edda Björg voru svolítið í þessu „comic-relief" hlutverki og gerðu sitt óaðfinnanlega. Einkum í hlutverkum Vombu og Trombu.

Valur Freyr þurfti að dúsa uppi í rjáfri alla sýninguna og hafði lítið annað að gera en að lesa upp úr bréfum. Heldur þótti mér það léleg nýting á leikaranum og að hann skyldi nær alltaf þurfa að tala í hljóðnema virkaði sérkennilega. Hann kom textanum sínum öllum til skila og ekkert upp á hann að klaga. Hitt verður að skrifast á leikstjórann.

Halldór Gylfason er óumdeilanleg stjarna sýningarinnar. Það er alltaf vandasamt að leika einstakling eins og Jens Duffrin. Hann ber með sér einkenni eins og tourette, ofurlítið spastískur, með lamaða andlitsvöðva, málhaltur og sitthvað annað sem flokkast nú til dags undir líkamleg og andleg þroskafrávik. Halldór vinnur hlutverkið af mikilli einurð og fagmennsku. Það er auðvelt að falla í þá gryfju að ofgera af því svona einstaklingar eru ýktir og þeirra helstu einkenni eru ýkt tilfinningaleg viðbrögð og fari þeir svo að þamba brennivín ofan í kaupið þá er ekki von á góðu. Halldór fetar þarna gullinn meðalveg og uppskeran er heilsteyptur karakter.

Í heildina hefði ég viljað sjá kraftmeiri sýningu. Kannski var ekki lagt upp með annað en að varpa upp svipmyndum frá hinu liðna. En áhrifin eru minni en efni standa til. ■


PARS PRO TOTO - DANSVERKIÐ VON BOREALIS ENSABMLE - ÁRÓRA BOREALIS

Von, dansverk eftir Láru Stefánsdóttur, framleitt af Pars Pro Toto & Áróra Bórealis, brot úr nýju verki á gömlum merg, framleitt af Borealis Ensemble.

Laugardaginn 19. nóv. kl. 20 & Sunnudaginn 20. nóv. kl. 17
Miðaverð kr. 2.000.- Ath! Aðeins þessar tvær sýningar

„Ástir og örvænting" - Hádegistónleikar 29. nóv. kl. 12.15
HLín Petursdóttir, sópran, og Kurt Kopecky, píanó
Miðaverð kr. 1.000.- (MasterCardhafar kr. 800.-)

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON
Kabarett
í Íslensku óperunni
EKKI MISSA AF KABARETT!
18. nóv. kl. 20 (aukasýning) Örfá sæti laus
25. nóv. kl. 20 (aukasýning)
26. nóv. kl. 20 ALLRA ALLRA SÍÐASTA AUKASÝNING
Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

Harmur stríðsins
Listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Rumon Gamba, fer fyrir hljómsveitinni þegar mögnuð og dramatísk verk verða flutt.
GUL TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN 17. NÓVEMBER KL. 19.30
Hljómsveitarstjóri ::: Rumon Gamba
Benjamin Britten ::: Sinfonia da Requiem
Dímítríj Sjostakovítsj ::: Sinfónía nr. 8
Tónleikakynning Vinafélagsins hefst kl. 18.00 í Sunnusal Hótel Sögu. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur kynnir efnisskrá kvöldsins. Verð 1.000 kr. Súpa og brauð innifalið. Allir velkomnir.
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Fim. 17/11, fös. 18/11 örfá sæti laus, lau. 19/11 örfá sæti laus, fim. 24/11, fös. 25/11, lau. 26/11. Aðeins sýnt í nóvember.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar fyrir jól.
EDITH PIAF
Sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Fim. 17/11 uppselt, sun. 20/11 örfá sæti laus, mið 23/11 nokkur sæti laus, mið. 30/11 nokkur sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Í kvöld mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11 uppselt, lau. 19/11, mið. 23/11 uppselt, fim 24/11 uppselt, lau. 26/11, mið. 30/11. Aðeins sýnt í nóvember.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Frumsýning lau. 26/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 4/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 11/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 18/12 kl. 14:00 og kl. 16:00.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fim. 17/11 kl. 22:30 Tónleikar Benni Hemm Hemm.
Lau. 19/11 kl. 22:30 Tangódansleikur "Milonga".
Sun. 20/11 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans. Útgáfutónleikar "Ég um þig". Agnar Már Magnússon og Kristjana Stefánsdóttir.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Stóra svið
Salka Valka
Fi 17/11 kl. 20, Fi 24/11 kl. 20, Fö 25/11 kl. 20, Su 4/12 kl. 20, Su 11/12 kl. 20
Woyzeck
Fö 18/11 kl. 20, Lau 19/11 kl. 20, Lau 26/11 kl. 21, Su 27/11 kl. 21, Mi 30/11 kl. 20 UPPS, Fi 1/12 kl. 20, Fö 2/12 kl. 20, Fi 8/12 kl. 20
Kalli á þakinu
Su 20/11 kl. 14, L au 26/11 kl. 14, Su 27/11 kl. 14, Su 4/12 kl. 14, Su 11/12 kl. 14, Má 26/12 kl. 14
Id - HAUST
Wonderland, Critic ´s Choice? og Pocket Ocean
Su 20/11 kl. 20, Mi 23/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar!
Nýja svið/Litla svið
Lífsins tré
Fö 18/11 kl. 20, Lau 19/11 kl. 20, Fö 25/11 kl. 20, Lau 26/11 kl. 20, Lau 3/12 kl. 20
Alveg brilljant skilnaður
Su 20/11 kl. 20 UPPSELT
Su 27/11 kl. 20 UPPSELT
Má 28/11 kl. 20 UPPSELT
Su 4/12 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar!
Manntafl
Fi 17/11 kl. 20, Fi 24/11 kl. 20, Mi 30/11 kl. 20
GJAFAKORT
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
18. sýn fös 18. nóv. - örfá sæti laus
19. sýn lau 19. nóv. - örfá sæti laus
20. sýn fös 25. nóv. - Nokkur sæti
21. sýn lau 26. nóv. - Nokkur sæti
22. sýn. 2. des.
23. sýn. 3. des.
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Eddu-hárið

## ...eru túberingar aftur komnar í tísku?

**Fræga fólkið á Íslandi var hvert öðru glæsilegra á Eddunni og höfðu augljóslega flestir lagt mikið upp úr því að útlitið væri sem óaðfinnanlegast. Þrátt fyrir það er alltaf hægt að finna að einhverju eða að minnsta kosti hafa skoðun á málinu. Hártískan er breytileg ár frá ári og spurning hvort fræga fólkið hafi staðið undir væntingum fagfólks í hártískubransanum en þau ættu jú að vita hvað blívar í dag. Fréttablaðið fékk fimm fagaðila til að skoða hina fjölmörgu hárprúðu kolla sem sóttu Edduhátíðina.**



### BARÐI JÓHANNSSON



**Guðrún:** Mér finnst hann kúl.

**Arna:** Hann er flott týpa, þetta er klipping sem fer ekki mörgum en hún fer honum.

**Grjóni:** Barði er kúl.

**Baldur:** Hann er skemmtileg týpa. Ég fíla samt ekki svona lufsuklippingar og mér finnst skilyrði að vera með hreint hár á Eddunni.

**Svandís:** Hann má nú alveg fara að hirða aðeins um hárið á sér.





### ÞÓRUNN HÖGNADÓTTIR OG ARNAR GAUTI

**Arna:** Hann er náttúrulega ýkt týpa. Hann hefur þó greinilega lagt mikið í hárið.

**Guðrún:** Þórunn er flott, hún hefur greinilega farið í greiðslu.

**Grjóni:** Þau hljóta að vera flott, þau eiga að vera smartasta fólkið í Reykjavík. Með síma og allt.

**Baldur:** Hann er alltaf klár með lúkkið. Hún er líka glæsileg skvísa en hefði kannski mátt setja hárið upp.

**Svandís:** Það er tilbreyting að sjá hana með meiri liði í hárinu, mér finnst liturinn líka flottur. Arnar er nú búinn að vera eins í mörg ár og mætti alveg fara að breyta til, ég myndi vilja snoða hann.

### LILJA PÁLMADÓTTIR OG BALTASAR KORMÁKUR



**Arna:** Mér finnst þau bæði svolítið subbuleg, frekar sóðalegt lúkk.

**Guðrún:** Hún mætti leggja aðeins meira í hárið, hún hefur nú alveg efni á því.

**Grjóni:** Þau eru Hollywood-stjörnur hátíðarinnar.



**Baldur:** Lilja mætti vera með meiri liði í hárinu, meira líf. Balti er svona retro týpa og mjög flottur. Það vantar þó meira metró í hann, snyrtilegri útlínur og hreinna lúkk.

**Svandís:** Þau þora að koma fram eins og þau eru.

### HELGA BRAGA



**Guðrún:** Helga er svo elegant og hefur tekið hátíðina alvarlega.

**Grjóni:** Helga er æðisleg. Ef einhver myndi púlla Silvíu Nótt af þá væri það hún.

**Baldur:** Helga er stórglæsileg og með fallegt hár.

**Svandís:** Helga er flottur karakter. Hún er samt búin að vera ansi lengi með svona topp, ég væri til í að sjá smá breytingu.

### RAGNHILDUR STEINUNN



**Grjóni:** Hún er alltaf sæt og það þarf mikið til að eyðileggja það.

**Baldur:** Mér finnst hárið á henni fallegt en látlaust, eins og hún sem er aldrei að reyna of mikið.

**Svandís:** Steinunn notar flétturnar mikið, sem mér finnst mjög flott. Það klæðir hana náttúrlega allt vel.

### EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR



**Arna:** ÆÐI!

**Guðrún:** Elegant sixtís hár. Eva er til fyrirmyndar.

**Grjóni:** Hún er flott af því hún er svo gamaldags.

**Baldur:** Hún er með annað þema í gangi en hinar, mjög öðruvísi og flott.

**Svandís:** Heildarlúkkið er mjög gott og spöngin algjör plús.

### MAGGA STÍNA OG MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR



**Arna:** Magga Stína er fyndin, þetta er ekta hún og bara mjög flott greiðsla.

**Guðrún:** Margrét Vilhjálms er með flott gamaldags lúkk og gífurlega fallegt hár, leggur mikið í það.

**Grjóni:** Mér finnst Magga Stína flott en þetta hefur kannski misheppnast eitthvað hjá henni þarna á Eddunni. Margrét er flott með hárið frá andlitinu, hún er alltaf sæt.



**Baldur:** Hárið á Möggu Stínu og fötin eru jafn fjörug og persónan. Alltaf gaman að svona týpum. Hárið hefur greinilega ekki verið aðalatriðið hjá Margréti Vilhjálms en konan og útgeislunin bæta það upp.

**Svandís:** Magga Stína er manneskja sem þorir að vera öðruvísi og það er gaman að svoleiðis fólki. Hins vegar er hægt að fara yfir strikið og verða hallærislegur. Ég hefði viljað sjá meiri mýkt hjá Margréti Vilhjálms, finnst hárið of sleikt aftur.

### HALLA GUNNARSDÓTTIR OG ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON



**Guðrún:** Mjög flott lúkk á honum, hann er töffari.

**Grjóni:** Hún er voðalega krúttleg við hliðina á sjarmörnum.

**Baldur:** Þórhallur er original töffari.



**Svandís:** Mér finnst hárið á henni of sleikt niður. Ég hefði viljað sjá meiri lyftingu á móti kjólnum. Þórhallur er svo bara klassískur herra.

### SILVÍA NÓTT

**Arna:** Hún var svo flott, hún átti kvöldið. Kjóllinn, hárið og fötin algjörlega frábær.

**Guðrún:** Hún er sigurvegari. Hárið var líka geggjað, hún hefur verið þrjá daga að túpera það.

**Grjóni:** Hárgreiðslan passaði fullkomlega við karakterinn.

**Baldur:** Hún var sigurvegari kvöldsins.

**Svandís:** Hún er frábær.

### ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR



**Arna og Guðrún:** Hún er bara mjög fín.

**Grjóni:** Hún er miklu meiri dama með hárið svona tekið upp. Gaman að sjá hana svona fína eftir að hafa séð hana í Stelpunum.

**Baldur:** Ilmur var flott, hún lífgaði upp á salinn. Hárið virkaði vel með dressinu.

**Svandís:** Ilmur er með svo flott hár og hefði átt að vera með það slegið. Það hefði líka farið betur við fleginn kjólinn.

### ORRI HAUKSSON OG ANNA ÞORSTEINSDÓTTIR



**Arna:** Hann hefur greinilega sett smá gel í hárið og greitt það aftur.

**Guðrún:** Þau hafa greinilega lagt mikið í þetta.

**Grjóni:** Þau eru bæði alveg fín en mér finnst hann samt flottari.



**Baldur:** Það er einhver stemning í þeim, það mætti þó fínpússa hárið örlítið.

**Svandís:** Flott hæð í hárinu á henni, það hefði þó mátt greiða þetta aðeins betur. Mér finnst fínt á honum hárið, flott þegar karlmenn eru með örlítinn lubba og smá skeggrót, það fer vel saman.

### ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR



**Guðrún:** Við erum ekki ánægðar með hana, hún mætti leggja miklu meira í hárið.

**Arna:** Hárið á henni er alltaf eins og hún hafi farið út með það blautt og látið það þorna. Ekki gert neitt fyrir það. Hún er ein huggulegasta kona landsins og ætti að geta lagt meira í hárið á sér.

**Grjóni:** Casual, mjög flott bara.

**Baldur:** Ein glæsilegasta kona landsins hvort sem það snýst um fötin eða hárið. Sjarmatröll.

**Svandís:** Mjög elegant kona. Ég hefði þó viljað sjá meiri hæð í hárinu.

### RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR OG PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON



**Arna:** Ragga er flott þó hún sé með tagl.

**Guðrún:** Fólk ætti að taka þau sér til fyrirmyndar.

**Grjóni:** Ragga er fín en mætti þó vera meira tilhöfð. Páll Óskar er bara Páll Óskar, það er gaman að honum.



**Baldur:** Hún er flott og alltaf töff en kemur þó ekkert sérstaklega á óvart hér. Palli er langflottastur og hárið vel útpælt. Það er mikill skúlptúr í hárinu á honum og það mættu fleiri þora þessu.

**Svandís:** Hvar er tíkóið sem Ragga sportaði alltaf? Mér finnst taglið allt í lagi en mætti vera hærra, hún er svo ýkt að hún þolir það alveg. Mér finnst svo ljósa hárið á Palla fara vel við fötin en ég kann þó betur við hann með dekkri lit í hárinu.

### ELÍN HIRST



**Arna:** Mér finnst hún alltaf fín um hárið.

**Guðrún:** Hún er með flotta klippingu.

**Grjóni:** Þetta er mjög casual bara, hún hefur greinilega gert greitt sér sjálf.

**Baldur:** Hún er flott með stutta hárið.

**Svandís:** Mér finnst stutta hárið fara henni mjög vel.

## Álitsgjafar



**BALDUR RAFN GYLFASON** Hárgreiðslumaður.



**SIGURJÓN HELGASON** Hárgreiðslumaður.



**SVANDÍS ÓSK HELGADÓTTIR** Hárgreiðsludama á Supernova.



**ARNA GUÐRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR** Hárgreiðsludama á Soho.



**ARNA GUÐRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR** Hárgreiðsludama á Soho.

# Ótrúlegt verð
## á sófasettum á vaxtalausu tilboði

Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

**Sérsmíðaðir hornsófar á jóla-tilboði**
þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **9.990**kr* á mán. í 10 mánuði
Verð nú 99.900,-**
Verð áður 149.900,-

**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris

**Hornsófi** 2+h+2 bycast

** Sérsmíðaðir hornsófar 2+h+2

## Öll sófasett fást á VAXTALAUSUM GREIÐSLUM


verð 149.980.-
**Leðurhornsófi** 3+1+1 3166


verð 179.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 Nice


verð 174.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 Relax


verð 149.980.-
**Leðurhornsófi** 2+h+2 3130


verð 149.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 M6217


verð 149.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 Dany


verð 149.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 3057


verð 149.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 G1982


verð 99.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 3002

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 22. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
















**SIGN** Rokksveitin Sign gaf nýverið út plötuna Thank God for Silence.

# Sign í tónleikaferð

Rokksveitin Sign byrjar mánudaginn 21. nóvember á tíu daga tónleikaferð sinni um Ísland undir yfirskriftinni Fréttablaðið ferðast með Sign.

Þetta er önnur tónleikaferð Sign á tveimur mánuðum en í október hélt sveitin tíu útgáfutónleika víðs vegar um landið í tilefni af nýjustu plötu sveitarinnar, Thank God for Silence. Að þessu sinni mun Fréttablaðið slást í för með rokkurunum og birtir blogg frá Signliðum úr ferðinni. ■

**FRÉTTABLAÐIÐ FERÐAST MEÐ SIGN:**

**Mánudagur 21. nóvember**
Reykjanesbær, Frumleikhúsið ásamt LENA, kl. 20.00

**Þriðjudagur 22. nóvember**
Akranes, Bíóið ásamt Worm is Green, kl. 20.00

**Föstudagur 25. nóvember**
Akureyri, Sjallinn ásamt Nevolution og amor e morte, kl. 20.00

**Laugardagur 26. nóvember**
Neskaupstaður, Verkmenntaskólinn, kl. 20.00

**Sunnudagur 27. nóvember**
Blönduós, Félagsheimilið ásamt Deathtrap, kl. 20.00

**Mánudagur 28. nóvember**
Sauðárkrókur, Fjölbrautarskólinn kl. 20.00

**Þriðjudagur 29. nóvember**
Grundarfjörður, Félagsheimilið ásamt Violent Breed, kl. 20.00

**Fimmtudagur 1. desember**
Vestmannaeyjar, Prófasturinn kl. 20.00

**Föstudagur 2. desember**
Kópavogur, Þebu „Rokkfest" til styrktar Sjónarhól kl. 20.00

**Laugardagur 3. des. - allir aldurshópa**
Reykjavík, Gaukur á Stöng ásamt Telepathetics, kl. 17.00

**Laugardagur 10. desember**
Reykjavík, Gaukur á Stöng, kl. 00.00






PEARL JAM

# Erfið plata frá Pearl Jam

Gruggsveitin Pearl Jam er um þessar mundir að vinna að sinni áttundu hljóðversplötu sem kemur út næsta vor. Síðasta plata Pearl Jam, Riot Act, kom út fyrir þremur árum.

„Þessi plata er búin að vera erfið. Svo virðist sem því erfiðara sem eitthvað sé, þeim mun verðmætara verði það fyrir mann,“ sagði Eddie Vedder, söngvari Pearl Jam, í viðtali við brasilíska útvarpsstöð. „Þetta eru tvímælalaust bestu lögin sem við höfum samið en líka ein þau þyngstu. Platan er mjög aðgangshörð. Hún fjallar um hvernig það er að vera Bandaríkjamaður í dag.“

Pearl Jam er að búa sig undir sína fyrstu tónleikaferð um Suður-Ameríku sem hefst 22. nóvember í Santiago í Chile. Alls mun sveitin halda átta tónleika í ferðinni. ■



**KATIE HOLMES** Leikkonan Katie Holmes á von á sínu fyrsta barni með hjartaknúsaranum Tom Cruise.

# Holmes hætt að leika

Leikkonan Katie Holmes ætlar að gefa leiklistina upp á bátinn og einbeita sér að móðurhlutverkinu. Hún á von á sínu fyrsta barni með unnusta sínum Tom Cruise snemma á næsta ári. „Katie hefur ákveðið að hætta að leika. Hún hefur sagt vinum sínum að hún og Tom hafi ákveðið að best sé að hún verði heima og ali upp barnið þeirra,“ sagði kunningi leikkonunnar. „Ákvörðun hennar hefur vakið mikla undrun í Hollywood því hún er á réttu aldrinum fyrir svo mörg kvikmyndahlutverk.“ ■





## Kæru Hauka vísað frá

Dómstóll KKÍ hefur vísað frá kæru sem Haukar höfðuðu gegn Skallagrími eftir leik liðanna í Iceland-Express deildinni hinn 30. október. Haukar töldu að Dimitar Karadzovski hefði verið ólöglegur með liði Skallagríms en kærunni var vísað frá vegna verulegra annmarka á formi hennar.

# sport

sport@frettabladid.is

HANDBOLTAMAÐURINN LOGI GEIRSSON: ER EKKI ÁNÆGÐUR MEÐ HUGARFAR SAMHERJA SINNA

# *Logi vill fá Gillzenegger til Lemgo*

Handboltakappinn Logi Geirsson lýsir óánægju sinni með gengi Lemgo í nýlegum pistli á heimasíðu sinni og segir þar frá því að hann hafi rætt við stjórnarformann félagsins um að fá ákveðinn Íslending til að koma til Þýskalands til að bæta hugarfar og sjálfstraust leikmanna. Sá sem Logi vill fá til Lemgo er enginn annar en Egill „Gillzenegger" Einarsson, einkaþjálfari, piparsveinn, pistlahöfundur og ímyndarráðgjafi með meiru.

„Ég get ekki sagt að þetta komi mér sérstaklega á óvart," segir Gillz, sem sjálfur hefur verið að spila á línunni með liði Íþróttaakademíunnar í utandeildinni hér á Íslandi með góðum árangri. „Ég myndi sjá um að koma mönnum í almennilegt stand og herða þá upp andlega um leið. Síðan er sá möguleiki fyrir hendi að ég yrði spilandi einkaþjálfari og það líst mér náttúrulega mjög vel á. Það er vissulega stórt stökk að fara frá utandeildinni í þýska boltann en ég er tilbúinn í það," segir Gillz.

Í frásögn Loga á heimasíðunni segir einnig hvernig stjórnarformaðurinn brást við þegar hann sá mynd af Gillzenegger. „Nau, Nau, Lógí og sterum, var það fyrsta sem ríkasti maður Lemgo sagði. Ég hló svo mikið að ég missti matarlystina en svo sagði hann orðrétt: Ef hann kann að henda handbolta þá kaupum við hann," segir Logi meðal annars í pistli sínum.

Sjálfur segir Gillz að handbolti sé einmitt afar auðveld íþrótt - það eina sem þurfi sé að kunna að kasta og grípa. „Svo þegar þú er kominn með níutíu kílóa vöðva á línu er voðalega lítið hægt að gera," segir Egill og á þar auðvitað við sjálfan sig. „Annars er Logi topphnakki sem á að taka til fyrirmyndar, vel strípaður, grimmur í salnum og heltattúveraður. Er hægt að biðja um eitthvað meira? Ef kallið kæmi frá Lemgo er það allavega eitthvað sem ég myndi íhuga alvarlega," segir Gillz að lokum.



## > Úlfar og Óli bestir

Úlfar Hinriksson og Ólafur Jóhannesson voru valdir þjálfarar ársins á aðalfundi knattspyrnuþjálfarafélags Íslands. Ólafur gerði FH að meisturum í karlaflokki en Úlfar stýrði Breiðabliki til tvöfalds sigurs í kvennaboltanum ásamt Birni Björnssyni. Þrátt fyrir þá staðreynd rakar Úlfar einn inn verðlaunum sem þjálfari ársins í kvennaflokki og hlutskipti Björns sem fyrr furðulegt en sem knattspyrnuþjálfari var vissi enginn að hann væri þjálfari liðsins ásamt Úlfari fyrr en í lok sumars. Úlfar hefur heldur aldrei minnst á hans þátt í sigrunum og spurning hvort hann hafi hreinlega vitað af ráðahagnum?





**SIGURÐUR INGIMUNDARSON** Fellur vonandi betur í kramið hjá Lettunum en Finnunum.

Fjör í Keflavík:

## Lettarnir ætla að fjölmenna

**KÖRFUBOLTI** Á fimmtudag tekur Keflavík á móti lettneska liðinu BK Riga í Evrópukeppninni í körfubolta. Lettarnir koma með sterkt stuðningsmannalið með sér eða 100 manns og svo er von á um 20 Lettum sem búsettir eru hér í landi að því er fram kemur á heimasíðu Keflavíkur.

Það er vonandi að Lettarnir verði hressari en Finnarnir sem komu síðast í heimsókn til Keflavíkur og höfðu allt á hornum sér.

# Ólöf ætlar sér sigur í úrtökumótinu

**Úrtökumót fyrir evrópsku mótaröðina í golfi kvenna hefst á morgun og verða þær Ólöf María Jónsdóttir og Ragnhildur Sigurðardóttir meðal þátttakenda. Ólöf ætlar sér að vinna mótið.**

**GOLF** Ólöf María Jónsdóttir ætlar sér sigur á úrtökumótinu fyrir evrópsku mótaröðina í golfi en Ragnhildur Sigurðardóttir er einnig meðal keppenda á mótinu og freistar þess að vinna sér keppnisrétt á mótunum í evrópsku mótaröðinni.

„Ég stefni á sigur á þessu móti. Mótið leggst vel í mig og ég held að ég komi ágætlega undirbúin til leiks. Ég hef æft ágætlega í Bandaríkjunum en kom þó heim til Íslands, svona til þess að laga tímamismuninn og leggja lokahönd á undirbúninginn. Það er alltaf gaman að fara til Spánar að spila golf," sagði Ólöf glaðbeitt. Hún heldur til Spánar á morgun en mun þó ekki hefja keppni fyrr en á laugardag.

Ragnhildur Sigurðardóttir mun hefja leik á morgun en hún hefur að undanförnu dvalið á Spáni við æfingar. Margrét Geirsdóttir er með Ragnhildi í för en hún verður kylfusveinn hennar á mótinu.

Þetta er fyrsta úrtökumótið í golfi kvenna sem haldið er á La Cala-vellinum á Costa del Sol á Spáni. **- mh**



**ÓLÖF MARÍA JÓNSDÓTTIR** Er búin að vera við æfingar í Bandaríkjunum að undanförnu og ætlar sér sigur á úrtökumótinu. Ragnhildur Sigurðardóttir tekur einnig þátt á mótinu, en hún hefur æft á Spáni upp á síðkastið og kveðst sjaldan hafa verið í betra formi.

MasterCard kynnir:

OKTÓBERBÍÓFEST

AUKADAGUR TVÖ

NOKKRAR AF VINSÆLUSTU MYNDUNUM SÝNDAR ÁFRAM Í DAG VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA. ALLRA, ALLRA SÍÐASTA TÆKIFÆRIÐ.

„Hversu lengi á að halda manni hérna?!"
- JÖKULL II



Iceland Film Festival
iff

Í Háskólabíói og Regnboga

ICELANDAIR · ICELANDAIR HOTELS · Talstöðin FM 90,9

www.icelandfilmfestival.is

Spurning hvort Wayne Rooney endurskoði lífsstíl sinn:

## Mike Tyson hrifinn af lifnaðarháttum Rooneys

**FÓTBOLTI** Þegar Mike Tyson segir mann vera að lifa lífinu á réttan hátt er hugsanlega kominn tími á að staldra við, líta um öxl og velta vöngum yfir hvort maður sé á réttri leið. Í þeirri stöðu er Wayne Rooney í dag en Mike Tyson hefur hvatt hann til þess að vera áfram hann sjálfur.

„Hann getur ekki hagað sér eins og fullorðinn maður á þessum aldri. Hann er ungur, farsæll, veður í kvenfólki. Sumum finnst það kannski ekki sniðugt en svona vill unga fólkið lifa lífinu," sagði Tyson. „Hann er að lifa draum allra drengja. Líf án laga og reglna. Ég er hrifinn af því hvernig hann hagar sér. Hann á að haga sér svona."

Tyson, sem hefur lifað tímana tvenna, vonast til þess að hitta Rooney einhvern daginn enda segir hann þá tvo eiga margt sameiginlegt.

„Fjöldinn mun alltaf flykkja sér á bak við menn eins og Rooney. Ekki með góða stráknum sem gerir aldrei neitt óvænt. Það er skrítið hvernig komið er fram við hann. Honum er sagt að vera strákur en haga sér eins og fullorðinn. Hvernig er það hægt? Íþróttir snúast um að vera óþroskaður. Þess vegna eru svona margir íþróttamenn of lengi í bransanum - þeir vilja vera krakkar áfram. Hversu margir íþróttamenn eru til, eins og ég og Rooney, sem geta rifið stólpakjaft án þess að vera lamdir?" spyr Mike Tyson, sem virðist vera kominn með mikinn áhuga á knattspyrnu.



**MIKE TYSON** Farinn að veita Wayne Rooney föðurlegar ráðleggingar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

David Moyes, knattspyrnustjóri Everton, orðaður við Rangers:

## Forráðamenn Everton ósáttir

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Everton eru ósáttir við forsvarsmenn skoska knattspyrnufélagsins Glasgow Rangers þessa dagana, þar sem þeir hafa lýst því yfir að David Moyes, knattspyrnustjóri Everton, sé líklegur til þess að taka við stjórnartaumunum hjá Rangers í framtíðinni.

Talsmaður Everton, Ian Ross, sagði það ólíðandi að félög séu að lýsa yfir áhuga sínum á knattspyrnustjórum sem séu samningsbundnir öðrum félögum. „Við höfum ekki fengið neina formlega fyrirspurn frá Rangers, enda yrði henni ekki vel tekið hjá okkur."

Moyes, sem kosinn var knattspyrnustjóri ársins í ensku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð, hefur staðið sig vel hjá Everton, þó ekki hafi gengið vel hjá liðinu á þessu keppnistímabili. Hann var á sínum tíma leikmaður erkifjanda Rangers í Glasgow, Celtic. **- mh**



JOSE MOURINHO Er ekki í miklu uppáhaldi hjá Paul Merson.

Paul Merson:

## Mourinho er ekkert spes

**FÓTBOLTI** Paul Merson, fyrrum leikmaður Arsenal og núverandi stjóri Walsall í ensku 2. deildinni, segir að Jose Mourinho, stjóri Chelsea, sem margir telja þann fremsta í sínu starfi í heiminum í dag, myndi ekki ná neinum árangri ef hann hefði ekki bakhjarla á borð við Roman Abramovitsj á bak við sig.

„Haldið þið virkilega að Mourinho gæti náð að koma liði eins og Torquay upp úr 2. deildinni? Það segja allir að Mourinho sé sá besti í heimi en aðstæður í neðri deildunum í Englandi eru allt öðruvísi og leikmennirnir eru lakari. Mourinho, Arsene Wenger og fleiri myndu eiga erfitt uppdráttar ef þeir væru án þessara stjörnuleikmanna sinna,“ segir Merson. - vig



ÓLFAUR STEFÁNSSON Getur ekki spilað gegn Norðmönnum í lok mánaðarins.

Handboltalandsliðið:

## Mikið breyttur hópur

**HANDBOLTI** Landsliðshópurinn fyrir æfingaleikina gegn Norðmönnum í lok mánaðarins verður væntanlega kynntur í dag. Fastlega má búast við nokkuð breyttum hópi frá æfingamótinu í Póllandi á dögunum enda eiga Ólafur Stefánsson og Sigfús Sigurðsson ekki heimangengt þar sem þeir verða að keppa á æfingamóti á Spáni á sama tíma. Arnór Atlason tekur einnig þátt í mótinu en hann var ekki í hópnum í Póllandi.

Svo er spurningamerki með þáttöku Jaliesky Garcia Padron sem er tábrotinn. Svo er Ingimundur Ingimundarson nýfarinn í speglun og kemur því ekki til greina að þessu sinni. - hbg




Vallarstjórinn á Laugardalsvelli svarar fyrir sig:

# Enginn í lífshættu

**FRJÁLSAR** Jóhann Kristinsson, vallarstjóri á Laugardalsvelli, segir að Stefán Jóhannsson frjálsíþróttaþjálfari fari offari þegar hann heldur því fram að iðkendur frjálsíþrótta í Baldurshaga hafi verið í lífshættu á mánudaginn síðasta þegar sprakk úr einum veggnum.

„Það er ekkert sem datt úr veggnum nema moli sem er einhver grömm að þyngd,“ sagði Jóhann við Fréttablaðið í gær en Stefán sagði að litlu hefði mátt muna að veggurinn hefði hreinlega gefið sig. „Það eru vissulega byggingaframkvæmdir hér í gangi og þær ganga fyrir öðru. Það þarf að sprengja hér fyrir utan og þessu fylgja vissulega óþægindi en allt tal um að fólk sé í lífshættu er ekki rétt.“

Jóhann segir að vandi frjálsíþróttamanna liggi að stóru leyti í því að ekki sé búið að opna nýju frjálsíþróttaaðstöðuna í Laugardalshöll en opnunni hefur ítrekað verið frestað. Nýjasta nýtt er að hún verði opnuð í byrjun desember sem þýðir að frjálsíþróttamenn muni ekki hafa í nein hús að venda í einhvern tíma þar sem dyrnar að Baldurshaga munu lokast í næstu viku. Stefán segir að það verði ekki liðið.

„Það gengur ekki og við munum æfa þarna þar til Höllin er klár,“ sagði Stefán, sem brátt mun kveðja Baldurshaga fyrir fullt og allt. Ætli Stefán muni sakna aðstöðunnar? „Nei, það mun ég ekki gera. Ég verð mjög feginn að losna þaðan,“ segir Stefán. - hbg



SORGLEGUR AÐBÚNAÐUR Aðstaða frjálsíþróttamanna í Baldurshaga er vægast sagt sorgleg og er bókstaflega allt á floti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20. nóv.
í Smáralind

Opið frá kl. 13.00 til 18.00
Miðaverð 1.000 kr.
Forsala aðgöngumiða í Smárabíói, 13.-18. nóv., kl. 15.20 til 22.40.
20 ára aldurstakmark

Vínsýningin 2005 verður haldin í Vetrargarðinum í Smáralind, 19.-20. nóvember.

Markmiðið með sýningunni er að veita gestum betri innsýn í heim vínsins og verður hún stórglæsileg í hvívetna. Meðal þátttakenda eru allir helstu vínbirgjar landsins sem kynna meðal annars vín sem henta með hátíðarmatnum. Að auki verður gestum boðið að bragða dýrindis mat með vínunum.

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum



MIKIÐ UNDIR Alfreð Gíslason mun ábyggilega láta vel í sér heyra á hliðarlínunni í viðureignum Magdeburg og Barcelona í næsta mánuði enda líklega stærsti leikur hans á tímabilinu.

Dregið í sextán liða úrslit í öllum Evrópukeppnunum í handbolta:

# Alfreð og félagar mæta meisturunum

HANDBOLTI „Við hefðum ekki getað fengið erfiðari mótherja," sagði Alfreð Gíslason, þjálfari Magdeburg í Þýskalandi, eftir að lið hans hafði verið dregið gegn Barcelona, núverandi Evrópumeisturum meistaraliða, í sextán liða úrslitum keppninar í ár.

Tapið gegn Bregenz í síðasta leik riðlakeppninar átti því eftir að reynast Alfreð og lærisveinum hans dýrkeypt því með því datt Magdeburg niður í 2. sæti undanriðilsins sem þýddi að andstæðingarnir í sextán liða úrslitunum yrði sterkari. „Þetta verður mjög erfitt en við erum tilbúnir í slaginn og ætlum okkur sigur," sagði Stefan Kretzschmar, hinn skrautlegi hornarmaður Magdeburg, eftir dráttinn.

Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real fengu öllu auðveldari mótherja, Pick Szegad frá Ungberjalandi og þá mætir Aarhus, með hornamanninn Sturlu Ásgeirsson innanborðs, Fotex Veszprém frá Ungverjalandi.

Gummersbach, lið þeirra Guðjóns Vals Sigurðssonar og Róberts Gunnarssonar, mætir Wacker Thun frá Sviss en Logi Gunnarsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson og félagar í Lemgo mæta Parutnina Cakovec frá Króatíu. Þá mætir Creitel, lið Bjarna Fritzsonar, Shatkar Donets frá Úkraínu.

Í Evrópukeppni félagsliða mætir Íslendingaliðið Skjern liði Wisla Plock frá Póllandi og í áskorendakeppninni fengu Kristinn Björgúlfsson og félagar í norska liðinu Runar mæta Zeleznicar frá Serbíu. - vig






REYNIR STEFÁNSSON KA-menn unnu stórsigur í síðustu umferð en reikna má með erfiðum leikjum gegn Steaua Búkarest.

Dregið í Áskorendakeppninni:

# KA mætir Steaua Búkarest

HANDBOLTI Handknattleikslið KA mætir Steaua Búkarest frá Rúmeníu í sextán liða úrslitum Áskorendakeppni Evrópu í handknattleik, en KA lagði Mamuli Tíblisi með samtals 65 marka mun í 32 liða úrslitunum. Reynir Stefánsson, þjálfari KA, segir Steaua ekki hafa verið óskamótherja. „Ég geri ráð fyrir því að Steaua sé ágætt handboltalið. Ég veit ekki mikið um liðið en þetta er gamalt stórveldi og það má búast við því að það geti spilað fínan handbolta. Við verðum bara að koma vel undirbúnir í þessa leiki og reyna okkar besta til þess að komast áfram."

Fyrri leikur liðanna er samkvæmt leikskipulagi 3. desember á Akureyri en seinni leikurinn ytra viku síðar. - mh



JERZY DUDEK Dudek átti stóran þátt í Evrópumeistaratitli Liverpool í vor.

Dudek orðinn óþreyjufullur:

# Tilbúinn að fara til Benfica

FÓTBOLTI Jerzy Dudek, leikmaður Liverpool og pólska landsliðsins, er nú sagður á leið til portúgalska félagsins Benfica. Umboðsmaður Dudeks, Jan de Zeeuw, sagði hann spenntan fyrir því að fara til Portúgals. „Benfica er stórt félag með glæsilega sögu og allir metnaðarfullir leikmenn hafa áhuga á því að spila fyrir svo stórt félag. Dudek er orðinn þreyttur á því að spila lítið og ég mun skoða þá möguleika sem til greina koma fyrir hann á næstunni."

Dudek hefur þurft að sætta sig við að vera varamarkvörður Liverpool síðan hinn spænski Jose Reina gekk til liðs við félagið í sumar frá Villarreal. Að auki eru svo tveir af efnilegustu markvörðum Englands samningsbundnir Liverpool, þeir Scott Carson og Chris Kirkland sem nú er á lánssamngi hjá West Bromwich Albion. - mh

Marcel Desailly:

# Vill snúa aftur til Englands

FÓTBOLTI Franski knattspyrnumaðurinn Marcel Desailly hefur viðurkennt að hann hafi mikinn áhuga á því að snúa aftur til Englands og klára ferilinn með félagi þar í landi. Desailly, sem er 37 ára gamall og hefur leikið í Katar síðasta árið en hætti þar skyndilega í síðustu viku, hefur verið orðaður við lið Bolton og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni en er þó ekki búinn að ákveða hvort hann leggi skóna á hilluna.

„Ég bý yfir mikilli reynslu og myndi styrkja hvaða lið sem er í Evrópu. Ef ég ákveð að spila áfram langar mig helst að gera það í Englandi," segir Desailly. - vig

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland Express-deild karla:*

ÞÓR AK.-KR 62-57

**Stig Þórs:** Þorsteinn Hólmfjörð 16, Magnús Helgason 11, Jón O Kristjánsson 8, Helgi F. Margeirsson 6, Hrafn Jóhannesson 5, Guðmundur Oddsson 5.

**Stig KR:** Fannar Ólafsson 16, Pálmi Sigurgeirsson 11, Baldur Ólafsson 7, Darri Hilmarsson 7.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **NJARÐVÍK** | **6** | **6** | **0** | **467-339** | **12** |
| GRINDAVÍK | 6 | 5 | 1 | 598-492 | 10 |
| **KEFLAVÍK** | **4** | **4** | **0** | **358-325** | **8** |
| FJÖLNIR | 6 | 4 | 2 | 553-540 | 8 |
| **KR** | **6** | **3** | **3** | **469-430** | **6** |
| ÍR | 6 | 3 | 3 | 514-527 | 6 |
| **SKALLAGRÍM.** | **6** | **3** | **3** | **456-450** | **6** |
| HAMAR/SELF. | 6 | 2 | 4 | 500-600 | 4 |
| **ÞÓR AK.** | **6** | **2** | **4** | **466-521** | **4** |
| SNÆFELL | 5 | 2 | 3 | 485-469 | 2 |
| **HÖTTUR** | **5** | **0** | **5** | **379-394** | **0** |
| HAUKAR | 6 | 0 | 6 | 469-537 | 0 |

Einn leikur fór fram í Iceland Express-deild karla í körfubolta í gærkvöldi:

# Þórsarar lögðu Kanalausa KR-inga

**KÖRFUBOLTI** Án Kana voru KR-ingar heillum horfnir þegar þeir heimsóttu Þórsara í Íþróttahöllina á Akureyri í Iceland-Express deildinni í gærkvöldi og svo fór að heimamenn sigruðu 62-57. Leikurinn var afskaplega rislítill eins og stigaskorið gefur til kynna og er óhætt að segja að leikmenn beggja liða hafi verið langt frá sínu besta.

Þórsarar byrjuðu af mun meiri krafti og höfðu undirtökin nánast allan leikinn, leiddu nánast alltaf með um tíu stigum og voru drifnir áfram af ágætum leik Þorsteins Hólmfjörð, sem var stigahæstur Þórsara í gær með 16 stig. Í hálfleik var staðan 44-35 Þór í vil og hélst forystan þannig allt þar til í upphafi fjórða og síðasta leikhluta. Þá tóku KR-ingar kipp með Fannar Ólafsson í fararbroddi og nánast upp á sitt eindæmi kom hann gestunum inn í leikinn á ný. KR-ingar náðu að komast yfir þegar skammt var eftir en með mikilli baráttu á lokamínútunum náðu Þórsarar að knýja fram sigur.

Með sigrinum náðu Þórsarar að vinna sig upp um eitt sæti Iceland Express deildarinnar í það níunda, en KR-ingar eru sem fyrr í 5. sæti.

Guðmundur Oddsson, fyrirliði Þórs, var ánægður í leikslok og sagðist vera mjög stoltur af sínum mönnum fyrir þá baráttu sem þeir sýndu á lokakaflanum. „Þrátt fyrir að leikurinn hafi ekki verið upp á marga fiska er ég mjög stoltur af okkur strákunum fyrir að sýna þennan karakter í lokin. Á tímabili virtist sem við værum að missa þetta niður en við höfðum þetta í lokin.“

- hb



**VONBRIGÐI** Brynjar Björnsson, hinn ungi og bráðefnilegi leikmaður KR, náði sér ekki á strik frekar en aðrir í liði sínu gegn Þór í gær og skoraði aðeins tvö stig.



**HAFIÐ ÞETTA** Richard Hamilton og félagar í Pistons svöruðu dónaskap Kings með því að vinna leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Engin linkind í NBA:

# Kings sektað fyrir dónaskap

**KÖRFUBOLTI** NBA-deildin sektaði Sacramento Kings um þrjátíu þúsund dali, eða tæpar tvær milljónir króna, fyrir að hafa sýnt Detroit Pistons vanvirðingu þegar liðið heimsótti Kings til Sacramento.

Þegar Pistons-liðið var kynnt til leiks voru sýndar neikvæðar myndir af Detroit á sjónvarpsskjám íþróttahallarinnar - tómar byggingar, brunnir bílar, ruslahaugar og annað álíka neikvætt.

Kings baðst afsökunar um leið og keypti heilsíðuauglýsingar í blöðum í Detroit þar sem félagið baðst afsökunar. Þjálfari og leikmenn Detroit játuðu að hafa móðgast í fyrstu en slökuðu á þegar þeir fengu afsökunarbeiðni strax eftir leik. Þess má geta að Pistons vann leikinn, 102-88. - hbg

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

13 14 15 **16** 17 18 19

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Keflavík** og **ÍS** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í Keflavík.
- 19.15 **Valur** og **Fram** eigast við í DHL-deild karla í handbolta í Laugardalshöll.
- 19.15 **ÍBV** tekur á móti **KA** í DHL-deild karla í handbolta í Vestamannaeyjum.
- 20.00 **Haukar** og **Stjarnan** mætast að Ásvöllum í DHL-deild karla í handbolta.

**LEIKIR**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09:00 og svo aftur klukkan 17.20.
- 17.50 **Landsleikir HM 2006** á Sýn.
- 19.50 **HM 2006** á Sýn. Leikur Noregs og Tékklands í umspili um sæti á HM endursýndur.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.30 **Landsleikir HM 2006** á Sýn.


Akureyri 460 7060 Egilsstaðir 471 1210 Ísafjörður 456 3000 Reykjavík 570 3400 www.flugfelag.is | 570 3030

Nóvembertilboð!

Allt að 10 kg á 700 kr.
til allra áfangastaða



til og frá öllum áfangastöðum • fjöldi ferða daglega • hratt og örugglega • frysti- og kæligeymslur á helstu áfangastöðum

FRAKT

Mikilvæg sending
hratt og örugglega

Nóvembertilboð fraktflugs Flugfélags Íslands gerir þér kleift að senda pakka allt að **10 kg**, á alla áfangastaði fyrir **aðeins 700 kr.**
Tilboðið gildir **til 20. desember.**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„...I'm sorry Wendy, but I don't trust anything that bleeds for five days and doesn't die.“**

**Svar:** Mr. Garrison í kvikmyndinni South Park: Bigger Longer & Uncut frá árinu 1999

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** **ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** **VARÐ VÆNISJÚKUR YFIR KASTLJÓSI.**

## *Tækniörðugleikar í bananalýðveldi*

Allir sem hafa snefil af áhuga á þjóðmálum, viðskiptum og stjórnmálum sátu spenntir yfir Kastljósi á mánudag þar sem boðað hafði verið að athafnamaðurinn Jón Ólafsson myndi í viðtali bera Davíð Oddsson og meðreiðarsveina hans þungum sökum. Svo leið og beið og aldrei birtist viðtalið og eftir mátulegan vandræðagang var tilkynnt að vegna tæknilegra örðugleika yrði það sýnt í heild í tíu fréttum síðar um kvöldið.

Í hita augnabliksins hvarflaði það að mörgum að maðkur væri í mysunni og tækniörðugleikarnir væru fyrst og fremst pólitískir og Hannes Hólmsteinn væri mættur upp í Efstaleiti til þess að ritskoða og klippa viðtalið til. Það var einhvern tíma skemmtilegur samkvæmisleikur að búa til samsæriskenningar en eftir rúmlega áratugar valdatíð bláu handarinnar er þetta hætt að vera grín og í raun er fátt trúlegra en að útsendarar flokksins hlutist til um innanhússmál í Efstaleitinu hjá Bláskjá sem hefur verið í heljargreipum Flokksins lengur en maður kærir sig um að muna.



**JÓN ÓLAFSSON** Maðurinn sem allir vildu sjá og heyra á mánudag en fengu ekki.

Ég lét mig hafa það að bíða eftir tíu fréttunum til þess að sjá dauðhreinsaða útgáfu íhaldsins af viðtalinu við Jón en RÚV var ekki enn tilbúið til að varpa sprengjunni sem hafði verið lofað fyrr um kvöldið. Þá fyrst rann ofsóknaræðið af mér og ég féllst á tæknilegu örðugleikana. Það getur ekki tekið varðhunda nokkurs flokks marga klukkutíma að falsa fréttaviðtal. Þegar við bættist svo fullyrðing Þórhalls Gunnarssonar um að hann gengi fyrr út en hann léti ritskoða sig gat ég slakað almennilega á. Treysti honum nefnilega og tel víst að hann láti ekki kúga sig. Eftir stendur samt sú sorglega staðreynd að ástandið í þjóðfélaginu er þannig að það má ekki koma upp tæknibilun hjá RÚV án þess að mér og öðru sæmilega skynsömu fólki detti fyrst pólitískt samsæri í hug. Maður er orðinn rosalega skemmdur.



▶ 20.35 *Drama*

BRÁÐAVAKTIN



▶ 01.25 *Bíó*

UNCONDITIONAL LOVE



▶ 21.00 *Raunveruleiki*

SO YOU THINK YOU CAN DANCE



▶ 21.00 *Spjall*

SIRRÝ



▶ 19.05 *Forkeppni HM*

NOREGUR – TÉKKLAND

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Líló og Stitch (47:65) **18.23** Sígildar teiknimyndir (9:42)

**18.30 Mikki mús (9:13)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.35 Bráðavaktin (9:22)** (ER, Ser. XI)
**21.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate (1:6)** (The Catherine Tate Show) Breska leikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
**22.40 Allt um pönkið** (PUNK: attitude) Heimildamynd eftir Don Letts um ræflarokkið svokallaða, tónlistina, flytjendurna og tískuna. Myndin verður endursýnd kl. 14.35 á sunnudag.

**0.10** Kastljós **1.10** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Fresh Prince of Bel Air (15:25) **13.25** Whose Line Is it Anyway? **13.50** Sjálfstætt fólk **14.25** Kevin Hill (8:22) **15.10** Wife Swap (6:12) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (11:23)** (Simpson-fjölskyldan 10)
**20.00 Strákarnir**
**20.30 Supernanny US (2:11)** (Ofurfóstran í Bandaríkjunum) Ofurfóstran Jo Frost er komin til Bandaríkjanna.
**21.15 Oprah (6:145)** (Oprah 2005 – 2006) Spánýir þættir með hinni einu sönnu Opruh.
**22.00 Missing (2:18)** (Mannshvörf) Ný þáttaröð þessa spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki.
**22.45 Strong Medicine (6:22)** (Samkvæmt læknisráði 4)

**23.30** Stelpurnar **23.55** Most Haunted (B. börnum) **0.40** Footballer's Wives (B. börnum) ▶ **1.25** Unconditional Love **3.20** Fréttir og Ísland í dag **4.25** Ísland í bítið **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Game TV**
**19.30 Game TV** Allt það sem þú vilt vita um tölvur og tölvuleiki.
**20.00 Friends 4 (20:24)** (Vinir)
**20.30 Hogan knows best (7:7)** (Hulk's Hobbies)
▶ **21.00 So You Think You Can Dance (7:12)** Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþátt þar sem þeir leita að besta dansara Banaríkjanna. Dómararnir ferðast víða um Bandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn heldur áfram.
**22.15 Rescue Me (7:13)** (Shame)

**23.00** Laguna Beach (7:11) **23.25** Fabulous Life of **23.50** David Letterman **0.35** Friends 4 (20:24)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 8. þáttaröð **18.20** Innlit / útlit (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Will & Grace (e)**
**20.00 America's Next Top Model IV** Fjórtán stúlkur keppa um titilinn og enn er það Tyra Banks sem heldur um stjórnvölinn.
▶ **21.00 Sirrý** Spjallþáttadrottningin Sigríður Arnardóttir snýr aftur með þáttinn sinn Fólk með Sirrý og heldur áfram að taka á öllum mannlegum hliðum samfélagsins, fá áhugaverða einstaklinga til sín í sjónvarpssal og ræða um málefni sem snúa að okkur öllum með einum eða öðrum hætti.
**22.00 Law & Order – lokaþáttur**
**22.50 Sex and the City – 1. þáttaröð** Carrie Bradshaw skrifar dálk um kynlíf og ástarsambönd.

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **0.55** Cheers – 8. þáttaröð (e) **1.20** Þak yfir höfuðið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

*besta sætið*

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**16.55** Olíssport ▶ **17.25** Noregur – Tékkland

**19.05 HM 2006** (Tékkland – Noregur) Bein útsending frá seinni leikjum í útsláttakeppninni um sæti á HM 2006.
**21.10 HM 2006** (Slóvakía – Spánn)Bein útsending frá útsláttakeppni HM 2006
**22.50 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru ArnarBjörnsson, Benedikt Hinriksson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson.

**23.20** HM 2006 **1.00** Bandaríska mótaröðin í golfi

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Liar Liar **8.00** My Cousin Vinny **10.00** The Curse of the Pink Panther **12.00** Duplex **14.00** Liar Liar **16.00** My Cousin Vinny **18.00** The Curse of the Pink Panther **20.00 Duplex** Frábær gamanmynd. **22.00 Eurotrip** Rómantísk gamanmynd þar sem allt getur gerst. **0.00** The Anniversary Party (B. börnum) **2.00** Bad City Blues (Str. b.börnum) **4.00** Eurotrip (B. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Child Stars Gone Bad **14.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **15.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **16.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **17.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **18.00** Fight For Fame **19.00** E! News **19.30** E! News Special **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Craziest TV Moments **22.00** Party @ the Palms **22.30** The Anna Nicole Show **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** E! News Special **1.00** Party @ the Palms **1.30** The Anna Nicole Show

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**20.00 Þrumuskot (e)** Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd. Viðtöl við knattspyrnustjóra og leikmenn.
**21.00 Wigan – Fulham frá 29.10** Leikur sem fór fram laugardaginn 29. október sl.
**23.00** Dagskrárlok


RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 2.170.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 22.590 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Renault Megane
MEST SELDI BÍLL EVRÓPU

EURO NCAP MEGANE



Renault Megane Scenic, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.
Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 8,0 ltr/100km í kjöraðstæðum.
Aukahlutir á mynd: álfelgur
Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.
Með bílinn handa þér

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Catherine Tate Show — Sjónvarpið **kl. 21.25**

### *Skal tortíma tafarlaust*



*Catherine Tate bregður sér í ýmsi gervi.*

Nýir þættir eru að hefjast í Sjónvarpinu í kvöld. Þar er á ferðinni leikkonan Catherine Tate sem bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum. Hún er afburðasnjöll í að beita margvíslegum mállýskum enskrar tungu og persónurnar sem hún skapar eru úr ýmsum áttum, flestar hversdagslegar konur skopstældar og ýktar út að ystu mörkum. Þættirnir fengu góða dóma í breskum blöðum og hafa unnið til verðlauna. Leikkonan Dawn French segir að Catherine Tate sé svo snjöll að það beri að tortíma henni tafarlaust.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** íðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.57** Dánarfr. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.37** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.00** Fréttir **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Ska-P **22.10** Popp og ról

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Weightlifting: World Championship Doha **14.00** Football: Football World Cup Season Playoff **15.00** Football: Football World Cup Season News **15.15** Football: Football World Cup Season Journeys **15.30** All sports: WATTS **16.00** Rally: World Championship Australia **17.00** Weightlifting: World Championship Doha **18.45** Football: Gooooal ! **19.00** All Sports: Wednesday Selection **19.10** Sailing: Inside Alinghi **19.15** Equestrianism: Samsung Nations Cup Buenos Aires **20.15** Polo: Gold Cup Cowdray **20.45** Golf: Challenge Tour **21.15** Adventure: X – Adventure Raid Series **21.45** Football: World Cup Germany **23.45** Weightlifting: World Championship Doha

**BBC PRIME**
**12.00** Ever Decreasing Circles **12.30** Butterflies **13.00** Ballykissangel **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Monty the Dog **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Stitch Up **16.00** The Life Laundry **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** Eastenders **19.00** Changing Rooms **19.30** Rick Stein's Food Heroes **20.00** Phobias **20.50** Victoria and the Jubilee **21.40** Black Cab **21.50** Table 12 **22.00** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** Coupling **0.00** The Private Life of a Masterpiece **1.00** Renaissance

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Insects from Hell **13.30** Insects from Hell **14.00** Seconds From Disaster **15.00** 7/7 – Attack on London **16.30** Headhunters of the Amazon **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megacities **19.00** Insects from Hell **19.30** Insects from Hell **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Seconds from Disaster **22.00** Megastructures **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Megastructures

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Nightmares of Nature **14.30** Animal Precinct **15.00** Animal Cops Detroit **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Chimpanzee Diary **19.30** Predator's Prey **20.00** Weird Nature **20.30** Supernatural **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** K9 Boot Camp **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Weird Nature **1.30** Supernatural

**DISCOVERY CHANNEL (NORDIC)**
**6.00** Extreme Machines Special **7.00** Secret Life of Formula One **8.00** Lake Escapes **8.25** Rex Hunt Fishing Adventures **8.55** Return to River Cottage **9.20** Hidden **10.15** Finding the Fallen **11.10** Unsolved History **12.05** Weather Extreme **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Lake Escapes **14.00** Queen Mary 2 **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** A Bike is Born **17.30** A Bike is Born **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Collision Course **21.00** The Greatest Ever **22.00** Zero Hour **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Hitler's Doctors **3.00** Unsolved History **4.00** Weather Extreme **6.00** Extreme Machines **5.00** Leonardo's Dream Machines

**MTV**
**12.00** Boiling Points **12.30** Just See Mtv **14.00** Pimp MY Ride **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Switched ON **17.00** Just See Mtv **17.30** Mtv:new **18.00** Hit List UK **19.00** Mtv Making The Movie – Episode details to be announced **19.30** Making The Video – Episode to be announced **20.00** Trippin **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten – Blur **22.00** Jackass **22.30** Andy Milonakis Show **23.00** The Lick

**VH1**
**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** All Access **20.30** MTV at the Movies **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of ... **0.00** VH1 Hits

**CLUB**
**11.50** Lofty Ideas **12.20** Innertainment **12.45** Come! See! Buy! **13.10** Crimes of Fashion **13.35** Arresting Design **14.00** Fashion House **14.30** Weddings **15.00** Crimes of Fashion **15.25** Other People's Houses **16.10** The Roseanne Show **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Hollywood One on One **18.15** Weddings **18.40** Men on Women **19.05** Matchmaker **19.30** Lofty Ideas **20.00** Arresting Design **20.25** The Villa **21.15** Sextacy **22.10** Women Talk **22.35** Men on Women **23.00** Cheaters **0.00** Simply Indian **0.30** City Hospital **1.25** Girls Behaving Badly **1.50** Completely Hammered

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Cow and Chicken **12.30** Sheep in the Big City **13.00** Dexter's Laboratory **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Pet Alien **14.30** Ed, Edd n Eddy **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** Battle B-Daman **16.00** Sabrina, The Animated Series **16.30** Atomic Betty **17.00** Foster's Home for Imaginary Friends **17.30** Looney Tunes **18.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **18.30** Charlie Brown Specials **19.00** What's New Scooby-Doo? **19.30** Tom and Jerry **20.00** The Flintstones **20.30** Looney Tunes **21.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **21.30** Scooby-Doo **22.00** Tom and Jerry **23.00** Dexter's Laboratory **23.30** The Powerpuff Girls **0.00** Johnny Bravo **0.30** Ed, Edd n Eddy **1.00** Skipper & Skeeto

**JETIX**
**11.50** Braceface **12.20** Jacob two-two **12.50** So Little Time **13.20** Goosebumps **13.50** Black Hole High **14.15** Spider-Man **14.40** Moville Mysteries **15.05** Digimon II **15.30** Totally Spies **16.00** W.I.T.C.H. **16.30** Sonic X

**MGM**
**11.20** The 70's **13.20** The Spike Gang **14.55** Intimate Strangers **16.30** The Wrong Girl **18.00** A Love Affair: The Eleanor and Lou Gehrig Story **19.35** Lady Against The Odds **21.10** The King of Love **22.45** Eve of Destruction **0.25** Rosebud

**TCM**
**20.00** Meet Me in St Louis **21.50** The Outriders **23.25** Night Must Fall **1.05** Hysteria **2.30** Two Loves **4.10** MGM: When the Lion Roars

**HALLMARK**
**12.00** In a Class of His Own **13.45** The Man from Left Field **15.30** Dinotopia **17.00** Touched by an Angel **18.00** Love or Money **19.45** While I Was Gone **21.30** Trust **22.30** Lonesome Dove: The Series **23.15** While I Was Gone **0.45** The Passion of Ayn Rand

**BBC FOOD**
**12.00** Heat in the Kitchen **12.30** Made to Order **13.00** Neil Perry Rockpool Sessions **13.30** My Favourite Chef **14.00** My Favourite Chef **14.30** Sophie's Weekends **15.00** Delia's How to Cook **15.30** Neil Perry Rockpool Sessions **16.00** Wild and Fresh **16.30** Ready Steady Cook **17.00** The Italian Kitchen **17.30** Danny By the Sea **18.00** Chef at Home **18.30** Floyd's Fjord Fiesta **19.00** The Naked Chef **19.30** Street Cafe **20.00** Forever Summer With Nigella **20.30** Paradise Kitchen **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Galley Slaves **22.00** Delia's How to Cook **22.30** Ready Steady Cook

**SV1**
**12.05** På spåret **13.20** Berättelsen om Adèle H **14.55** Anslagstavlan **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Sverige! **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.01** Kött på benen **17.30** Expedition vildmark **18.00** Rea **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Mitt i naturen **20.00** Extras **20.30** Zingo **22.05** Rapport **22.15** Kulturnyheterna **22.25** God morgon alla barn **23.25** Sändning från SVT24





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

**KIA Sorento og vandaðir aukahlutir**
Nú bjóðum við KIA Sorento V6 með Garmin leiðsögukerfi (street pilot) og 31" heilsársdekkjum – aukahlutapakka að verðmæti 134.000 kr. – takmarkað magn!



*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.*
*3 ára ábyrgð.*

**KIA fer fram úr helstu bílaframleiðendum heimsins**
Í nýrri gæðakönnun JD Power varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur.

KIA MOTORS

HEKLA **KIA umboðið** á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



## HRÓSIÐ

*...fær Jón Ólafsson fyrir að bjóða öllum sem koma við sögu í Jónsbók í útgáfuteitið sitt.*

**ÞRÍR SPURÐIR** Hvað finnst þér um að varnarliðið fari úr Keflavík?



**Varnarsamningurinn nauðsynlegur**

Ég tel það mjög slæmt. Ég held að varnarsamningurinn hafi verið okkur mjög nauðsynlegur. Það er mikilvægt fyrir okkur að halda uppi sýnilegum vörnum fyrir landið.

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins.



**Ekki þörf á her**

Ég yrði bara sáttur ef varnarliðið færi. Það hefur sýnt sig að það er ekki þörf á að hafa her hér á Íslandi þó svo að þeir hafi aðstoðað okkur að einhverju leyti, eins og til dæmis með þyrlunum. En ég sé ekki mikla þörf fyrir herinn, sem betur fer náttúrlega.

Friðrik Ómar Hjörleifsson tónlistarmaður.



**Ástæðulaust að halda þeim**

Ja, mér finnst ástæðulaust að vera að halda þeim þegar þeir vilja fara heim til sín. Það á alltaf að leyfa fólki að fara heim. Eins og til dæmis úr afmælum og vinnunni og svona.

Sif Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri viðburða Höfuðborgarstofu.




**LÁRÉTT 2** mylsna **6** tveir eins **8** kvikmyndahús **9** dolla **11** tölvuverslun **12** teygjudýr **14** leikhúsfarði **16** íþróttafélag **17** bergtegund **18** sníkjudýr **20** nafnorð **21** slagæð.

**LÓÐRÉTT 1** brýna **3** í röð **4** land **5** leikföng **7** réttur **10** forskeyti **13** tjara **15** skaut **16** skordýr **19** sjó.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT: 2** sáld, **6** dd, **8** bíó, **9** dós, **11** bt, **12** amaba, **14** smink, **16** fh, **17** kol, **18** lús, **20** no, **21** ósæð. **LÓÐRÉTT: 1** ýdda, **3** áb, **4** líbanon, **5** dót, **7** dómshús, **10** sam, **13** bik, **15** klof, **16** fló, **19** sæ.




TRÚBADORINN ÞÓRIR: SPILAÐI FYRIR TARANTINO OG ELI ROTH

# Mjög undarleg kvöldstund

Trúbadorinn Þórir spilaði fyrir leikstjórana Quentin Tarantino og Eli Roth og leikarann Derek Richardson á veitingastað Bláa lónsins síðastliðið sunnudagskvöld.

Tarantino og félagar höfðu fyrr um daginn baðað sig í Bláa lóninu og haft það mjög náðugt eftir viðburðaríka helgi í kringum frumsýningu myndarinnar Hostel.

Þeir Tarantino og Roth eru víst miklir aðdáendur Þóris og voru tónleikarnir að undirlagi aðstandenda kvikmyndahátíðarinnar Októberbíófest og áttu að koma þeim félögum á óvart, sem þeir og gerðu. „Þetta gekk mjög vel," segir Þórir, sem spilaði fjögur lög þetta kvöld. Þar á meðal spilaði hann eigin útgáfu af lagi Outkast, Hey Ya!, sem hinir frægu áheyrendur könnuðust vel við. Lagið er að finna á fyrstu plötu Þóris, sem kom út fyrir síðustu jól og naut mikilla vinsælda.

Eli og leikararnir fengu plötuna þegar þeir voru að taka upp Hostel. Á meðan á framleiðslunni stóð var haft samband við 12 Tóna, sem gefur plötur Þóris út, um leyfi til að nota Hey Ya! í myndinni. 12 Tónar gáfu leyfi sitt en Outkast stöðvaði ferlið því þeir tvímenningar Big Boi og André vildu fá of mikla peninga fyrir notkunina á laginu. Roth hefur engu að síður lýst yfir áhuga á að nota lög Þóris í framtíðinni.

Aðspurður segir Þórir að þeir félagar hafi skemmt sér vel á tónleikunum. „Þetta kom mér dálítið á óvart. Þeir eru ekki jafnundarlegir og ég bjóst við, sérstaklega Tarantino. Hann er eiginlega venjulegri en ég bjóst við."

Þórir er mikill aðdáandi Tarantinos auk þess sem hann hafði gaman af fyrstu mynd Roths, Cabin Fever. Því kom það honum á óvart þegar hann heyrði af aðdáun þeirra á honum. „Þetta var eiginlega mjög undarleg kvöldstund sem ég átti þarna," segir Þórir, sem hélt útgáfutónleika í Iðnó í gær vegna nýjustu plötu sinnar, Anarchists are Hopeless Romantics.

freyr@frettabladid.is



**TARANTINO** Einn frægasti leikstjóri heims var hæstánægður með tónleika Þóris.



**ÞÓRIR** Tónlistarmaðurinn Þórir hélt óvænta tónleika fyrir Tarantino og félaga í Bláa lóninu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ýmislegt getur orðið til þess að fólk glati GSM-símum og verði fyrir miklu tjóni þegar símanúmer og aðrar mikilvægar upplýsingar hverfa alfarið. **Barði Jóhannsson** tónlistarmaður lenti í því síðustu helgi með heldur óvenjulegum hætti. Hann varð fyrir því óláni að missa símann óvart ofan í klósettið þegar hann var að sturta niður. Hefur hann því beðið vini og samstarfsmenn um að senda sér númerin sín á ný vegna óhappsins. Ekki fylgir sögunni hvort síminn hafi farið alla leið út í sjó, eða bara drukknað í klósettskálinni.

Jónsbók kom út í gær og sagði Jón Ólafsson, viðfangsefni bókarinnar, að þeir sem hefðu slæma samvisku myndu skjálfa við lestur hennar. Koma Jóns til landsins hefur þegar valdið töluverðum titringi í þjóðfélaginu og var til dæmis hætt við að sýna viðtal Kastljóss við athafnamanninn á mánudag. Jón sendir víst nokkrum fyrirmönnum í þjóðfélaginu tóninn í bókinni enda telur hann að Sjálfstæðisflokkurinn hafi lagt stein í götu sína. Jón lýsti því þó yfir að fyrir honum væru allir menn jafnir, vinir sem fjandmenn, og vonaðist til að hitta sem flesta í útgáfuteitinu. Hefur það heyrst að prenta eigi fjórar bækur í sérstakri heiðursútgáfu. Mun Davíð Oddsson fá bláa, Halldór Ásgrímsson græna, Ingibjörg Sólrún hreppir þá rauðu en það verður ríkisskattstjóri sem fær senda þá svörtu.






# Stelur grein úr Grapevine

Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sendi alþjóðastofnunni Transparency International formlegt kvörtunarbréf í síðustu viku vegna niðurstöðu hennar um að spilling væri ekki fyrir hendi á Íslandi. Sigurjón, sem hefur fengið lof fyrir þetta framtak sitt, rekur þar ýmis dæmi um spillingu á Íslandi, meðal annars að bókhald stjórnmálaflokkana sé lokað, vinir og ættingjar fyrrverandi forsætisráðherra hafi verið skipaðir dómarar í Hæstarétti, uppákomurnar í Baugsmálinu og að Halldór Ásgrímsson hafi hagnast á einkavæðingu Búnaðarbankans. Um þetta má lesa á heimasíðu alþingismannsins (*http://www.althingi.is/sigurjon/safn/002123.html#002123*). Athygli vekur hinsvegar að þann 19. október síðastliðinn birtist grein í The Reykjavík Grapevine skrifuð af Paul Nikolov blaðamanni, sem er næstum því nákvæmlega eins og bréf þingmannsins til alþjóðastofnunarinnar (*http://grapevine.is/default.asp?show=newsstory&id=1098*). Þegar Fréttablaðið hafði samband við Paul Nikolov um þennan sláandi samanburð á greinunum, sagði hann „Ég er ánægður með að þingmaðurinn hafi sent slíkt bréf. Hins vegar gaf ég hr. Þórðarsyni aldrei leyfi til að nota greinina mína og skrifa sitt eigið nafn undir. Hann lét mig ekki heldur vita að hann myndi nota hana á þennan hátt. Ef hann hefði spurt mig hefði ég beðið um að fá nafnið mitt á bréfið," útskýrir Nikolov. „En það jákvæða við þetta allt saman er að hr. Þórðarson er greinilega með mjög góðan smekk fyrir skrifum." ■



**PAUL NIKOLOV** Blaðamaður á Grapevine.




# Nýir eftirársbílar

## - from Russia with love

Seljum í dag og næstu daga
nýja bíla frá Mercedes Benz sem framleiddir
voru 2002 / 2003 en eru nýir, ónotaðir og óskráðir
1. skráningardagur - þegar þú færð hann

Um er að ræða Mercedes Benz C-Class,
C 200 K, C 240 og C 320 með
Elegance eða Avantgarde-pökkum
**Ekki amalegt**

Flestir bílarnir eru mjög vel útbúnir:
Leðurinnrétting, rafstýrð framsæti með minnis-
pakka, glertopplúga, sjónvarp, Xenon-ljós,
ESP stöðugleikakerfi og svo mætti lengi telja
**Ekki slæmt**

Allir bílarnir hafa farið í gegnum nálarauga
Ræsis-manna sem hafa gengið úr skugga
um að bílarnir séu í 100% standi
**Ekki ónýtt**

3 ára víðtæk ábyrgð frá
Verði / Íslandstryggingu fylgir öllum bílunum

Síðast en ekki síst:
Alveg hrikalega gott verð og frábær kjör

Mercedes-Benz

MASTER

Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200, www.masterbill.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**




GÆLDU·VIÐ·BRAGÐLAUKANA
FAXE
LÉTTUR ÖLLARI
AMBER




BAKÞANKAR


GERÐAR KRISTNÝJAR


## *Heil brú*

Um daginn lá ég í makindum mínum og las nýútkomna bók þegar ég var skyndilega rænd ró minni. Í einum kaflanum birtist maður sem er sagður vera með blautt hár eftir nýtekna sturtu. Það þurfti ekki meira til að ég tæki fram vatnslitaboxið og málaði skrattann á vegginn. Ég sá fyrir mér að líklega hefði blauti maðurinn tekið stigann á leiðinni upp á skrifstofuna sína og tekið sykur út í kaffið. Allt einu fannst mér varla taka því að reyna að sporna gegn erlendum áhrifum í íslenskri tungu. Hvers vegna ekki að taka bara alfarið upp enskuna fyrst hún er farin að lauma sér í íslenskar skáldsögur og varla að fyrirtæki sé stofnað hér á landi án þess að það heiti erlendu nafni? Hættum þessu hálfkáki og tölum bara ensku.

**AUÐVITAÐ** væri það svolítið óþægilegt fyrir heila þjóð að þurfa að skipta skyndilega um tungumál en það hlyti að venjast með tímanum og að fáeinum kynslóðum liðnum þætti öllum þetta eðlilegt. Þá myndi íslenska ekki heyrast nema í afskekktustu byggðum landsins þar sem íbúarnir yrðu álitnir skemmtilegir sérvitringar eins og þessir fjörgömlu Vestur-Íslendingar sem borða kleinur og súrt slátur úti í henni Ameríku. Síðan yrðu gerðir Fólkið-í-landinu-þættir um þetta fastheldna fólk svo það skilaði sér örugglega í Skaupið eða bara heimildarmynd sem gæti heitið Icelandic United.

**ÞEGAR** mesta æðið var runnið af mér fóru orð Margrétar Jónsdóttur að dynja í höfðinu á mér: Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma/íslenska tungu, þinn dýrasta arf. Kominn var tími til að ég tæki til í eigin ranni og losaði mig við eigin ósiði. Ein er nefnilega sú sletta sem ég tamdi mér að nota sem unglingur, líklega á svipuðum tíma og ég lærði ljóðið hennar Margrétar, og hef ekki getað hrist af mér síðan. Mér finnst nefnilega ekkert koma í staðinn fyrir „að meika sens“. Ég hef reynt að segja: „Það er ekki heil brú í þessu“ en finnst það aldrei nógu sterkt.

**KANNSKI** ég þurfi bara að gefa aðeins í þegar ég segi þetta og leggja sérstaka áherslu á „brú“ svo fólk átti sig á því að mér sé virkilega alvara. Svo get ég líka alltaf bara sneitt hjá umræðu um það sem mér finnst ekki heil brú í. Og ef það er ekki heil brú í því er ég illa svikin. ■


www.toyota.is




... en hér á Íslandi er vetur.

Þess vegna **fylgja vetrardekk á felgum** öllum seldum Corolla og Avensis fram til áramóta.



Avensis
Verð frá 2.240.000 kr.



Corolla
Verð frá 1.685.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota<br>Nýbýlavegi 4<br>KÓPAVOGUR<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>AKUREYRI<br>Sími: 460-4300 | Toyotasalurinn<br>Njarðarbraut 19<br>REYKJANESBÆR<br>Sími: 421-4888 | Toyotasalurinn<br>Fossnesi 14<br>SELFOSS<br>Sími: 480-8000 |

Þráðlaust beint í tölvuna og prentarann

Nikon

NIKON býður þráðlausar yfirfærslur mynda beint í tölvu og prentara!



**COOLPIX P2**
5.0 milljón punktar
- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/ 2.7-5.2
- Val á milli 19 program stillinga
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbyggt 16mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/190 myndir
- Hleðslutæki
- Þyngd 170g

**Kr. 39.900**



**COOLPIX P1**
8.0 milljón punktar
- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/ 2.7-5.2
- Val á milli 19 program stillinga
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbyggt 32 mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/180 myndir
- Hleðslutæki
- Þyngd 170 g

**Kr. 49.900**



ORMSSON
**SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
**SÍÐUMÚLA 9** SÍMI 530 2800